**SIRKUS**

**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON OG EGGERT MAGNÚSSON**

*Menn ársins 2006*

SIRKUS Í MIÐJU FRÉTTABLAÐSINS





**ÞRÁINN BERTELSSON**

*Hvílir sig á reykta kjötinu*

• Matur • Tilboð • Áramót

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. desember 2006 — 348. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR



### Gengur í barn-dóm

Einar Ólafsson selur flugelda og sprengir eins og óður maður.

FÓLK 54

### Týnd í tveim heimum



Ilmur Kristjánsdóttir leikur Lísu í leikritinu Ófagra veröld sem Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir í kvöld.

MENNING 42

### Jöfnuður hefur aukist!

„Jöfnuður hefur aukist hér á fleiri sviðum. Hér er ekkert atvinnuleysi, en það er mikið úti í Evrópu,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 26

### Kári til Danmerkur?



Kári Árnason mun eiga í viðræðum við danska úrvalsdeildarliðið AGF.

ÍÞRÓTTIR 50

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA VÆTA -** Í dag verður allhvöss suðaustan átt á landinu sunnan og suðaustanverðu annars eitthvað hægari. Rigning eða skúrir víðast hvar en eina úrkomuminnst norðan til. Hiti yfirleitt 5-10 stig.

VEÐUR 4






**GUÐJÓN VALUR BESTUR** Kjöri íþróttamanns ársins var lýst á Grand hóteli í gærkvöldi og varð handknattleiksmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson hlutskarpastur. Hann átti frábært ár en hann leikur með þýska úrvalsdeildarliðinu Gummersbach. Í vor var hann kjörinn besti leikmaður deildarinnar en var þar að auki markahæsti leikmaður hennar. Hann gegndi einnig lykilhlutverki með íslenska landsliðinu á EM í Sviss þar sem liðið náði góðum árangri. Hér er hann með nýjan bikar sem fylgir sæmdarheitinu. Með honum á myndinni eru Guðbjörg Þóra Þorsteinsdóttir, eiginkona hans, og Dagbjört Ína, dóttir þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fíkniefnadómar í Hæstarétti:

## Dómar mildari á síðustu árum

**DÓMSMÁL Hæstaréttardómar í fíkniefnamálum hafa mildast töluvert á allra síðustu árum. Það er í fyrsta sinn sem það hefur gerst frá því að löggjöf um áfengis- og fíkniefnabrot tók gildi. Á níunda áratugnum höfðu dómarnir þyngst gífurlega vegna komu e-töflunnar á íslenskan fíkniefnamarkað.**

**Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, segir áherslur í fíkniefnamálum þó vera rangar þar sem refsistefna uppræti ekki neyslu efnanna. Vandinn falli fyrst og fremst undir félags-, menningar- og heilbrigðismál og að yfirvöld leysi hann ekki með því að fara í stríð við borgara sína.**

**- þsj / sjá síðu 6**



**BYRGIÐ** Guðmundur Jónsson og Jón A. Einarsson svöruðu spurningum félagsmálaráðherra fyrir hönd stjórnar Byrgisins.

Spurningar ráðherra:

## Guðmundur og læknar ábyrgir

**FÉLAGSMÁL** Í skriflegu svari Guðmundar Jónssonar og Jóns A. Einarssonar við sjö spurningum Magnúsar Stefánssonar félagsmálaráðherra um málefni Byrgisins kemur fram að Guðmundur og læknarnir Ólafur Ólafsson og Magnús Skúlason beri faglega ábyrgð á starfi Byrgisins.

Fréttablaðið hefur spurningarnar og svörin undir höndum.

Guðmundur og Jón svöruðu spurningunum fyrir hönd stjórnar Byrgisins en Leifur A. Ísaksson sagði sig úr stjórninni í kjölfar umræðu í fjölmiðlum um Byrgið og ásakanir á hendur Guðmundi Jónssyni. **- mh /sjá síðu 4**

# Flugið raskast lítið

**Flugmálastjórn fullvissaði flugrekendur í gær um að þeir geti haldið áætlunum sínum óbreyttum eftir áramót, þrátt fyrir að tæplega sextíu flugumferðarstjórar hafi enn ekki ráðist til starfa hjá hinu nýja fyrirtæki, Flugstoðum ohf.**

**SAMGÖNGUR** Ekki er búist við meiriháttar röskun á flugi eftir áramót þegar Flugstoðir ohf. taka við stjórn flugumferðar af Flugmálastjórn, en flugrekendur funduðu í gær með Flugmálastjórn.

Samkvæmt upplýsingum frá Flugstoðum verða tveir meginferlar flugs til og frá Evrópu, en einn ferill til og frá Bandaríkjunum. Á hverjum ferli verða tvær flughæðir. Afkastageta flugumferðarstjórnar verður þannig minnst sextán vélar á klukkustund. Þorgeir Pálsson flugmálastjóri segir þetta miðað við þá þörf sem fyrir hendi sé á þessum árstíma.

Hjá Icelandair verður engum flugáætlunum breytt að svo stöddu. „Það verður auðvitað að sjá hvernig þetta þróast, en eins og er reiknum við með að þetta verði allt í góðu, fyrir utan minni háttar raskanir. Það er búið að segja okkur að allt verði gert til að halda áætlun eins lengi og unnt er og við trúum bara og treystum á að svo verði,“ segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair.

Jón Karl dregur hins vegar ekki dul á að þetta sé síst óskastaða flugrekenda. „Við verðum að reikna með því að þetta kosti einhverja peninga, ef því ekki verður hægt að hagræða leiðum eftir veðri og vindum. En ef svona heldur áfram mun stjórn flugumferðarsvæðisins bara færast í burtu frá Íslandi, erlendir aðilar munu ekki líða röskun til lengri tíma, því miður.“

Flugmálastjórn sendi frá sér yfirlýsingu í gærkvöldi til að árétta að viðbúnaðaráætlunin um flug eftir áramót miðist við fullt og óskert flugöryggi. Engar viðræður eru milli Flugstoða og flugumferðarstjóra, sem ekki vilja ráða sig til starfa hjá fyrirtækinu að óbreyttu.

**- kóþ**




## SPURNING DAGSINS



*Björgvin, ertu að fara í mútur fyrst núna?*

Eins og heyra má er ég löngu farinn í mútur líffræðilega.

Alcan gaf Hafnfirðingum mynd- og geisladisk með Björgvini Halldórssyni. Hópur Hafnfirðinga telur að með þessu sé fyrirtækið að múta þeim og hafa áhrif á kosningu um fyrirhugaða stækkun álversins í Straumsvík.

Tveir menn í yfirheyrslum eftir að hafa veist að lögreglunni:

# Lögreglumaður sleginn á barkann

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn sættu yfirheyrslum hjá lögreglunni í Reykjavík í gær, eftir að þeir höfðu veist að tveimur lögregluþjónum við skyldustörf og veitt öðrum þeirra högg á barkakýlið. Mönnunum var sleppt síðdegis í gær eftir yfirheyrslurnar.

Það var um fimmleytið í fyrrinótt sem lögreglan var kvödd að húsi í vesturbænum í Reykjavík vegna hávaða sem stafaði af flugeldaskotum. Einn íbúanna í umræddu húsi var þá með ógnandi tilburði við aðra íbúa, sennilega þá sem hann taldi að hringt hefðu á lögreglu. Lögreglumennirnir hófu að skakka leikinn, en þá bar að annan mann sem gekk í lið með hinum fyrrnefnda. Annar þeirra sló til lögreglumannanna og kom í framhaldinu til átaka sem leiddu til þess að annar lögreglumannanna fékk högg beint á barkann og meiddist nokkuð. Þrátt fyrir það tókst að færa mennina í fangaklefa, þar sem þeir voru látnir dúsa yfir nóttina. Lögreglumennirnir fóru á slysadeild til skoðunar, en hvorugur mun vera frá starfi þrátt fyrir atburðinn.

Ófriðarseggirnir tveir hafa ekki komið við sögu lögreglu áður, en Bakkus var með þeim í för. - jss



**LÖGREGLAN** Var kvödd að húsi í vesturbænum vegna hávaða af flugeldasprengingum.

Flugumferðardeilan:

# Enginn fundur í samgöngunefnd

**SAMGÖNGUR** Ekki verður boðað til sérstaks fundar í samgöngunefnd Alþingis vegna þeirrar stöðu sem nú er uppi í flugsamgöngum, en Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, hafði óskað eftir því.

Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar og varaformaðurinn, Hjálmar Árnason, telja að ekki sé ástæða til að grípa til aðgerða. „Það var búið að ákveða að vera með fund í annarri viku janúar og við höldum okkur við það. Málið er afgreitt frá þinginu og við blöndum okkur ekkert inn í það,“ sagði Guðmundur í gær. - kóþ



**GERALD FORD** Leynilegt viðtal var tekið við forsetann.

Ford studdi ekki Bush:

# Efaðist um réttmæti innrásar

**BANDARÍKIN, AP** Nýlátinn fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, Gerald R. Ford, efaðist mjög um réttmæti ákvörðunar George W. Bush, núverandi forseta Bandaríkjanna, um innrásina í Írak.

Þetta kom fram í leynilegu viðtali sem blaðamaður Washington Post tók við Ford með því skilyrði að viðtalið yrði ekki birt fyrr en eftir fráfall Fords. Viðtalið, sem tekið var í júlí 2004, var birt í gær, en Ford lést á þriðjudaginn.

Ford sagðist vera afar mótfallinn stefnu Bush í Íraksmálum.

„Ég held ekki að ég hefði farið í stríð,“ sagði Ford og bætti við að betra hefði verið að leita friðsamlegra lausna á málunum þar. - smk

Féll 12 metra af svölum:

# Enn í lífshættu

**DANMÖRK Ungi Íslendingurinn sem féll um 12 metra niður af svölum íbúðar sinnar í Árósum í Danmörku er enn í lífshættu, að sögn föður hans.**

**Atvikið átti sér stað sunnudaginn 17. desember, en tildrög þess eru óljós. Ungi maðurinn féll um 12 metra niður af svölunum og lenti á steyptri stétt. Að sögn föður hans nýtur hann einstakrar umönnunar á sjúkrahúsinu í Árósum. Maðurinn er kominn til meðvitundar, en þarf enn að vera í öndunarvél af og til. Faðir hans segir að líðan hans sé slæm, en heldur horfi þó til betri vegar.** - jss

# Samkeppni hafin um þriðju kynslóð farsíma

**Tíðnisviðum þriðju kynslóðar farsímakerfa verður úthlutað í vor. Stóraukinn hraði og ný þjónusta við farsímanotendur eru á næsta leiti. Að minnsta kosti þrír stefna á uppbyggingu þriðju kynslóðar nets. Fjögur leyfi eru í boði.**

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun hefur auglýst eftir fyrirtækjum sem reka vilja hér á landi þriðju kynslóðar farsímakerfi, en þau byggja á svonefndum UMTS-staðli. Stofnunin gerir ráð fyrir að úthluta tíðnisviðum fyrir netin í byrjun apríl til allt að fjögurra bjóðenda.

Í UMTS-farsímakerfi er sendihraði stóraukinn og því möguleg margvísleg ný þjónusta svo sem sjónvarpssendingar í síma, eða annað gagnastreymi. Nýja tæknin er önnur en GSM-staðallinn sem fólk þekkir í dag og kallar á nýjan farsímakost.

Fyrirtæki sem sækjast eftir tíðnisviðum verða að uppfylla ákveðin skilyrði, svo sem að eiga að minnsta kosti 400 milljónir króna í eigið fé. Að auki fylgir kvöð um útbreiðslu þjónustunnar á landsvísu.

„Útboðið er byggt á lögum um þriðju kynslóð farsíma þar sem fegurðarsamkeppnisformið var sett upp,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunarinnar. Í lögunum eru einnig ákvæði um lágmarksþjónustu en útbreiðsla verður að ná til að minnsta kosti 60 prósenta af höfuðborgarsvæðinu og svo á vestur-, norður-, og suðurhluta landsins. „Þetta er nokkuð stíf krafa en við settum það upp á nokkru árabili þannig að þetta gerist ekki allt í einni svipan,“ bætir hann við. Fjarskiptafyrirtækin hafa þannig, í fjórum skrefum, fimm og hálft ár til að vinna sig upp í fulla þjónustu.

Vitað er um þrjú fyrirtæki sem lýst hafa opinberlega áhuga á rekstri þriðju kynslóðar farsímaþjónustu, fjarskiptafélag Novators í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, Símann og svo Vodafone. Novator hefur eitt fengið svokallað tilraunaleyfi til reksturs þriðju kynslóðar nets. Tilraunaleyfi er hins vegar ekki forsenda úthlutunar. „Þau eru bara aðferð stofnunarinnar til að koma til móts við markaðsaðila sem prófa vilja einhverja tækni,“ segir Hrafnkell og bætir við að þau séu nánast alltaf veitt.

Berist fleiri en fjögur tilboð getur verið að úthlutun tíðnisviðanna taki aðeins lengri tíma en stefnt er að því þá þarf að raða tilboðunum upp í goggunarröð eftir nánari samanburð. Að öðrum kosti nægir að bjóðendur uppfylli grunnskilyrðin sem sett eru um rekstur þriðjukynslóðar netsins.

olikr@frettabladid.is



**FARSÍMALANDIÐ ÍSLAND** Póst- og fjarskiptastofnun stefnir á að úthluta tíðnisviðum þriðju kynslóðar farsímanets í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

> Útboðið er byggt á lögum um þriðju kynslóð farsíma þar sem fegurðarsamkeppnisformið var sett upp.“
>
> **HRAFNKELL V. GÍSLASON**
> FORSTJÓRI PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUNAR

Útgáfudögum DV fjölgað:

# Sigurjón verður ritstjóri DV

**FJÖLMIÐLAR Dagblaðið-Vísir útgáfufélag ehf. hefur keypt útgáfu DV samkvæmt kaupsamningi við 365 miðla hf. DV mun koma út í óbreyttri mynd fyrst um sinn, en útgáfudögum verður fjölgað á næsta ári.**

**Hjálmur ehf., sem er í eigu Baugs Group hf., á 49 prósenta hlut í útgáfufélaginu, 365 miðlar hf. eiga 40 prósenta hlut og Sigurjón M. Egilsson og Janus Sigurjónsson eiga 11 prósenta hlut.**

**Sigurjón M. Egilsson hefur verið ráðinn ritstjóri DV og verður engum starfsmönnum sagt upp vegna eigendaskiptanna.**

**Frekari breytingar eru fyrirhugaðar á prentútgáfu hjá 365 miðlum í þeim tilgangi að skerpa áherslur og auka arðsemi í rekstri fyrirtækisins. 365 ætlar að einbeita sér að útgáfu Fréttablaðsins og þeim ritum sem fylgja því. Fyrirtækið hefur selt tímaritin Hér & nú og Veggfóður til útgáfufélagsins Fögrudyra ehf.** - ifv

Allmörg innbrot tilkynnt:

# Þjófar þreytast ekki um jólin

**LÖGREGLUMÁL** Tölvubúnaði var stolið úr tveimur heimahúsum og einu fyrirtæki í Reykjavík í fyrradag. Eldhústækjum var stolið úr nýbyggingu og þá fór þjófur inn á veitingastað í austurbænum og komst undan með nokkuð af peningum. Brotist var inn í tvær geymslur, sumardekk tekin úr annarri en kjötvörum stolið úr frystikistu í hinni. Þá var hljómflutningstækjum stolið úr bíl.

Þrjár matvöruverslanir urðu líka fyrir barðinu á þjófum en þeir höfðu lítið upp úr krafsinu. Einnig var tilkynnt um bensínþjóf til lögreglu. - sth


**BÍLL DAGSINS**

**TOYOTA AVENSIS 1.8**

Nýskr. 07.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 39 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Lokið var við að dæla svartolíu úr Wilson Muuga síðdegis í gær:

# Bráðahættan talin liðin hjá

**SKIPSSTRANDIÐ** Lokið var við að dæla olíu úr síðutönkunum á flutningaskipinu Wilson Muuga í Hvalsnesfjöru í Sandgerði síðdegis í gær. Olía er enn eftir í lestum skipsins. Kristján Geirsson, fagstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir að bráðahættan sé að mestu frá. Lestirnar verði tæmdar á nýju ári.

„Eftir í skipinu situr olía í lestinni sem var pumpað úr botntönkunum. Við þurfum annan mannskap og annan búnað til að ná henni. Nú verður mannskapurinn og búnaðurinn fluttur í land og aðeins pústað,“ segir Kristján.

Átta menn voru um borð í Wilson Muuga í rúmlega tvo sólarhringa við að dæla úr skipinu og tókst að dæla áttatíu til áttatíu og fimm tonnum af svartolíu á land. Hátt í fimmtíu tonn af svartolíu úr botntönkunum og dísilolíu virðast hafa farið í sjóinn. Kristján segir að sest verði yfir reikningana þegar mennirnir um borð hafi hvílst.

„Við teljum að bráðahættan sé að mestu frá og það stafi ekki mikil hætta af því sem eftir er. Þetta er þunnt lag af olíu ofan á í lestinni en lestin er traust og við teljum enga hættu aðsteðjandi þar.



**FRÁ STRANDSTAÐ** Olíubrák hefur sést á sjónum en mesta hættan er talin liðin hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mesta málið var að tæma stóru tankana,“ segir hann. „Við notum næstu daga í að undirbúa okkur því við teljum ekki þörf á sama asa og áður. Það er hægt að flytja afganginn í land í minni tönkum með þyrlu.“ - ghs


Árni K. Jónsson,
viðskiptastjóri, starfar
nú hjá Kaupþingi.
KAUPÞING
ENNEMM / SÍA / NM25280

## GENGIÐ 28.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,12 | 71,46 |
| Sterlingspund | 139,27 | 139,95 |
| Evra | 93,41 | 93,93 |
| Dönsk króna | 12,527 | 12,601 |
| Norsk króna | 11,341 | 11,407 |
| Sænsk króna | 10,33 | 10,39 |
| Japanskt jen | 0,598 | 0,6014 |
| SDR | 106,78 | 107,42 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
128,0206

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vopnaður maður með hulið andlit rændi verslun 11-11 í Garðabæ í fyrrakvöld:

# Sló starfsmann vopnaður járnstöng

**LÖGREGLUMÁL** Vopnað rán var framið í verslun 11-11 í Gilsbúð í Garðabæ í fyrrakvöld. Maðurinn, sem var með hulið andlit, í kuldagalla og með lambhúshettu, réðst inn í verslunina um klukkan ellefu. Starfsmaður verslunarinnar tilkynnti lögreglu um málið og sagði hann dökkklæddan mann hafa komið hlaupandi að honum og slegið hann í andlitið þannig að hann datt í gólfið. Maðurinn var vopnaður járnstöng sem hann ógnaði tveimur starfsmönnum með en beitti ekki að öðru leyti. Hann hrifsaði til sín peninga úr peningakassanum, kvöldsöluna sem nam tugum þúsunda, og hvarf svo út í myrkrið.



**11-11 Í GILSBÚÐ** Starfsmaður verslunarinnar sagði dökklæddan mann hafa hlaupið að honum og slegið hann í andlitið.

Enginn viðskiptavinur var í versluninni og ræninginn, sem var einn á ferð, vann starfsfólkinu ekki mein að öðru leyti.

Lögreglan í Hafnarfirði handtók fjóra menn, sem eru átján og nítján ára, í tengslum við rannsókn málsins síðdegis í gær.

Lögreglan yfirheyrði mennina til skiptis í gærdag og fram á kvöld. Mennirnir voru ekki samvinnuþýðir og vildu lítið segja við lögregluna.

Ekki var kominn botn í málið á níunda tímanum í gær en lögreglan bjóst við því að mennirnir myndu tjá sig um málið fyrr en síðar.

Að sögn lögreglunnar hafa allir mennirnir komið við sögu lögreglunnar áður, en þó aldrei fyrir jafn gróf brot. Lögreglan segir að einn mannanna sé á sakaskrá fyrir fíkniefnabrot. - sh/ - ifv

Suður-kóreskir karlar:

# Fé fyrir að forðast kaup á blíðu

**SUÐUR-KÓREA, AP Suður-kóreska ríkisstjórnin hefur boðið körlum fé, lofi þeir í staðinn að kaupa ekki þjónustu vændiskvenna eftir árslokaveislur fyrirtækja.**

**Ákvörðunin er liður í tilraun stjórnvalda til að breyta veisluhefðum landsmanna, en ötullega er nú barist gegn vændi og mansali.**

**Um 1.300 fyrirtæki tóku þátt í aðgerðinni og fengu karlkyns starfsmenn til að skrifa nafn sitt á lista, þar sem þeir lofa ofangreindu. Það fyrirtæki sem hefur flesta þátttakendur hlýtur sem svarar 360.000 íslenskum krónum í verðlaun.** - smk



**VÉLIN** Rússi nokkur reyndi að ræna þessari flugvél í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugvél nauðlenti:

# Misheppnað flugrán yfir Tékklandi

**TÉKKLAND, AP Rússneskur karlmaður tilkynnti starfsfólki flugvélar sem hann var farþegi í að hann væri með sprengju og neyddi flugstjórann til að lenda á Ruzyne-flugvellinum í Prag í gærmorgun.**

**Vélin var á leið frá Moskvu til Genfar þegar atvikið varð, en maðurinn heimtaði að vélinni yrði flogið til Afríku.**

**Starfsfólki vélarinnar tókst að róa manninn niður um borð í vélinni. Hann særðist lítillega í átökunum, en lögregla gaf ekki upp hver meiðsl hans voru.**

**Tékknesk stjórnvöld sögðu að þau teldu ekki að um hryðjuverkamann hefði verið að ræða. Ekki lá ljóst fyrir hvort maðurinn hefði verið drukkinn þegar hann reyndi flugránið.** - smk

## LEIÐRÉTT

Rangt var farið með föðurnafn dansarans, Evu Guðrúnar Torfadóttur, í myndatexta í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Í dálkinum Frá degi til dags í blaðinu í gær, var sagt að talsmaður neytenda hefði tjáð sig um sms-sendingar Dominos á aðfangadag. Hið rétta er að formaður Neytendasamtakanna tjáði sig um jólakveðjurnar á miðvikudag.

# Guðmundur, Ólafur og Magnús bera faglega ábyrgð

**Stjórn Byrgisins telur ótvírætt að ríkisendurskoðun og félagsmálaráðuneytið hafi átt að hafa eftirlit með starfsemi Byrgisins. Forstöðumaður og læknar bera ábyrgð á faglegu starfi samkvæmt svari til ráðuneytis.**

**FÉLAGSMÁL** Faglega ábyrgð á starfsemi meðferðarheimilisins Byrgisins bera Guðmundur Jónsson og læknarnir Ólafur Ólafsson og Magnús Skúlason.

Þetta kemur fram í skriflegu svari Guðmundar Jónssonar og Jóns A. Einarssonar, fyrir hönd stjórnar sjálfseignarstofnunar Byrgisins, við sjö spurningum Magnúsar Stefánssonar félagsmálaráðherra sem lagðar voru fyrir stjórnina 19. desember. Fréttablaðið hefur spurningarnar og svörin undir höndum.



**MAGNÚS STEFÁNSSON**

Svörin voru meðal þess sem rætt var um á fundi í félagsmálaráðuneytinu í gær er fulltrúar frá ráðuneytinu, Reykjavíkurborg, lögreglunni í Reykjavík, embætti landlæknis og Fasteignum ríkissjóðs sátu fundinn.

Ráðherra spurði sérstaklega að því hver væri ástæða þess að yfirlýsing um greiðslu á styrk frá félagsmálaráðuneytinu til Byrgisins, dagsett 21. október 2003, væri „ekki undirrituð af hálfu styrkþega?“ Stjórnin svarar því til að samninganefnd félagsmálaráðuneytisins hafi ákveðið einhliða hvernig samningur, um hversu marga skjólstæðinga Byrgið skyldi veita húsaskjól, myndi hljóða. Á þeim forsendum hefði verið óþarft að undirrita samninginn.



**GUÐMUNDUR JÓNSSON** Hefur verið kærður fyrir kynferðisbrot gagnvart 24 ára gamalli konu og einnig fyrir að hafa haft af henni fjórar milljónir króna í peningum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ráðherra spyr einnig að því hvernig stjórn Byrgisins svari „þeim ásökunum sem fram hafa komið í fjölmiðlum varðandi starfsemi Byrgisins og til hvaða aðgerða“ hún hyggist grípa af því tilefni. Guðmundur og Jón mótmæla því að Byrgið hafi í óleyfi rekið afeitrunardeild en nefna þó að fólk sem kemur í meðferð í Byrgið dvelji á „aðhlynningardeild“ í 10 daga áður en hefðbundin meðferð hefst. Tóku þeir ekki frekari afstöðu til annarra álitaefna en greindu frá að Guðmundur hefði verið kærður til lögreglu og það mál væri til rannsóknar. Guðmundur hefur tímabundið hætt störfum sem forstöðumaður en Jón gegnir nú stöðu forstöðumanns.

Í svari Guðmundar og Jóns fyrir hönd stjórnarinnar kemur fram að Leifur A. Ísaksson hafi sagt sig úr stjórn Byrgisins 21. desember eftir að umfjöllun um Guðmund og kynferðislegt samband hans við skjólstæðinga Byrgisins komst í hámæli eftir umfjöllun í fréttaskýringaþættinum Kompási á Stöð 2.

Ráðherra spyr einnig hver sé „mælanlegur árangur af starfsemi Byrgisins“ frá 1. janúar 2004 til desember 2006. „Árangursskýrsla vegna framangreinds tíma hefur ekki verið gerð,“ segir í svari Guðmundar og Jóns.

### SPURNINGARNAR SJÖ

**1.** Hefur orðið breyting á skipan stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar Byrgisins - líknarfélags frá stofnun þess í júlí 2003? Ef svo er hverjir sitja í stjórn Byrgisins í desember 2006?

**2.** Hver er ástæða þess að yfirlýsing um greiðslu á styrk frá félagsmálaráðuneytinu til Byrgisins, dagsett 21. október 2003, var ekki undirrituð af hálfu styrkþega?

**3.** Hve margir einstaklingar hafa notið skjóls og aðstoðar í Byrginu á tímabilinu frá 1. janúar 2004 til desember 2006? Óskað er eftir því að upplýsingar berist ráðuneytinu sundurliðaðar eftir mánuðum.

**4.** Hvernig er samsetning þess hóps sem nýtt hefur þjónustu Byrgisins frá 1. janúar 2004 til desember 2006?

**5.** Hvernig er faglegri ábyrgð og eftirliti með starfsemi Byrgisins háttað? Hvaða aðili hefur eftirlit með starfseminni?

**6.** Hver er mælanlegur árangur af starfsemi Byrgisins frá 1. janúar 2004 til desember 2006?

**7.** Hverju svarar stjórn Byrgisins þeim ásökunum sem fram hafa komið í fjölmiðlum varðandi starfsemi Byrgisins og til hvaða aðgerða hyggst stjórnin grípa af því tilefni?

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Fréttablaðsins hefur ekki náðst í Guðmund Jónsson undanfarna daga. Hilmar Baldursson, lögmaður hans, hefur ekki getað haft milligöngu um að Guðmundur tjái sig um málefni Byrgisins við Fréttablaðið eins og óskað hefur verið eftir. magnush@frettabladid.is




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VÆTUSAMT**
Á þessum árstíma, þegar milt er í veðri er úrkoman oft fylgifiskur. Það er engin undantekning nú. Það má búast við vætu mjög víða á landinu, síst þó norðan til, en því fer engu að síður fjarri að kortin séu þurr fyrir það svæði. Það verður allhvasst með suðurströndinni og síðdegis bætir einnig í vindinn fyrir austan. Hann verður eitthvað hægari en í gær í landinu vestanverðu.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Austan 5-10 m/s. Rigning með köflum. Hiti 6-9 stig.

*um hádegi »*






*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C hálfskýjað | London | 11°C alskýjað | Alicante | 16°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 9°C skúrir | París | 4°C hálfskýjað | Mallorca | 17°C hálfskýjað |
| Osló | -2°C heiðskírt | Frankfurt | 6°C alskýjað | Algarve | 18°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 8°C hálfskýjað | Krít | 15°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 6°C heiðskírt | Berlín | 3°C alskýjað | Las Palmas | 21°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Útsalan

## hefst í dag!

# 30-90%

afsláttur af fatnaði, skóm, leikföngum og heimilisvöru



## MARKAÐUR

**Aðeins 4 verð!**

| UPPHAFLEGT VERÐ | VERÐ NÚ |
|---|---|
| 999-1.299 KR. | 250 KR. |
| 1.499-1.999 KR. | 500 KR. |
| 2.499-2.999 KR. | 750 KR. |
| 3.499-4.999 KR. | 1.000 KR. |

barnafatnaður, dömufatnaður, herrafatnaður og skór.

Fyrstur kemur fyrstur fær

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**



*Strengir þú áramótaheit?*

| | |
|---|---|
| Já | 23% |
| Nei | 77% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgist þú með stjórnmálum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Einnota fíkniefnapróf fást nú í matvöruverslunum og apótekum:

# Foreldrar helsti markhópurinn

**FÍKNIEFNI** Einnota fíkniefnapróf eru til sölu í verslunum 10-11, Hagkaupum og apótekum. Prófin eru til í nokkrum útgáfum og kanna hvort viðkomandi hafi neytt kannabisefna, amfetamíns, E-tafla eða kókaíns. Þvagsýni er notað, ekki ósvipað hefðbundnum þungunarprófum.

Olgeir Olgeirsson, framkvæmdastjóri hjá Portfarma, sem framleiðir prófin, segir markhópinn vera foreldra, skóla og stofnanir sem vilji geta lagt slík próf fyrir á ódýran og þægilegan hátt. „Prófin fóru fyrst í dreifingu hjá okkur í nóvember og desember, þau eru til sölu í apótekum og ýmsum matvöruverslunum. Auk fíkniefnaprófanna er svo alkóhólpróf.“




**PRÓFIN** Til eru þrjár tegundir af fíkniefnaprófum sem kanna hvort leifar mismunandi fíkniefna séu í þvagi þess sem prófið tekur.

Olgeir segir áhugann hafa verið mikinn en enn eigi eftir að koma í ljós hver framgangurinn verði. Áreiðanleiki prófanna er mismunandi eftir því hvaða efni er verið að prófa og hversu langt er síðan það var innbyrt. Ef prófað er innan tímamarka hvers efnis fyrir sig er áreiðanleikinn á bilinu 85 til 100 prósent.

„Þetta hefur selst vel hjá okkur, betur en við áttum von á,“ segir Andrea Eygló Sigurðardóttir, vaktstjóri í 10-11 versluninni í Lágmúla. **- sþs**

Gagnrýni frá BSRB:

# MATÍS hunsi stéttarfélög

**KJARAMÁL BSRB segir stjórnendur MATÍS hunsa stéttarfélög þar sem þeir neiti að ganga til samninga fyrir áramót þegar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir Keldnaholti og Rannsóknarstofa Umhverfisstofnunar sameinast í MATÍS sem verður opinbert hlutafélag í eigu ríkisins.**

**Í tilkynningu frá SFR, aðildarfélagi BSRB, segir að ríkisvaldið verði að gæta þess að réttindaumhverfi starfsmanna sé tryggt við hlutafélagavæðingu ríkisstofnana og að engin sátt verði um annað.** **- sdg**

Stríðið í Sómalíu:

# Uppreisnarher á undanhaldi

**SÓMALÍA, AP** Hermenn Sómalíustjórnar og hermenn frá Eþíópíu héldu í gær inn í höfuðborgina Mogadishu, sem íslamskir uppreisnarmenn höfðu haft á valdi sínu síðan í júní. Stjórnarherinn mætti þar engri mótspyrnu, en síðustu daga hafði hann hrakið uppreisnarmenn frá helstu borgum í nágrenni höfuðborgarinnar.



**SHEIK SHARIF SHEIK AHMED**

Uppreisnarmennirnir sögðu undanhald sitt stafa af breyttum áherslum í stríðinu, en byssuskot heyrðust þó víða í borginni og nokkrir menn létust. **- gb**

Ný stjórn Landsvirkjunar:

# Tekur til starfa um áramót

**ORKUMÁL Ný stjórn Landsvirkjunar var skipuð í gær í samræmi við lög um Landsvirkjun. Úr stjórninni gengu Álfheiður Ingadóttir, Illugi Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.**

**Ný stjórn er skipuð Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, sem jafnframt er stjórnarformaður, Ágústi Einarssyni prófessor, Margréti Sanders endurskoðanda, Vali Valssyni, fyrrverandi bankastjóra, og Jónu Jónsdóttur viðskiptafræðingi.**

**Um áramótin tekur ríkið yfir eignarhlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun í samræmi við samning sem undirritaður hefur verið. Samkvæmt lögum sem samþykkt hafa verið flyst forræði ríkisins frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu til fjármálaráðuneytisins.** **- mh**

Innbrot í Keflavík upplýst:

# Stal til að eiga fyrir dópi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Keflavík handtók fjórmenninga á þrítugsaldri í fyrrinótt sem grunaðir voru um innbrot í tvö íbúðarhús í bænum. Fjórmenningarnir voru yfirheyrðir hjá lögreglunni í gær.

Við yfirheyrslur kom í ljós að þrír af mönnunum könnuðust ekki við að hafa átt þátt í innbrotunum.

Einn þeirra viðurkenndi að hafa brotist inn í hús og stolið i-pod og farsíma sem lögreglan fann við leit á honum. Lögreglan fann einnig hass á manninum og tól til neyslu. Að sögn lögreglunnar braust maðurinn inn til að ná sér í hluti til að eiga pening fyrir næsta skammti af dópi. **- ifv / - sh**



**FÍKNIEFNADÓMAR** Dómar í Hæstarétti vegna fíkniefnabrota hafa styst á allra síðustu árum. Þeir höfðu áður aukist gífurlega á níunda áratugnum með komu e-töflunnar til landsins.

# Dómar í fíkniefnamálum hafa styst

**Hæstaréttardómar í fíkniefnamálum hafa styst á undanförnum árum. Fram að því höfðu fíkniefnadómar lengst jafnt og þétt frá því fíkniefnalöggjöfin var sett árið 1974. Dómar þyngdust mikið á níunda áratugnum.**

**DÓMSMÁL** Hæstaréttardómar í fíkniefnamálum hafa mildast umtalsvert á undanförnum árum. Frá árinu 2002 hefur meðaltal þeirra lækkað úr því að vera rúmlega 40 mánaða fangelsisvist í 27 og hálfan mánuð, eða um 30 prósent. Þetta er mikil breyting á þeirri þróun sem verið hefur hér á landi frá því að löggjöf um ávana- og fíkniefni var sett árið 1974 og tók þar við af hinum svokölluðu ópíumlögum sem gilt höfðu frá árinu 1923, en alla tíð síðan hafa dómarnir þyngst.

**ÞRÓUN HÆSTARÉTTARDÓMA Í FÍKNIEFNAMÁLUM**

**Meðaltal dóma á tímabilinu 1972 til 2006**

| | |
|---|---|
| 1972-1980 | 2,5 mánuðir |
| 1981-1990 | 10,26 mánuðir |
| 1991-1995 | 17,83 mánuðir |
| 1996-1998 | 35,87 mánuðir |
| 1999-2002 | 40,36 mánuðir |
| 2003-2006 | 27,55 mánuðir |

Miðað er við dóma þar sem brot á fíkniefnalöggjöfinni eru meginbrot og að dómarnir séu óskilorðsbundnir.

Páll E. Winkel skrifaði fyrir nokkrum árum kandídatsritgerð um þróun fíkniefnadóma á Íslandi frá 1972 til ársins 1998 og skipti dómunum niður í tímabil líkt og sést í meðfylgjandi töflu. Niðurstöður hans sýndu að meðallengd dóma á tímabilinu 1972 til 1980 voru rúmir tveir mánuðir. Næstu árin þyngdust refsingarnar síðan hægt og bítandi. Á síðasta tímabilinu sem Páll skoðaði, frá 1996 til 1998, var meðaltal fallinna dóma á fjórða ár. Þar vógu mest nokkrir mjög þungir dómar vegna innflutnings á e-töflum, meðal annars 6 ára fangelsisdómur yfir manni sem flutti til landsins 964 e-töflur og 88 grömm af kókaíni.

Vegna þess hversu vel nýttur refsiramminn var orðinn í fíkniefnamálum um aldamótin síðustu var hann hækkaður úr tíu árum í tólf árið 2001. Á þeim tíma féll dómur vegna mesta magns e-taflna sem fluttar höfðu verið inn, 14.292 töflur, sem fundust á manni er millilenti hér á landi á leið sinni til Bandaríkjanna. Hann var dæmdur í níu ára fangelsi. Árið eftir að hinn víðari refsirammi tók gildi var Austurríkismaður gripinn með hátt í 70.000 e-töflur auk fjölda annarra fíkniefna. Hann var dæmdur í tólf ára fangelsi, eða hámarksrefsingu, í héraði en sá dómur styttur í níu ár í Hæstarétti.

Ástæðuna fyrir mildari dómum á síðustu árum er líklega fyrst og fremst að leita í því að færri mál tengd e-töflum hafa komið upp. Á tímabilinu 1998 til 2002 féllu þrettán dómar vegna þeirra efna. Á þeim fjórum árum sem liðið hafa síðan eru dómar í Hæstarétti vegna e-töflumála einungis tveir, og féllu báðir í upphafi þessa árs. Þó virðist sem Hæstiréttur fari mildari höndum um brotamenn í slíkum málum en áður, því þyngri dómurinn sem féll á árinu hljóðaði upp á tveggja ára fangelsi. Sá sem hann hlaut var sakfelldur fyrir innflutning á nánast sama magni af e-töflum og kókaíni og sá sem fékk sex ára dóminn á síðasta áratug. **thordur@frettabladid.is**

Prófessor í félagsfræði segir e-töfluna hafa hrint af stað þyngingu refsinga:

# Ríkið í stríði við borgarana

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, segir að það sem komið hafi þyngingu dóma af stað um miðbik síðustu aldar hafi verið tilkoma e-töflunnar. „Þegar e-taflan kom fyrst á markað á Íslandi kom fram vitnisburður um að þetta væri einhvers konar dauðatafla. Menn virtust taka þann vitnisburð og notfæra sér til að nýta refsirammann. En fyrstu e-töflumálin snerust um innflutning á tugum eða hundruðum taflna. Þegar menn fóru svo að koma hingað með þúsundir taflna var þegar búið að nýta efri mörkin. Réttarkerfið málaði sig því út í horn með þessum fyrstu dómum. Þegar enn stærri mál komu upp þá varð bakkað.“

Helgi segir að fækkun mála tengdum innflutningi á e-töflum sé vafalítið ein helsta ástæða þess að dómar hafi mildast frá 2002. Hann telur að áherslur í baráttunni gegn fíkniefnum séu rangar hér á landi og víðar. „Við erum með refsistefnu sem virðist bíða skipbrot þegar kemur að því að uppræta neyslu fíkniefna því þau eru alltaf til á markaðnum. Það þarf að endurskoða þetta hérna og raunar víðast hvar í Vestur-Evrópu. Fíkniefnin eru fyrst og fremst félags-, menningar- og heilbrigðismál. Við megum ekki hafa of mikla trú á refsivendinum því þá eru stjórnvöld komin í stríð við borgarana. Þeir fela sig í skúmaskotum með efnin og úr verður frumskógur.



**HELGI GUNNLAUGSSON**

Yfirvöld eiga ekki að fara í stríð við borgarana heldur vinna með þeim að úrlausn þessara mála. **- þsj**

Rannsóknarnefnd sjóslysa:

# Rannsakar strand Wilson Muuga

**SKIPSSTRANDIÐ** Bæði Íslendingar og Kýpverjar munu rannsaka strand flutningaskipsins Wilson Muuga í Hvalsnesfjöru fyrir jól. Menn á vegum rannsóknarnefndar sjóslysa á Kýpur komu hingað til lands fyrir jólin til að rannsaka strandið en skipið er skráð á Kýpur.

Rannsóknarnefnd sjóslysa hér á landi mun einnig taka strandið fyrir á næstu vikum og gefa út skýrslu um málið. Hjá nefndinni fengust þær upplýsingar í gær að ekki væri hægt að segja hvenær málið yrði tekið fyrir.

Sjóréttur var haldinn í Héraðsdómi Reykjaness fyrir jól. **- ghs**



**SÓL Í STRAUMI** Pétur Óskarsson úr samtökunum Sól í Straumi afhenti Rannveigu Rist, forstjóra Alcan, innrammað plagg með tíu rökum gegn stækkun álversins í Straumsvík.

Á fund forsvarsmanna Alcan:

# Skiluðu diskinum með Björgga

**STÓRIÐJA** Meðlimir samtakanna Sól í Straumi, þverpólitísks hóps áhugafólks um stækkun álversins í Straumsvík, hittu forsvarsmenn fyrirtækisins Alcan, sem rekur álverið í Straumsvík, í gær og skilaði þeim sautján mynd- og geisladiskum með Björgvin Halldórssyni sem fyrirtækið sendi inn á hvert heimili í Hafnarfirði í fyrradag, auk þess að færa þeim innrammað plagg með tíu rökum gegn stækkuninni. Kosið verður um stækkunina á næstu mánuðum.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir að fyrirtækið beri fulla virðingu fyrir sjónarmiðum Sólar í Straumi og það að einungis sautján diskum sé skilað af rúmlega 7.000 sem voru sendir út segi sína sögu. **- ifv**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Brotnar rúður og skorin dekk**

Skemmdarvargar voru á ferð í borginni í fyrradag. Rúður voru brotnar í tveimur bílum í fyrradag og göt stungin á hjólbarða á þeim þriðja. Þá voru stungin göt á dekk á kerru og skorið á ljósakapla.

**Systkini flugust harkalega á**

Kalla þurfti til lögreglu í fyrradag þar sem systkini slógust. Viðureigninni lauk með því að systirin var færð til læknis með bakmeiðsli. Bróðir hennar hlaut hins vegar ekki skaða af eftir því sem best er vitað.

# Öflugar tölvur með auknu öryggi

## Fáðu þér fartölvuna sem stendur undir öryggiskröfum þínum



Dell™ mælir með Windows® XP Professional

Fislétta Dell™ Latitude™ línan er byggð á Intel® Centrino® Duo Mobile Technology sem færir þér nýjungar sem auka meðfærileika og öryggi.



Dell™ Latitude™ D620 er hönnuð fyrir notendur sem gera kröfu um hraða og meðfærileika á vinnustað.

### Dell™ Latitude™ D620

| |
|---|
| Intel® Centrino® Duo Mobile Technology með Intel® Core™2 Duo örgjörva T7200 (4MB L2 Cache, 2GHz 667MHz) |
| Intel® 3945 þráðlaust netkort 802,11 a/g |
| Microsoft™ Windows® XP Professional |
| 2GB 667MHz DDR2 vinnsluminni (2 x 1GB) |
| 100GB 7.200rpm SATA harður diskur |
| DVD-RW+/- geisladrif (skrifar DVD) |
| 14,1" WXGA+ skjár (1440 x 900) |
| Þyngd frá 2,12 kg (með 6 Cell rafhlöðu & DVD/CD-RW) |
| 32mm x 337mm x 238mm (H x B x D) |
| 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS |

**Tilboðsverð:**
**209.900 kr.**



Öfluga Dell™ Latitude™ D820 fartölvan er hönnuð fyrir notendur sem krefjast gæða, einfaldleika og langtíma verðgildis.

### Dell™ Latitude™ D820

| |
|---|
| Intel® Centrino® Duo Mobile Technology með Intel® Core™ Duo örgjörva T2300 (2MB L2 Cache, 1,66GHz, 667MHz) |
| Intel® 3945 þráðlaust netkort 802,11 a/g |
| Microsoft™ Windows® XP Professional |
| 2GB 667MHz DDR2 vinnsluminni (2 x 1GB) |
| 100GB 7.200rpm SATA harður diskur |
| DVD-RW+/- geisladrif |
| 15,4" WSXGA+ skjár (1680 x 1050) |
| Þyngd frá 2,8 kg (með 6 Cell rafhlöðu & DVD/CD-RW) |
| 35,3mm x 361mm x 262,6mm (H x B x D) |
| 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS |

**Tilboðsverð:**
**234.900 kr.**

**Smart Security**
heimsækið www.dell.com/security
fyrir frekari upplýsingar

**EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig**

©2006 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra hluta gildir aðeins þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell vörumerkið og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation, Celeron, Celeron inside, Centrino, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Xeon og Xeon Inside eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annara. Microsoft® og Windows® eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annara. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni.

Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notenda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft eru skýrð við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins eða við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft, 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða þingmaður brenndist illa nú fyrir jólin?*
2. *Hvaða fyrrum forseti Bandaríkjanna lést nú í vikunni?*
3. *Hvað heitir íslenska kvikmyndin sem verður frumsýnd í dag?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Rússneskir saksóknarar nafngreina hugsanlegan morðingja fyrrverandi njósnara:

# Forstjóri Yukos undir grun

**RÚSSLAND, AP** Rússneskir saksóknarar hafa nafngreint fyrrverandi forstjóra olíurisans Yukos, Leonid Nevzlin, sem einn þeirra sem liggja undir grun í tengslum við morðið á fyrrverandi KGB njósnara, Alexander Litvinenko. Litvinenko lést úr pólón-210 geislaeitrun í Bretlandi í nóvember.

Að sögn skrifstofu ríkissaksóknara eru Nevzlin og aðrir eigendur Yukos grunaðir um að hafa fyrirskipað morðið, sem og að eitra fyrir öðrum fyrrum rússneskum leyniþjónustumanni, Dímítrí Kovtun.

Nevzlin flúði Rússland árið 2003 eftir gjaldþrot Yukos í kjölfar herferðar stjórnvalda gegn fyrirtækinu. Hann fór til Ísraels þar sem hann nú býr í útlegð.

Í síðasta mánuði sagði Nevzlin blaðamönnum AP-fréttastofunnar að Litvinenko hefði látið sig hafa skjal tengt Yukos og sagðist telja að morðið væri tengt rannsókn hans á gjaldþroti fyrirtækisins.

Ættingjar og félagar Litvinenkos segja grun saksóknaranna á engu byggðan, því þeir telja að rússnesk yfirvöld standi að baki morðinu. Á dánarbeði sínum sakaði Litvinenko sjálfur Vladimír Pútín Rússlandsforseta um að bera ábyrgð á veikindum sínum. **- smk**



**LEONID NEVZLIN** Rússneskir saksóknarar segja fyrrum forstjóra Yukos grunaðan um morð á fyrrum KGB njósnara. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ljósmyndarinn í Lundúnum:

# Fer í endurhæfingu á nýju ári

**LÍKAMSÁRÁS** Haraldur Hannes Guðmundsson, ljósmyndarinn sem varð fyrir fólskulegri líkamsárás í Bethnal Green-hverfi Lundúna 19. nóvember, er kominn heim til Íslands og ætlar í endurhæfingu á Grensásdeildinni eftir áramót. Helga Þórðardóttir, móðir Haralds, líkir batanum við kraftaverk: „Þetta hefur gengið eins vel og hugsast gat.“

Haraldur er lamaður vinstra megin og með litla sjón. Hann er þó með fullan skilning á umhverfinu, að sögn Helgu. „Við áttum ekki einu sinni von á að hann myndi þekkja okkur, en hann getur enn talað sín fjögur tungumál.“ **- kóþ**

Aðalskoðun á Reyðarfirði:

# Athugasemd við bakkflautur

**REYÐARFJÖRÐUR** Aðalskoðun gerði nýlega athugasemd við það að bílar á vegum Bechtel væru með bakkflautur sem eru hluti af ströngum öryggisráðstöfunum Bechtel. Björn S. Lárusson, samskiptastjóri hjá Bechtel, segir að athugasemdin hafi komið á óvart. Bechtel muni leggja til að slökkvarar verði settir í bílana þannig að slökkt verði á bakkflautunum þegar bílunum er ekið út af svæðinu. „Okkur þykir miður að þurfa að slá af öryggiskröfunum og setja slökkvara í bílana því að menn gleyma gjarna að kveikja á þeim aftur,“ segir Björn.

Agnar Bogason, fulltrúi Aðalskoðunar á Reyðarfirði, segir að samkvæmt reglugerð sé óheimilt að vera með bakkflautur í fólksbílum en hugsanlega sé hægt að setja slökkvara í bíla fyrir vinnusvæði. **- ghs**


wolfcraft®

Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is




**VÆNDI** Götuvændi færist í aukana í Stokkhólmi.

Stokkhólmur:

# Götuvændi eykst til muna

**SVÍÞJÓÐ** Sífellt fleiri konur selja blíðu sína á götum Stokkhólms. Á Malmskillnadsgatan og nærliggjandi götum selja sig rúmlega 225 konur og nokkrir karlar á degi hverjum, segir í frétt Dagens Nyheter.

Flestar kvennanna eru erlendir ríkisborgarar, sem fjölmargar hafa verið neyddar til starfans með loforðum óprúttinna náunga um lögleg störf í Svíþjóð, sem síðan taka meginhluta tekna þeirra og misnota þær á annan hátt.

Kaup á blíðu eru ólögleg í Svíþjóð og liggja sektir eða allt að sex mánaða fangelsi við slíku broti. **- smk**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Ók of hratt undir áhrifum

Lögreglan í Hafnarfirði stöðvaði 23 ára karlmann í fyrrinótt á 110 kílómetra hraða á Reykjanesbraut. Maðurinn reyndist undir áhrifum fíkniefna og við leit fannst lítilræði af fíkniefnum í bílnum.

### Belti og líknarbelgur bjarga

Harður árekstur varð á Höfn í Hornafirði um hádegisbil í gær. Einn var í hvorum bíl en engin meiðsl urðu á fólki. Annar bíllinn er talinn ónýtur og hinn er töluvert skemmdur.

# Það kostar að gera vel við starfsfólkið

**Formaður borgarráðs segir gjaldskrár borgarinnar hækka svo unnt sé að gera vel við starfsfólk. Hækkanirnar fylgi verðlagi. Álögur á eldri borgara og barnafólk lækki. Hann segir að útlendingum finnist fáránlega ódýrt í sund á Íslandi.**

**BORGARMÁL** „Ég hef þá trú að það sé almennur skilningur á að það verði að gera vel við starfsfólk og það fer illa á því hjá stjórnarandstöðunni að segja að það verði að manna leikskólana og frístundaheimilin með hæfu fólki en halda því svo fram að gjaldskráin þurfi ekki að fylgja verðlagi. Það er afskaplega ódýr málflutingur.“

Þetta segir Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, um gagnrýni Samfylkingarinnar á gjaldskrárhækkanir borgarinnar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar borgarinnar í síðustu viku var samþykkt 8,8 prósenta meðaltalshækkun gjaldskráa og gagnrýnir Dagur B. Eggertsson, Samfylkingunni, að hækkunin sé umfram verðbólgu.

Björn Ingi segir að þótt verðbólga hafi mælst sjö prósent síðasta árið þurfi að hækka gjaldskrár umfram það því spár um verðbólgu síðasta árs hafi verið mun lægri en raunin varð. „Í þessu felst því leiðrétting. Þetta kemur líka til vegna samninga sem hafa verið gerðir og í tilfelli leikskólana gerum við ráð fyrir samningshækkunum upp á 16-20 prósent.“

Björn Ingi segir gjaldskrárnar ekki það eina sem hækki, sama eigi til dæmis við um fjárhagsaðstoð Félagsþjónustunnar.

Leikskólagjöld voru lækkuð um 25 prósent 1. október en hækka nú um 8,8 prósent. Björn Ingi segir niðurstöðuna umtalsverða kjarabót fyrir foreldra. Sama gildi um stórauknar niðurgreiðslur til dagforeldra.



**FUNDAÐ Í RÁÐHÚSINU** Björn Ingi Hrafnsson vísar gagnrýni á gjaldskrárhækkanir borgarinnar á bug. Á myndinni eru fjórir borgarfulltrúar meirihlutans ásamt Gunnari Eydal skrifstofustjóra.

Stök heimsókn á sundstaði borgarinnar hækkar um 25 prósent og kostar eftir breytingar 350 krónur. „Meðaltalshækkunin er 8,8 prósent en við látum þá sem koma oft og kaupa árskort njóta þess en hækkum meira hjá þeim sem koma endrum og sinnum. Starfsfólk sundstaðanna hefur oft haft á orði við okkur að útlendingar sem koma í sund segja að það sé fáránlega ódýrt í sund á Íslandi. Og þegar allt kemur til alls þá er ótrúlega ódýrt í sund á Íslandi og við eigum auðvitað að vera þakklát fyrir það.“

Spurður hvort núverandi meirihlutaflokkar hafi minnst á fyrirhugaðar gjaldskrárhækkanir í kosningabaráttunni í vor svarar Björn Ingi því til að svo hafi ekki verið. „Við lofuðum aðallega að bæta þjónustuna og erum að því á öllum sviðum. Ef menn skoða þetta af sanngirni og í samhengi þá kemur í ljós að við erum að lækka álögur á eldri borgara og barnafólk en vissulega snýst þetta um forgangsröðun. Við höfum líka einsett okkur að reka borgarsjóð skynsamlega og réttum megin við strikið og það kostar líka.“ **bjorn@frettabladid.is**






Banaslys og önnur alvarleg slys á fyrstu tíu mánuðum ársins þriðjungi fleiri í ár:

# Alvarlegum slysum fjölgar milli ára

**UMFERÐ** Banaslysum og öðrum alvarlegum slysum fyrstu tíu mánuði ársins fjölgaði um tæp 30 prósent í samanburði við sama tímabil í fyrra. Þetta kemur fram í samantekt slysaskráningar Umferðarstofu. Athygli vekur að sé októbermánuði sleppt og eingungis bornir saman fyrstu níu mánuðir ársins er munurinn öllu meiri, eða 43,6 prósent.

131 banaslys og önnur alvarleg slys urðu á fyrstu tíu mánuðum ársins og í þeim létust eða slösuðust 154. Júlí og ágúst voru verstu mánuðirnir, en í þeim urðu samtals 50 alvarleg slys og 62 slösuðust eða létust. Algengast var að alvarleg slys yrðu þegar fólk féll af vélhjólum eða þegar ökutæki fóru út af vegum.

Alvarlegu slysin urðu nokkuð jafnt í dreifbýli og þéttbýli, 65 í dreifbýli og 69 í þéttbýli. Slys með minniháttar meiðslum voru talsvert fleiri í þéttbýli en í dreifbýli, eða 426 á móti 206. Ef litið er til óhappa þar sem eingöngu hlýst eignatjón af varð yfirgnæfandi meirihluti þeirra í þéttbýli, 5.203 gegn 895.

Það sem af er ári hafa 30 látist í 27 banaslysum. Algengast var að þau yrðu þegar ökutæki lentu hvort framan á annað eða þegar ökutæki fór út af vegi. **- sh**



**UMFERÐARSLYS** Álíka mörg alvarleg slys verða í dreifbýli og þéttbýli.

# ÞÚ GEFUR STYRK!

## Við erum **geðveikt** ánægð með 21.433.000 krónur

**Vel heppnaðri söfnun lokið**

Með samstilltu átaki Sparisjóðsins, viðskiptavina hans og landsmanna safnaðist vegleg upphæð sem kemur í góðar þarfir. Frábærar viðtökur sýna að fólk lætur geðheilbrigðismál sig máli skipta, sem gefur von um batnandi geðheilsu þjóðarinnar.

Sparisjóðurinn óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum farsældar á nýju ári með þökk fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

Sérstakar þakkir fá þeir sem gáfu sinn styrk – þetta var **geðveikt** góð söfnun!

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

Fíton / SÍA



**KALT OG BLAUTT** Þessi rhesus-apamóðir þrýsti unga sínum að sér í dembunni í Jammu á Indlandi fyrr í vikunni, en afar kalt og votviðrasamt er þar þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ellefu brennur verða í Reykjavík á gamlárskvöld og er veðurspá fyrir kvöldið góð:

# Vel ætti að viðra á brennum

**ÁRAMÓTABRENNUR** Starfsmenn hverfastöðva framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar eru nú við móttöku og uppröðun á bálköstum þar sem brennur verða haldnar. Hætt verður að taka á móti efni þegar kestirnir eru orðnir hæfilega stórir eða í síðasta lagi kl. 12 á gamlársdag.

Líkt og í fyrra verða 11 áramótabrennur í Reykjavík, þar af fjórar stórar sem verða við Ægisíðu, á Geirsnefi, í Gufunesi við gömlu öskuhaugana og við Rauðavatn.

Þá verða minni brennur við Suðurhlíðar neðan Fossvogskirkjugarðs, við Suðurfell, við Leirubakka, á Klébergi á Kjalarnesi, í Skerjafirði, vestan Laugarásvegar og við Úlfarsfell. Kveikt verður í brennunum klukkan 20.30 á gamlárskvöld.



**GAMLÁRSBRENNA** Veðurútlit er gott fyrir áramótabrennur í ár.

Einn til tveir starfsmenn Reykjavíkurborgar verða á vakt við brennurnar og eftir klukkan tvö á miðnætti er gert ráð fyrir að fjórir vatnsbílar hefji slökkvistarf.

Samkvæmt breytingum á reglugerð þarf ekki leyfi heilbrigðisnefndar fyrir brennum sem standa skemur en í tvær klukkustundir en ávallt þarf að fá samþykki slökkviliðsins fyrir brennunum svo fremi sem þær eru á borgarlandi.

Veðurútlit er almennt gott fyrir gamlárskvöld og gert er ráð fyrir hæglætisveðri og 1-4 stiga hita. Rignt gæti við strendur sunnanlands, vestan og norðan. - hs

Ók of hratt og flúði lögreglu:

# Var að verða of seinn í Ríkið

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík stöðvaði allmarga ökumenn fyrir hraðakstur í fyrradag. Einum þurfti að veita eftirför vegna þess að hann sinnti ekki stöðvunarmerki lögreglu.

Hann nam loks staðar við eina af áfengisverslunum borgarinnar og bar ökumaðurinn því við að hann hefði nauðsynlega þurft að ná þangað fyrir lokun.

Við leit í bíl mannsins fundu lögreglumenn nokkurt magn fíkniefna. Við nánari skoðun kom svo í ljós að ökumaðurinn reyndist vera ökuréttindalaus en hann var sviptur réttindum fyrir nokkru. - sh

Kjörinn forseti Ekvadors:

# Vill sjö konur í ríkisstjórnina

**QUITO, AP** Sjö kvenráðherrar verða í næstu ríkisstjórn Ekvadors, af sautján ráðherrum alls. Varnarmálaráðherra verður frú Guadalupe Larriva, en hún er forseti Jafnaðarmannaflokksins. Þetta er í fyrsta skipti í sögu landsins sem sterkara kynið fer með varnarmálin, en hernaðarsérfræðingurinn Luis Hernandez fagnar tilbreytingunni og segir að ekvadorskir hermenn geti vel hlýtt skipunum frá konu. - kóþ

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bjór og myndvarpa stolið

Á miðvikudag var tilkynnt um innbrot í fiskverkunarhús í Keflavík. Þar var rúða brotin og 2 til 3 kippum af bjór stolið. Þá var brotist inn hjá Sæþotufélaginu í bænum. Þar var hurð sparkað upp og myndvarpi hafður á brott.

Fulltrúi minnihlutans í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps sakar meirihlutann um slæm vinnubrögð:

# Sveitarstjóranum í Grímsnesi sagt upp

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Sigfríði Þorsteinsdóttur hefur verið sagt upp störfum sem sveitarstjóra í Grímsnes- og Grafningshreppi. Unnið er að starfslokasamningi við Sigfríði en óvíst er hvernig samningurinn verður og hvenær viðræðum milli hreppsnefndar og Sigfríðar lýkur.

Gunnar Þorgeirsson, sem sæti á í sveitarstjórn hreppsins fyrir hönd minnihlutans, segir starfsaðferðir meirihluta K-listans slæmar og ekki til þess fallnar að bæta ímynd hreppsins. „Mér heyrist það vera almennt viðhorf forsvarsmanna meirihlutans að það sé best að leysa úr öllum ágreiningsmálum með því að siga lögfræðingum á fólkið sem er að reyna að greiða úr ágreiningi með umræðum við sveitarstjórnina. Þá vitna ég til samskipta forsvarsmanna sveitarfélagsins við íbúa þess. Ég tel einnig aðferðina við uppsögnina á sveitarstjóranum sérkennilega því hún fékk engar viðvaranir áður en henni var sagt upp störfum.“

Sigfríður var ráðinn sveitarstjóri 28. júní á þessu ári en í samningnum er ákvæði um þriggja mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest fyrstu sex mánuði samingstímans. Uppsögnin tekur gildi 31. desember.

Hvorki Sigfríður né Ingvar G. Ingvarsson, oddviti meirihlutans í sveitarstjórn, vildu tjá sig um starfslokin eða viðræðurnar um starfslok sem nú eru í gangi.

Sigfríður lét bóka á fundi hreppsnefndar 21. desember, er starfslok hennar voru til umræðu, að henni þætti umhugsunarefni hvernig staðið væri að stjórnsýslumálum í sveitarfélaginu. „Þar sem mikil sárindi eru í sveitarfélaginu eftir sveitarstjórnarkosningarnar í vor tel ég að gæta verði vel að því hvernig stjórnsýslan tekur á málum. Mikilvægt er við þær aðstæður að gæta meðalhófs og að jafnræði ríki við meðferð mála. Þar sem dagskipun K-listans sem myndar meirihluta í hreppsnefnd er að sýna hörku í samskiptum við íbúana sé ég mér ekki annað fært en bóka þetta við þessi tímamót,“ segir í bókun Sigfríðar þegar starfslok hennar voru til umræðu.

magnush@frettabladid.is



**FRÁ GRÍMSNESI** Sigfríði Þorsteinsdóttur sveitarstjóra hefur verið sagt upp störfum. Hún segir það „dagskipun K-listans sem myndar meirihluta í hreppsnefnd að sýna hörku“ í samskiptum við íbúa Grímsnes- og Grafningshreppi.






útsala
50-70% afsláttur

oasis
KRINGLAN I SMÁRALIND I DEBENHAMS




coast
smáralind



30-70%
afsláttur

evans.
smáralind og kringlunni

ÚTSALA
50-70%
afsláttur

TOPSHOP TOPMAN
SMÁRALIND

# Skrifstofuvörur
á janúartilboði

Á tilboði í janúar 2007
Bréfabindi, ljósritunarpappír, merkipennar, töflutússar og veggklukka

148 kr.
Bréfabindi A4,
5cm og 8cm kjölur.

898 kr. pk.
Merkipennar,
bláir, svartir, rauðir og grænir, 12 stk í pk.

1.240 kr. ks.
Mopak ljósritunarpappír,
5x500 blöð í ks.



Katrín Edda Svansdóttir
- sölumaður í þjónustuveri RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Við minnum ríkisstofnanir og sveitarfélög á eftirtalda rammasamninga:
RK 02.15: Ritföng og skrifstofuvörur. RK 02.01: Ljósritunarpappír.

TUNGLIÐ RV6222B

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

TM

Skemmtun á Ingólfstorgi í dag

Í jólamánuðinum hafa fjölmargir landsmenn tekið snúning á skautasvelli TM á Ingólfstorgi, en í dag, 29. desember, er síðasti dagurinn sem opið er á svellið.

Af því tilefni bjóðum við hjá TM upp á veglega skemmtidagskrá á Ingólfstorgi í dag frá kl. 17:00 - 20:00.

**Fjölbreytt skemmtiatriði, m.a.:**
Jazzhljómsveitin „Johnny and the rest", Baggalútur, Skoppa og Skrítla, Ídýfurnar o.fl.

Heitt Swiss Miss kakó og piparkökur í boði.

**Góða skemmtun.**
**TM – sterkir á svellinu!**

Afmæli TM
TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is




ÍSLENSKA SIA.IS TMI 35530 12/06


Ættleiðingar barna frá Kína:

# Segir að biðtími einhleypra lengist

**ÆTTLEIÐINGAR** „Það hryggir mig ef Kínverjar breyta reglum sínum á þann veg að einhleypir geti ekki lengur ættleidd börn þaðan," segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, alþingismaður og móðir ættleiddrar stúlku. Hún segir þetta ekki síst hryggilegt vegna barnanna sem þurfa á betri aðbúnaði að halda.



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

Samkvæmt heimildum breska ríkisútvarpsins munu Kínverjar herða reglur um skilyrði til ættleiðingar á næsta ári og útiloka einhleypa frá ættleiðingum þarlendra barna.

Þórunn segir að hún hafi beðið í 2-3 ár eftir að fá dóttur sína en nú er biðtími einhleypra orðinn sjö ár og hefur því lengst um 4-5 ár á nokkrum árum.

- hs



**GENGIÐ UMHVERFIS HELGIDÓMINN Í MEKKA** Gífurlegur mannfjöldi safnast saman ár hvert í Mekka í Sádi-Arabíu þegar múslímar halda þangað í pílagrímaför sína. Í ár er reiknað með að þrjár milljónir manna leggi leið sína þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Pílagrímar streyma til Mekka

**Stjórnvöld í Sádi-Arabíu hafa á árinu bæði hert öryggisgæslu og bætt mjög aðstöðu pílagríma í Mekka til að koma í veg fyrir að fólk troðist undir.**

**MEKKA, AP** Í gær var fyrsti dagurinn í árlegri pílagrímagöngu múslíma til Mekka, sem stendur fram á mánudag. Pílagrímarnir gengu í gær, eins og gert er á hverju ári, þrettán kílómetra leið í gegnum eyðimerkurdal frá Mekka til Mína, allir íklæddir hvítum kyrtlum til þess að minna á að allir menn eru jafnir fyrir guði.

Búist er við að nærri þrjár milljónir múslíma leggi leið sína þangað í ár, þar af er tæpur helmingur frá Sádi-Arabíu en aðrir eru aðkomumenn víðs vegar að úr heiminum.

Fjöldinn er svo gífurlegur að oft stafar stórhætta af. Fyrir ári létust meira en 260 manns í troðningnum og hafa stjórnvöld í Sádi-Arabíu árum saman verið sökuð um að gæta ekki nógu vel að öryggi pílagrímanna.

Nú í ár hafa þau hins vegar varið miklu fé til þess að bæta alla aðstöðu við hina helgu staði til þess að umferð hinna gangandi pílagríma gangi greiðar fyrir sig. Þá hafa meira en 30 þúsund lögreglumenn verið sendir á vettvang og ferðalangarnir eru sérstaklega beðnir um að hafa engan farangur með sér í gönguna, þar sem troðningurinn á síðasta ári hófst með því að nokkrir ferðamenn hrösuðu um farangur í mannfjöldanum.

Pílagrímaferð til Mekka er ein af fimm frumskyldum múslíma. Þeim ber að fara í slíka ferð að minnsta kosti einu sinni á ævinni, svo framarlega sem þeir hafa heilsu til þess og efni á því.

Pílagrímarnir dvelja í Mekka og nágrenni í nokkra daga og fylgja þar hefðum sem eru í mjög föstum skorðum. Í gær gengu þeir í kringum Kaaba, svarta kassalaga steinbyggingu sem er helgasti staður íslams. Gengið er sjö sinnum rangsælis í kringum Kaaba, þrisvar hratt og síðan fjórum sinnum á eðlilegum gönguhraða.

Í dag halda þeir frá Mekka til Mína þar sem þeir dveljast í stórum tjaldbúðum yfir nótt, og þaðan liggur leiðin síðan til fjallsins Arafat þar sem farið er með bænir.

Mesta hættan fyrir pílagrímana hefur orðið undir lok ferðarinnar þegar þeir safnast saman við þrjár steinsúlur í Mina til þess að kasta í þær grjóti og eru þá með táknrænum hætti að grýta djöfulinn.

Nú í ár er andrúmsloftið markað af áhyggjum múslíma af átökum í Írak, fyrir botni Miðjarðarhafs og nú síðast í Sómalíu. Spenna milli súnní-múslíma og sjía er mikil, einkum þó í Írak, en báðar þessar meginfylkingar sameinast í pílagrímaförinni.

gudsteinn@frettabladid.is




# Hátíð í bæ

Íbúðalánasjóður óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Við þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður

FABRIKAN



-hér koma
Kaupbætir!
MALT
...fyrir góðan dag!
FROSIÐ LAMBAFILLE
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
EKKERT BRUDL
Frosið KS lambafille
með fituröndd/haustslátrun 2006
Tex Mex
kjúklinga
vængir
TEX MEX KJÚKLINGAVÆNGIR
KÍLÓVERÐ NÚ:
194 KR.
MERKT VERÐ 299KR.
35%
afsláttur
við kassann
Heilt KÍLÓ af
konfekti
HEILT KÍLÓ!
995 KR.
Kauptu þér Coca-Cola kippu
og þú færð 6x 500 ml
af Bónus malti í
kaupbæti!
Coca-Cola light
Egils PILSNER
EGILS PILLI
49 KR.
500 ML
Bónus býður betur!
Chips
200g
98 KR.
STJÖRNUSNAKK
Papriku
90g
98 KR.
BÓNUS SNAKK
Beikon
Hringir
160g
129 KR.
6 teg.
Glóbolti
199 KR.
Endurskins
boltar
Hálsfesti
299 KR.
Blikkandi
hálsfestar
6 litir
í kassa
6 glóeglös
299 KR.
6 endurskinsglös saman
BÓNUS


áramótatilboðin!
EKKERT BRUÐL
FROSNAR UNGNAUTALUNDIR
KÍLÓVERÐ NÚ:
2698 KR.
Merkt verð 2998KR.
NÝSJÁLENSKAR FROSNAR
UNGNAUTALUNDIR
Allt að 40% lægra verð
en á íslenskum nautalundum
2 lítrar
59 KR.
Opið til 20.00
í kvöld!
EKKERT BRUÐL
REYKTUR/GRAFINN LAX
kílóverð nú:
1198 KR.
Merkt verð 1599KR.
Reyktur og grafinn
lax frá Norðanfiski
BÓNUS GRAFLAXSÓSA
179 KR.
350 ml
2 lítrar
59 KR.
LAMBALÆRI FROSIÐ OG SNYRT
KÍLÓVERÐ NÚ:
879 KR.
MERKT VERÐ 1098KR.
Léttreykt, hálfúrbeinað
lambalæri
HÁLFÚRBEINAÐ LÆRI
kílóverð nú:
1498 KR.
Merkt verð 1998KR.
Einiberja
lambalæri
40%
afsláttur
við kassann
25%
afsláttur
við kassann
EINIBERJA LAMBALÆRI
1113 KR.
Merkt verð 1855KR.
...fyrir góðan dag!
Frosið og snyrt
lambalæri
Léttreykt með
fimmberjablöndu
EKKERT BRUÐL
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

### Svona erum við

Fámennustu póstnúmer landsins árið 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SJÓPRÓF

## *Upplýsingum safnað með yfirheyrslum*

Eftir strand flutningaskipsins Wilsons Muuga, sem hefur verið í brennidepli, og lát danska skipverjans á varðskipinu Triton fyrir jól voru málin rannsökuð af lögreglu og rannsóknarnefnd sjóslysa og svo voru sjópróf haldin á Reykjanesi.

**Hvað er sjópróf?**
Sjópróf eru ávallt haldin þegar óhapp verður á fólki eða munum á sjó til að safna upplýsingum og gögnum um það sem gerst hefur. Ef skipið er skráð erlendis koma stundum lögreglumenn eða aðrir rannsakendur frá viðkomandi landi og fer framhald málsins eftir reglum viðkomandi ríkis. Það er þó ljóst að sjópróf fer fram hér á landi og yfirheyrslur fara fram yfir skipstjóra, sem ber ábyrgð á öllu og öllum í skipinu, stýrimanni, yfirvélstjóra og vitnum, til dæmis úr áhöfn. Mennirnir eru spurðir spjörunum úr um það sem gerðist, veður, ástand skips og tækjabúnaðar. Ef um meintan sakborning er að ræða þá er viðkomandi yfirheyrður með tilliti til þess og þá er réttarstaða hans önnur en vitnanna.
Sjóréttur gerir oft sjóslysanefnd grein fyrir málinu.

**Hvar fara sjóprófin fram?**
Þau fara fram hjá lögreglustjóra eða sýslumanni. Ef um sakamál eða ákæru er að ræða á seinni stigum fer málið fram fyrir héraðsdómi. Gögnin úr sjóréttinum eða sjóprófunum eru þá notuð sem frumgögn. Stundum koma fram skaðabótakröfur og þá geta gögnin úr sjóprófunum líka verið notuð.



Héraðsdómur Reykjaness.

**SPURT & SVARAÐ**
STÆKKUN ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK



HRANNAR PÉTURSSON
Upplýsingafulltrúi Alcan.

## *Jákvæð fjárhagsleg áhrif*

Fyrirhugað er að stækka álverið í Straumsvík þannig að framleiðslugetan aukist úr 180 þúsund tonnum í 460 þúsund tonn. Íbúar Hafnarfjarðar munu kjósa um stækkunina á næstu mánuðum en nokkur umræða hefur skapast síðustu daga um stækkunina og hafa íbúar í Hafnarfirði sakað Alcan sem rekur álverið, um að ætla að múta Hafnfirðingum til að samþykkja stækkunina. Hrannar Pétursson er upplýsingafulltrúi Alcan.

**Af hverju er fyrirhugað að stækka álverið?**
Til að tryggja samkeppnishæfni verksmiðjunnar í alþjóðlegri samkeppni til framtíðar.

**Hvað er jákvætt við stækkunina fyrir Íslendinga?**
Til dæmis veruleg jákvæð fjárhagsleg áhrif fyrir bæjarsjóð Hafnarfjarðar og auðvitað til hins opinberlega í leiðinni.

**Hvað er neikvætt við stækkunina fyrir Íslendinga?**
Það er sjálfsagt hægt að tína eitt og annað til og ég skil rök þeirra sem eru andvígir stækkuninni, en að mínu mati er fátt stórt neikvætt við hana. Kannski er það helst sjónræni þátturinn sem er neikvæður og það er eitthvað hægt að koma til móts við þau sjónarmið.

# Vargur laus í Vestmannaeyjum

**Brennuvargurinn, eða -vargarnir, í Vestmannaeyjum ganga enn lausir. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur ellefu sinnum verið kveikt í húsum eða mannvirkjum í Vestmannaeyjum á síðastliðnum sex árum. Lögreglan í Eyjum hefur engan handtekið og liggur enginn undir grun.**



**FISKIMJÖLSVERKSMIÐJAN** Brennuvargurinn lagði eld að fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins þann 16. desember síðastliðinn. Nánast samtímis var kveikt í húsnæði Fiskiðjunnar rétt hjá.

„Þetta eru ótrúlega erfið mál að eiga við,“ segir Tryggvi Kr. Ólafsson, rannsóknarlögreglumaður í Vestmannaeyjum, um íkveikjur. „Brennuvargur sem er einn á ferð og segir engum frá gjörðum sínum er gríðarlega erfitt að góma. Þetta getur verið hver sem er, einn eða fleiri.“

Hann telur það ekki áfellisdóm yfir lögreglunni í Eyjum að enginn hafi verið handtekinn enn. „Við erum að gera okkar allra besta til að leysa þessi mál. Okkur hefur borist aðstoð frá Reykjavík og munum halda áfram að vinna í þessum málum.“

### Hófst með bruna Ísfélagsins

Hrina íkveiknanna hófst þegar frystihús Ísfélagsins brann til kaldra kola 9. desember árið 2000. Tjónið var metið á þriðja milljarð króna og ríkti óvissa um störf 150 manns þar til ráðist var í endurbyggingu hússins. Mildi þótti að enginn skyldi hafa slasast. Rannsókn leiddi í ljós að orsök brunans var íkveikja, en enginn sökudólgur fannst.

Næst var kveikt í kaffistofu Lifrarsamlagsins í lok árs 2002, hinum megin við götuna þar sem frystihúsið brann tveimur árum áður. Skemmdir voru verulegar en enginn slasaðist. Eldur í þessari sömu kaffistofu átti eftir að verða nánast árlegur viðburður, en brennuvargurinn kveikti í henni fjórum sinnum í viðbót á árunum 2002-2006, alltaf í lok árs.

### Á tveimur stöðum samtímis

Hinn 28. september árið 2005 var kveikt í á tveimur stöðum í bænum nánast samtímis. Annar eldurinn var við ruslagáma við kirkjugarð bæjarins, hinn var í geymslugámum við malarvöll ungmennafélagsins Óðins við Löngulág. Skemmdir vegna eldsins í kirkjugarðinum voru litlar en við íþróttavöllinn var mikill eldur og skemmdist talsvert af íþróttabúnaði félagsins.

Næst var lagður eldur að þró við fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins við Strandveg hinn 16. desember síðastliðinn. Eldurinn var mikill og mildi að hann breiddist ekki meira út. Á sama tíma var eldur borinn að húsnæði Fiskiðjunnar um hundrað metrum frá fiskimjölsverksmiðjunni, en hann var slökktur áður en hann náði að breiðast út. Þar hafði nokkrum vörubrettum verið staflað og kveikt í þeim.

Síðasta íkveikjan var á miðvikudag, þegar kveikt var í geymslugámi við skipalyftuna inn við Eiðið. Allt í gámnum var ónýtt. Sem fyrr hefur enginn náðst né verið yfirheyrður með stöðu grunaðs manns.




**ÍKVEIKJURNAR ELLEFU** Hér má sjá hvar kveikt hefur verið í, allt frá Ísfélagsbrunanum árið 2000. Flestar íkveikjurnar eiga sér stað á eða við Strandveg sem liggur meðfram höfninni.

### Upplifa löngun til að kveikja í

Hvers konar fólk kveikir í húsum sér til skemmtunar?

„Íkveikjuæði er vandamál þar sem einstaklingar upplifa mikla löngun til að horfa á eld og kveikja í. Þessu vandamáli svipar mjög til spilafíknar og stelsýki,“ segir Björn Harðarson sálfræðingur, en hann starfar á því sviði sálfræði sem íkveikjuæði tilheyrir.

„Þessir einstaklingar hafa gífurlegan áhuga á öllu sem tengist eldi, eins og til dæmis eldsvoðum, slökkvistöðvum og slökkviliðsbílum. Þeir reyna gjarnan að fylgjast með eldsvoðum og upplifa mikla löngun til að kveikja í.“

Hann segir fólk með íkveikjuæði oft ekki finna fyrir samviskubiti vegna þess skaða sem íkveikjan veldur. „Flestir sem þjást af íkveikjuæði eru karlmenn á unglingsaldri eða ungir menn. Margir hverjir hafa lélega félagshæfni og eru því oft einangraðir.“

### Batamöguleikar

En getur fólk losnað við þetta vandamál og náð bata?

„Ef menn nást og þiggja meðferð, eða leita sér aðstoðar sjálfir, þá eru töluverðar líkur á að viðkomandi nái bata og kveiki ekki í aftur, eða um sjötíu prósent,“ segir Björn.



FRÉTTASKÝRING
SALVAR SIGURDARSON
salvar@frettabladid.is



# útsala

# 30 til 70 prósent afsláttur

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 35519 12/06

**ÚTILÍF**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580


Bestir í kjöti
NÓATÚN
Úr Kjötborði Nóatúns
GRÍSABÓGUR
HRINGSKORINN
598 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
LAMBALÆRI
FYLLT OG ÚRBEINAÐ
2.398 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
30% afsláttur
GRÍSALUNDIR
FERSKAR ÚR KJÖTBORÐI
1.798 kr. kg
KALKÚNABRINGUR
MEÐ FYLLINGU
Verð frá:
2.248 kr. kg
20% afsláttur
MÓA VEISLUFUGL
MEÐ FYLLINGU
719 kr. kg
Humar í úrvali
Veisluostar í úrvali
Eðalfiskur
heill eða í bitum
40% afsláttur
Reyktur og grafinn lax
Föstudagurinn 29. des opið frá 09.00 - 21.00
Laugardagurinn 30. des opið opið frá 09.00 - 21.00
Sunnudagurinn 31. des opið frá 09.00 - 15.00


Allt fyrir áramótin!
Ferskur kalkúnn
998 kr. kg
AMERISK KALKÚNAFYLLING
Argentínu kalkúnafylling 989 kr. pk
Kryddjurtir í úrvali !
Úr Kjötborði Nóatúns
SVÍNAHRYGGUR MEÐ PÖRU
998 kr. kg
20% afsláttur
KRÓNHJARTAR FILLET
3.998 kr. kg
Hráskinka
Verð frá 498 kr. pk
Ferskt Grænmeti
Ber í eftirréttinn
VISA
Tvöfaldir Vildarpunktar í desember
Verði ykkur að góðu!

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.333 **-0,95%** **Fjöldi viðskipta:** 656 **Velta:** 9.260 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Nýherji** | 5,33% | **Landsbankinn** | 1,89% |
| **Össur** | 2,26% | **Kaupþing** | 1,43% |
| **Marel** | 1,28% | **Tryggingamiðst.** | 1,34% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,84 -0,21% ... Actavis 63,50 -0,94% ... Alfesca 5,03 +0,60% ... Atlantic Petroleum 553,00 +0,73% ... Atorka 6,74 +0,30% ... Bakkavör 62,00 -1,12% ... Eimskipafélagið 32,30 -1,22% ... FL Group 25,30 +0,40% ... Glitnir 23,00 -0,43% ... Kaupþing 830,00 -1,43% ... Landsbankinn 26,00 -1,89% ... Marel 79,00 +1,28% ... Mosaic Fashions 16,00 -0,62% ... Straumur-Burðarás 17,00 +0,00% ... Össur 113,00 +2,26%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Reyktur Íslandslax í Frakklandi**
Labeyrie, dótturfélag Alfesca í Frakklandi, hefur hafið sölu á íslenskum eldislaxi undir sínum merkjum. Labeyrie er eitt sterkasta vörumerkið á frönskum matvörumarkaði. Laxinn var seldur í frönskum verslunum fyrir hátíðarnar og segir Alfesca viðtökur hafa verið góðar. Labeyrie kaupir laxinn af HB Granda og Samherja. Með þessu var Labeyrie fyrst fyrirtækja til að markaðssetja reyktan lax í Frakklandi eftir upprunalandi. Hingað til hefur laxinn komið frá Noregi, Skotlandi og Írlandi. Gangi salan á íslenska laxinum vel segir Alfesca það eiga að vera góðar fréttir fyrir laxeldi hér. Alfesca seldi tæp 16 þúsund tonn af laxi á fjárhagsárinu 2005–2006.



**406 millioner i krigskassen**
Danskir fjölmiðlar greindu margir hverjir frá því undir yfirskriftinni dagblaðastríðið (aviskrigen) að Nyhedsavisen hefði í „vopnabúri" sínu á 406 milljónum danskra króna að byggja, eða sem nemur 5,1 milljarði íslenskra króna. 365 hf. og Baugur Group hafa nefnilega stofnað nýtt fjölmiðlafyrirtæki í Danmörku, Dagsbrun Media K/S. Félagið á Nyhedsavisen og rétt rúman meirihluta í dreifingarfyrirtækinu Morgendistribution Danmark A/S. Gunnar Smári Egilsson er forstjóri fyrirtækisins sem meðal annars mun skoða útgáfu á fríblöðum í Norður-Evrópu og Bandaríkjunum. Í skrifum um vopnabúr Dagsbrun Media er vísað til þess að hlutafé félagsins nemur þessum 406 milljónum danskra króna en það er sagt munu duga til reksturs og fjárfestinga í Danmörku næstu þrjú árin.



## MARKAÐSPUNKTAR...

Greiningardeild Kaupþings gerir ráð fyrir að stýrivextir Seðlabankans hafi nú þegar náð hámarki í þessari uppsveiflu. Vaxtalækkunarferlið mun síðan hefjast á öðrum fjórðungi og í árslok muni vextir nema 10,75 prósentum.

Fjárfestingarfélagið Eyrir Invest keypti í gær 2.966.139 hluti í Össuri á genginu 111,7 á hlut. Kaupverð hlutanna nemur 331.317.726 króna. Eyrir á eftir kaupin 14,60 prósent í Össuri.

Yfirvöld í Bandaríkjunum hafa neitað að veita Virgin Group leyfi til að setja á laggirnar lággjaldaflugfélag vestanhafs. 75 prósent hlutafjár í flugfélögum í Bandaríkjunum verður að vera í eigu Bandaríkjamanna.

# Virgin America fær ekki flugrekstrarleyfi

Samgöngumálaráðuneyti Bandaríkjanna hefur ákveðið að veita lággjaldaflugfélaginu Virgin America ekki flugrekstrarleyfi í landinu. Flugfélagið er eitt af dótturfélögum bresku samstæðunnar Virgin Group, sem er í eigu breska auðkýfingsins Richards Branson. Undirbúningur fyrir starfsemi flugfélagsins hefur staðið yfir síðastliðin tvö ár.

Ástæðan fyrir neituninni er sú að bandarísk lög um starfsemi flugfélaga kveða á um að eignarhlutur erlendra aðila í flugfélögum á innanlandsmarkaði einskorðast við fjórðungshlut og mega Bandaríkjamenn ekki eiga minna en 75 prósent í þeim. Þetta er þvert á vonir forsvarsmanna Virgin Group, sem á 49 prósenta hlut í Virgin America. Þá kveða reglurnar sömuleiðis skýrt á um svipað hlutfall erlendra aðila í stjórnum flugfélaga.



**RICHARD BRANSON** Flugfélag Virgin Group fær ekki flugrekstrarleyfi í Bandaríkjunum af því eigandinn er breskur.

Til stóð að Virgin America hæfi starfsemi snemma á næsta ári. Óljóst er hvort af því verði en forsvarsmenn Virgin Group ætla að svara flugmálayfirvöldum í Bandaríkjunum í næsta mánuði.

Virgin Group á meirihluta í fjölda flugfélaga víða um heim. Svo sem í Evrópu, Ástralíu og í Nígeríu. Á meðal þeirra er Virgin Atlantic, sem sinnir flugi til áfangastaða víða um heim, svo sem á milli Bretlands, Bandaríkjanna, til Ástralanda og Afríku. **- jab**

## Uppgjör Mosaic í jólalitunum

Tískuverslunarkeðjan Mosaic Fashions skilaði um 1,4 milljóna punda tapi, eða 195 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi reikningsársins. Þessi niðurstaða er langt undir væntingum greiningardeilda bankanna sem reiknuðu með þó nokkrum hagnaði hjá félaginu. Meðaltalsspá þeirra hljóðaði upp á rúmlega 7,8 milljóna punda hagnað, jafnvirði 1,1 milljarði króna.

Erfiðar markaðsaðstæður í Bretlandi setja svip sinn á uppgjörið enda hefur hlýtt veðurfar komið niður á sölu einkum hjá Oasis. Þá jókst dreifingar-, stjórnunar- og fjármunakostnaður til muna á milli ára.

Hins vegar liggur meginvöxtur fyrirtækisins á alþjóðlegum mörkuðum en velta keðjunnar jókst um 27 prósent á milli ára. Tískumerkin Karen Millen og Whistles fara fremst þar fremst í flokki. **- eþa**



**DAVÍÐ ODDSSON SEÐLABANKASTJÓRI** Seðlabankinn er ekki fylgjandi því að helstu fjármálafyrirtæki landsins geri reikninga sína upp í erlendum gjaldmiðli. Seðlabankinn varaði Straum-Burðarás við því að gera slíkar breytingar.

# Seðlabankinn varaði við evrubreytingu

**Seðlabanki Íslands segir evruuppgjör fjármálafyrirtækja geta dregið úr virkni innlendra fjármálamarkaða og áhrifamætti peningastefnu bankans.**

Seðlabanki Íslands varaði Straum-Burðarás við því að nýta sér heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikning sinn í evrum. Þetta kom fram í svarbréfi Seðlabanka Íslands til Fréttablaðsins við fyrirspurn um samskipti Straums-Burðaráss og Seðlabankans í tengslum við breytingar þess fyrrnefnda. Á blaðamannafundi í Seðlabankanum í síðustu viku, þegar tilkynnt var um 25 punkta stýrivaxtahækkun bankans, vísaði Davíð Oddsson seðlabankastjóri í bréf frá Straumi-Burðarási til Seðlabankans þar sem fram komi að í Svíþjóð megi fjármálafyrirtæki gera upp í evrum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var hvergi vísað til sænskra laga í bréfinu og staðfesti Seðlabankinn það með svarbréfi sínu.

Í svarbréfinu kemur fram að í umsókn Straums-Burðaráss til Seðlabankans, um að hafa sérstakan jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð til varnar gengisáhrifum á eiginfjárhlutfall, standi að bankinn hefði óskað eftir heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikning sinn í evrum.

Seðlabankinn hafi veitt heimildina um jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð en um leið varað við því að Straumur-Burðarás nýtti sér heimild ársreikningaskrár.

Seðlabankinn er ekki fylgjandi því að helstu fjármálafyrirtæki landsins geri reikninga sína upp í erlendum gjaldmiðli, samkvæmt bréfinu. Slík umskipti gætu dregið úr virkni innlendra fjármálamarkaða og þar með úr áhrifamætti peningastefnu Seðlabankans. Viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands séu í íslenskum krónum og ekki sé fyrirsjáanleg nein breyting á því. Þau viðskipti varði meðal annars greiðslumiðlun í landinu, reglubundna útvegun lauss fjár og úrræði við lausafjárvanda.

Bæði Landsbankinn og Glitnir hafa upplýst að ekki séu sérstök áform uppi um að fara sömu leið og Straumur-Burðarás þótt málið sé stöðugt til skoðunar. Kaupþing hefur hins vegar ekki viljað gefa upp fyrirætlanir sínar í þessum efnum. Talsmenn Straums-Burðaráss vildu ekki tjá sig sérstaklega um málið. **holmfridur@frettabladid.is**

# Sölumet féllu hjá Högum fyrir jólin

Mikil söluaukning var á matvörum og sérvörum í verslunum Haga, stærsta smásalans á íslenskum verslunarmarkaði, fyrir jólin. Metdagur var í Bónusverslunum á Þorláksmessu og eins var sölumet á einum degi slegið í hinni tíu þúsund fermetra verslun Hagkaupa í Smáralind.

Þá var söluaukning bæði í sérvöruverslunum í Kringlu og Smáralind þar sem Hagar eiga fjölda verslana. Karen Millen opnaði nýja verslun í Smáralind fyrir jólin sem hlaut góðar viðtökur.

„Það sem kemur okkur þægilega á óvart er að verslun er að styrkjast þrátt fyrir aukin ferðalög til útlanda," segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. Töluverð aukning var á jólaverslun í fyrra samanborið við 2004. Finnur segir að jólaverslunin í ár sé meiri en í fyrra þótt hann nefni engar tölur í þeim efnum.

Finnur segir að Hagkaup í Smáralind velti á Þorláksmessu upphæð sem nemi ársvelti margra verslana í húsinu. Hann nefnir einnig að föstudagurinn 22. desember hafi komið sterkur út í verslunum fyrirtækisins. Hagar veltu 22,2 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum rekstrarársins sem hófst í mars. **- eþa**


Skráning skuldabréfa í Kauphöll Íslands

TEYMI

**Teymi hf.**
380.000.000 – DB 06 2
850.000.000 – DB 06 3

NAFNVERÐ ÚTGÁFU: Heildarnafnverð DB 06 2 er 380.000.000 kr. Heildarnafnverð DB 06 3 er 850.000.000 kr.

SKILMÁLAR SKULDABRÉFA: Skuldabréfaflokkur að fjárhæð 380.000.000 kr. var gefinn út þann 1. ágúst sl. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er DB 06 2 og verða bréfin skráð þar þann 29. desember 2006. Skuldabréfin eru verðtryggð með grunnvísitölunni í vísitölu neysluverðs í ágúst 2006, 263,1 stig. Skuldabréfin skulu bera 6,5% flata vexti og skulu endurgreiðast á 10 gjalddögum vaxta, á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 1. febrúar 2007 og síðast 1. ágúst 2011. Höfuðstóll skuldabréfanna skal greiðast allur í einu lagi þann 1. ágúst 2011.

Skuldabréfaflokkur að fjárhæð 850.000.000 kr. var gefinn út þann 1. ágúst sl. Auðkenni flokksins er DB 06 3 og verða bréfin skráð þar þann 29. desember 2006. Skuldabréfin eru óverðtryggð. Skuldabréfin skulu bera 6 mánaða Reibor vexti að viðbættu álagi sem er 200 punktar og skal endurgreiðast á 3 gjalddögum vaxta, þann 1. febrúar 2007, 1. ágúst 2007 og síðast 1. febrúar 2008. Höfuðstóll skuldabréfanna skal greiðast allur í einu lagi þann 1. febrúar 2008.

SKRÁNINGARDAGUR: Kauphöll Íslands mun taka bréfin á skrá þann 29. desember 2006.

Lýsingar er hægt að nálgast hjá útgefanda, Teymi hf., Skútuvogi 2, 104 Reykjavík, á vefsíðu útgefanda, Teymis hf., www.teymi.is og á vefsíðu Kauphallarinnar www.icex.is. Umsjónaraðili skráningarinnar í Kauphöll Íslands hf. er fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans.

29. desember 2006

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 35495 12/06

ÁRDEGI

Gleðilega hátíð
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

NEXT NOA NOA BT Sony Center SKÍFAN

## INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2006

# Innrás jarðarbúa

Umræða um innflytjendur á Íslandi tók nokkrum stakkaskiptum á árinu og munaði þar um breyttar áherslur innan Frjálslynda flokksins, en eftir að þær komu til umræðu fimmfaldaðist fylgi flokksins í skoðanakönnunum. Fjöldi erlendra ríkisborgara sem flust hafa til Íslands hefur margfaldast á undanförnum árum. *Andri Snær Magnason rithöfundur* veltir fyrir sér fjölmenningunni.

Um daginn komst ég að því mér til mikillar furðu að einn úr vinahópi sonar míns talar reiprennandi kínversku. Hann er ekki nema níu ára gamall og ber ekki með sér meiri snillingseinkenni en hver annar í vinahópnum. Hann er reyndar frábær píanóleikari. Yfirleitt leika félagarnir sér í fótbolta eða Playstation, lesa Andrés Önd eða sitja uppi í herbergi og kubba. Þegar fleiri koma saman hlusta þeir stundum á Queen eða Pink Floyd og hrópa: „Hey teacher leave us kids alone“.

Þegar ég heyrði hann tala reiprennandi kínversku undraðist ég að ekki skyldi fjallað um þetta í blöðunum, því hann er mun færari en þeir sem hafa lagt á sig áralangt tungumálanám í háskóla. Þegar ég hitti foreldra hans skildi ég þetta betur. Þeir eru báðir frá Kína. Þessi strákur er reyndar ekki einsdæmi, annar kunningi sonar míns talar reiprennandi ungversku, enn einn er altalandi á þýsku, sá þriðji talar finnsku eins og innfæddur. Hér er semsagt að alast upp kynslóð af undrabörnum.

**INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2006**

Fréttablaðið mun nú daglega birta pistla eftir landskunna Íslendinga um innlenda vendipunkta. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist, eða breytingar sem munu hafa áhrif til framtíðar.

### Skiptir tölfræðin máli?

Ég er með aðstöðu á arkitektastofu í Glaðheimum og þar var á tímabili, Ítali, hálfþýskur Dani, tvær íslenskar konur og Grænlendingur. Hefðu þessar upplýsingar verið settar upp á forsíðu á dagblaði: „80% starfsmanna á arkitektastofu í Glaðheimum af erlendu bergi brotnir. 50% vinahópsins eiga foreldri með erlent ríkisfang.“ Þá gætu ýmsir hrokkið í kút. Tölfræðin er vissulega ískyggileg. Þegar 20% starfsmanna eru Grænlendingar, þá er eðlilegt að spurt sé: „Hvar endar þetta eiginlega?“

Tölfræðin byggir á fjarlægð. Í tölfræðinni mælast vandamál sem eru ekki vandamál og hún vísar illa á raunveruleg vandamál. „10% barna í leikskóla eru af erlendum uppruna.“ Hvaða máli skiptir




**ERLENDIR VERKAMENN AÐ STÖRFUM VIÐ ALÞJÓÐAHÚS Á HVERFISGÖTU Í REYKJAVÍK.** Árið 2003 fluttu 1.353 erlendir ríkisborgarar til Íslands. Tveimur árum síðar fluttu 4.680 erlendir ríkisborgarar til landsins.




A. Karlsson | Brautarholti 28, 105 Reykjavík | Sími: 5600 900 | www.akarlsson.is

þessi tala? Í prósentum virðast margir hræðast fjölda útlendinga en þegar kemur að persónum þá geta menn ekki beinlínis bent á neinn sem hefði frekar átt að halda sig „heima“. Ef menn geta bent á einhvern er það ekki vegna þess að hann er útlendingur heldur almenn vandræðamanneskja.

Menn horfa á tölfræðina og segja: „Ef svo fer fram sem horfir verðum „við“ í minnihluta eftir x ár.“ En hver er þessi „við“? Er einn besti vinur sonar míns ekki „við“ af því hann talar reiprennandi kínversku? „Við“ höfum ýtt frá okkur fjölda flóttamanna en það má rétt ímynda sér hvernig Ísland hefði orðið ef við hefðum hundskast til að taka á móti fleiri gyðingum í seinni heimsstyrjöldinni. Ísland hefði eflaust orðið Sviss norðursins árið 1960. Mannúð í gróðaskyni er reyndar hræsnisleg afstaða. Sagan sýnir samt að mannúð borgar sig. Hefðu Íslendingar ekki menntað fátækustu og verst stöddu börnin sín á síðustu öld væri samfélagið langt á eftir öðrum þjóðum efnahagslega.

**Fótbolti, Playstation og Bach í fjölmenningunni**

Fjölmenningarumræðan er stundum of háleit og jafnvel loftkennd. Framsetningin verður oft þannig að það er engu líkara en útlendingar séu flestir virkir meðlimir í sínu þjóðdansafélagi. Þótt vinur sonar míns kunni kínversku þá er varla hægt að kenna vinahópinn við fjölmenningu. Fótbolti, Playstation og Bach sem hann spilaði á skólaskemmtun er einfaldlega vestræn borgarmenning eða al-menning þeirra jarðarbúa sem búa við sæmileg lífskjör. Menningarmunur er ekki meiri en gerist og gengur milli barna.

Sérkennin eru helst táknræn og koma í ljós á stórhátíðum. Kínverska áramótaskrúðgangan var spennandi og skemmtileg innsýn í aðra stemningu. Fjölmenningin snýr einkum að honum sjálfum, að eiga ömmu í Kína og fjölskyldu og tengingar inn í hversdagslíf sem við teljum framandi.

**Útlendingar, jarðarbúar og við hin**

Það er athyglisvert að velta fyrir sér íslenskri umræðu um samheitið „útlendingur“. Íslendingar eru svo fáir að þeir eru innan skekkjumarka í mannfjöldatölum heimsins. Hvaða samheiti er þetta eiginlega: „útlendingar“? Væri ekki nær að kalla þá einfaldlega jarðarbúa? Allir í heiminum nema við eru útlendingar?

Menn leita að hreinni og tærri aðferðarfræði til að taka á móti útlendingum. En er hægt að tala um jarðarbúa sem eina heild? Hvað vilja jarðarbúar? Hverjar eru óskir þeirra? Hver er menntun, sjálfsmynd og bakgrunnur jarðarbúa? Hver eru trúarbrögð þeirra? Það er ljóst að ef Íslendingum tekst að leiða þessa umræðu til lykta munu þeir leysa öll vandamál jarðarbúa á sama tíma.

Vilja útlendingar fá að kallast Íslendingar? Ég átti heima úti í Ameríku sem barn og tók aldrei í mál að vera kallaður Ameríkani og trúði á 13 jólasveina. Vilja Víetnamar kallast Íslendingar? 15 ára stelpa frá Víetnam sagði í viðtali að hún teldi sig vera Víetnama. Hún var í tvöföldu námi, lærði allt víetnamska efnið samhliða því íslenska og stefnir á lögfræði í framtíðinni. Hún segist vera Víetnami en gæti þess vegna orðið mesti Íslendingurinn í hópi Víetnama, eins og Gerard Lemarquis og Baltasar Samper eða Kristinn R. Ólafsson í Madríd verða ofurþjóðlegir á báðum stöðum. Sumir munu vilja vera Íslendingar, aðrir ekki. Einhver niðurstaða?

**Auknir möguleikar tvítyngdra Íslendinga**

Vinur sonar míns fæddist hér á landi. Hefði hann komið sem unglingur væri málið flóknara og erfiðara og þar liggur stærsta áskorunin í innflytjendamálum. Ef hann viðheldur sinni kínversku er hann með forgjöf sem er á við heilt háskólanám Íslendings. Mætti eflaust mæla það í mörgum milljónum og þjóð sem eyðir mikilli orku í að troða dönsku ofan í óviljug börn ætti að kunna að meta barn sem kann tvö tungumál áður en það byrjar í skóla, að öðrum kosti ætti Actavis eða Össur að ráða hann strax og kosta kínversku-námið. Ef Íslendingar eignast 1.000 eða 2.000 börn sem eru tvítyngd á þennan hátt verða til meiri möguleikar en okkur órar fyrir í viðskiptum og menningu. En aftur spyr maður. Er nauðsynlegt að réttlæta menntun með gagnsemi eða gróða?

**25 ára og eldri velkomnir**

Einhverjir vilja setja strangari lög og reglur. Í maí árið 2004 breyttu íslenskir stjórnmálamenn reglum um innflytjendur á þann veg að aðilar sem sækja um fjölskyldusameiningu verða í raun að vera 25 ára.

Á Íslandi gildir þessi regla um umsækjendur sem vilja flytja til maka síns sem hefur fengið búsetu á Íslandi, þetta eru strangari reglur en í Danmörku. Reglan var sett á þrátt fyrir að félag kvenna af erlendum uppruna hafi haldið málþing og staðið fyrir mjög málefnalegri umræðu. Þær vissu eflaust ekki að í íslensku lýðræði hefur ákvörðun í raun verið tekin áður en umræða hefst og málþing, greinaskrif eða umræðuþættir breyttu engu þar um.

En hvað hafði reglan í för með sér? Ungur íslenskur strákur varð ástfanginn í námi úti í Bandaríkjunum og giftist stúlku frá Vermont. Þau fluttu heim og ætluðu að stofna heimili en skömmu eftir heimkomuna fengu þau bréf þar sem henni var vísað úr landi á grundvelli 25 ára reglunnar. Þau voru ekki nema 23 ára og skilaboðin til hennar voru mjög skýr: Óvelkomin til landsins! Málið fór aldrei hátt í fjölmiðlum, þau stóðu í löngu stappi og fluttu að lokum aftur til Bandaríkjanna þar sem þau búa núna.

Það má velta fyrir sér hvaða gagn hún gerir þessi 25 ára regla og hvern hún verndar. Það er einræðislegt að henda 23 ára hjónum úr landi og fráleitt að ríkið skipti sér á þennan hátt af fullorðnu fólki en þetta er ekki einsdæmi. Svona fór fyrir öðrum manni sem bjó hérna og átti konu og barn. Honum var vísað úr landi á sama hátt. Einhverra hluta vegna virðast svona mál ekki hafa verið leidd til lykta í fjölmiðlum. Ef herða þarf reglur um útlendinga, hvernig á að herða þær? 27 ára giftingarregla?

**Fleira sem sameinar en sundrar**

Orðið fjölmenningarsamfélag dregur athyglina frá þeirri staðreynd að það er miklu fleira sem sameinar fólk heldur en sundrar því og menning og gildismat jarðarbúa eru í rauninni fremur einsleit. Það er fyrst og fremst tungumálið og menntun sem aðskilur og skapar hinn raunverulega mun.

Þegar ég bjó í Bandaríkjunum sem barn skammaðist ég mín fyrir hreim foreldra minna, það var vandræðalegt að heyra þau tala. Það væri hægt að skylda fólk til að læra íslensku en það er ekki hægt að skylda menn til að geta lært hana. Allir þekkja þýskar, færeyskar eða danskar ömmur sem tala með sínum hætti eftir að hafa búið hér í 60 ár.

Kosturinn við Ísland er sá að landið er og verður fámenningarsamfélag og menn hverfa ekkert allt of vel inn í mannhafið. Þeir sem eiga sterkan eða framandi bakgrunn neyðast til að taka að sér hlutverk sem þeir hefðu aldrei þurft að taka á sig í öðru landi. Menn þurfa að verða opinberir fulltrúar eða boðberar sinnar menningar og verða virkir þátttakendur í samfélaginu og samfélagsumræðunni en ekki tölfræðilegur massi. Árekstrar virðast sjaldgæfir þar sem hlutfall útlendinga hefur mælst hæst í fámennum samfélögum kringum landið.

**Herraþjóðin Ísland**

Á þessari gullöld gröfunnar hefur viðkvæmt jafnvægi raskast. Íslenskir stjórnmálamenn virðast vera með „atvinnulosta“. Framkvæmdir eru kynntar með orðunum: „Skapar 1000 störf“ þótt í raun sé skortur á vinnuafli. Starfsmannaleigur flytja inn einnota verkafólk sem dvelur á fjöllum á lágmarkslaunum, jafnvel án tryggingar og fer örkumla heim. Enginn veltir fyrir sér hvernig þessu fólki reiðir af.

Þegar 700 pólskir karlar fljúga heim í jólamatinn er auðvitað hægt að nota orðið „flóðbylgja“. Klondike norðursins er orðinn hluti af alþjóðlegum markaði farandverkamanna og fjöldi karlkyns iðnaðarmanna breytir annars fjölbreyttum og tilviljanakenndum hópi fólks sem áður barst til landsins.

Mesta hættan er líklega sú að „við“ förum að líta á okkur sem eins konar herraþjóð sem telur eðlilegt að okkur tilheyri ákveðinn standard en ekki öðrum, að sumir eigi ekki að njóta þjónustu sem „við“ höfum aðgang að. Hættan er sú að launamunur verði svo mikill að samfélagið fari að kvarnast í stéttaskipt hverfi, jafnvel slömm og þar verði einkum láglaunafólk sem vinnur of mikið til að geta sinnt börnum sínum, kennt þeim móðurmál sitt eða lært íslensku sjálft. Þá myndast rof milli kynslóða, foreldrar sem skilja ekki tungumál barna sinna og þá verða auðvitað vandamál. Nákvæmlega sömu vandamál og fylgja stéttaskiptingu, fátækt eða almennu valda- og virðingarleysi alls staðar.

*Andri Snær Magnason rithöfundur*






# Of lítið of seint? Hlýnun andrúmsloftsins er staðreynd

Líkt og með sjálfa hlýnun andrúmsloftsins hefur meðvitund okkar um hugsanlegar náttúruhamfarir af þessum völdum aukist verulega. Vísindamenn hafa varað við þessari þróun í tvo áratugi en stjórnmálamenn hafa ávallt kvartað undan skorti á sönnunargögnum. Frumsýning Davids Guggenheim á heimildarmyndinni „An Inconvenient Truth“, 24. maí síðastliðinn þar sem Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, fer með aðalhlutverkið, markaði tímamót í skoðanamyndun almennings í þessum efnum, ásamt því sem nýjar og afar sannfærandi rannsóknarniðurstöður birtust um líkt leyti. Það er kannski kaldhæðni örlaganna að breski vísindamaðurinn *James Lovelock*, höfundur Gaia-kenningarinnar sem gengur út á að jörðin sé sjálfstillandi lifandi efnisheild, telur að þessi viðurkenning á vandanum komi of seint. Hann hvetur okkur engu að síður til að endurmeta stöðuna og hugleiða bráðabirgðaaðgerðir sem gætu hægt á hlýnun jarðar.

Mannkynið stendur nú frammi fyrir vandasamasta verkefni sögunnar. Þær öru breytingar sem eru að verða á loftslagi jarðar munu svipta okkur því notalega umhverfi sem við eigum að venjast.

Breytingar eru eðilegur þáttur jarðsögunnar. Síðustu stórbreytingar áttu sér stað þegar ísöldinni lauk og við tók núverandi hlýskeið.

Það sem hins vegar er frábrugðið við þær breytingar sem við horfum fram á er að þær eru af okkar eigin völdum. Og ekkert jafnalvarlegt hefur gerst síðan langa hlýskeiðið hófst í byrjun eocene-tímabilsins, fyrir 55 milljónum ára, þegar breytingarnar voru meiri en milli ísaldarinnar og 20. aldar og stóðu í 200 þúsund ár.

### Húsgögnin skíðloga

Þegar jörðin gengur gegnum hlýskeið eins og nú stendur yfir er hún föst í hringiðu jákvæðrar svörunar og það er einmtt hún sem gerir hlýnun andrúmsloftsins svo alvarlega. Viðbótarhiti magnast upp og hefur margfeldisáhrif, hvaðan svo sem hann kemur, hvort sem það er frá gróðurhúsalofttegundum, vegna bráðnunar heimsskautaíssins, breytinga á kerfi hafstrauma eða vegna eyðingar regnskóga.

Þetta er líkast því að við kveiktum eld til að orna okkur við og tækjum ekki eftir því þegar við bættum á eldinn að hann léki lausum hala og húsgögnin skíðloguðu. Þegar slíkt gerist er lítill tími til stefnu til að slökkva eldinn áður en allt húsið verður honum að bráð.

Á þeim tveimur áratugum sem liðnir eru frá því fyrstu viðvörunarorðin heyrðust markar árið í ár tímamót viðurkenningar. Hlýnun andrúmsloftsins er hvorki getgátur né hræðsluáróður, heldur blákaldur veruleiki. Bókin og kvikmyndin „An Inconvenient Truth“ sem er nú sýnd um allan heim, hefur opnað augu okkar fyrir þessu. Myndir af drukknandi ísbjörnum í Norður-Íshafinu vegna þess að svo langt er milli ísjaka að þeir ná ekki að synda á milli, eða af snjóbráðnun á Kilimanjaro í Afríku, hafa vakið fólk til umhugsunar. Og fjölmargar rannsóknir á lofti, láði og legi, sem kynntar hafa verið á árinu styrkja kenningar um hlýnun.

### Afneitum því sem við sjáum

En hvers vegna höfum við verið svo sein að bregðast við þessari miklu ógn sem að okkur steðjar? Og þetta á sérstaklega við um bandarísk stjórnvöld. Hvað kemur í veg fyrir að við áttum okkur á því að hlýnun jarðar er staðreynd og það banvæn staðreynd, sem gæti auk þess verið komin á það stig að hvorki við né jörðin sjálf fáum neitt við ráðið?

Ég er nógu gamall til að sjá samsvörun í viðbrögðum fólks fyrir meira en 60 árum þegar stríð var í uppsiglingu og þess sem nú er að gerast með hlýnun jarðar. Við höfum flest á tilfinningunni að eitthvað slæmt sé í aðsigi, en erum jafnóviss núna og fólk var 1938 um hvaða stefnu málin taka og hvernig við eigum að bregðast við. Viðbrögð okkar nú eru á svipuðum nótum og fyrir síðari heimsstyrjöldina; við afneitum því sem við sjáum.

Kyoto-samningurinn var skuggalega líkur friðarsamningnum í München á sínum tíma, þar sem stjórnmálamenn voru áfjáðir að láta í veðri vaka að þeir vildu taka á málunum en voru í raun einungis að reyna að tefja tímann. Sökum þess að við erum hjarðdýr, bregst hjörðin ekki við sem heild fyrr en hættan vofir yfir. Það hefur ekki gerst enn þá. Afleiðingin er sú að við bregðumst við hvert á sinn hátt meðan náttúruöflin safna liði gegn okkur.

### Siðmenningin í hættu

Útlitið er dökkt og þrátt fyrir að við gerum nauðsynlegar úrbætur, bíða okkar eins og í hverju öðru stríði, erfiðir tímar sem munu reyna verulega á okkur. Við erum seig og það þarf meira til en þær hamfarir sem spáð er að hlýnunin hafi í för með sér til að þurrka mannlíf út á jörðinni. Það er hins vegar siðmenningin sem er í hættu.

Sem einstök dýrategund erum við ekki svo sérstök og að sumu leyti er mannskepnan eins og hver önnur plága á jörðinni. Siðmenning okkar breytir hins vegar öllu og gegnum hana höfum við orðið jörðinni að liði. Það er veik von til þess að efasemdarfólk hafi á réttu að standa, eða þá að óvæntir atburðir komi okkur til bjargar, svo sem röð öflugra eldgosa sem gætu myndað hlíf fyrir geislum sólar og kælt þannig jörðina. En það eru einungis þeir sem hafa engu að tapa sem veðja á líkur sem þessar.

### Stöðugar mælingar í gangi

Hvort sem menn hafa einhverjar efasemdir um loftslagsbreytingar í framtíðinni, leikur enginn vafi á því að bæði eykst magn gróðurhúsalofttegunda og hitastig hækkar.

Spár um loftslagsbreytingar byggjast ekki einungis á tölvugerðum spálíkönum. Margs konar rannsóknargögn sem aflað er víða um heim liggja þar að baki. Stöðugar mælingar eru gerðar á hitastigi sjávar og lofts og sömuleiðis á lofttegundum í andrúmsloftinu, skýjafari, ísmagni sjávar, jöklum og almennu ástandi lífríkis lands og sjávar.

Gervihnettir á sporbaug um jörðina skrá nákvæmlega síbreytilega ásýnd jarðar. Tækjabúnaður um borð í þessum geimförum mælir breytilegt hitastig lofthjúpsins og magn mismunandi lofttegunda í honum.

Langtímarannsóknir á náttúrufari jarðar eru sömuleiðis góð vísbending um loftslagsbreytingar. Við höfum öðlast mikla þekkingu á veðurfarssögu jarðar með rannsóknum á borkjörnum úr jöklum Grænlands og Suðurskautslandsins.

### Nokkrar gráður hafa áhrif

Árið 2004 tilkynntu Jonathan Gregory og félagar hans við háskólann í Reading, að ef hitastig jarðar hækkaði um 2,7 gráður á Celsíus, myndi það hafa mikil áhrif á jökulhettuna á Grænlandi. Hún myndi bráðna og halda áfram að bráðna þar til hún væri að mestu horfin, jafnvel þótt hitastig lækkaði niður fyrir viðmiðunarmörk.

Sökum þess að náið samband virðist vera milli hitastigs og koltvísýringsmagns í andrúmsloftinu er hægt að miða mörkin út frá báðum þessum þáttum. Vísindamennirnir Richard Betts og Peter Cox við Hadley-loftslagsmiðstöðina hafa komist að þeirri niðurstöðu að hækki hitastig jarðar um fjórar gráður muni það riðla regnskógum jarðar og að örlög þeirra verða hin sömu og Grænlandsjökuls, þeir hverfa og eftir stendur eyðimörk.

Ef þetta gerist hverfur enn einn hluti kælikerfis jarðar og afleiðingin verður enn frekari hækkun hitastigs.

Ísmassinn kringum norðurskaut jarðar þekur álíka stórt svæði og Bandaríkjunum nemur, og þar lifa ísbirnir og önnur heimskautadýr. Aukinheldur virkar ísinn sem endurvarpi fyrir sólargeisla sumartímans á norðurhjara og hjálpar þannig til við að kæla jörðina.

Þegar þessi ísmassi bráðnar eins og margt bendir til, verður vissulega hægt að sigla skipum á norðurpólinn, en um leið höfum við misst loftkælingu heimsskautaíssins. Sjávardjúpin á þessum slóðum munu gleypa í sig geisla sólar, hitna og herða þannig enn á bráðnun Grænlandsjökuls.

### Endurskoða þarf saklausa trú á sjálfbærri þróun

Ef við gefum okkur að til séu viðmiðunarmörk og við förum yfir þau, gætu þjóðir heims takmarkað skaðann með því að stöðva losun koltvísýrings og metans.

Það myndi hægja á hlýnuninni og sömuleiðis á hækkun yfirborðs sjávar og það tæki lengri tíma að ná hámarkshita en það gerði ef við héldum okkar striki eins og ekkert hefði í skorist. Engu að síður væri skaðinn þegar orðinn mikill.

Þótt ég aðhyllist grænan hugsunarhátt og teljist til hóps græningja, er ég fyrst og síðast vísindamaður. Þess vegna hvet ég vini mína í röðum græningja til að endurskoða saklausa trú sína á sjálfbæra þróun og endurnýtanlega orkugjafa og það mat þeirra að þetta tvennt ásamt orkusparnaði sé allt sem til þurfi.

En það sem mest er um vert er að græningjar láti af þvermóðskufullri andúð sinni á kjarnorku. Jafnvel þótt þeir hefðu rétt fyrir sér að öllu leyti um hættur henni samfara – sem þeir hafa ekki – er notkun hennar sem orkugjafa lítil ógn í samanburði við þá hrikalegu hættu sem hitabylgjur og hækkun yfirborðs sjávar hafa í för með sér fyrir sjávarbyggðir heimsins.

Með þessu er ég ekki að mæla með kjarnorku sem allra meina bót fyrir heiminn til lengri tíma litið né heldur sem lausn á öllum vanda okkar. Ég sé hana einvörðungu sem eina markverða úrræðið sem við höfum nú um stundir. Við verðum hins vegar að gera miklum mun meira en að snúa okkur í auknum mæli að kjarnorku ef okkur á að takast að koma í veg fyrir að miðaldamyrkur leggist á ný yfir jörðina síðar á þessari öld.

### Brennum rá og reiða

Við verðum að spara orku hvar sem færi gefst en mig grunar að það sé hægara sagt en gert líkt og gerist með að fara í megrun. Markmið okkar á að vera að hætta notkun jarðefnaeldsneytis eins fljótt og auðið er og við verðum að hætta að ganga endalaust á auðlindir náttúrunnar.

Nú þegar er búið að brjóta meira land til ræktunar en jörðin þolir og ef við reynum að rækta hvern skika jarðar til að fæða íbúa hennar, fer fyrir okkur eins og sjómönnum sem brenna rá og reiða skips síns til að halda á sér hita. Okkur ber ekki að líta einungis á lífríki jarðar sem ræktunarland, það hefur mikilvægu hlutverki að gegna fyrir andrúmsloftið og náttúrufar jarðar sem heild.

Geimfarar sem séð hafa jörðina utan úr geimnum hafa séð hversu stórkostlega falleg plánetan okkar er og þeir tala iðulega um að fara heim til jarðar. Ég bið einfaldlega um að við leggjum nú til hliðar deilumál þjóða og einstaklinga í milli, og sýnum þann kjark að viðurkenna að hin raunverulega ógn sem að okkur steðjar stafar af framferði okkar gegn jörðinni, sem við tilheyrum og er svo sannarlega heimili okkar.




**AL GORE Í KVIKMYNDINNI AN INCONVENIENT TRUTH** Mynd Davids Guggenheim markaði tímamót í skoðanamyndun almennings hvað varðar hlýnun andrúmsloftsins.



**James Lovelock**, höfundur bókarinnar „The Revange of Gaia: Earth's Climate Crisis & the Fate of Humaity,“ er vistfræðingur í fremstu röð, einna þekktastur fyrir kenningu sína „The Gaia hypothesis,“ sem lítur á jörðina sem samfellda lifandi efnisheild. Hann er heiðursfyrirlesari við Green Collage við háskólann í Oxford og býr í Louncheston á Englandi.

**ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2006**

Líkt og á síðasta ári birtir Fréttablaðið nú greinar eftir erlenda höfunda um markverða atburði sem gerðust á síðasta ári. Allar greinarnar eiga það sameiginlegt að fjalla um vendipunkta, nýja þróun sem á eftir að hafa veruleg áhrif á alþjóðasamfélagið.



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
99
SALTHNETUR - LUXUS
• 350 gr
99 pr. pk
SNAKK - LUXUS
• 120 gr
299
TOBLERONE MINI
• 200 gr
299
HANDKYNDLAR
• 3 saman
99 pr. pk
PRINGLES
• 200 gr - 3 gerðir
99
SALTSTANGIR
• 250 gr
350 gr.
199 pr. pk
MAARUD SNAKK
• 350 gr
49 pr. stk
COKE / SPRITE
• 33 cltr
99 pr. pk
KARTÖFLUFLÖGUR
• 200 gr
99
SÍDER - EPLA / PERU
• 0,65 ltr
99
OSTAPOPP - LUXUS
• 120 gr
99 pr. pk
SNAKK - TORTILLA
• 200 gr
99
ÖRBYLGJUPOPP - 3 Í PK
• Luxus
299
PAPPADISKAR
• 28 cm
299
PAPPÍRSDÚKUR
• 6 metrar, margir litir
FRÁ 199
GLERKERTASTJAKI
• H: 20 cm, kr 199
• H: 24 cm, kr 269
• H: 28 cm, kr 299
299
SERVÍETTUR - 40x40 CM
• 3 litir
299
ÚTIKERTI - STÓRT
8 í pk.
199
KAMPAVÍNSGLÖS - EINNOTA
129 pr. pk
SERVÍETTUR
• 20 í pk. - Margir litir
10 í pk.
10 í pk.
10 í pk.
699 pr. pk
MARS / TWIX / SNICKERS
• 10 stk í pk
8 í pk.
199
RAUÐVÍNSGLÖS - EINNOTA
• Hvítvínsglös - 8 í pk, kr 199
40 í pk.
199
SNAPSGLÖS - EINNOTA
99
KERTI Á LEIÐI
• 2 í pk
199
SPRITTKERTI - 100 Í PK
• Hvít
Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Fiskislóð / Lynghálsi / Skútuvogi / Dalvegi, Kópavogi / Austurvegi, Selfossi

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Fjöldi flugumferðarstjóra lætur af störfum:

## Flugstjórnarmál enn í uppnámi

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Enn á ný er flugstjórnarmálum á Íslandi stefnt í óefni af völdum flugumferðarstjóra. Þeir hafa oft á undanförnum árum haft uppi miklar kjarakröfur, og virðist hafa orðið töluvert ágengt í krafti stöðu sinnar við að sinna mikilvægum störfum við flugumferðarstjórn á mjög stóru svæði á hafinu í kringum Ísland.

Það eru reyndar ekki aðeins flugumferðarstjórar hér á landi sem hafa sett flug á ákveðnum svæðum í uppnám, því kollegar þeirra hafa oft á tíðum valdið miklum truflunum á flugumferð með aðgerðum sínum víða um heim. Þetta virðist fylgja flugumferðarstjórum hverrar þjóðar sem þeir eru.

Grunnorsökin að uppnámi flugumferðarstjóra að þessu sinni er breytt rekstrarfyrirkomulag flugstjórnarmála hér á landi. Stofnað var fyrr á árinu sérstakt félag um flugumferðarþjónustuna hér, eins og dæmi um annars staðar. Þetta félag á að taka formlega til starfa á nýársdag, en það blæs ekki byrlega fyrir um rekstur þess á fyrstu starfsdögum. Fyrirsjáanlegt er að truflanir verða á flugstjórn á íslenska flugstjórnarsvæðinu, en vonandi hefur sú truflun ekki alvarlega atburði í för með sér. Langstærstur hluti starfsmanna Flugmálastjórnar hefur ákveðið að færa sig yfir til hins nýja félags, sem verður svokallað opinbert hlutafélag líkt og stefnt er að með Ríkisútvarpið. Það er eðlilegt að starfsmenn, sem lengi hafa verið opinberir starfsmenn, beri ugg í brjósti þegar rekstrarfyrirkomulagi stofnana þeirra er breytt, og á það ekki síst við um eldri starfsmenn og ekki síst hvað varðar lífeyrissjóðsmál allra starfsmanna þessara stofnana. Samkvæmt yfirlýsingum ráðamanna, hefur lífeyrisréttur flugumferðarstjóra verið tryggður, þannig að þeir eiga ekki að tapa neinu á því sviði. Þeir einir meðal starfsmanna Flugmálastjórnar hafa hins vegar notað tækifærið til að knýja á um breytt og betri kjör, þrátt fyrir að þeir séu með gildan kjarasamning sem ekki rennur út fyrr en árið 2008.

Flugmálayfirvöld máttu vita að flugumferðarstjórar yrðu ekkert lamb að leika sér við þegar kæmi að breyttu rekstrarfyrirkomulagi, og því hefðu þau átt að vera við því búin að þurfa að fara samningaleiðina í þessu máli. Stífni á þeim vængnum í samskiptum við óbilgjarna flugumferðarstjóra gæti orðið okkur dýrkeypt.

Forvígismenn í flugi hér á landi unnu kraftaverk með því að byggja upp íslenska flugstjórnarsvæðið, en nú eru blikur á lofti varðandi það. Það er mjög slæmt afspurnar fyrir okkur að þessi deila sé nú komin í mikinn hnút. Hætta er á að aðrar þjóðir taki nú yfir hluta af stjórn á svæðinu með nýju ári, og það gæti því orðið erfitt að heimta þann hlut aftur. Flugfélög sem stunda flug milli meginlands Evrópu og Ameríku verða fljót að láta í sér heyra, ef þau geta ekki notað hagkvæmustu leiðir yfir hafið, og flugumferðarstjóradeilan á Íslandi fer að hafa áhrif á eldsneytiskostnað og flugtímann á milli mikilvægra áfangastaða þeirra. Það er því mikið í húfi fyrir okkur að geta haldið uppi eðlilegri starfsemi á íslenska flugstjórnarsvæðinu, en það virðist hins vegar stefna í minni og lakari þjónustu vegna þess að flugumferðarstjórar ætla sér að ná verulegum kjarabótum út á breytingar á rekstri flugumferðarþjónustunnar hér.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fylkingar í flokknum

Davíð Oddsson er spurður að því í viðtali sem birtist nýlega í tímaritinu Nordisk Tidskrift hvort tvær fylkingar séu að takast á innan Sjálfstæðisflokksins. „Ég heyrði að ungur maður sem ætlar að verða framkvæmdastjóri flokksins, sagði að sitt fyrsta verk yrði að sameina flokkinn fyrir kosningar. Ég veit ekkert um hvað þessi ágæti maður er að tala," segir Davíð og á við Andra Óttarsson sem tekur við af Kjartani Gunnarssyni um áramótin. Áður hafði Davíð sagt: „Það heyrðist aldrei talað um fylkingar meðan ég var þarna, það er aðeins farið að bera á því núna en ég vona að það verði nú ekki lengi."



### Fátækir pólitíkusar

Davíð segir að fólk, sem hellir sér í prófkjör og pólitík, hafi um leið tekið ákvörðun um tvennt. „Að vera fátækt fólk allt sitt líf og í öðru lagi að sitja undir dylgjum, rógburði og svívirðingum ef það nær einhverjum pínulitlum árangri." Það er því ekkert sældarlíf sem bíður tilvonandi pólitíkusa. Sjálfur segist Davíð hafa sloppið algjörlega ósár úr stjórnmálum. Það sem fólk skrifar og segir hafi snert hann lítið „sérstaklega ef það er eitthvert lið sem ég hef skömm og fyrirlitningu á þá flettir maður því og tekur ekki eftir því."

### Síðasti vinnudagurinn

Kjartan Gunnarsson var á skrifstofu sinni í Valhöll gær að pakka niður persónulegum munum. Í dag er síðasti virki dagurinn sem hann gegnir stöðu framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins eftir 26 ára starf. Það hefur því örugglega leynst áhugaverðir rykfallnir pappírar inn á milli. Sjálfur segir Kjartan að ekkert sérstakt starf bíði hans. Hann situr í bankastjórn Landsbankans og mun líklega einbeita sér að viðskiptum í meiri mæli en pólitík. „Ég held bara áfram að lifa mínu hægláta lífi," segir hann í samtali við Fréttablaðið í dag.



**bjorgvin@frettabladid.is**

## Jöfnuður hefur aukist!



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Jöfnuður

Þegar jólin nálgast, fara jólasveinarnir á kreik. Þegar kosningar nálgast, birtast þeir Stefán Ólafsson og Þorvaldur Gylfason. Fyrir þingkosningarnar 2003 héldu þeir því fram, að fátækt hefði aukist á Íslandi. Í ljós kom, að þeir áttu við hlutdeild tekjulægsta hópsins í heildartekjum, og þrátt fyrir hærri tekjur þessa hóps hafði þessi hlutdeild minnkað eitthvað, af því að heildartekjur höfðu aukist stórkostlega vegna fleiri tekjuhárra manna. „Fátækt" í skilningi þeirra Stefáns og Þorvalds hafði aukist, af því að Björgólfur Guðmundsson og Jóhannes í Bónus voru orðnir miklu ríkari, þótt enginn hefði orðið fátækari í venjulegum skilningi orðsins, heldur allir orðið ríkari.

Rökréttasta ráðið gegn slíkri „fátækt" var auðvitað að hrekja ríka menn af landinu, svo að tekjuskipting yrði jafnari, jafnvel þótt allir yrðu fátækari fyrir vikið. Stefán kynnti líka fyrir síðustu kosningar skýrslu, sem Harpa Njálsdóttir hafði gert á fátækt. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar og fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík, vitnaði síðan óspart í þau Stefán og Hörpu. En snarlega var hætt að tala um málið, þegar á það var bent, að Ingibjörg Sólrún hafði í borgarstjóratíð sinni skert stórlega kjör tekjulægsta hóps borgarbúa.

Nú halda þeir Stefán og Þorvaldur því fram, að ójöfnuður hafi aukist á Íslandi. Þeir eiga við hið sama og fyrir fjórum árum, að hlutdeild tekjulægsta hópsins í heildartekjum hafi minnkað (þótt ráðstöfunartekjur þessa tekjulægsta hóps hafi raunar aukist síðustu ár um 30%). En þeir þegja um ástæðuna. Hún er, að heildartekjurnar hafa hækkað mikið, vegna þess að fjármagnstekjur hafa myndast við hliðina á venjulegum launatekjum. Dr. Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur hefur reiknað út, að tekjuskipting á Íslandi sé tiltölulega jöfn og svipuð því, sem gerist á Norðurlöndum, sé ekki tekið tillit til fjármagnstekna.

Með öðrum orðum hefði áhyggjuefni þeirra Stefáns og Þorvalds ekki orðið til, hefðu fjármagnstekjur ekki myndast. Þá hefðu þeir ekki getað talað í hneykslunartón um ójöfnuð. En fjármagnstekjur eru hér nýtt fyrirbrigði. Áður var slíkt fjármagn annaðhvort ekki til eða í höndum ríkisins. Engar tekjur eru af fjármagni, sem er ekki til, og tekjur af fjármagni í höndum ríkisins voru litlar og stundum minni en engar. Allir muna, þegar varð að leggja ríkisbönkunum til stórar fjárhæðir úr ríkissjóði.

Fjármagn í höndum ríkisins var uppspretta feikilegs ójafnaðar, því að aðgangur að því fór eftir stjórnmálatökum. Menn skiptust í flokksgæðinga og venjulegt fólk, sem þurfti að bíða fyrir utan bankana í löngum röðum frá því snemma á morgnana eftir því einu að fá nei frá bankastjórum. Með því að færa fjármagnið úr höndum ríkisins tókst að stórauka jöfnuð á Íslandi. Nú skammta vextir lán, ekki fulltrúar stjórnmálaflokka.

Fjármagn, sem var áður hálfdautt og engum til gagns, er nú sprelllifandi og ber mikinn ávöxt. Bankar greiða á þessu ári 12 milljarða í tekjuskatt. Fjármagnstekjur nema á þessu ári að minnsta kosti 18 milljörðum. Hefðu þeir Stefán og Þorvaldur unnið það til að missa af þessum tekjum í ríkissjóð, svo að tölur Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar í París um tekjuskiptingu á Íslandi hefðu litið betur út frá sjónarmiði jafnaðarmanna?

Jöfnuður hefur aukist hér á fleiri sviðum. Hér er ekkert atvinnuleysi, en það er mikið úti í Evrópu. Þar er mikill ójöfnuður milli launþega og atvinnuleysingja, og beita launþegar óspart ríki og verkalýðsfélögum til að koma í veg fyrir sveigjanlegri vinnumarkað, sem væri atvinnuleysingjunum í hag. Aukinn jöfnuður á Íslandi hlýst líka af því, að ríkið hefur greitt upp skuldir sínar. Annars hefði verið hér ójöfnuður milli núlifandi kynslóðar og komandi kynslóða. Óhófleg skuldasöfnun ríkisins merkir, að skattgreiðendur hér og nú taka til láns af skattgreiðendum síðari tíma án samþykkis þeirra.

Síðast, en ekki síst, hefur jöfnuður aukist vegna þess, að fleiri greiða nú tekjuskatt en áður, en skiptast ekki í skattleysingja og skattgreiðendur, þiggjendur og veitendur. Margir úr tekjulægsta hópnum höfðu áður svo lágar tekjur, að þeir greiddu ekki skatta. Nú hafa tekjur þeirra hækkað nóg til þess, að þeir greiða skatta. Þetta kalla þeir Stefán og Þorvaldur, að skattbyrði þeirra hafi þyngst. Þetta kalla ég, að þeir séu orðnir aflögufærir.

## Andstaða við stéttarfélög

**UMRÆÐAN**
Einkavæðing



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Einkavæðing hefur sjaldnast gengið áfallalaust. Þó er misjafnt hve klaufsk yfirvöldin eru við markaðsvæðingu opinberrar starfsemi. Nýjasta dæmið er fyrirtækið Matís ohf. Það er stofnað upp úr Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknum á Keldnaholti og rannsóknarstofu Umhverfisstofnunar. Hlutabréf er eitt eins og fyrri daginn enda hlutaféð allt í eigu ríkisins og starfsmenn því strangt til tekið eftir sem áður í þjónustu ríkisins. Það eina sem kemur til með að breytast eru réttindi starfsmanna þegar til lengri tíma er litið.

Við sambærilegar aðstæður hafa stéttarfélögin reynt að lágmarka skaðann og iðulega hefur tekist að ná rammasamkomulagi um ýmsa grunnþætti. Í því sambandi má nefna Flugstöð Leifs Eiríkssonar og í burðarliðnum er samkomulag SFR við hlutafélagavætt RARIK. Eitt hefur reyndar alltaf staðið út af en það eru lífeyrismál starfsmanna því fram til þessa hafa hlutafélagavæddar stofnanir neitað nýráðnum starfsmönnum um aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins enda þótt félagsmönnum í BSRB, BHM og KÍ sé heimill aðgangur að deildinni lögum og reglum samkvæmt.

Enda þótt óskiljanleg kergja sé í flestum stjórnum hlutafélagavæddra fyrirtækja gagnvart starfsmönnum og stéttarfélögum virðist stjórn Matís ohf. ætla að slá flest fyrri met. Félagið neitar nefnilega að gera rammasamkomulag sem vísar inn í framtíðina við stéttarfélög hins nýja fyrirtækis. Friðrik Friðriksson, formaður stjórnar Matís ohf., lýsti því yfir á fundi með starfsmönnum skömmu fyrir hátíðar að ekki stæði til að leggjast yfir kjarasamningagerð með stéttarfélögum. Þess í stað hafa starfsmenn verið króaðir af einn og einn þar sem þeim hefur verið boðið að skrifa undir ráðningarsamninga sem forsvarsmenn stéttarfélaganna segja vera afar loðna. Friðrik Friðriksson getur státað af því að vera fyrsti formaður Frjálshyggjufélagsins. Það félag varð til á níunda áratug síðustu aldar og var eitt helsta áhugamál félagsmanna að grafa undan verkalýðshreyfingunni. Getur verið að Friðrik Friðriksson hafi nú loksins komist í aðstöðu til að láta hugsjónir sínar rætast? Hvað segir handhafi hlutabréfsins í Matís ohf., Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra? Varla er hann án ábyrgðar í þessu máli?

*Höfundur er formaður BSRB.*

Foreldrahús

*Bestu óskir um*

*Gleðileg vímulaus áramót*

Starfsfólk Vímulausrar æsku/Foreldrahúss

**Fréttablað Vímulausrar æsku / Foreldrahúss**. 3. tbl. 20. árgangur 29. desember 2006. Útgefandi: Vímulaus æska - Foreldrahús, Vonarstræti 4b, 101 Reykjavík. Sími 511 6161. Fax 511 6162. vimulaus@vimulaus.is www.vimulaus.is Ritstjóri, ábm.: Elísa Wíum. Upplag: 100.000

**Ólöf Ásta Farestveit, formaður Vímulausrar æsku:**

# Grasrótarsamtök í forvörnum skipta miklu máli

Foreldrasamtökin Vímulaus æska hafa nú verið starfandi á Íslandi í yfir 20 ár og hefur starfsemi sú sem samtökin hafa innt af hendi vaxið og dafnað gríðarlega á þessum árum. Frjáls félagasamtök og grasrótarsamtök eins og Vímulaus æska skipta miklu máli í íslensku samfélagi vegna þeirrar vinnu sem þar fer fram.

Í Foreldrahúsinu er unnið mikið og gott starf og það eflist með ári hverju. Þar er unnið af miklum heilhug og áhuga í öllum þeim málum sem þangað koma. Starfsmennirnir eru 3 en 15 sérfræðingar koma einnig að samtökunum. Fastir starfsmenn hússins vinna af mikilli hugsjón og eru óþrjótandi í að vinna með og leiðbeina foreldrunum. Hjá samtökunum er einnig unnin mikil sjálfboðavinna og án hennar væri aldrei hægt að reka þá starfsemi sem er í Foreldrahúsinu. Vímulaus æska er fyrir foreldra barna sem hafa ánetjast vímuefnum og leiðbeina þeim í gengum kerfið ásamt því að veita stuðning og hvatningu í daglegu lífi. Hins vegar er ekki síður mikilvægt starf unnið til að hindra börn eða unglinga í að fara hina vafasömu leið því mikilvægi fyrsta stigs forvarna er gríðarlega mikið. Fyrsta stigs forvörnum er ætlað að hindra að börn fari þá leið að ánetjast vímuefnum.

**Í velferðarsamfélaginu sem við búum í má ekki gleyma börnunum okkar og foreldrum þeirra sem eiga um sárt að binda vegna fíkniefnavágestsins sem tröllríður samfélaginu okkar**

Allir vita og gera sér grein fyrir alvarleikanum þegar börn ánetjast slíkum efnum ásamt öllum þeim kostnaði sem samfélagið þarf að standa straum af í formi meðferðarúrræða, læknisaðstoðar, félagsþjónustu og svo mætti lengi telja.

Það er staðreynd að sum börn eru í stærri áhættuhópi en önnur við að leita í slæman félagsskap. Foreldrahúsið hefur verið með námskeið í sjálfstyrkingu fyrir börn og unglinga og eru fleiri og fleiri sem nýta sér þau námskeið til þess að efla sjálfsvirðinguna til að geta staðist allar þær freistingar og gylliboð sem eru í samfélaginu. Að vera einmana og feiminn eða óframfærinn einstaklingur getur eitt og sér valdið barni erfiðleikum félagslega og þá er auðvelt að fara inn í fyrsta mögulega félagsskapinn, til þess eins að fá að tilheyra einhverjum hópi. Í fyrsta stigs forvörnum er erfitt að meta árangurinn, þar sem við höfum ekki upplýsingar um hvað gerist ef viðkomandi hefði ekki fengið hjálp en það sem marktækt er, eru þær breytingar sem verða á viðkomandi einstaklingi. Það að börnum og unglingum líði betur með sjálfa sig og jafnvel öðlist ákveðið sjálfsöryggi er gott markmið út af fyrir sig. Á þessu ári hafa verið 35 slík



námskeið í Foreldrahúsinu og námskeiðin hafa farið víða um landsbyggðina einnig.

Margir foreldrar sem eiga um sárt að binda hafa samband við foreldrahúsið til þess að fá hjálp og stuðning. Hið opinbera kerfi getur oft á tíðum verið erfitt fyrir foreldra og þeir þurfa því hjálp til að feta þá braut. Einnig þurfa foreldrar stuðning og viðtöl til þess að takast á við þann sársauka sem því fylgir þegar foreldrar missa barnið sitt út í neyslu vímuefna og getur ekkert gert til þess að stöðva þá þróun. Það eru miklar sálarkvalir sem fólk upplifir, fyrir utan áhættuna sem börnin þeirra eru í dags daglega. Að hræðast símtöl og dyrasíma er daglegt brauð fyrir foreldra þessara barna, þar sem þau óttast alltaf að fá slæmar fréttir.

Neyðarsími foreldranna hefur einnig spilað stóran þátt í skyndihjálp fyrir foreldra því síminn er opinn allan sólarhringinn. Einn starfsmaður foreldrahússins sinnir símanum allan sólarhringinn kauplaust og af hugsjón einni saman.

Það skiptir samfélagið gríðarlega miklu máli að hafa samtök sem vinna svona ötult starf í þágu almennings fyrir jafn litla fjárhæð og raunin er. Því eru samtökin háð opinberum styrkveitingum og fjármagni sem og fjármagni frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Allt of mikill tími fer til spillis hjá því góða fólki sem í Foreldrahúsinu vinnur í það eitt að reyna að afla fjár til að halda rekstrinum gangandi. Í velferðarsamfélaginu sem við búum í má ekki gleyma börnunum okkar og foreldrum þeirra sem eiga um sárt að binda vegna vímuefnavágestsins sem tröllríður samfélaginu okkar. □

**Þökkum stuðning við forvarnastarf Vímulausrar æsku**

www.akureyri.is Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

HAFNAFJARÐARBÆR

ASÍ

MJÓLKA

Reykjavíkurborg Forvarnanefnd

# Saga móður

Foreldrar eru ekki með neina vitneskju í byrjun, þeir eru niðurbrotnir andlega og leita stuðnings í kerfi sem þeir þekkja ekki eða þær leiðir sem eru farnar. Þegar ég skrifa þetta er ég búin að fara í gegnum þennan frumskóg og veit orðið heilmikið en alltaf koma veggir sem maður kemst ekki yfir og verður að leita enn á ný eftir upplýsingum.

Eftir brotthlaup frá heimili og mikla leit finn ég barnið loksins, veit ekki hvert ég á að leita, hringi í neyðarsíma barnav.nefndar og fæ að vita að engin úrræði eru þó ég viti að barnið hlaupist á brott um leið og bíllinn stoppar. Var bent á að ég væri að teppa símann með óþarfa veseni, þessi sími væri fyrir þá sem væru í hættu fyrir sjálfum sér eða öðrum og mitt vandamál væri samskiptaleysi við barnið. Hann vissi ekkert um okkur og gat þar af leiðandi ekki vitað hvert vandamálið var nema að hlusta á mig sem mér fannst hann ekki gera. Benti t.a.m. ekki á Foreldrahús eða aðrar leiðir til lausnar.

Upplýsingar eru mjög svífandi í kerfinu, enginn vill taka ábyrgð á upplýsingagjöf til foreldra. Þrátt fyrir allar auglýsingarnar um forvarnir „þá kemur þetta aldrei fyrir mig eða mína" og við meðtökum ekki skilaboðin fyrr en við þurfum á þeim að halda og þá er eins og engin geti hjálpað.

Eftir hvarf barns míns í tvo sólarhringa frá tilsjónarheimili sem hún bjó á var ég ekki látin vita fyrr en barnavernd átti viðtal við hana að mér var sagt að hún hefði horfið tveim sólarhringum fyrr. Ég mat það sem hættuástand þar sem ekki hafði heyrst í barninu þetta lengi en lögreglan vildi byrja með eftirgrennslan, það þyrfti að kalla út aukamannskap ef auglýsa ætti eftir henni með mynd í fjölmiðlum. Ég mat það svo að þetta væri hættuástand því það væri spurning um hvenær hún fengi banvæn efni eða of mikið af þeim. Ég vildi reyna að fyrirbyggja það með því að finna hana sem fyrst.

Ég er einstæð móðir og hef engan nálægt mér til að fara með mér í leit að barninu mínu þegar hún var horfin á vit neyslunnar. Svo ég lagði ein af stað því ég vildi finna hana sem fyrst. Þetta var gífurleg lífsreynsla að fara inná þessi mismunandi heimili með mismunandi ógnandi aðstæðum. Í dag myndi ég ekki fara sjálf af stað heldur reyna að hringja í fjarskylda ættingja eða vini, þótt ég hefði ekki talað við þá árum saman. Síðast þegar hún fannst var mér hótað lífláti og vissi sá aðili hvar við búum og ég fór ekki heim í marga daga og átti mjög erfitt með að vera heima hjá mér lengi á eftir. Þetta álag ofaní annað sem ég var búin að reyna í marga mánuði varð til þess að ég brotnaði niður og er enn að reyna að byggja mig upp með hjálp fagaðila bæði hjá Foreldrahúsi og Al anon.

Þarna þarf einhverja lausn, einhverja leið til að hafa uppá börnum án þess að setja sig í óþarfa hættu. Dóttir mín fór á neyðarvistun 3 sinnum á stuttum tíma, löng vistun í 2 skipti þar sem engin fagaðili kom að hennar máli, eingöngu fyrir vingjarnlega og reynslumikla starfsmenn á neyðarvistun þá fékk ég von um að eitthvað væri að gerast í hennar huga en þetta er ómannúðleg vistun, hálfgert fangelsi. Börnin sem eru þarna eru ekki öll í neyslu en hafa einhverskonar hegðunarvandamál, en enginn fagaðili er til staðar til að ræða við þessa einstaklinga eða finna út lausnir. Hver ber ábyrgð ef barn strýkur úr meðferð? Stuðlar neyðarvistun eða aðrir meðferðaraðilar? Eftir 15 ára aldur þarf dómsúrskurð til að halda barni sínu frá neyslu í meðferð ef það vill það ekki sjálft. En samt ber ég ábyrgð til 18 ára aldurs, ábyrgð á hverju? Fæða og klæða og passa og og og? En ekki því að halda barninu frá neyslu á ábyrgan hátt? Hér þarf t.d. að koma til, í þessum frumskógi sem er kerfið, umboðsmaður foreldra þar sem hægt væri að leita til og fá upplýsingar um næsta skref, hvað er hægt að gera og hvernig, hverja á að tala við, hvert er þetta að leiða okkur, hvar er hjálp að fá við þær aðstæður sem skapast hjá fölskyldum?

> **Eftir hvarf barns míns í tvo sólarhringa frá tilsjónarheimili sem hún bjó á var ég ekki látin vita fyrr en barnavernd átti viðtal við hana að mér var sagt að hún hefði horfið tveim sólarhringum fyrr.**

Þessu hlutverki hefur reyndar Foreldrahús gegnt í nokkur ár og ef rétt væri ætti að viðurkenna þessa starfsemi Foreldrahúss með föstum fjárframlögum svo ekki þurfi að setja þann mikla tíma og orku sem þarf til að fjármagna starfsemi Vímulausrar æsku. Ég vissi ekki af starfinu í Foreldrahúsi fyrr en seinna en hefði þurft að vita fyrr til að fá þá aðstoð sem ég leitaði lengi eftir annars staðar. Ég er einnig viss um að sama á um marga foreldra sem þurfa leiðsagnar við, foreldrar í þjáningu og sjá ekki leiðir til bjargar nema að þessi leiðbeining komi til.

Þeir foreldrar sem leita upplýsinga og leiða til að finna barn sitt eða að hjálpa því eru ábyrgir foreldrar. En þeir eru mjög oft illa farnir eftir langa neyslusögu barnsins. Skilja verður þá örvæntingu sem býr að baki hverju því símtali sem er vegna brotthlaups barns, það er neyðarúrræði foreldra að hringja í lögreglu í flestum tilfellum.

Starfsmenn neyðarvistunar á Stuðlum voru í alla staði til fyrirmyndar. Barnið mitt er búið að vera í Götusmiðjunni í 7 vikur í dag og þar fer fram frábært starf og finnst mér ég vera að fá einstaklinginn smá saman til baka, sem er dóttir mín. Ég kannaðist ekkert við einstaklinginn í neyslu, hegðunin var gerbreytt. Ég leitaði aðstoðar meðferðarheimilis og fékk inni í 2 x 5 dag. Ég fór í „program" með sjúklingum og þá kom í ljós að hegðun mín var ekki ólík hegðun sjúklinganna. Ég var meðvirk og illa farin líkamlega, félagslega og andlega, en þyki þó sterk á yfirborðinu og læt ekki bugast. En þessi reynsla gróf sig djúpt og eftir margra mánaða vinnu með lausnir til handa mér og barninu mínu varð ég að taka út veikindadaga frá vinnu. Ég er þess fullviss að ef ég hefði ekki sjálf dvalist á meðferðarheimilinu og fengið þá ró að vita af barninu á neyðarvistun, þar sem ekkert gæti komið fyrir hana, hefði ég verið lögð inn á geðdeild í lengri eða skemmri tíma. Þetta heyrði ég oft frá yngri sjúklingum að foreldrar og önnur börn hafi þurft að fara inná geðdeild til að skilja sjálfa sig og þær aðstæður sem fjölskyldan væri í. Aðrir foreldrar eru sennilega ennþá að berjast við þessar tilfinningar. □

## Námskeið í Foreldrahúsi:

**Skráning hefst 5. janúar 2007**

VÍMULAUS ÆSKA
Foreldrahús

## sími 511 6161

### Fjölskylduráðgjöf
Í Fjölskylduráðgjöfinni er lögð áhersla á að aðstoða foreldra og börn þeirra. Boðið er uppá fjölskylduviðtöl, einkaviðtöl og stuðningshópa fyrir foreldra.

### Stuðningshópur foreldra
***Foreldrahópar***
Fyrir foreldra barna og unglinga sem eru eða hafa verið í neyslu vímuefna.
***Stuðnings- og meðferðarhópar***
Fyrir foreldra barna/ungmenna sem eru í meðferð á vegum Barnaverndarstofu og fleiri aðila.

### Eftirmeðferð
Er ætluð unglingum sem hafa lokið langtímameðferð sem og foreldrum þeirra. Boðið er uppá stuðning í sex mánuði til allt að tveggja ára.

### Öflugt sjálfstraust
Námskeiðið er ætlað öllum foreldrum sem vilja auka þekkingu sína og færni í mannlegum samskiptum. Hæfni í samskiptum er grundvöllur velgengni bæði í starfi og einkalífi.
*Sálfræðingarnir Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson sömdu námsefnið en starfsfólk Foreldrahúss hefur hlotið þjálfun til að leiðbeina á námskeiðinu.*

### Sjálfsstyrking fyrir 13 – 16 ára unglinga
Námskeiðinu er ætlað að efla sjálfstraust, sjálfsvirðingu og félagslega færni unglinga á aldrinum 13 – 16 ára.

### Börnin okkar
Námskeið ætluð börnum 11 – 12 ára. Markmiðið er að hjálpa börnum að tjá sig, styrkja sjálfsvirðinguna og til að skilja eigin líðan og tilfinningar.

### Forvarnaverkefnið „Börn eru líka fólk"
Námskeið ætlað börnum 6 – 11 ára sem eiga foreldra sem eru alkóhólistar, ofvirkir, með athyglisbrest eða eiga við geðrænan vanda að stríða. Einnig ætlað börnum sem búa við óöryggi af ýmsum toga innan fjölskyldunnar. Þetta námskeið einkennist af virðingu og hlýju en ekki fordómum.

Þökkum stuðning við forvarnastarf Vímulausrar æsku

Bakarameistarinn
ego
Pósturinn
Kennarasamband Íslands
Rafhönnun
Esso

## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ÁRAMÓT ]

**Útsölurnar** hefjast æ fyrr eftir jólin. Strax þriðja í jólum hófst útsala í Ikea og Dressmann og í gær hófst útsalan í Debenhams og víðar. Útsölur í Kringlunni hefjast formlega 4. janúar.



**Gæludýr** geta orðið hrædd á gamlársdag, gamlárskvöld, að kvöldi nýársdags og á þrettándanum og er þá æskilegt að halda hundum og köttum inni við. Gott er að útbúa fyrir aðstöðu fyrir gæludýrin, skjól í einhverju rými sem þau þekkja og finna sig örugg.

**Afgangar** af jólasteikinni eru líklega víða í ísskápum landsmanna. Flestir eru búnir að troða sig út af góðgæti um jólin en það er engin ástæða til að láta góðan mat fara til spillis. Prófið ykkur áfram og gerið tilraunir á til dæmis samlokum með hamborgarhrygg.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 29. desember, 363. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.21 | 13.30 | 15.38 |
| Akureyri | 11.36 | 13.14 | 14.53 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Þráinn Bertelsson hlakkar alltaf til þess að elda fiskisúpuna góðu, Bouillabaisse, milli jóla og nýárs.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Hvílir sig á reykta kjötinu

***Þráinn Bertelsson kynntist afskaplega góðri fiskisúpu í Frakklandi fyrir margt löngu.***

„Ég hlakka alltaf til þess milli jóla og nýárs að hvíla mig á reykta kjötinu sem borðað er ótæpilega af á þessum árstíma," segir Þráinn Bertelsson kvikmyndagerðarmaður. „Þá fæ ég mér fiskisúpuna."

Þráinn segist fyrst hafa fengið súpuna góðu bouillabaisse í Suður-Frakklandi fyrir langa löngu. Súpan er að sögn Þráins ættuð frá Marseille eins og franski þjóðsöngurinn og greifinn af Monte Cristo.

Þráinn hafði þó engar væntingar til súpunnar í fyrsta skipti sem hann fékk hana. „Ég hafði aldrei fengið öðruvísi fiskisúpu en íslenska lúðusúpu sem búin er til úr hveiti, ediki og lárviðarlaufum og var því ekki bjartsýnn á að borða fiskisúpu. Það var hins vegar mikil upplifun að bragða alvöru fiskisúpu í fyrsta skipti á ævinni og síðan hefur þetta verið einn af mínum uppáhaldsréttum," segir Þráinn og fannst mikil upplifun að uppgötva að aðrar þjóðir gætu búið til öðruvísi fiskisúpu en tíðkaðist hér á landi, úr lúðu, laxi eða silungi.

Þráinn gefur lesendum uppskriftina að súpunni góðu. Hana fékk Þráinn frá vini sínum og nágranna Gerard Lemarquis. Hann segir hins vegar fráleitt að gefa nákvæmar mælieiningar yfir magn hvítvíns, kryddjurta og annarra hluta uppskriftarinnar, hlutföllin fari alfarið eftir persónulegum smekk og sálarástandi kokksins hverju sinni.

Uppskrift Þráins má finna á síðu 3. *helgat@frettabladid.is*

## Í kirkjugarðinum

MARGIR HEIMSÆKJA LEIÐI ÁSTVINA SINNA UM ÁRAMÓT, KVEIKJA ÞAR Á KERTI OG EIGA RÓLEGA STUND.



Kirkjugarðarnir eru fallegir og friðsælir staðir og þangað leggja margir leið sína á stórhátíðum sem áramótum. Vissara er að nota bílastæðin og ganga að leiðunum á slíkum dögum þegar umferð er mikil þó svo að heimilt sé að aka um stærstu garðana á öðrum tímum. Mikilli bílaumferð fylgir öngþveiti sem óskemmtilegt er að lenda í.
Ef fólk vill afla sér upplýsinga um einhver atriði í sambandi við kirkjugarðana er netfangið www.kirkjugardar.is og legstaðaskrá er inni á vefnum www.gardur.is




**Jarðarber** eru alltaf góð með kampavíni sem væntanlega verður drukkið nóg af um áramótin. Einnig má bera fram mangó, ananas og perur og flott er að búa til ávaxtaskál úr berkinum af ferskum ananas.






# Hollur hátíðamatur

***Neysla á kalkún hefur aukist undanfarin ár en fyrsta kalkúnabúið var stofnað á landinu fyrir tæpum sextíu árum.***



Kalkúnn er sannarlega góður matur en neysla hans hefur aukist mjög á undanförnum árum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Reykjabúið er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað í Mosfellsbæ, skömmu eftir seinna stríð. Sá sem rekur búið í dag er Jón Magnús Jónsson, en hann tók við fyrirtækinu af fjölskyldunni á síðasta ári og hafði þá starfað þar síðan 1989. Reykjabúið, sem sérhæfir sig í framleiðslu á kalkún, hefur lengst af verið ráðandi á íslenskum markaði með þessa afurð.

„Við byrjuðum með kalkúnarækt hér á Íslandi laust eftir 1950, en neysla á kalkún fór ekki að aukast að ráði fyrr en upp úr 1980. Smátt og smátt hefur þetta svo farið í það horf sem það er í núna,“ segir Jón og bætir því við að sjaldan hafi Íslendingar verið jafn hrifnir af kalkún og síðustu ár.

„Í dag borðar fólk meiri kalkún en nokkru sinni fyrr. Undanfarin ár hefur hann alltaf verið til í verslunum í kringum hátíðarnar og það má með sanni segja að það sé vel tekið á móti þessari vöru. Um jól og áramót 1994 borðuðu 23 prósent landsmanna kalkún einhvern tíma um hátíðarnar en um síðustu jól var hlutfallið orðið 42 prósent.“

Kalkúnn er sannkallaður hátíðamatur því yfirleitt er erfitt að nálgast þessa afurð á öðrum tíma enum jólin. Eflaust væri kalkúnn þó kærkomin viðbót í kjötborð verslana þar sem vitundarvakning hefur átt sér stað í sambandi við heilsusamlegt mataræði. Kalkúnn er með hollara kjötmeti sem hægt er að fá, því hann er afar próteinríkur og mjög fitulítill. Jón Magnús segist búast við því að fljótlega eigi eftir að verða auðveldara að nálgast kalkún í verslunum á öðrum tíma en í kringum hátíðir.

„Vinsældir kalkúns eru alltaf að aukast. Þetta má merkja á því að það fer sífellt meira af kjöti frá mér í vinnslu og salan á því stígur meira en salan á heilum fugli. Ég þarf þó að fylgja straumnum í þessum málum því það er dýrt fyrir mig að koma með vöru á markaðinn sem ekki selst,“ segir Jón en bætir því jafnframt við að hann hafi ekki miklar áhyggjur af því að sala kalkúnakjöts eigi ekki eftir að aukast. „Þetta er magrara kjöt en kjúklingakjöt og þar af leiðandi mjög heilsusamlegur matur. Ætli hann eigi ekki eftir að slá í gegn eins og skyrið? Kalkúnn er jú einstaklega próteinrík og fitulaus afurð og fólk sækist alltaf meira og meira eftir því í mataræði sínu.“



Jón Magnús Jónsson hefur alla tíð starfað við kalkúnarækt en á síðasta ári tók hann við Reykjabúinu sem framleiðir Holda kalkún. FRETTABLADID/GVA

Hvað varðar hollráð í sambandi við matreiðslu kalkúnakjöts segir Jón það afar mikilvægt að hafa hitann ekki of hátt stilltan.

„Þetta er fitulaust kjöt og þar af leiðandi er það algert skilyrði að vera með lágan hita og langan tíma. Kalkúnn er ólíkur lambakjöti að því leyti að maður hefur enga fitu til að vinna með. Ef hitinn er hafður of hár þegar kalkúnn er eldaður þá er hætt við að kjötið verði þurrt, en ef farið er eftir þessu ráði – lágur hiti, langur tími, þá er matreiðslan gulltryggð og útkoman safaríkur og góður kalkúnn.“

Á vefsíðu Holdakalkúns er að finna margar góðar uppskriftir og hollráð í sambandi við matreiðsluna en síðan er á slóðinni www.kalkunn.is.

*mhg@frettabladid.is*




## Sætar sætar kartöflur

SÆTAR KARTÖFLUR ERU AUFÚSUGESTIR Á BORÐUM LANDSMANNA ENDA BÆÐI HOLLAR OG BRAGÐGÓÐAR.

Flestir þekkja sætar kartöflur best sem meðlæti með kjöti eða fiski eða sem uppistöðu í grænmetisréttum en það er líka hægt að gera sérstaklega bragðgóða eftirrétti úr þessum holla rótarávexti. Hér er einn sem gæti verið góður á gamlárskvöld.

1 kíló sætar kartöflur, flysjaðar og rifnar
1/3 bolli púðursykur
1/4 bolli bráðið smjör
1/4 bolli kókosmjöl
1/4 bolli ristaðar, brytjaðar pecan-hnetur
1/4 teskeið kanill
1/4 teskeið kókosmjólk
1/4 teskeið vanilludropar

Setjið saman í pott kartöflurnar, sykur, smjör, kókosmjöl, hnetur og kanil. Setjið þétt lok á pottinn og látið malla við vægan hita í 6-8 klukkustundir. Bætið svo í kókosmjólk og vanilludropum.



# Kjötréttur kornabarnsins

*Yngstu fjölskyldumeðlimirnir þurfa líka að fá eitthvað hollt og gott að borða um áramótin.*

Frá sex mánaða aldri mega börn borða ýmiss konar ávexti og grænmeti. Í grænmetis- og ávaxtaborðinu svigna allar hillur undan hvers kyns nýmeti og sá sem á blandara eða töfrasprota getur hæglega útbúið talsvert magn af hverri tegund og fryst í litlum skömmtum sem er auðvelt að þíða, til dæmis í klakaboxum og þá er alltaf hægt að velja á milli nokkurra fæðutegunda. Með þessu móti má prófa sig áfram með bragð- og fæðutegundir, til dæmis með því að mauka saman nokkrar tegundir af ávöxtum eða grænmeti, kjöti, fiski, pasta eða hrísgrjónum, allt eftir því hvað barnið er farið að borða, og bæta út í mjólk, ólífuolíu, smjöri eða öðru slíku til að mýkja og bragðbæta.

Allt hráefnið á að vera ferskt og ómeðhöndlað þegar það er eldað og sem nýjast. Athugið að hnetur eða möndlur á aldrei að gefa ungbarni. Ef einhver vafi kemur upp um það hvað óhætt er að gefa barninu að borða er til dæmis hægt að leita upplýsinga hjá ungbarnaeftirlitinu á heilsugæslustöðinni.

**Kjötréttur kornabarnsins**

300–400 g magurt kjöt, til dæmis af framhrygg
6–8 meðalstórar kartöflur
3–4 gulrætur
Ein rófa, eða svipað magn af öðru grænmeti – brokkolí, blómkáli, maís eða grænum baunum.
Fersk, fínsöxuð steinselja ef vill.

Sjóðið kjötið í um það bil lítra af vatni þar til það er vel meyrt. Þvoið og afhýðið grænmetið, skerið það í teninga og látið það sjóða með kjötinu síðustu 15 mínúturnar. Maukið allt saman vel í blandara (má líka nota töfrasprota) og þynnið með soðvatninu ef þurfa þykir.

Til að búa til fiskrétt má fara eins að, nota fisk í staðinn fyrir kjöt og þar sem fiskur þarf styttri suðu er óhætt að hafa grænmetið í suðunni allan tímann.



Blessuð börnin þurfa líka að borða yfir hátíðirnar.

## Uppskrift Þráins }



### Bouillabaisse Lemarquis

1 kg fiskur – valinn með tilliti til þess hvað er nýjast í fiskbúðinni og hvað pyngjan leyfir. Undir fisk flokkast rækjur, hörpudiskur, kræklingur og humar.

Tómatar
laukur
hvítlaukur
ólífuolía
egg
saffran
1 dós krabba- eða humarsúpa frá ORA
kryddjurtir
franskbrauð
hvítvín
óðalsostur

Í staðinn fyrir humarsúpuna frá ORA geta matgæðingar soðið súpukraft úr humarskeljum og fiskbeinum meðan letingjarnir notast við niðursoðnu súpuna.

Súpuna eða súpukraftinn bragðbætir maður með góðri skvettu af þurru hvítvíni rétt áður en fisknum er bætt út í vökvann. Kryddjurtir eru settar út í. Gerard segir að best sé að tína jurtirnar í suðvesturhlíðum franskra fjalla, rétt fyrir sólarupprás, fimm dögum áður en þær blómstra. Þeir sem ekki eiga leið um suðvesturhlíðar franskra fjalla á þessum tíma geta notað Italian Seasoning með góðum árangri. Svo er galdurinn að leyfa suðunni bara rétt að koma upp svo að fiskurinn verði ekki ofsoðinn og vínið gufi ekki upp.

**La rouille:** Blandið eggjarauðu og sinnepi í skál. Hellið ólífuolíu smám saman út í meðan þið þeytið með gaffli. Bætið við krömdum hvítlauk, pipar og saffrani.

**Brauðteningar:** Ristið franskbrauð, strjúkið það með hvítlauk og steikið síðan á pönnu í ólífuolíu. Skerið í teninga – sem síðan er dýft í sósuna og borðaðir með súpunni.

Rífið niður óðalsost og berið á borð, gestirnir fá sér svo rifinn ost og dreifa yfir súpudiskinn sinn. Með þessu drekka flestir fremur rauðvín en hvítvín. Sjálfur drekk ég Saudia Champagne – sem er eplasafi blandaður til helminga með sódavatni.





## Sætukartöflukrókettur

1 sæt kartafla
1/2 laukur saxaður
100g spænsk Chorizo-pylsa
2-3 bollar appelsínusafi
1/2 bolli eplabrandí
2 egg
Brauðrasp eftir þörfum

Sæta kartaflan er soðin í appelsínusafanum og eplabrandíinu í 20 mínútur. Á meðan eru krydd-pylsan og laukurinn svissuð á pönnu og þegar kartaflan er soðin er hún maukuð í blandara ásamt lauknum og pylsunni. Eggin eru hrærð út í og hræran þykkt með brauðraspinu þannig að úr verði fars sem síðan er steikt á pönnu í mikilli olíu. Lagt á eldhúspappír til þerris.

**EAOLI-SÓSA**
3 msk. dijon-sinnep
4-5 þræðir saffran
2-3 geirar hvítlaukur
1 bökunarkartafla soðin eða 2-3 venjulegar kartöflur
Salt og pipar
6 eggjarauður

Þetta er maukað vel í matvinnsluvél og vélin höfð í gangi meðan ólífuolíu er hellt varlega út í og sósan þynnt pínulítið með köldu vatni ef hún er orðin of þykk. Þetta líkist því þegar búið er til majónes og er mjög góð sósa.



FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

# Lystugir smáréttir til að leggja á borð um áramót

*Á gamlárskvöld og nýársnótt er nauðsynlegt að eiga eitthvað gott að grípa til bæði handa heimafólki og gestum. Guðni Samúelsson á Tapasbarnum á Vesturgötu 3 í Reykjavík er meistari í smáréttum og miðlar hér nokkrum ómótstæðilegum uppskriftum.*

„Þetta eru týpískir spænskir og ítalskir smáréttir sem gjarnan eru notaðir sem forréttir eða anti-pasta. Ég bregð þeim oft fyrir mig þegar ég á von á gestum og það getur gilt um áramót eins og aðra daga,“ segir Guðni og stingur upp á afar einföldum rétti sem er ávaxtabiti vafinn inn í parma-skinku. Hann kveðst líka oft mauka saman gott hráefni í bollur. „Það kemur sér alltaf vel að eiga góðan mixer,“ segir hann og minn-ir á grunnkryddin, saltið og pipar-inn, sem hann segir alltaf sígild út á hvað sem er.








## Marineraðir nautastrimlar í teryaki-sósu

Kjöt – má vera hvaða tegund sem er en ég nota nautalundir
Teryaki-sósa úr búð
1 limeávöxtur
Rósapipar
Timjan
Salt og svartur pipar

Passa að hreinsa kjötið vel og svo er það skorið í fingurþykka strimla.
Teryaki-sósan er bætt með rifnum limeberki, rósapipar og timjan.
Kjötið er marinerað í sósunni í 3-4 klukkutíma. Þá er það brúnað á pönnu hálfa til eina mínútu á hvorri hlið og krydd-að með salti og svörtum pipar.

**MEÐLÆTI**
5–6 sveppir
Sérrí

Sveppirnir eru skornir í fernt og marineraðir í sérríi í einn og hálfan tíma. Síðan eru þeir steiktir á pönnu með smá salti og pipar. Steiktir við mikinn hita þannig að það myndist gullin húð á þeim.

allt auglýsingasími 550 5880



# Krabbasalat á baguet-brauði

Surimi-krabbi
2-3 blöð klettasalat
3-4 blöð hvítkál
1 tsk. piparrót, söxuð
Salt og pipar
Safi úr einni sítrónu
2 msk. majónes

Krabbinn er settur í matvinnsluvél og hakkaður gróflega. Það verður að passa sig að hakka hann ekki of mikið því þá verður hann að mauki. Hvítkálið er hakkað svona líka. Piparrótin er sett út í þetta, salt og pipar og sítrónusafi og majónesið.

Þetta er sett ofan á brauðið og skreytt með papriku sem maður fær úti í búð og klettasalati sem gefur þessu ákveðna dýpt.



# Beikon-risahörpuskel og döðlur

1 hörpuskel
1–2 döðlur
Beikon
Salt og pipar
Hvítlauksolía



Hörpuskel og döðlum er vafið saman inn í beikon og spjóti stungið í. Steikt á pönnu 2-3 mínútur á hvorri hlið. Saltað og piprað og hvítlauksolíu dassað yfir. Þá er það bara klárt. Ekki flókinn en mjög góður réttur.

**CHILLI-HUNANGSSÓSA**
1 msk. dijon-sinnep
2 msk. hunang
1 chilli rauður, saxaður
3 msk. ólífuolía
Allt þeytt saman.



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

# Ferskt salat með hangikjöti

Örlög hangikjötsafganga hafa gjarnan verið þau að lenda í tartalettum. Þótt það séu í sjálfu sér ekki slæm örlög, þá er hér uppástunga að unaðslega léttu og ljúffengu salati sem setur hangikjötsafgangana í allt annað samhengi en hingað til hefur verið venjan. Soðið hangikjöt jafnt sem ósoðið er fyrirtak í þetta salat.

**1 pakki af ferskri jurtasalatblöndu (eða öðru blaðsalati)**
**Hangikjötsafgangar**
**2 msk. fljótandi hunang**
**2 tsk. Dijon-sinnep**
**3 msk. furuhnetur**
**1 msk. rifin piparrót (má sleppa)**
**Jarðarber til skreytingar**

1. Ristið furuhneturnar á heitri pönnu og skerið hangikjötið í örþunnar sneiðar.

2. Blandið hunanginu og sinnepinu saman og hitið í smástund í örbylgjuofni eða í potti þannig að blandan fljóti betur. Hellið blöndunni svo yfir salatblöðin og veltið vel saman svo hunangsblandan þeki flest salatblöðin. (Jurtasalatblandan sem ég nota er með fersku dilli. Ef annað salat er notað er gott að strá nokkrum kvistum af fersku dilli yfir eða smakka hunangsblönduna til með þurrkuðu dilli).

3. Setjið salatblöðin í fallega skál og dreifið hangikjötssneiðum, furuhnetum og rifinni piparrót yfir. Skreytið með 2–3 jarðarberjum.







*Miðað við 12 mánaða áskrift./Eingreiðsla

Hátíðablað Bístró er komið út!
NÝTT TÍMARIT UM MAT OG VÍN!

ÓMÓTSTÆÐILEGT ÁSKRIFTARTILBOÐ
650 KR. Á MÁNUÐI*
Fyrsta blaðið frítt og tappatogari fylgir með!

Við framlengjum áskriftartilboðið til 19. desember 2006!

Áskrift á www.bistro.is
eða í síma: 550 5060

FABRIKAN

**50%** Hagkaup býður mesta afsláttinn þessa viku á ís. Það er Carte d´or lavazza ís í eins lítrapökkum sem lækkar úr 579 krónum í 299 krónur, eða um 50%.


belladonna
Skeifan 11d • Reykjavík • sími 517 6460 • www.belladonna.is



Mikið úrval af fallegum sparifatnaði fyrir áramótin

Vertu þú sjálf - vertu Belladonna

Opið mán-fös 11-18
laugardaga 11-15


HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Tilboðin gilda til 31. des.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Íslandsgrís helgarsteik m/sósu | 1.273 kr. | 1.698 | 1.273 | 25 |
| Íslandslamb helgarsteik m/sósu | 1.798 kr. | 2.398 | 1.798 | 25 |
| Íslandsnaut helgarsteik m/sósu | 2.098 kr. | 2.798 | 2.098 | 25 |
| Nautalundir úr kjötborði | 2.998 | 3.998 | 2.998 | 25 |
| Nautafille úr kjötborði | 2.512 | 3.349 | 2.512 | 25 |
| Frosinn kalkúnn | 759 | 929 | 759 | 20 |
| Carte d´or lavazza ís 1 l | 299 | 579 | 299 | 50 |

Þín verslun

Tilboðin gilda til 3. jan.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Doritos 200 g | 179 | 259 | 895 | 30 |
| Doritos sósur 326 g | 219 | 295 | 672 | 25 |
| Bugles 125 g | 129 | 197 | 1.032 | 35 |
| 7up + 7up free 2 l | 129 | 213 | 65 | 40 |
| Pepsi + Pepsi light 2 l | 129 | 213 | 65 | 40 |
| Cider 2 l | 179 | 279 | 90 | 35 |
| Sprite, sprite Zero og Tonic 2 l | 169 | 225 | 85 | 25 |
| Maarud flögur m/salti & pipar 350 g | 349 | 479 | 997 | 25 |
| Maarud flögur m/salti 350 g | 349 | 479 | 997 | 25 |
| Maarud flögur m/papriku 350 g | 349 | 479 | 997 | 25 |
| Maarud Sprö-Mix salt 200 g | 329 | 429 | 1.645 | 25 |
| Maarud Sprö-Mix paprika 200 g | 329 | 429 | 1.645 | 25 |
| Maarud flögur m/sýrðum rjóma 200 g | 259 | 298 | 1.295 | 15 |
| Ultje Jumbo Peanuts 200 g | 129 | 169 | 645 | 25 |
| Ultje EK Ölgerðstet blt 500 g | 259 | 376 | 518 | 30 |
| Ultje Pistazien Schale 150 g | 219 | 293 | 1.46 | 25 |
| Ultje Pinats Mit Honig Blt 150 g | 159 | 219 | 1.060 | 25 |
| Ora grænar baunir 1/2 450 g | 89 | 99 | 198 | 10 |
| Ora maískorn 1/2 450 g | 139 | 149 | 310 | 5 |
| Oetker búðingur vanillu 3*72g | 199 | 286 | 921 | 30 |
| Oetker búðingur möndlu 3*78 g | 199 | 286 | 551 | 30 |
| Oetker búðingur súkkulaði 2*100 g | 199 | 286 | 995 | 30 |
| Bonduelle grænar baunir 400 g | 79 | 99 | 198 | 20 |
| Bonduelle gulrætur smáar 400 g | 79 | 99 | 198 | 20 |
| Bonduelle gulr.& grænar B. 400 g | 89 | 115 | 223 | 25 |
| Bonduelle maískorn 400 g | 89 | 139 | 223 | 35 |








Sé kominn tími á að endurnýja harða diskinn er tilvalið að kíkja við í Tölvutek í Borgartúni.

## Tilboð fyrir tölvueigandann

VERSLUNIN TÖLVUTEK Í BORGARTÚNI ER MEÐ TILBOÐ Á TREND INTERNET SECURITY OG WESTWEN DIGITAL HÖRÐUM DISKI.

Tölvutek er með opnunartilboð á Trend Internet Security á 1.990 krónur. Þetta er örugg vírusvörn sem býr yfir öflugri vírusleitarvél. Stýring er á heimanetinu, betri vörn gegn spyware, kerfið stöðvar upplýsingaþjófnað og varnar þráðlausum innbrotum. Tölvutek býður einnig gott tilboð á 320 gígabæta hörðum disk á 7.990 krónur.

Verslunin er opin frá klukkan 10 til 19 í dag og á morgun og frá klukkan 9 til 13 á gamlársdag.

Takmarkað magn er af vörunum og því verða það þeir fyrstu sem koma sem fá.

# Boðið upp á ódýrar bíósýningar

***Laugarásbíó er með tilboð á sýningar klukkan 14 nú milli jóla og nýárs.***

Fjögur hundruð og fimmtíu krónur kostar hver bíómiði í Laugarásbíói á þær myndir sem sýndar eru klukkan tvö á daginn. Þar má nefna ævintýramyndirnar Eragon og Arthúr sem báðar höfða sterkt til unga fólksins. Arthúr er bæði sýnd með íslensku og ensku tali. Tilboðið gildir í dag og á morgun, 29. og 30. desember.



Kvikmyndin Eragon höfðar mjög til yngri áhorfenda.


allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga


# Jólavara á spottprís

***Jólavarningur á borð við skraut og seríur er á sextíu prósenta afslætti í Húsasmiðjunni.***

Nú er tækifæri til að birgja sig upp af seríum, jólaskrauti og pappír fyrir næstu jól því verðið hefur hrapað um meira en helming í Húsasmiðjunni. Það sem fólk lét ekki eftir sér að kaupa fyrir jólin er því á mjög viðráðanlegu verði nú og kemur að góðum notum næst. Þetta á við um útiljósaseríur, jólatrésskraut, styttur, jólapappír og hvaðeina sem telst til hefðbundinna jólavara.



Hægt er að gera góð kaup í jólavarningi í Húsasmiðjunni.






# Útsala í Debenhams

***Nú stendur yfir útsala í Debenhams í Smáralind.***

Nú er veittur þrjátíu til sjötíu prósenta afsláttur af völdum vörum í Debenhams, aðallega af fatnaði og heimilisvörum. Útsalan hófst í gær og stendur fram í febrúarbyrjun. Hægt er að kynna sér útsöluna betur með því að hafa samband í síma 522-8000 eða koma við í versluninni. Debenhams er opin á milli 11 og 19 alla virka daga, 11-18 á laugardögum og 13-18 á sunnudögum.



Útsalan í Debenhams hófst í gær.

# Útsalan hafin í Tekk Company

***Útsalan er hafin í Tekk Company. Veittur verður allt að sextíu prósenta afsláttur af verði.***

Sófar, borð, stólar og skápar eru meðal þess sem finna má á verulegum afslætti í Tekk Company, en útsalan hófst þar í gær. Allt að sextíu prósenta afsláttur verður veittur af sófum, fimmtíu prósent af hægindastólum og fjörutíu prósent af borðum og stólum.

Þá verður öll jólavara seld með fimmtíu prósenta afslætti og fjörutíu prósentum verður slegið af verði annarrar smávöru á borð við handklæði og rúmteppi. Tíu prósenta afsláttur verður veittur af vöru í versluninni sem ekki fer á útsölu.



Allt að sextíu prósenta afsláttur verður veittur af verði sófa í Tekk Company.

Opið verður frá tíu til sex á laugardag og níu til tólf á gamlársdag.

# Jólavaran á slikk

***Útsala er á jólaskreytingum í Blómavali.***

Blómaval, stórmarkaður með allt fyrir blóma- og garðáhugafólk, boðar nú sextíu prósenta afslátt af allri jólavöru. Nú er því rétti tíminn til að gera góð kaup fyrir næstu jólavertíð.

Þá eru túlipanar á tilboði í Blómavali þessa dagana en tíu stykki kosta 990 krónur. Getur verið fallegt að skreyta hús sín með lifandi blómum á myrkasta tíma ársins.

Blómaval er með verslanir í Skútuvogi, Grafarholti, Kringlu, Smáralind, Akureyri, Selfossi og Keflavík.



Jólavörurnar eru á sextíu prósenta afslætti í Blómavali.

# Keypti hlutafé í Stoke

***Guðsmenn gera líka mistök í fjármálunum. Því fékk Guðni Már Harðarson prestur að kynnast er hann fjárfesti í hlutabréfum í Stoke.***

Þegar Íslendingar keyptu Stoke greip um sig knattspyrnuæði á Íslandi. Enska deildin fylltist af Íslendingum og við eignuðumst fyrsta þjálfarann okkar. Guðni var einn af þeim sem heilluðust og lét 100.000 krónur í hlutabréf í Stoke. „Stuttu eftir að ég keypti hlutinn var ég í mat hjá tengdaforeldrum mínum. Tengdafaðir minn, sem er mikill fjármálamógúll og klár í þeim efnum, heyrði frétt í útvarpinu um Stoke og sagði að kaup í klúbbnum væru eins og fleygja peningum út um glugga,“ segir Guðni, sem þorði ekki fyrir neina muni að segja frá kaupunum. „Ég þagði í marga mánuði þangað til ég loksins þorði að segja frá. Tengdapabbi reyndist sannspár en gengi bréfanna hefur lækkað um 60 prósent. Það var ekki lítið sem mér var strítt á þessu.“

Hlutabréfin í Stoke eru ekki einu slæmu kaupin sem Guðni hefur gert. „Ég var á bókamarkaði í Perlunni og sá þar Fjögur fræknu bækurnar. Fortíðarþráin kviknaði og ég keypti mér allar bækurnar á einhvern átta þúsund kall,“ segir Guðni. „Konan mín sagði við mig að þetta væri bara nostalgíukast og ég ætti aldrei eftir að lesa þær. Ég var nú á öðru máli og fór glaður heim með bækurnar. Ég held ég hafi lesið fjórar blaðsíður og svo ekki nennt að lesa meira.“

Hvar bækurnar eru núna er einfalt mál. Þær eru ekki hillustáss og ekki einu sinni í geymslu. Þær eru í sumarbústað foreldra Guðna þar sem hann er enn ólíklegri til að lesa þær. „Sumt er bara betra í minningunni og á að fá að lifa þar,“ segir Guðni hlæjandi.



Guðni fór flatt á hlutafjárbraski í Stoke. Nú er spurning hvort hann kaupir hlut í West Ham. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bestu kaup Guðna eru í formi farmiða sem skilaði honum til Taílands. „Það var ótrúleg ferð sem víkkaði sjóndeildarhringinn mikið og gerði mann mun víðsýnni,“ segir Guðni. „Miðinn var kannski dýr en þarna var ég í einn og hálfan mánuð og eyddi svipuðu og á einni viku í London. Ég mæli með því að fólk skoði þennan kost þegar það ætlar að ferðast.“

*tryggvi@frettabladid.is*



**Hlífðargleraugum** má ekki gleyma. Ráðlagt er að kaupa þau sem fyrst enda stelast margir til að prófa flugeldana nokkru fyrir gamlársdag.



# Vínberjaát, laukar og rauð nærföt

*Siðir um áramót geta verið skondnir og skemmtilegir.*

Í **Cornwall á Englandi** er siður að setja kol og silfurpeninga fyrir framan útidyrnar á nýársnótt. Það á að tryggja íbúum hússins yl og næga peninga út árið.

Í **Þýskalandi** nota menn lauka til að spá fyrir um veðrið á nýja árinu. Sex laukar eru skornir í tvennt og salti dreift í sárin. Hver helmingur stendur fyrir einn mánuð ársins. Eftir nokkrar klukkustundir eru laukarnir skoðaðir. Ef saltið hefur horfið inn í laukinn þýðir það vætusama mánuði. Ef saltið er enn utan á lauknum þýðir það hita og þurrviðri.

Í **Hollandi** brennir fólk jólatrén á brennum og skýtur upp flugeldum til að reka anda síðasta árs í burtu.

Á nýársdag í **Grikklandi** er borin á borð sérstök kaka sem heitir Vassilopitta. Inni í kökunni er silfur- eða gullpeningur. Kökunni er dreift eftir strangri röð og sá sem finnur peninginn mun eiga gæfuríkt ár.

Á **Spáni** er siður að borða tólf vínber á miðnætti á gamlárskvöld, eitt í hvert skipti sem klukkan slær. Fæstum tekst að koma niður tólf vínberjum á tólf klukkuslögum, en siðurinn vekur kátínu þar sem fólk óskar hvert öðru gleðilegs árs með fullan munn af vínberjum.

Í **Austurríki** borða menn svínakjöt á nýárskvöld, vegna þess að svín eru svo dugleg að róta sér áfram. Sælgæti er líka borið fram í formi grísa og svína. Humar er ekki borðaður á gamlárskvöld, en neysla hans boðar afturför á árinu.

Í **Brasilíu** er því trúað að linsubaunajurtin tákni ríkidæmi og linsubaunasúpa er borðuð á nýársdag eða linsubaunir og hrísgrjón.



Á **Filippseyjum** hoppa börnin tíu sinnum meðan klukkan slær tólf, en það þýðir að þau muni stækka meira á nýja árinu.

Í **Rúmeníu** trúa menn að dýrin fái mál um miðnætti, en sömuleiðs að það boði ógæfu að heyra þau tala.

Á nýársdag í **Egyptalandi** mega allir klæðast skærum fötum, jafnvel stúlkurnar sem klæðast yfirleitt svörtu. Börnum er einnig gefið nammi en strákarnir fá nammi í laginu eins og strákur á hestbaki en stelpur fá nammi í laginu eins og stelpa í kjól.

Í **Japan** standa nýárshátíðahöld í þrjá daga. Fólk klæðist nýjum fötum og hús eru skreytt með greni sem boðar æskuljóma og styrk, bambus sem boðar heppni og plómur sem boða visku og kjark. Á gamlárskvöld fá allir tækifæri til að hringja bjöllu í búddamusterinu þangað til hringt hefur verið 108 sinnum. Þeir sem ná að hringja verða hamingjusamir á árinu. Þá hafa Japanar fyrir sið að hlæja þegar klukkan slær tólf því það boðar mikla heppni.



Í Rúmeníu trúa menn að dýrin fái mál um miðnætti, en sömuleiðis að það boði ógæfu að heyra þau tala.

Á **Srí Lanka** er haldið upp á nýja árið 13. eða 14. apríl því þar er notað Hindú-dagatal. Á gamlárskvöld er enginn matur eldaður né kveikt á ljósum, flugeldum eða brennum heldur notar fólk tímann í að heimsækja vini og ættingja.

Á gamlársdag í **Víetnam** er planta, eins og bambus-plantan, gróðursett í garði fjölskyldna. Fjölskyldur skreyta síðan plöntuna með bjöllum, blómum og rauðum borðum. Skreytingarnar eru ekki fyrir augað heldur til að vernda fjölskylduna gegn illum öndum.

Í **Ástralíu** er nýársdagur dagur til að gera eitthvað skemmtilegt úti eins og fara í lautarferð eða útilegu á ströndinni eða fara á brimbretti.

Í **Mexíkó** eru konur í rauðum nærfötum á áramótum, en það eykur líkurnar á að þær finni ástina á nýju ári.

Í **Venesúela** notar fólk hins vegar gul nærföt á gamlárskvöld en það boðar gæfu á nýja árinu.

Á **Ítalíu** er mistilteinn hengdur á útidyrnar, en það boðar gæfu á nýju ári.



# SIRKUS

29. DESEMBER 2006



BASSHUNTERINN SNÝR AFTUR
**KOMINN MEÐ ÍSLENSKA KÆRUSTU [12]**




BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON OG EGGERT MAGNÚSSON

## Menn ársins 2006

EINKA-VIÐTAL




CURVER OG KIKI OW
**Brjálað 90´s áramótaparti**



GAMLÁRSKASKA Á SIRKUS
**Fjögurra tíma bein útsending**



LEIKARABARN Á LEIÐINNI
**Unnur Ösp er ólétt**

**Ferskar Ítalskar kaffibaunir fyrir vandláta** mölum á staðnum
Kaffivélar frá Quickmill
Úrval af gjafavöru, bollasett, textil og fl.
BONOMI
KAFFIBÚÐIN
Hamraborg 1-3, sími-fax 5546054

# Með píkuhár á milli tannanna

Árið 2006 var ágætt ár. Ég heyrði af endurskoðanda í Reykjavík sem fékk tannpínu á árinu. Var hann að drepast og hringdi í tannlækninn sinn. Sá var frekar upptekinn og sagðist ekki eiga tíma í bráð en það hann að harka þetta af sér.



Næsta dag hringir tannsi í hádeginu og spyr endurskoðandann hvort hann geti ekki komið um þrjúleytið.

Rambaði endurskoðandinn út í bíl klukkutíma fyrir tímann en þurfti þá að keyra heim til sín í Grafarvoginn til þess að skipta um föt. Þetta var jú nokkur aðgerð. Þegar heim er komið var eiginkonan að baka smákökur inni í eldhúsi. Á meðan endurskoðandinn skiptir um föt í snatri segist konan vilja fá eitthvað frá manninum. Hann hafði ekkert fengið síðust þrjá mánuði og varð frekar pirraður. „Ekki akkúrat núna, ég er á hraðferð."

Innan skamms er hann byrjaður að sleikja frúna uppi á eldhúsborði því hún hótaði frosti næstu þrjá mánuði ef ekkert gerðist. Endurskoðandinn dreif þetta af og kláraði svo að klæða sig í jogginggallann. Á ljósunum uppi á Höfðabakkabrúnni er honum svo litið í spegilinn og sér þar píkuhár á milli tannanna. Hann reynir að taka það í burtu en það kemur grænt ljós og hárið verður eftir á milli tannanna.

De lónlí blú bojs hljómuðu á tannlæknastofunni þegar endurskoðandinn hlammaði sér í stólinn. Hann opnar munninn og þá springa tannlæknirinn og klinkan úr hlátri. Strákurinn er fljótur að átta sig á aðstæðum og spyr hvort það sé píkuhárið á milli tannanna sem kætir. Tannlæknirinn verður hissa á svipinni en svarar: „Nei, þú ert bara með kúk á hökunni." Gleðilegt ár og hafið það gott um áramótin.

*Breki Logason*

## BASSHUNTERINN SNÝR AFTUR OG ÆTLAR NÚ Í HVALASKOÐUN

# Á íslenska kærustu



**Basshunterinn**
Mættur aftur og er nú kominn með íslenska kærustu.



„Ég hlakka ótrúlega til að koma aftur til Íslands," sagði Jonas Basshunter þegar Sirkus spjallaði við hann í vikunni en hann kemur til Íslands í dag, verður fram yfir áramót og heldur fimm tónleika víðs vegar um landið.

Jonas segist himinlifandi yfir viðtökunum sem hann fékk þegar hann hélt tónleika hér á landi fyrir skömmu og ætlar að endurgjalda aðdáendum sínum stuðninginn með óvæntum glaðningi á tónleikunum. Jonas vill ekki gefa upp hver glaðningurinn sé en gefur í skyn að um nýjan danssmell sé að ræða. Þegar á Jonas fyrir tvo smelli sem gert hafa allt vitlaust á árinu. Í bæði jákvæðri og neikvæðri merkingu þess orðs. Því annað hvort elskar fólk Basshunter og lögin hans eða hatar. Boten Anna er til dæmis líklega það lag sem flestir hafa fengið á heilann á árinu 2006.

Það þurfti ekki beinlínis að pína Jonas til að koma aftur hingað til lands því ónefnd íslensk stúlka hefur fangað hug hans. Það er ekki laust við það að kallinn æsist allur upp þegar hann er spurður út í viðskipti sín við þessa huldukonu.

„Ég kynntist stelpu hérna á Íslandi þegar ég var á landinu. Við höfum verið í töluverðu sambandi síðan og ég ætla að hitta hana þegar ég kem. Ég ætla ekki að segja hvað hún heitir en segi þó að mér finnst hún frábær."

Jonas er að vinna í því að fá fjölskyldu sína með til landsins og gera tónleikaferðina að eins konar fjölskylduferð.

„Mig langar til að fara með þeim í hvalaskoðun. Ég hef aldrei séð hval og það yrði frábær upplifun. Ég vona að mér gefist tækifæri til að gera þetta á meðan ég dvel á Íslandi."

Þeim sem hafa áhuga á að sjá Basshunter á tónleikum er bent á flass.is en þar verður hægt að kaupa miða á herlegheitin.

## 6 ATRIÐI SEM BENDA TIL ÞESS AÐ...

# ...þú verðir dauður fyrir Skaup









1. Þú ætlar ekki að drekka mataroliu til þess að undirbúa magann.
2. Það er enginn matur á gamlárskvöld, bara sérrí.
3. Þú ert bara með Rúv+.
4. Þú fékkst kassa af rauðvíni í jólagjöf.
5. Þú læsist inni á lagernum hjá ÁTVR.
6. Þú dettur í það í fyrsta skiptið á gamlárs.






# Hverjir voru hvar um jólin







Flestir nota jólahátíðina til þess að slappa af og lesa kannski eins og eina góða bók. Aðrir líta á þetta sem fínan vettvang til skemmtana. Þeir sem á skólabekk sitja sleppa sér eftir langan próflestur um jólin. Þessa jóladaga sáust einhverjir frægir á djamminu. Endurkoma Eiðs Smára frá Barcelona er það sem stendur upp úr en hann sást á Oliver. Þar sáust einnig Ásgeir Kolbeins, Árni Þór Vigfússon og Jóhann Guðlaugsson fyrrverandi Svarta kortsmaður. Handboltamennirnir Vignir Svavarsson og Haraldur Þorvarðarson, markahæsti línumaðurinn í deildinni, voru elstu mennirnir inni á Hverfisbarnum. Ottó Tynes var skítblankur á Ölstofunni á meðan Dóri DNA og rappvinir hans rúlluðu á milli Thorvaldsen og Priksins. Thelma Þormarsdóttir ofurmódel var með vinkonum sínum á Sirkus. Einn besti plötusnúður bæjarins Ghozt sást ásamt Brunhein félaga sínum á Pravda í góðum filing. Ljósmyndarinn Nína Björk sást einnig á Vegamótum um jólin.


SIRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórn** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is, Breki Logason, breki@minnsirkus.is, Dröfn Ösp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Heimir Hermannsson, heimir@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is **Yfirmaðursirkusmiðla** Árni Þór Vigfússon arni@minnsirkus.is **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

Áramótin á Broadway
Það einfaldlega gerist ekki betra!



Sálin hans Jóns míns
Addi Exos
Grétar G
DJ Víkingur
DJ Björn Þór
20 ára aldurstakmark
Húsið opnar á miðnætti
BROADWAY

## Ég var að heyra...

Að nýja gellan í Kastljósinu Erla Tryggvadóttir sé að deita pródúsent á sjónvarpinu sem heitir Helgi.



Að lögfræðingurinn ungi Villi Vill sé kominn á nýjan fimm milljóna króna Bens.

Að Eiður Smári hafi tekið árlegan jólabolta með félögum sínum úr Breiðholtinu í vikunni.



Að enginn hafi þorað að tækla hann nema Sveppi.

Að Ragga á Bylgjunni sé orðin einhleyp.

Að Ásgeir Friðgeirsson sé að flytja til Lundúna þar sem hann mun sjá um ýmis verkefni fyrir Björgólfsfeðga og Eggert Magnússon.



Að Eyrún Magnúsdóttir, sem var í Kastljósinu, muni taka við af honum hér heima.

Að Hannes Smárason sé búinn að bóka öll herbergin á hótelinu á Flúðum fyrir partí sem hann ætlar að halda á gamlárskvöld.

Að fyrirmyndin að hinum kostulega karakter Frímanni Gunnarssyni sé enginn annar en faðir Gunnars Hanssonar, Hans Kristján Árnason.



Að hin fyrirmyndin sé Jón Óttar Ragnarsson.

Að Ingó Idol og hljómsveitin hans, Veðurguðirnir, hiti upp fyrir Basshunter hér á landi.

Að Flex.is verði með klúbbakvöld hjá Atla skemmtanalöggu á Yello í Keflavík í kvöld.



**FLOTTIR** Ásgeir og Hálfdán verða í miklu stuði á gamlársdag.

**ÁSGEIR KOLBEINSSON OG HÁLFDÁN STEINÞÓRSSON TAKA HÖNDUM SAMAN Á GAMLÁRSDAG**

# Fjögurra tíma áramótakaka í beinni á Sirkus

„Þetta er sko áramótakaka en ekki terta, það er mun skemmtilegra enda geta flestir búið til köku,“ segir Ásgeir Kolbeinsson um áramótaþátt Sirkuss. Ásgeir mun stjórna þættinum ásamt Hálfdáni Steinþórssyni og verða þeir félagar í fjögurra tíma beinni útsendingu á milli 14 og 18 á gamlársdag. „Þetta er eina beina útsendingin á gamlársdag held ég og pælingin er að hafa þetta létt og skemmtilegt.“
Strákarnir ætla að skoða það helsta frá árinu auk þess sem hljómsveitir kíkja í heimsókn. „Einnig verða þarna galdrakallar með kanínur og fleira skemmtilegt. Það má segja að landsliðið í skemmtilegheitum mæti til okkar. Einnig getur fólk úti í bæ tekið þátt í útsendingunni í gegnum netið og síma. Beðið um óskalög og annað,“ segir Ásgeir sem er spenntur fyrir þættinum.
Ásgeir hefur mikla trú á Hálfdáni félaga sínum sem hann segir skemmtilegan strák sem sé ekki of alvarlegur eða formfastur. „Það er akkúrat það sem svona þáttur þarf á að halda.“ Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Ásgeir er í beinni útsendingu en strákurinn er alvanur frá árum sínum á Popptíví.
Þeir ætla að blanda saman ólíku fólki sem ræðir alls konar málefni. „Einnig munum við skoða mistök í sjónvarpi og útvarpi og svo ætlar Gassi að gera símaat í beinni. Baggalútur mun kíkja á okkur sem og Magni og strákarnir úr Á móti sól.“
Ásgeir hvetur fólk til þess að stilla á áramótakökuna á meðan verið er að ryksuga eða gera flugeldana klára á gamlársdag á milli 14 og 16.

**ÁSTFANGIN AF ÍSLANDI**

# Dilana á Broadway



Hljómsveitin Á móti sól, sem kallar sig nú: Magni og Á móti sól, kemur fram á morgun á stórdansleik á Broadway. Í auglýsingum fyrir dansleikinn er auglýst að með sveitinni komi fram sérstakur Rock Star-gestur. Sirkus er bæði ljúft og skylt að upplýsa að þessi sérstaki gestur er náttúrulega engin önnur en hin suðurafríska Dilana. Þetta verður í þriðja skiptið sem Dilana kemur hingað til lands á skömmum tíma en í viðtali við Sirkus fyrir skömmu sagðist hún ástfangin af landi og þjóð. Hún lýsti sérstakri hrifningu sinni á íslensku skyri sem hún sagði allra meina bót.
„Mig langar að baða mig í því,“ sagði hún meðal annars í viðtalinu.
Flutningur Dilönu á Police-laginu um vændiskonuna Roxanne hefur náð talsverðum vinsældum hér á landi en ekki fer neinum sögum af frekari landvinningum í Bandaríkjunum eftir að sýningum á Rock Star-þáttunum lauk.
Miðinn á tónleikana kostar 2.500 krónur og forsala stendur yfir á broadway.is.

**HÉLDU JÓL Í SVISS**

# Unnur ólétt



Leikaraparið Unnur Ösp Stefánsdóttir og Björn Thors eiga von á sínu fyrsta barni. Fréttir þess efnis berast nú um leikarastéttina eins og eldur um sinu. Þetta eru að sjálfsögðu gleðitíðindi enda Björn og Unnur fallegt og hæfileikaríkt fólk og því efnilegur frumburður á leiðinni.
Skötuhjúin héldu gleðileg jól í Sviss þetta árið ásamt foreldrum Björns og herma heimildir að þar skemmti þau sér á skíðum.
Þegar þeirri ferð er lokið tekur leiklistin aftur við en Björn og Unnur vinna nú að uppsetningu leikritsins Killer Joe. Það mun verða faðir Unnar, Þjóðleikhússtjórinn fyrrverandi Stefán Baldursson, sem leikstýrir verkinu og verður það sýnt í Loftkastalanum snemma á nýja árinu.




# opið
## nýársdag

31. des. gamlársdagur opið til kl. 18
1. jan. nýársdagur opnum kl. 13

10-11
...þegar þér hentar
www.10-11.is

# ÁRSUPPGJÖR SIRKUSS ÁRIÐ 2006

**ÁRIÐ 2006 VAR FRÁBÆRT ÁR. SIRKUS-AKADEMÍAN LÉT SITT EKKI EFTIR LIGGJA OG FÓR YFIR ÁRIÐ Í ÞESSUM HELSTU FLOKKUM. MISJAFNAR SKOÐANIR ÁLITSGJAFA ENDURSPEGLA EKKI VIÐHORF SIRKUS-BLAÐSINS. EN ÞETTA ER SKEMMTILEGT. ÁRIÐ!**

## Maður ársins

●„Það er Eiður Smári Guðjohnsen fyrir ótrúleg afrek og hefur endanlega tryggt sér stöðuna sem besti leikmaður sem Ísland hefur átt.“

●„Magni Ásgeirsson setti þjóðfélagið á hvolf og afhjúpaði um leið inngróinn plebbismann. Íslendingum þykir ekkert eins merkilegt og það að komast á kortið í amerískum raunveruleikaþætti. Velta sér upp úr lágmenningunni.“



●„Guðmundur í Byrginu. Fyrsta íslenska ofurhetjan. Venjulegur meðferðarfulltrúi á daginn en á kvöldin breytist hann í ofurhetjuna Ironmaster með svipu og læknandi sæði.“

●„Ég verð að segja Róbert Marshall. Fyrir eftirminnilega fljótfærni og eftirminnilega brottrekstrarsök.“

## Skúrkur ársins

●„Það er Guðmundur í Byrginu. Fyrir að hrista á sér Lille manninn með kúrekahattinn, það hittir ekki í mark en samt pínu.“

●„Geir Ólafsson skeit náttúrulega á sig í Eurovisonforkeppninni. Hann ætlaði að vinna en komst ekki einu sinni í þriggja manna úrslit í fyrsta þætti forkeppninnar. Og Eyþór Arnalds fyrir að keyra fullur, það var svo hallærislegt að ég gæti ælt.“



●„Gunnari Smára Egilssyni tókst næstum að keyra 365 veldið í gjaldþrot með einstakri sýn sinni á fjölmiðlamarkaðinn. Sem fólst meðal annars í því að setja fólk eins og Ingva Hrafn og Sigurð G Tómasson í sjónvarpið. Ljótt fólk á að vinna á blöðum eða í útvarpi.“

●„Gaui litli fyrir hafa farið í enn eina misheppnuðu megrunina.“

## Uppákoma ársins

●„Ég held að staurakstur Eyþórs Arnalds sé atburður ársins. Hefði getað verið skúrkur ef hann hefði ekki endað árið með svona fínni Todmobile plötu.“

●„Ari Edwald kynnir endalok NFS í beinni útsendingu. Sjálfshátíð kókaín-barónanna á NFS breytist í jarðarför.“

●„Það er kellingin sem fæddi barnið á klósettinu um daginn. Hver vill ekki fæðast í micro laxeringu. Svo var barnið svo fallega tannað eftir þetta.“



●„DV-fárið. Afskaplega upplýsandi um hversu lýðurinn er heimskur og gleyminn og upplýsandi um lýðskrum og hentistefnu ýmissa stjórnmálamanna og heilu sjónvarpsstöðvanna – sem reyndar urðu ekki langlífar.“

## Flopp ársins

●„Dagskrá Stöðvar 2 er flopp ársins, það þarf að reka einhverja menn þarna.“

●„Er það ekki ökuferðin heim hjá Eyþór Arnalds, það var algjört flopp.“

●„Nylon og hvalveiðarnar. 1000 Bretar mættu á Sykurmolatónleika. 1000 Bretar mættu á Airwaves. 100 þús. Bretar keyptu lag úr Latabæ en höfnuðu Nylon vegna hvalveiða íslendinga. Þvílíkt bull.“

●„Þó að NFS hafi verið sett á laggirnar í fyrra þá floppaði það í ár. Ég veit ekki hvað menn voru að reykja þegar þetta var ákveðið en ég vil ekki prófa það.“

●„Silvía Nótt Eurovision. Var með allt lóðrétt niðrum sig í Aþenu.“



## Óvæntast á árinu

●„Magni maður, það hafði enginn trú á honum en hann kom ótrúlega sterkur inn og vann hug og hjörtu okkar allra, þvílík hetja.“

●„Gummi Gonzales er ekki hommi.“

●„Brotthvarf NFS, þetta virkaði sem svo skotheld hugmynd á mann. Kom virkilega á óvart.“



●„Ætli það hafi ekki verið að Gillzenegger hafi getað skrifaði heila bók og fengið hana útgefna.“

●„Maður átti ekki von á því að einhver úr Framsóknar- eða Sjálfstæðisflokki myndi segja að Íraksstríðið hefði verið mistök....en hvað gera menn ekki fyrir atkvæði.“

## Fyndnast á árinu

●„Innrás Steingríms Njálssonar inn á ritstjórnarskrifstofur DV, það var langfyndnast.“

●„Fyndnast er að Hjálmar Árnason upplýsti þjóðina svo ekki verður um villst, og það þarf bókstaflega að tyggja staðreyndirnar ofan í hana, um foringjahollustu sína og flokksmanna almennt – þá í tengslum við það þegar Jónki Sig., nýr foringi, sagði að Írak væri mistök.“




●„Það er bara vídeóið með Guðmundi í Byrginu ef ég er alveg hreinskilinn. Líka fyndið þegar Þorsteinn Guðmundsson fór í fýlu þegar hann var skammaður fyrir að gera grín að Eþíópíubörnum.“

●„Þegar Unnur Birna datt á hausinn í beinni útsendingu.“

## Besta sjónvarpsatvikið

●„Þegar Ron Manager stóð og talaði við refsarann í Gegndrepa. „Ég ætla ekki að standa hérna og rífast við fertugan karlmann með vatnsbyssu…“

●„Er það ekki þegar hnakkarnir Arnar Grautur og Appelsínuguli Turninn fóru að reyna að vera eðlilegir og allt varð kreisí?“

●„Ásgeir Kolbeins eldar með Kalla Lú í Sirkus RVK. Tveir mongó-ar í sleik er ekki fyndið.“



●„Þessi ofuræfði brandari Bubba og Hrafnhildar á Eddunni setti ný viðmið í vandræðaleika í sjónvarpi.“

●„Þegar Geir Ólafsson tók dúkkuna í þáttunum Köllunum á Sirkus. Það er besta sjónvarpsatriði allra tíma.“

## Besta Spaugstofuatriðið

●„Það var Árni Bondsen sem hafði License to steal og From Byko with love....þá hló ég.“

●„Æi Common ég horfi ekki einu sinni á Spaugstofuna.“

●„Árna Johnsen-grínið. Þegar Spaugstofan hættir að spá í það hversu lítilþæg og hneykslunargjörn þjóðarsálin er, og reyna að þóknast öllum, þá er hún helvíti fín.“



●„Það er nú ekki úr miklu að velja. Ætli það sé ekki bara þegar Karl Ágúst túlkaði hinn ódæla en snoppufríða Óla Geir fyrrum herra Ísland.“

## Besta sem gerðist á árinu

●„Mér fannst mótmælin hans Ómars æðislega mögnuð og það yljaði mér um hjartarætur.“

●„Strákarnir í Í svörtum fötum tilkynntu okkur að þeir væru að hætta.“

●„Er það ekki bara það að Bubbi hafi fundið ástina á ný. Maður bjóst ekki við því að hægt væri að elska svona sterkt aftur.“

●„Það að Framsóknarflokkurinn, þessi meinsemd í íslenskum stjórnmálum, sé nú loks við að geispa golunni.“



●„Þegar gaurinn rúnkaði sér í Kaupmannahöfn. Eigum við ekki að segja að hann hafi heilsað hershöfðingjanum fyrir framan Konungshöllina.“

## Versta auglýsingin



●„Versta auglýsing allra tíma er Linda Pé þarna þegar hún segir öllum líður illa...stundum .....meira að segja mjög illa....fyrir Rauða Krosinn eða eitthvað.“

●„Það er Glitnir-námsmannaauglýsingin með Himma og Jóa Alfreð. Tveir gæjar sem eru alveg ágætlega fyndnir léku þarna í ófyndnustu auglýsingu sem gerð hefur verið. Jafnvel Maarud-auglýsingin fyrir Idolið var fyndnari.“

●„KFC-auglýsingarnar. Valli og Siggi Hlö eru enn einu sinni með allt lárétt.“

●„Egils lite, ég er ekki að sjá hvað rassgat hefur með bjór að gera. Markaðsstjórinn hjá Ölgerðinni er augljóslega hommi.“

## Verst í sjónvarpi

●„Ég verð að gefa Þóru Tómasdóttur í Kastljósinu mitt atkvæði. Fyrir að tala ensku við forsetafrúna þegar hún var kosin kona ársins. Meira að segja Þórhallur roðnaði í framan.“



●„Ég held ég verði að segja Splash viðbjóðurinn á Sirkus. Þegar ég heyrði að það væri á teikniborðinu að gefa þetta út á DVD þá gerði ég í fyrsta skipti jólalista með gjöfum sem ég vil ekki fá.“

●„Það versta af öllu vondu var hádegisþáttur NFS með bleikum bakgrunni, man ekkert hvað hann hét. Fyrir hádegi á laugardögum endurtekinn endalaust og sá hann oft. Algjör viðbjóður.“

## Par ársins

●„Jói og Gugga. Ógæfufólkið sem sýndi að ástin sigrar allt.“

●„Skakkamanage-hjónin Berglind og Svavar eru tvímælalaust par ársins. Þau elska að syngja saman, það gerist ekki fallegra en það.“

●„Jói og Gugga sem eru Svanhildur og Logi undirheimanna.“

●„Logi og Svanhildur eignuðust frumburðinn allavega í þessu hjónabandinu. Þeirra samband bar góðan ávöxt og þau geisla sem endranær.“

●„Gillzenegger og Pála Marie eru par ársins. Þau eru stórglæsileg saman.“

●„Georg Lárusson og Vala Oddsdóttir, systir Davíðs, það var allavega mjög óvænt.“



## Blað ársins

●„Hér & nú fyrir að vera svo einlægt og opinskátt.“

●„Mér finnst bara Fréttablaðið langbest. Það er það sem ég les mest og er fjölbreytt og fræðandi. Það mætti samt koma oftar inn um lúguna.“

●„Það er Hér & nú fyrir öll opinskáu viðtölin. Loksins fékk maður opinská viðtöl.“




●„DV hlýtur að teljast blað ársins. Að fá linsing mob með logandi kyndla og heykvíslar upp að dyrunum fyrir að segja sannleikann hlýtur að teljast einn af hápunktum ársins. Og rifjar upp hrollvekjandi atriði úr mannkynssögunni – ekkert hefur breyst.“

## Sirkus-akademían

**Sólmundur Hólm Sólmundarson**, fyrrum ritstjóri Sirkuss
**Hjörvar Hafliðason**, fyrrum blaðamaður Sirkus
**Jakob Bjarnar Grétarsson**, blaðamaður á Fréttablaðinu
**Hanna Eiríksdóttir**, blaðakona á DV og krútt
**Brynja Björk Garðarsdóttir**, blaðakona á Séð og heyrt
**Þorkell Máni Pétursson**, útvarpsmaður á X-inu 977





## *Útköll okkar eru um* **1400** *á hverju ári!*

*Árið 2006 hefur eins og undanfarin ár verið mjög viðburðaríkt hjá okkur og verkefnin margvísleg. Síðustu vikur höfum við sinnt hundruð útköllum af öllum gerðum. 1400 útköll á ári þýðir að björgunarsveitir okkar fara að meðaltali í **3,8 útköll á dag!***

*Meðal þessara fjölmörgu útkalla má nefna aðstoð vegna óveðurs, ófærðar, sjóslysa, flóða og skipsstrands.*

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

***Þú þekkir flugeldamarkaði björgunarsveitanna og vörur okkar á þessu merki.***

*Þú getur **stutt á öflugan hátt við björgunarstarfið** með því að **kaupa flugeldana af okkur** því flugeldasalan heldur okkur gangandi.*

Þessi fyrirtæki eru styrktaraðilar Slysavarnafélagsins Landsbjargar

GLITNIR SAMSKIP SJÓVÁ

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

*- berst fyrir lífi þínu*

**WEST HAM-KÓNGARNIR BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON OG EGGERT MAGNÚSSON**

# Bestu vinir og ætla ekki að falla

Þegar farið er yfir árið 2006 er margt sem stendur upp úr. Að mati Sirkuss voru það þó félagarnir Björgólfur Guðmundsson og Eggert Magnússon sem hljóta nafnbótina menn ársins. Báðir hafa mikið látið að sér kveða og toppuðu svo allt saman með kaupum sínum á einu fornfrægasta knattspyrnuliði Englands. Þeir kynntust fyrir 40 árum og hafa brallað margt saman. Þessi jól sá Björgólfur um Waldorfsalatið á sínu heimili á meðan Eggert sá um fótboltaliðið sem þeir keyptu saman. Þeir bera mikla virðingu hvor fyrir öðrum og ætla sér á toppinn með West Ham. Þegar Sirkus ræddi við félagana var Eggert nokkuð upptekinn við hrókeringar á leikmannamarkaðnum en Björgólfur var hins vegar brattur og sagðist hafa borðað og lesið mikið yfir jólin.




„Ég hef haft það svo gott að ég er bara stressaður yfir því að þurfa að fara aftur í vinnuna," sagði Björgólfur þegar Sirkus náði af honum tali. „Ég borðaði kalkún og mjög góða deserta sem ég hef verið að klára. Ég læt alltaf búa til nokkra skammta þannig að hægt sé að grípa í þetta þegar sulturinn er alveg að drepa mann."
Björgólfur viðurkennir án þess að hika að hann sé ekki mikið í eldhúsinu sjálfur. Konan sé betri og hann þori ekki í þá samkeppni. „Ég fer aldrei í samkeppni nema ég sé öruggur um að vinna. Reyndar sá ég um Waldorfsalatið og fékk bara mikið hrós fyrir. Held samt að það hafi aðallega verið þegar fólk vissi að ég hefði gert það," segir Björgólfur og hlær.

*Björgólfur segir alla fjölskylduna hittast á jólunum og eyða nokkrum tíma saman. En hefur hann strengt einhver áramótaheit?*
„Ég er nú eiginlega alveg hættur því enda hefur þetta gefist illa. Maður er samt aðeins að reyna að bæta sig. Ég reyki fullmikið af vindlum og þyrfti að hætta því en mig langar bara ekkert til þess. Það eru aðrir í kringum mig sem leggja svolítið hart að mér en maður á aldrei að strengja áramótaheit sem maður hefur ekki trú á sjálfur."

Björgólfur er ánægður með árið 2006 og segir það hafa gefist vel bæði í viðskiptum og í fótboltanum. „Það er alltaf eitthvað að bætast við og nú er maður farinn að vinna 18 tíma á sólarhring sem er bara gott. Ég næ allavega utan um þetta."
Hann er einnig bjartsýnn á næsta ár. „Mér finnst ég bara vera ungur maður á uppleið og það leggst sérstaklega vel í mig."

*Björgólfur hefur verið duglegur við að láta drauma sína rætast en er eitthvað sem hann á eftir að gera sem er á döfinni?*
„Ég mun bara efla það sem ég hef verið að gera. Ég hef haft það tækifæri að styðja menningu og listir. Ég tel knattspyrnu til menningar og lista og við höfum verið iðnir við að styrkja það. Þetta gefur manni mikið og skilar okkur sem erum í viðskiptum miklu. Það þarf líka að tryggja það að West Ham verði Englandsmeistari sem er þó fullmikið á einu ári en það er stefnan. Svo er ég búinn að ganga frá því að KR verði meistari á næsta ári. Þá þarf maður ekki að hafa áhyggjur í tveimur löndum og það er mikill léttir," segir Björgólfur og hlær.

*En hvað myndi Björgólfur gera ef KR myndi mæta West Ham í Evrópukeppninni?*
„Þetta er rosaleg spurning og vandræðamál. En ætli ég myndi ekki veðja á þann sem ég treysti að kæmist lengra. Síðan myndi ég ekki hafa mig mikið í frammi á leiknum og vera rólegur eins og ég héldi með báðum liðum, voðalega diplómatískur."

*Fengu barnabörnin öll West Ham-treyjur?*
„Já, ég verð nú að játa það að sumir fengu svoleiðis. Það var samt eitthvað kvartað yfir því að ég væri búinn að gefa KR-búninga. En það er sumar og vetur og svo þarf að þvo búningana öðru hvoru og þá er hægt að skipta."

Björgólfur segist aldrei hafa átt neitt uppáhaldslið í ensku knattspyrnunni fram að þessu. „Við KR-ingar höfum alltaf verið miklir Liverpoolmenn og Newcastle líka en ég hef ekki verið alræmdur með neinu liði og verið afslappaður þar til ég fann minn tón."

Björgólfur lítur á West Ham sem skemmtilegt fótboltaævintýri sem gaman er að byggja upp og taka þátt í. „Það er svo margt í þessu fyrir utan fótboltann og þetta er mikill rekstur. Eigum við ekki bara að segja að þetta sé allur pakkinn."

Eggert var staddur í London þegar Sirkus náði af honum tali. Þar var hann um jólin. Hvernig líkaði þér það?
„Ja, lífið er bara fótbolti núna, það er ekkert annað. Nú er hávertíð knattspyrnunnar og maður verður að vera þar. Og ég sé ekkert eftir því."

*Eru erfiðir tímar fram undan?*
„Það eru mikilvægir leikir núna. Við erum í erfiðleikum því við erum í stöðu í deildinni sem við viljum ekki vera í. Svo þegar markaðurinn verður opnaður í janúar verðum við að reyna að gera eitthvað."

*Hvernig er enska pressan að fara með þig?*
„Enska pressan er í fínu lagi. Hún er agressív en sýnir okkur mikinn áhuga og það skiptir knattspyrnuna miklu máli. Allur þessi fjölmiðlaáhugi þarna úti skiptir máli fyrir vinsældir íþróttarinnar. Maður tekur þeim því bara eins og þeir eru og vinnur með þeim."

Stjórnarformenn ensku liðanna eru stórstjörnur á Englandi og má segja að Eggert hafi orðið frægur á einni nóttu og hefur mikið verið skrifað um Eggert í pressunni.
„Já, þeir hafa kallað mig The Biscuit Baron og The Eggman. Það er búið að vera mikið fjölmiðlaævintýri um mig og minn bakgrunn á síðustu mánuðum en maður tekur því bara eins og öðru."

*Er þetta besta starf sem þú gætir óskað þér?*
„Já, lífið er svo mikið ævintýri. Lífið er bara þannig að það bjóðast stundum tækifæri og ef maður er svo heppinn að geta gripið þau og gert eitthvað úr þeim þá eru ævintýrin stöðugt að gerast. Þetta er algjört ævintýri fyrir fótboltakarl eins og mig. Að lifa og hrærast í þessum bolta hér úti eru bara forréttindi," segir Eggert.

*En hvernig metur hann viðbrögð stuðningsmanna West Ham við kaupum Íslendinganna?* „Ég finn mikið traust í garð okkar Björgólfs. Þeir voru náttúrulega bara heppnir að fá okkur. Ég fer ekkert undan því að segja það. Það sem stóð þeim til boða á undan okkur var að mínu mati ekki gæfulegt fyrir þennan klúbb. Þeir fá í staðinn fótboltamenn sem vilja gera veg þessa klúbbs sem mestan. Á hinn bóginn var um að ræða umboðsmenn sem voru að mínu mati að hugsa um eigin hag. Mér finnst líka mikilvægt að stuðningsmenn West Ham viti að samband okkar Björgólfs byggir á fullkomnum vinskap og trúnaði.
Það er mikið um þessa umboðsmenn í boltanum. Allt of mikið að mínu mati. Þetta eru afætur á fótboltann að mínu mati og taka allt of mikinn pening úr íþróttinni."

*Hvað gerist núna á næstu dögum?*
„Við erum á fullu að leita að leikmönnum til að styrkja okkur. Við ætlum okkur að bæta stöðu West Ham því það kemur ekki til greina að falla. Það er eitthvað sem er ekki í plönunum hjá okkur."

## Björgólfur um Eggert

„Við erum búnir að vera vinir í yfir 40 ár og starfað saman í ýmsum félagasamtökum. Meðal annars vorum við saman í fyrstu stjórn SÁÁ og stofnendur þar. Ég hefði aldrei farið út í þetta West Ham dæmi ef Eggert hefði ekki verið með mér í þessu. Ég tel að hann hafi alla þá hæfileika sem þarf til að gegna þessu starfi og það er enginn sem ég þekki sem hefur eins mikil sambönd í knattspyrnuheiminum. Við höfum bæði verið grallarar saman og svo líka ákveðið að vera ekki grallarar. Hann er einbeittur og skjótur að taka ákvarðanir og lætur hlutina ekkert vefjast fyrir sér heldur keyrir á hlutina. Sumum finnst hann kannski dálítið einráður en í því starfi sem hann er í núna tel ég það vera kost."

## Eggert um Björgólf

„Björgólfur er eins og ég, búinn að vera fótboltakall allt sitt líf. Og hefur stutt rækilega við bakið á íslenskri knattspyrnu um langa hríð. Hann var formaður í KR og ég í Val. Það eru náttúrulega höfuðfjendur í fótboltanum heima. En við erum búnir að vera vinir í langan langan tíma. Og þegar þetta tækifæri kom upp gat ég ekki fundið betri „partner" í þetta. Bæði fótboltaáhuginn og félagsskapurinn eru þar til staðar. Það verður að vera ákveðinn trúnaður í gangi í svona fyrirtækjum.
Því þó að þetta sé að sjálfsögðu stórfyrirtæki þá er þetta að sjálfsögðu líka tilfinningafyrirtæki. Þetta snýst um tilfinningar. Og það er það sem gerir þetta líka oft á tíðum flókið.
Við tölum saman á hverjum degi eins og við höfum lengi gert. Og þannig mun það verða. Það gefur mér púst að fá skoðanir hans og líka að geta komið frá mér því sem á mér liggur."

TÖLVUVERSLUN

*með þjónustuna í lagi*

# *Tölvugjafir*

*- allt fyrir áhugamanninn*



**Asus Pundit**
- 3.33GHz Intel Celeron örgjörvi
- 512MB OCZ DDR2 minni
- DVD ± R/RW 16x4x16 Dual layer drif
- 250GB SATA harður diskur
- ATI Radeon Xpress 200 skjákort
- Innbyggt 10/100 netkort
- Innbyggður kortalesari
- Fjöldi tengja að framan
- Windows XP Home

**Verð kr. 59.990**



**Asus T2 BORÐTÖLVA**
- 3.0GHz Intel P4 531 LGA775 örgjörvi
- 1GB OCZ DDR2 533MHz Dual Channel minni
- DVD ± R/RW 16x8x16 Dual Layer drif
- Innbyggt hljóðkort
- 250GB harður diskur
- Intel 945G skjástýring
- Innbyggt Gbit netkort
- Windows XP Home OEM
- Innbyggt útvarp

**Verð kr. 69.990**



SONY

**Sony VAI011NS/W FARTÖLVA**
- Intel Core Duo T2050 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni
- 100GB harður diskur
- DVD+-RW skrifari
- 15.4" breiðtjaldsskjár
- Intel Graphics Media Accelerator 950
- Windows Media Center Edition
- Þráðlaust netkort

**Tilboðsverð kr. 149.990**
Fullt verð kr. 169.990







**Logitech X-230 HÁTALARAKERFI**
32W RMS, 2 öflugir hátalarar og stórt bassabox - Frábær hljómur.
**kr. 5.990**



**Sarotech Abigs 3.5" SJÓNVARPSFLAKKARI**
Sjónvarpsflakkari, spilar kvikmyndir, þætti, tónlist og ljósmyndir í sjónvarpinu þínu.
**kr. 15.990**

**Sarotech Abigs 3.5" Sjónvarpsflakkari - HiDef - Lan**
Sjónvarpsflakkari - þessi gerir allt saman. DVI og 10/100 LAN tengi, 1920x1080 high definition, LCD skjár.
**kr. 29.990**



**Sarotech 3.5" USB2 FLAKKARI**
Flakkari USB2.0 úr áli með innbyggðum straumbreyti. Viftulaus. Taska fylgir með. Góður hugbúnaður fylgir - Auðvelt að taka afrit.
**kr. 3.990**



**Razer Copperhead Chaos Green LEIKJAMÚS**
Hraðvirk leikjamús sem hefur hlotið fjölda viðurkenninga. 2000 dpi Razer Precision™ laser 1000Hz með 1 ms svartíma.
**kr. 5.990**

**Asus 7300LE PCI-E 64MB - DVI - DUAL VGA - PCIe**
PCI Express skjákort - sjónvarps útgangur.
**kr. 5.990**



**Philips SPC200 VEFMYNDAVÉL 640x480**
Vefmyndavél - 640x480 punkta upplausn - 30 fps í video - 24bita litadýpt - Gott í MSN og Skype - míkrafónn fylgir - Philips gæði.
**kr. 3.990**



**Canon iP3300 4 hylkja PRENTARI**
Canon iP3300, 4 hylkja, 4.800x1.200dpi, full blæðing, 25bls í svörtu, 17bls í lit, ChromaLife100, Direct Print, USB 2.0.
**kr. 9.990**

**Canon Smartbase MP500 FJÖLNOTAPRENTARI**
Canon All-in-One MP500 skanni 1200x4800dpi, blekprentari 9600x2400dpi, 19-29 bls/mín, duplex , CL100.
**kr. 19.990**



**19" LCD Philips 190S TÖLVUSKJÁR**
19" LCD Tölvuskjár - Upplausn: 1280x1024 punktar - Skerpa: 500:1 og svartími: 8ms - Birta: 250cd/m2 og sjónsvið (H/V): 160/160° - Borðstandur fylgir.
**kr. 29.990**

ASUS
Sarotech
PHILIPS
OCZ Technology
TRENDnet

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

**TAKKAR**

**TÖLVUVERSLUN** - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

# Engir litir!

Árið 2006 breyttist allt í svarthvíta mynd. Bæði fatnaður og heimili fólks urði svart hvít. Meira að segja tók nýi flatskjárinn minn upp á því að sýna svarthvíta mynd frá fyrsta degi og enginn gat fundið út hvað var að!! Svarthvít tíska er mjög þægileg, eiginlega of þægileg og ég verð að segja alveg leiðinlega einhæf. Ég mæli því með á nýju ári að fólk taki Borat sér til fyrirmyndar og noti sem flesta liti. Út með svarthvíta tísku og húsgögn og ég tala nú ekki um nýja svarthvíta flatskjáinn.







# Nýjar verslanir

Margar nýjar verslanir opnuðu á árinu. Ekki bara nýjar heldur spennandi verslanir með hátískuvörum sem ekki hafa sést hér á landi áður. Þar má nefna lífsstílsbúðina 3 hæðir á Laugavegi og nýja verslun Nonna og Hrafnhildar, Liborius á Nýlendugötu.

## tískumolar

HELGU ÓLAFSDÓTTUR





## Allra veðra von

Það hefur sýnt sig þennan veturinn að það er allra veðra von. Ég mæli því með því að ef þú átt ekki góða úlpu skaltu fjárfesta í einni slíkri. Þegar kalt er þarftu ekki að klæðast fimm peysum, ullarbrók og lambhúshettu ef þú átt góða úlpu. Vertu í skvísugallanum og skelltu þér í úlpuna góðu, þá ertu fín og flott í öllum veðrum.



## Nýtt skart

Skartgripir eru að verða ómissandi hluti af heildarmyndinni. Hringir, hálsfestar, eyrnalokkar og armbönd eru orðin ódýr og í lagi að þetta séu ekki ekta demantar sem endast heilu áratugina. Allt er leyfilegt og best er að blanda öllu saman, kúlum, gulli, silfri, perlum, efni, fjöðrum og bara því sem þér dettur í hug. Ekki skemmir það fyrir að við eigum íslenskan „heimsfrægan" skartgripahönnuð, Hendrikku Waage.



## Ný form

Árið sem há mitti og blöðrupils ruddust yfir pípararassa og mínipils. Há mitti og blöðrupils eru komin til að vera, ekki vera hrædd við þessar skemmtilegu breytingar því þær verða ennþá eldheitar á árinu 2007.

# Tónaðu hlaupið




Tónaðu:
Veldu þér markmið og stilltu inn þína tónlist.
Hlaupið:
Skynjari sendir þráðlaust úr sérstöku hólfi á Nike+ skóm í iPod nano
allt um tíma, vegalengdir, hraða og brennslu í hlaupinu.
iPod nano segir þér frá því.
Tengdu:
iPod nano við tölvuna þína og afköstin flytjast sjálfkrafa inn á þitt eigið svæði á nikeplus.com

Fáanlegt í Útilíf og Sportver

nikeplus.com

# Árið gert upp... DD-Unit STYLE!

**Ahh já þá er það uppgjör – hvað er það sem hefur staðið upp úr hjá my buds the celebbs? Tja mar veit ekki alveg hvar ég ætti að byrja en ég verð bara með nokkra flokka og ég held ég byrji á uppáhaldinu mínu:**



DD UNIT
Með svartabeltið í Hollywood

## 1 KÚKUR ÁRSINS

Það verður víst bara að vera hún **Brit Brit**! Já það er víst ekki um að villast en fraukan **hefur svoleiðis kúkað upp á bak svo gott sem í hverjum mánuði á árinu sem er að líða!** Hvort sem við erum að tala um white trash óléttuna, sjónvarpsviðtalið við Matt Lauer*, skilnaðurinn við K-Fed, síendurtekið flass á láfu*, fyllerí og djamm með Paris Hilton ég get haldið áfram endalaust og hún er svo gott sem sjálfkjörin stelpan!



**Góðir kandidatar í KÚK ÁRSINS:**

Mel Gibson fyrir frábæra frammistöðu sem fylliraftur sem er ósáttur við gyðinga

Kanye West fyrir að tapa sér í mikilmennsku-brjálæðinu á evrópsku MTV-verðlaununum vegna þess hann vann ekki fyrir besta vídeó

Maginn á Töru Reid eftir glataða svuntuaðgerð



Ljóti mallakúturinn hennar Töru Reid, skammastu þín!



Mel „anti-semiti“* Gibson

## 2 SKILNAÐUR ÁRSINS

Þrátt fyrir að Brit Brit og K-Fed hafi verið nálægt því þá verð ég að segja að skilnaður ársins sé einfaldlega **Sir Paul og Heather Mills** – úff sjaldan hefur skilnaður farið jafn-hressilega út í skurð og þessi shiiiiiiiii*. **Til að gera langa sögu stutta þá eru þetta helstu highlights***: Vera með upptökur af Lindu heitinni McCartney að tala um að Paul hafi lamið sig, Paul læsti Heather úti og hótaði öryggisvörðum sínum að fjarlægja hana, hún fór í blöðin með væl og sakaði hann um ógeð við sig og Beatrice dóttur þeirra, klámmyndir af henni dúkkuðu upp og allt ljótt sem hægt er að segja um maka sinn lét hún flakka reglulega!



**Góðir kandidatar í SKILNAÐ ÁRSINS:**

Kate Hudson og whatshisface

Ryan Phillippe og Reese Witherspoon

Kid og Pammie ahhh ææ

Brit Brit og K-Fed









## 3 MEDIA STUNT ÁRSINS

Úff þessi catagoría* er að fara með mig. Ég get varla gert upp á milli tveggja hluta – TomKat brúðkaupsins eða það að flassa láfu? Ég veit það ekki alveg og verð eiginlega að láta tíkall ráða þessu og bíðið aðeins.. jupp það er sem sagt hið seinna sem verður valið **Media stunt ársins = að flassa kjötgluggatjöldunum án tilheyrandi hlífðarfatnaðar*!**



**Góðir kandidatar fyrir MEDIA STUNT ÁRSINS**

Lindsay Lohan fyrir síendurteknar steiktar bréfaskriftir eftir að hafa innbyrt aðeins of mikið af áfengi og pillum og guð má vita hverju

Anna Nicole Smith og barnsburðurinn hennar sem var víst og er fréttaefni fyrir Insider ennþ dag og það eru 3 mánuðir síðan hún gaut

Eddie Murphy fyrir að stinga Mel B í ólétt bumbuna og afneita her has-been-ass*!







Brangelína eyddu jólunum í Kólumbíu að hjálpa

## 4 TÖFF ÁRSINS

Þar sem DD-UNIT er vön því að gefa skít er svoldið erfitt að koma með eitthvað sem var manni að skapi en here goes*! Það eru nokkrir hlutir sem celebbarnir gerðu rétt í ár og má þar helst nefna **Santa-Angelina og Heilagur Pitt*** en þau neita að gifta sig og í stað þess að segja eitthvað sem hefur ekki áhrif **nota þau hvert færi til að spila á fjölmiðlafíflana sín lög** – já þau sögðust ætla að gifta sig þegar allir í Ameríku gætu það sem sagt samkynhneigt fólk ahhh næssss gott múf*!

**Góðir kandidatar yfir TÖFF ÁRSINS:**

MKO og Ashley Olsen en þær segja aldrei neitt sama hvað verið er að bulla um þær í blöðum – No comment – fíla það!!

Madonna fyrir að ættleiða David frá Malaví þrátt fyrir að alþjóðasamningar um ættleiðingar þar séu ekki fyrir hendi.

Pamela Anderson fyrir að stimpla sig inn sem singelton*, korteri eftir hún skildi við Kid með því að sitja fyrir í Playboy hot as hell*







## GLÓSUR – LÆRÐU LINGÓIÐ

**My buds the celebbs**
Vinir mínir

**Sjónvarpsviðtalið við Matt Lauer**
Hún mætti í örstuttu gallapilsi, bleikum hlýrabol með tyggjó, falskt augnhár hangandi út á kinn hálft viðtalið og hafði einmitt rekið talsmanninn sinn og stílista áður… gott hjá stelpunni sem leit út eins og hundsrass.

**Síendurtekið flass á láfu**
Að nást á mynd án nærbuxna

**Antí-semíti**
Að vera andsnúinn gyðingum

**Shiiiiiiiii**
jesús minn góður

**Highlights**
Það helsta

**MEDIA STUNT ÁRSINS**
Fjölmiðlauppákoma ársins

**Catagoría**
Flokkur

**Here goes**
Hérna kemur það

**Her has-been-ass**
Að vera búin að vera, ekki hipp lengur

**Santa-Angelina og Heilagur Pitt**
Þau eru alltaf að gera eitthvað svo ótrúlega gott og hjálpa þeim sem minna mega sín og ættleiða börn héðan og hvaðan

**Gott múf**
Sterkt útspil hjá þeim

**Singelton**
Á lausu

**Hot as hell**
Fuðrandi heit

be sure to check me out á www.dd-unit.blogspot.com

TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090



# DREYMIR ÞIG STÓRA DRAUMA?

KOMDU Á NÁMSKEIÐ HJÁ TÓNVINNSLUSKÓLANUM, KENNSLA FER FRAM Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

TÓNVINNSLUSKÓLI
ÞORVALDAR BJARNA

## BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ HALLA OG HEIÐA KENNA

Frábært námskeið fyrir krakka sem vilja læra söng og leik, framsögn og framkomu, dans og samhæfingu söngva og dansa. **Heiða úr Idol-inu** og **Halla Vilhjálms** úr **X-factor** kenna. Námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

## SELMA OG VALGERÐUR KENNA ÞÉR AÐ SYNGJA

Söng- og framkomunámskeiðið er tilvalið fyrir alla sem langar til að læra söng og fagmannlega framkomu. **Selma Björns** og **Valgerður Guðnadóttir** kenna, en námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

## GÍTARNÁMSKEIÐ MEÐ VIGNI OG GUNNARI

Erum með gítarnámskeið fyrir byrjendur, lengra komna, leikskólakennara og foreldra. Markmið námskeiðanna eru að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og öll helstu gítargripin. Leiðbeinendur eru **Vignir Snær** (Írafár), **Gunnar Þór Jónsson** (Sóldögg) o.fl. Nánari upplýsingar á www.tonvinnsluskoli.is.



SKRÁNING ER HAFIN

## BLUES- OG JAZZSÖNGUR MEÐ ANDREU GYLFA

Námskeiðið er sérsniðið fyrir þá sem hafa einhverja reynslu af söng og vilja læra eitthvað nýtt. **Andrea Gylfa** kennir en meðal hljóðfæraleikara eru **Kjartan Valdemarsson** og **Vignir Snær.** Námskeiðinu lýkur með hljóðrituðum tónleikum. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

## TÓNLISTARSKÖPUN BARNA OG UNGLINGA

Tónlistarsköpun og hljóðritun með heimilistölvu. Barna- og unglinganámskeið. Kennt er á **Reason** tónlistarforritið sem nota má í flestum heimilistölvum og er jafnframt vinsælt meðal tónlistarmanna. Eftir námskeiðið geta krakkarnir bæði samið, tekið upp og unnið tónlist í sinni eigin tölvu heima við. 12 vikna námskeið, 39.900,-

propellerhead REASON

SKRÁNING ER HAFIN

## VIÐURKENNT TÓNVINNSLUNÁM

Aðalnámsbraut: Tónvinnslunám. Tónvinnsluskólinn hlaut nýlega viðurkenningu **Digidesign** sem viðurkenndur **Pro Tools** skóli. Námið veitir nemendum því Diploma, viðurkenndu af Digidesign, upp á próf í tónvinnslu sem veitir aðgang að framhaldsnámi erlendis. 4 mánaða nám, 160 klst., kennt í fyrsta flokks hljóðverum; **RMP** og **Stúdíó Sýrlandi**. 319.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

DIPLOMA

PRO TOOLS digidesign

SKRÁNING ER HAFIN

## SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

**KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ**

## Kvikmyndagagnrýni Sirkuss

# Fábrotnir fánareisarar



Þegar mér áskotnaðist boðsmiði á frumsýningu Flags of Our Fathers vissi ég satt að segja ekki mikið um myndina, annað en að hún var að einhverjum hluta tekin upp á Íslandi og Clint Eastwood hefði leikstýrt henni. Ég gerði mér því smáværtingar þar sem hann fékk nú einu sinni Óskarinn fyrir síðustu mynd sína Million Dollar Baby.
Myndin fjallar um sex hermenn sem reisa fánastöng á fjalli sem þeir hafa verið að berjast um í einhverja daga. Þeir slysast á ljósmynd þegar þeir eru að því og í kjölfarið kemst þessi mynd í blöðin. Þeir þrír sem lifðu af eru fengnir heim til Bandaríkjanna í einhvers konar auglýsingaherferð og titlaðir sem hetjur.
Myndin fer fram og aftur í tíma en það virkaði engan veginn hjá Clint og eftir því sem leið á myndina fannst mér eins og ég væri að sjá sömu atriðin aftur og aftur. Það er nánast enginn söguþráður í myndinni og ég fann enga samúð með persónunum. Um miðbik myndarinnar var ég byrjaður að dotta en þá var ég líka orðinn þreyttur á þessu: „I'm not a god damn hero!“ tali í fánareisurunum, sérstaklega í Ira Hayes (Adam Beach) sem tókst að lifa af stríðið en dó síðan vegna of mikillar áfengisneyslu. Bandaríski kjánahroll-urinn lét á sér kræla á nokkrum stöðum og ég var hálffeginn þegar myndinni lauk.
Þetta er vissulega flott og vönduð mynd en hreyfir bara ekk-ert við manni. Ég vona að japanska útgáfan, Letters from Iwo Jima, verði betri.
Ég gef myndinni eina stjörnu sem ég ætla að tileinka öllum íslensku statistunum sem komu að myndinni og fengu lúsarlaun fyrir.

*Freyr Arnaldsson*




**MÁNI MÆLIR MEÐ**

**1**



**Albert Hammond**
**101**
„Eiturhress og skemmti-legur gæi sem er ekki á eiturlyfjum.“

**2**



**Mastadon**
**The Wolf Is Loose**
„Úlfurinn er algjörlega laus í þessu lagi, engin spurning.“

**3**



**Wolfmother**
**The White Unicorn**
„Þeir eru það besta sem komið hefur frá Ástralíu síðan Mark Viduka kom fyrst fram.“

**BRJÁLAÐ 90´S GAMLÁRSPARTÍ CURVER OG KIKI OW Á NASA**

# Það hefur vantað alvöru gamlárspartí

„Við byrjuðum með þetta í sumar og það hefur alltaf verið troðfullt hjá okkur og rosalega gaman. Okkur hefur líka fundist vanta skemmtilegt áramótapartí og þetta verður þrusugaman,“ segir Curver Thoroddsen sem stendur fyrir 90´s áramótapartíi með Kiki Ow, vinkonu sinni. „Það er mikill húmor í þessum lögum og þau eru hallærislega skemmtileg. Það kemur mikill nostalgíufílingur í mann þegar maður heyrir þetta og ekki skemmir fyrir að dressa sig aðeins upp.“
Curver segir að fyrir um tíu árum hafi 80´s bylgjan komið aftur en nú sé það 90´s sem hætt er að vera hallærislegt og er komið hringinn. „Í sumar hefur þessi tónlist verið áberandi í auglýsingum og teiknimyndum. Ég hef meira að segja heyrt No Limit á handboltaleikjum. Það geta allir verið sammála um að þessi tónlist er skemmtileg,“ segir Curver sem vonast til að sjá ólíka hópa á NASA á gamlárskvöld. „Við höfum verið að fá til okkar nýbylgjufólk og pönkara. Pælingin er að sameina listaspírutreflana og hitt fólkið á einu kvöldi.“
Curver segir að þessi 90´s bylgja sé ekki bara á Íslandi heldur séu haldin mörg þúsund manna partí í Bretlandi og Þýskalandi.
Forsalan er byrjuð á www.nasa.is og hvetur Curver fólk til þess að næla sér í miða sem fyrst. „Við munum telja í fljótlega eftir miðnætti og svo verður bara brjálað stuð. Það má líka alveg segja frá því að þetta er í boði Campari og Thule.“




**90´S** Curver og Kiki Ow verða með brjálað gamlárspartí á NASA.

### 90´S HLJÓMSVEITIR SEM HEYRAST Á NASA

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2 Unlimited | Haddaway | Vanilla Ice | Bong |
| Prodigy | Scatman John | House of Pain | Pís of Keik |
| Dr Albarn | Underworld | Bubbleflies | |




**BRYNJAR MÁR MÆLIR MEÐ**

**1**

**STORM LARGE**
**LADYLIKE**



„Þetta lag er eiginlega lag sem ég kolféll fyrir þegar þættirnir voru í gangi á sínum tíma, hún er náttúrulega alveg að bræða mann með þessum „slutty“ klæðnaði og frábærri rödd og attitjúti.“

**2**

**JAMES MORRISON**
**THE PIECES DONT FIT ANYMORE**



„Þessi kappi kemur verulega á óvart með sinni fyrstu sólóplötu, hann er búinn að henda út þremur lögum á skömm-um tíma núna, og þetta lag er langbesta lagið... án nokkurs vafa.“

**3**

**KILLERS**
**WHEN YOU WERE YOUNG**



„Ég eiginlega féll fyrir þessu lagi þegar ég skellti mér til Ameríku um daginn, þá var þetta lag úti um allt, sem og reyndar Killers yfir höfuð. Lagið er náttúrulega bara alveg ÓGEÐSLEGA GOTT.“

## Farðu á þessa...




Happy Feet er krúttleg-asta mynd í heimi. Myndin fjallar um mörgæsina Mumble. Mumble kann ekki að syngja og verður það honum til mikils ama, enda finna mörgæsir sér lífsföð-armaka með söng. Útskúfun og einsemd bíða því Mumble sem reynir hvað hann getur að bjarga sér fyrir horn með einstökum danshæfi-leikum. Elijah Wood, Robin Williams og Gwyneth Paltrow fara með aðalhlutverkin. Pottþétt jólamynd.

## Dagskráin á gamlárskvöld




**BARINN** Það verður elektrópartí á Barnum. DJ Skeletor verður í transi fram á morgun. Mættu snemma svo þú þurfir ekki að bíða í röð í tvo tíma.



**PRIKIÐ** Það verður rappfest á Prikinu. Danni Deluxe, Dóri DNA og Bent halda uppi stuðinu. Fullt af röppurum og kampavín á tilboði.



**BROADWAY** Sálin spilar á stóra sviðinu og tekur alla slagarana. Í hliðarherbergjum verða plötusnúð-arnir DJ Víkingur, Addi Exos, Grétar G og DJ Björn Þór.



**PRAVDA** Hallli og Ingvar verða með pose.is partí á Pravda. Frítt vín fyrir þá sem kaupa sig inn. VIP herbergi á efri hæðinni. Áki Pain spilar.

**ÓLIVER** Opnar klukkan korter fyrir eitt. Hægt að panta borð á cafeoliver.is. Fjöldinn allur af skemmtiatriðum og plötusnúðum.



## Farðu á þetta ...



Jólaleikrit Þjóðleikhússins í ár er Bakkynjur eftir Evrípedes, einn þekktasti harmleikur grísku gull-aldarinnar. Allir alvöru kúltúr-snobbarar munu flykkjast á þessa uppfærslu sem er sögð afar tilkomumikil. Af öllum grísku guðunum er Díónýsos án efa sá hressasti. Í leikritinu kíkir hann í heimsókn til borgarinnar Þebu til að tékka á því hvort allir séu örugglega að stunda brjálaðan ólifnað, sukk og aðra vitleysu. Þeir sem treysta sér ekki geta bókað sig fyrst á námskeið í Þjóðleikhúsinu sem kennir gríska harmleiki. Sniðugt.


SIRKUS
VANISHED
HELDUR ÁFRAM 14. JANÚAR
SIRKUS TV
90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti



stelpubögg með
Siggu Dögg

## Gamlárs-sleikur...

Á gamlársdag þá ligg ég yfir Kryddsíldinni og dunda mér við listagerð, einn listi er fyrir hlutina sem ég hef áorkað á liðnu ári og annar fyrir markmið nýs árs. Ég strengi tvö til þrjú áramótaheit sem flest snúast um hluti eins og að taka fleiri myndir og nota tannþráð hverju kvöldi. Raunhæft, einfalt og auðframkvæmanlegt.

Gamlársdagur snýst um að kveðja fortíðina og leggja drögin að framtíðinni.

Þessi dagur er eins konar jafnvægispunktur á vegasalti. Gamla árið er ekki alveg búið og það nýja ekki enn komið. Þetta er því minn uppgjörsdagur. Ég geri einn leynilegan lista til viðbótar. Ég fer yfir hluti sem hefðu mátt fara betur og gjörðir og orð sem gætu hafa sært. Ég fer með litla afsökunarbeiðni í hjartanu og lofa sjálfri mér að segja það við viðkomandi næst þegar ég hitti hann. Þetta er því hálfgert karma-uppgjör.

Það sem ég hef áorkað fer í debet og leynilistinn fer í kredit.

Ég athuga hvort bókhaldið stemmi ekki örugglega því þá get ég farið með góðri samvisku út að skemmta mér um kvöldið. Það hefur þó komið fyrir að ég skuldi. Í slíkum tilfellum þá hef ég haldið í þá trú að með nýársdegi þá þurrkist bókhaldið út og ég fái að byrja á nýju óskrifuðu blaði. Engin skuld og engin inneign.

Karma-uppgjör er því á ársgrundvelli, engin sjö ára ógæfa fyrir brotinn spegil, allt endurnýjast á miðnætti á gamlárskvöld.

Vinur minn sagði einu sinni við mig: „Þú verður að kyssa einhvern á gamlárs, annars verður þú ekki ástfangin næsta árið“. Þessu trúi ég bókstaflega svo til að byrja að safna í debetdálkinn minn þá set ég mér það markmið 31. desember að fara í sleik. Þrátt fyrir miklar umræður um ofmetin teiti þá get ég samt ekki bara sprengt flugeldana með fjölskyldunni og farið svo heim að sofa. Þessi setning vinar míns hangir yfir mér líkt og hræðileg örlög eða dómur um einmanaleika. Mér finnst ég skulda karmanu mínu að fara út að skemmta mér og leita að sleiknum. Það skiptir ekki máli við hvern, strákurinn er ekki aðalatriðið hér heldur sjálfur kossinn.

Þetta er ekki ólíkt eplinu hennar Öskubusku, óþægindi í hálsinum og hjartanu sem aðeins koss getur læknað.

Biblían og karma eru sammála um að það sé sælla að gefa en að þiggja. Það er einnig oftast þannig að sá sem gefur fær eitthvað í staðinn.

Þú daðrar og einhver daðrar til baka. Ég kyssi hann og hann... Þetta er leikur með bjúgverpil, þú færð til baka það sem þú sendir frá þér. Langmikilvægasta áramótaspakmælið er því án efa: „Þú uppskerð eins og þú sáir“.

Byrjum nýja árið á því að senda góða strauma út í heiminn og færa inn í debetdálkinn....

Gleðilegt nýtt ár.









Í rauða umslaginu leynast peningar en rauði liturinn táknar heppni og farsæld.

## Umslag með heppni og farsæld

VÆRI EKKI ÁGÆTT AÐ BREYTA TIL OG TAKA UPP NOKKRAR AUSTURLENSKAR ÁRAMÓTAHEFÐIR?

Í Kína og fleiri Austurlöndum fjær tíðkast að gefa börnum og ungu fólki rautt umslag um áramótin sem kallast hong bao á kínversku. Umslagið inniheldur yfirleitt peningagjöf. Rauði liturinn táknar heppni og farsæld og upphæðin í umslaginu er oftar en ekki einhver happatala eins og áttahundruð áttatíu og átta en orðið yfir átta í kínversku hljómar mjög líkt orðinu sem notað er yfir hagsæld og velgengni.

Appelsínur og mandarínur eru önnur hefðbundin nýársgjöf eystra og tákna auð, heppni og hamingju. Ef laufin eru enn á ávextinum þýðir það að þú þarft ekki að óttast um samband þitt við gefandann.

Þar er líka góður og gegn siður að gefa lukkuvísur þar sem vinum og velunnurum er óskað farsæls árs og uppfyllingar allra óska í vísu sem er skrifuð báðum megin á pappírsblað og hengd á hurðarhúninn hjá þeim sem á að fá vísuna.

# Dregið úr ótta barna á áramótunum

***Áramótin eru uppáhaldstími margra. Ekki má þó gleyma dýrum og börnum sem vita ekki hvað er að gerast og verða því gjarnan óttaslegin.***

Foreldrar ungra barna verða að gæta sín á því að gleyma sér ekki alveg í sprengingunum og huga að líðan barnanna sem geta verið mjög hrædd við hávaðann og ljósin.

Hér eru nokkur ráð sem gott er að fylgja verði börnin hrædd.

1. Skiljið barnið ekki eftir eitt í augnablik heldur verið með það í fanginu allan tímann sem sprengingarnar eru.
2. Verið innandyra þar sem hávaðinn er minni og talið sefandi við barnið.
3. Reynið að fara með barnið að glugga svo það skilji samhengið á milli sprenginga og ljósa en verið svo bara inni í herbergi undir sæng ef því líður best þar.
4. Sé barn á brjósti, er gott að leggja það á brjóstið á meðan helstu lætin eru, því það veitir barninu öryggiskennd.



Ungabörn skilja ekki hvaðan hávaðinn og lætin koma um áramót, og verða gjarnan hrædd.

## áramótasöngur }

## Álfadans

Máninn hátt á himni skín, hrímfölur og grár.
Líf og tími líður og liðið er nú ár.
Bregðum blysum á loft bleik þau lýsa um grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn og hratt flýr stund.

Kyndla vora hefjum hátt, horfið kveðjum ár.
Dátt hér dansinn stígum dunar ísinn grár.
Bregðum blysum á loft bleik lýsa um grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn og hratt flýr stund.

Nú er veður næsta frítt, nóttin er svo blíð.
Blaktir blys í vindi, blaktir líf í tíð.
Bregðum blysum á loft bleik lýsa um grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn og hratt flýr stund.

Komi hver sem koma vill! Komdu nýja ár.
Dönsum dátt á svelli, dunar ísinn blár.
Bregðum blysum á loft bleik lýsa um grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn og hratt flýr stund.

Fær þú unað, yndi' og heill öllum vættum lands.
Stutt er stund að líða, stígum þétt vorn dans.
Bregðum blysum á loft bleik lýsa um grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn og hratt flýr stund.

Máninn hátt á himni skín, hrímfölur og grár.
Líf og tími líður og liðið er nú ár.
Bregðum blysum á loft bleik lýsa um grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn og hverfur stund.

*Texti: Jón Ólafsson*





| | | |
|---|---|---|
| Suðurlandsbraut 14, Rvk.<br>Einar s. 899-6005 | Smiðshöfði 19, Rvk. v/Gullinbrú, Stórhöfða megin<br>Rúnar s. 660-0565 | Reykjavíkurvegur 45, Hfj.<br>Guðni s 660-0560 |
| Brautarholt 16, Rvk. hjá Kistufelli<br>Arnar s. 690-7484 | Smiðjuvegur 4e, Kóp. Gamla bakaríið fyrir neðan BYKO.<br>Hrafnhildur s. 662-2046, Hilmar s. 847-4732 | Grandagarður 9, Rvk.<br>Emil s. 694-4150 |
| Hjallahraun 11, Hfj.<br>Óli s. 692-8770, Pálmi s. 698-3521 | Iðufelli 14, Rvk. við hliðina á Bónus<br>Stefán s. 663-7686 www.flugeldar.com | Malarhöfði 2, Rvk.<br>Hlynur s. 823-0303 |
| Smiðshöfði 17, Rvk. Stórhöfða megin<br>Hrafn s. 866-5354 | Hamraborg 3, Kóp.<br>Jói s. 617-6031, Raggi s. 617-6029 | Söluskúr á Garðaflöt 16-18, Garðabæ<br>Jón s. 693-0200 |

Opið 28.-30. kl.10:00-22:00 og 31. kl. 10:00-16:00.




Eigum eftirfarandi vélar tilbúnar til afhendingar ef réttur kaupandi býður sig fram.


Komatsu PC600LC-7 Árg. 2003. Vinnustundir 4700. Verð 253.270 evr.


Komatsu, PC240LC-7. Árg.2003. Vinnustundir 6156. Verð 93.950 evr.


Komatsu, PC210LC-7. Árg.2003. Vinnustundir 3962. Verð 82.200 evr.


Komatsu, PC450LC-7. Árg. 2004. Vinnustundir 2611. Verð 220.000 evr.


Komatsu, PC240LC-7 Árg. 2005. Vinnustundir 1633. Verð 138.890 evr.


Dynapac CA252. Árg. 2006. Vinnustundir 200. Verð 64.000 evr.


Komatsu PW150. Árg. 1998. Vinnustundir 8410. Verð 48.387 evr.


Komatsu PW160. Árg. 2005. Vinnustundir 1511. Verð 103.665 evr.


Komatsu PC240LC-7. Árg. 2003. Vinnustundir 5925. Verð 93.900 evr.


Komatsu PC340LC-7. Árg. 2003. Vinnustundir 5827. Verð 121.000 evr.


Komatsu PC240LC-7. Árg. 2003. Vinnustundir 2200. Verð 98.000 evr.


Komatsu PC210LC-7. Árg. 2005. Vinnustundir 1550. Verð 122.000 evr.


Komatsu WB97R-2. Árg. 2003. Vinnustundir 1294. Verð 48.387 evr.


Komatsu D61PX-12. Árg. 2003. Vinnustundir 6252. Verð 112.000 evr.


Komatsu BR350. Árg. 2001. Vinnustundir 5326. Verð 144.000 evr.

Þökkum viðskiptin á liðnu ári og óskum landsmönnum öllum gæfu og gengis á því nýja.

## ÞRJÁR NÝJAR OG FERSKAR SEM BÍÐA EFTIR ÞREMUR HEPPNUM!


Komatsu D61PX


Komatsu PC160 til PC450


Komatsu PW160

Kraftvélar ehf. - Dalvegi 6-8 - 201 Kópavogi - Sími 535 3500 - Fax 535 3501 - www.kraftvelar.is

KRAFTVÉLAR



KÓPAVOGSBÆR

## Íþróttahátíð Kópavogs 2006

**Íþróttahátíð Kópavogs 2006 verður haldin á morgun, 30. desember, kl. 15.00 í Salnum í Kópavogi.**

Lýst verður kjöri íþróttakarls og íþróttakonu Kópavogs fyrir árið 2006. Veittar verða viðurkenningar fyrir íþróttaafrek á árinu og störf að íþróttamálum.
Kópavogsbúar velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Íþrótta- og tómstundaráð
Kópavogs

## Leiguhúsnæði - samstarfsaðili óskast á Hellu

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins óskar eftir leiguhúsnæði fyrir vínbúð á Hellu. Áformað er að opna á fyrri hluta ársins 2007.**

Húsnæðið skal vera um 70-80 m² og þarf að vera lokað frá annarri starfsemi. Leitað er eftir rými samtengdu öðrum atvinnurekstri sem á samleið með rekstri vínbúðar hvað snertir hreinlæti og umhverfi. Greiður aðgangur þarf að vera til vörumóttöku. Við verslunina þarf að vera góð aðkoma fyrir hreyfihamlaða.
Húsnæðið verður að hljóta samþykki byggingarfulltrúa, vinnueftirlits, brunaeftirlits og heilbrigðiseftirlits. Óskað verður eftir samþykki lögreglu á staðsetningu verslunarinnar og leyfi sveitarstjórnar til að reka verslunina.
Forsenda leigusamnings er að leigusali sé jafnframt samstarfsaðili um rekstur vínbúðar og veiti ÁTVR ýmis konar þjónustu t.d. við móttöku vöru og aðstoð við verslunarstjóra ÁTVR á annatímum og í forföllum og leysi hann einnig af í sumarleyfum.

Gögn er lýsa nánar óskum ÁTVR um ástand húsnæðis og þjónustu liggja frammi á skrifstofu Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 1, 850 Hellu.
Nánari upplýsingar veitir Jóhann Steinsson í síma 560 7700.

Með umsókn leigusala/samstarfsaðila fylgi upplýsingar um atvinnuferli. Sé um fyrirtæki að ræða er óskað eftir upplýsingum um hvenær það var stofnað, rekstrarform og nöfn eigenda. Ársreikningur síðasta árs skal fylgja með umsókn ásamt staðfestum vottorðum um skil á opinberum gjöldum og iðgjöldum í lífeyrissjóði.
Með allar upplýsingar verður farið sem trúnaðarmál.

Tilboð er greini hvenær leigutími geti hafist, stærð húsnæðis, húsaleigu og þjónustugjöld berist skrifstofu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík í lokuðu umslagi merkt Jóhanni Steinssyni, eigi síðar en 19. janúar 2007.

Reykjavík, 22. desember 2006
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

### HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins sem veitt verða **15. febrúar nk.**
Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra. Sendið inn tilnefningar um fólk sem er þess verðugt að fá slík verðlaun. Allir koma til greina, jafnt einstaklingar sem félagasamtök, sem hafa verið öðrum til fyrirmyndar.
Sendið tilnefningar á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út 23. janúar. Dómnefnd tekur allar innsendar tilllögur til skoðunar. Verðlaunahafar verða kynntir við hátíðlega athöfn **15. febrúar.**



Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Deiliskipulag í landi Dísarstaða í Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi í landi Dísarstaða í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast að austan af nýjum vegi er gengur suður frá Langholti, nýjum vegi til suðurs, Suðurhólum, nýju hverfi Gráhellu til vesturs og grænu svæði sunnan Baugstjarnar til norðurs. Deiliskipulagssvæðið er 22,18 ha að stærð.

Svæðið er skipulagt undir leikskóla og íbúðarbyggð, 144 íbúðir í fjölbýlis-, 69 í rað-, 68 í par- og 93 íbúðir í einbýlishúsum, samtals 374 íbúðir.

Raðhús, parhús og einbýlishús mega vera allt að 6,8 m há yfir hæðarkóta aðkomuhæðar. Fjölbýlishús mega að hámarki vera 3,0 m x fjöldi hæða að viðbættum 2,0 m fyrir þakvirki eða þakkant.

Teikninga og greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda - og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 29. desember 2006 til og með 27. janúar 2007.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillöguna.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 09. febrúar 2007 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

Selfossi, 22. desember 2006.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá
Fíton/SÍA

allt hús
Alla mánudaga

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
*Heilshugar um þinn hag*

Vilhjálmur Bjarnason – lögg. fast.sali
Helgi H. Jónsson – lögg. fast.sali

**Suðurlandsbraut 50**

**Bláu húsin v/Faxafen**

**husid@husid.is**

**Sími 513 4300**

**www.husid.is**

Frum

*Húsið fasteignasala og starfsfólk þess óskar þér og þínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.*

*Þökkum viðskipti á liðnu ári.*

*Opnunartími milli jóla og nýjárs.*
*Föstudag 10:00 – 14:00*




TAKTU NÆSTA SKREF MEÐ RE/MAX®
SLÁSTU Í HÓP MEÐ ÖFLUGUSTU SÖLUFULLTRÚUM HEIMS
10 Ástæður fyrir því að fjárfesta í RE/MAX Sérleyfi
Af því það er ennþá hægt !
Hugsanlega er mesta verðgildið í RE/MAX kerfinu falið í sjálfu RE/MAX nafninu.
Fullur stuðningur í einu og öllu.
RE/MAX er viðurkennt um allan heim sem fremsta fyrirtækið í fasteignaviðskiptum.
RE/MAX notar nýjustu tækni.
RE/MAX hefur stækkað og eflst í hverjum mánuði frá því að fyrirtækið var stofnað.
RE/MAX selur sérleyfi á hverjum degi.
RE/MAX þekkir alla sína viðskiptavini.
RE/MAX fyrir alla landsmenn.
Standið ein að ykkar viðskiptum en ekki óstudd, RE/MAX er öflugur bakhjarl.
RE/MAX® ÍSLAND
remax@remax.is
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.
www.remax.is

## VISSIR ÞÚ...

... að hæsti frístandandi turn heims er CN-turninn í Toronto í Kanada? Hann er 553 metra hár.

... að höggbylgjan frá nítróglyserínsprengingu ferðast með 27.000 kílómetra hraða á klukkustund?

... að Indland sprengdi sína fyrstu kjarnorkusprengju í tilraunaskyni árið 1974?

... að í belti Óríons eru þrjár stjörnur?

... að í dag eiga afmæli að minnsta kosti níu milljónir manna?

... að í dag verða gerð 107 læknamistök í heiminum?

... að í einni mílu eru 5.280 fet?

... að í einu kílói járns eru um það bil 10.782.993.200.000.000.000.0 00.000 atóm?

... að í einum rúmkílómetra þoku er minna vatn en í einum rúmmetra vatns?

... að í einum þriðja þeirra 95 landa sem teljast til þróunarlanda tekur sex ár eða meira að fá síma tengdan? Til samanburðar tekur það yfirleitt ekki meira en 3 mánuði á Vesturlöndum.

... að í Rússlandi voru lagðir 16.000 kílómetrar járnbrautarteina á árunum 1896 til 1900?

... að í þyngdarleysi verður vökvi sem ekki er í íláti að kúlu? Þetta er vegna yfirborðsspennu vökvans.

... að ísjaki inniheldur meiri varmaorku en eldspýta?

... að japönsk iðnaðarvélmenni borga í verkalýðsfélag?

... að jörðin snýst um sólina með 29.783 kílómetra hraða á sekúndu?

... að Kodak-fyrirtækið er stærsti silfurnotandi heims?

... að kvikasilfur er eini málmurinn sem er fljótandi við stofuhita?

... að lauf Viktoríuvatnaliljunnar geta orðið næstum tveir metrar í þvermál?

... að lífið á jörðinni varð líklega til í súrefnissnauðu umhverfi? Jafnvel enn í dag eru til örverur sem þola ekki súrefni.

... að magnesíum-askan vegur þyngra en sjálft magnesíumið?

... að mannkynið sleppir einum milljarði tonna af mengandi efnum út í andrúmsloftið árlega?

... að málmstykkið á enda blýanta er að tuttugu prósentum úr brennisteini?

... að metan sést oft stíga upp úr tjörnum og stöðuvötnum? Það verður til við rotnun dýra- og plöntuleifa á botninum.

... að milljarðasti tölustafur óræðu tölunnar er níu?

... að næstum allt helíum heimsins er unnið úr gaslindum Bandaríkjanna?

... að Plancksekúnda er minnsta mögulega tímaeiningin?

... að raki, ekki loft, veldur því að tonnatak þornar?

... að regnbogi sést einungis þegar sólin er 40 gráður eða lægra yfir sjóndeildarhringnum?

... að nifteindastjörnur hafa svo mikið þyngdarsvið að þær geta snúist um öxul sinn á einum þrítugasta úr sekúndu án þess að tvístrast?

*Heimild: Fánýtur fróðleikur, útgáfufélagið Sögur*

# DRAUMAÁRAMÓT

## *Aftur á æskuslóðir*



Um næstu áramót ætlar söngvarinn Matthías Matthíasson að upplifa sín draumaáramót, en þá fer hann með fjölskyldu sína, konu og tvo syni, á æskuslóðirnar til Dalvíkur.

„Ég hef ekki varið áramótum þar síðan ég var tólf ára," útskýrir Matthías og segir þau vera böðuð ákveðnum dýrðarljóma fyrir þær sakir, ekki síst þar sem Dalvíkingar séu algjörir öfgamenn hvað flugeldum viðvíkur.

„Ég held að það megi réttilega segja að hliðstæður við Örn Árnason leikara búi í öðru hverju húsi á Dalvík," segir Matthías og hlær. „Við fjölskyldan munum verja áramótunum saman á hóteli og vonandi að ég nái að endurupplifa æskudrauminn."

Matthías, sem er nýkominn frá New York, segist líka vilja upplifa áramót einhvern tímann á Time Square. „Síðast en ekki síst hefði ég áhuga á að eiga áramót með fjölskyldunni í sumarbústað úti í sveit, einhvers staðar fjarri öllum flugeldum og látum," bætir hann við. *- rve*



Díana Ósk Óskarsdóttir, foreldri og ráðgjafi Foreldrahúss

# Að rjúfa einangrun

Foreldrar sem eiga barn í vanda upplifa oft miklar og erfiðar tilfinningar. Þess vegna myndast oft hjá þeim togstreita þar sem þau elska barn sitt og hafa því líka hlýjar og góðar tilfinningar til þess.

Það eru eðlileg viðbrögð að vilja hlúa að þeim sem eru okkur nánir og eiga í vanda. Og vekur það því upp togstreitu í foreldrum að heyra að þeir séu að ofvernda, að þeir hlúi of mikið að barninu, að þeir ættu að láta barnið í hendur annarra eða jafnvel að loka á barnið.

Þegar foreldrar verða varir við vanda hjá börnum sínum er algengt að þeir leiti að sök hjá sjálfum sér, þeir upplifa ýmist meðvitað eða ómeðvitað að vandinn sé á einhvern hátt þeim að kenna, að þeir þurfi að laga vandann og bjarga málum. Á sama tíma eru foreldrar oft að fara í gegnum áfall, djúpa sorg og verulegan ótta, þar sem þeir óttast um barn sitt. Það fer því oft þannig að á sama tíma og foreldri þarfnast töluverðar hjálpar frá sínum nánustu og frá fagfólki þá er foreldrið líka að upplifa skömm og að efast um eigið ágæti. Skömmin og sektarkenndin samhliða óttanum við álit annarra fær foreldrið því til að einangra sig með vandann og loka þar með á þá hjálp sem kæmi sér best fyrir alla að þiggja.

Í þessu ferli fer oft af stað flókið samspil þar sem hugsanir smitast af varnarháttum einstaklingsins. Algengt er að eftirfarandi hugsanir fari af stað:

„Þetta er fjölskylduvandi sem við leysum hér innan veggja fjölskyldunnar"
„Það er nú betra að íþyngja ekki öðrum með þessum vanda"
„Ef þetta fréttist þá gæti þetta orðið barnaverndarmál og hvað bíður okkar þá?"



„Við gætum lækkað í áliti hjá fólki ef þetta fréttist"
„Við viljum halda trúnað við barnið og höldum þessu því hjá okkur"

Auðvitað eru það enn fleiri varnarhættir sem koma upp en þeir stuðla allir að því að foreldrar einangra sig með vandann.

Það er svo mikilvægt að foreldrar átti sig á því að það besta fyrir alla aðila fjölskyldunnar er að rjúfa einangrunina og að leita sér hjálpar. Þannig næst að deila álaginu samhliða því að fá innsýn annarra í vandann sem hjálpar óneitanlega við að finna bestu lausnina. Flest erum við sammála hugmyndafræðinni sem er á bak við SOS barnaþorpin, þar sem heilt þorp er byggt utan um eitt barn því það er talið eðlilegt að barn þurfi móður, föður, ömmur, afa, frænkur, frændur og samfélag þar sem barnið getur þrifist vel í. Þar er lögð áhersla á að andlegum, tilfinningalegum, líkamlegum og andlegum þörfum barnsins sé mætt.
Eins er um börnin okkar hér á Íslandi, börnin okkar! Þau þurfa heilt þorp í kringum sig og þegar barnið á í vanda þá þurfa allir að teygja sig út til hvers annars og hjálpast að. Þannig að fólk geti rætt hlutina, stutt hvert annað í stað þess að einangra sig með vandann og óttast dóm annarra.

Það er alveg nógu sárt og alveg nægjanlegt álag að vera nákomin einhverjum sem á í vanda og því ekki á það bætandi að þurfa að vera að kljást við fordóma annarra, hvað þá ótta við álit annarra eða þá skömm vegna aðstæðanna. Hættan er ætíð sú að foreldri einangri sig og þar af leiðandi auki á vandann. það er ekki hagur barnsins að það sé pukrað með þessi mál.

Ég fagna því alltaf þegar foreldrar leita til okkar í Foreldrahúsinu. Þar geta foreldrar hlustað á aðra foreldra sem eru að takast á við svipuð eða jafnvel sömu mál. Þar fær fólk tækifæri á að opna sig og upplifa að það sé ekki eitt í þessari aðstöðu. Ekkert er eins áhrifaríkt til að takast á við skömmina og sektarkenndina eins og að hlusta á aðra sem eru í sömu sporum. Þeir foreldrar sem hafa verið að nýta sér hópana vel hafa undantekingarlaust áttað sig á því að einangrun er ekki eins góður kostur og þau héldu. Þau hafa einnig áttað sig á því að flestir sem þau hafa leitað til vilja aðstoða og sýna umhyggju og kærleika í stað þess að dæma. Þessir foreldrar hafa fundið stuðning og mikinn létti við að tala um vandann. Eins er það mjög heilandi að vera innan um fólk sem hlustar á og skilur hvað foreldrið er að upplifa og tilfinningin um það að vera samþykktur í þeirri stöðu sem foreldrar eru í. Hér er orðtakið „betur sjá augu en auga" vel notanlegt.



Frá Tjarnarsalnum

Anna Ólafsdóttir Björnsson

# Afmælis-hátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur



Jóna Hrönn Bolladóttir



Vilhjálmur Vilhjálmsson borgarstjóri

Á 20 ára starfsafmæli sínu 20. september s.l. héldu foreldrasamtökin Vímulaus æska upp á tímamótin með því að bjóða landsmönnum í afmælishóf í Ráðhúsi Reykjavíkur. Dagskráin var þétt skipuð fræða- og skemmtiefni en atriðum var stjórnað af séra Jónu Hrönn Bolladóttur.
Veitingar og aðstaða var í boði borgarstjórnar Reykjavíkur en að lokinni dagskrá sá unglingahópur Landsbjargar um að tendra blys við bakka tjarnarinnar sem lýstu upp græn og rauð ljós til að minnast þeirra sem þjáðst hafa vegna áfengis- og vímuefnaneyslu. Yfir 100 manns mættu í Tjarnarsalinn á afmælshátíðina samtakanna.



*Blysför í umsjá Landsbjargar við tjörnina að lokinni dagskrá í Ráðhúsinu*

**www.vimulaus.is**

Elísabet Lorange, kennari og listmeðfræðingur:

# SJÁLFSSTYRKINGARNÁMSKEIÐ FORELDRAHÚSS

## Helgarnámskeið fyrir unglinga



**Markmið**
Unnið að efla vitund einstaklingsins í tenglsum við hann sjálfan og aðra. Lögð eru fyrir ýmis einstaklings- og hópverkefni sem unnið er með í munnlegri og listrænni tjáningu. Miðað er við þarfir hvers hóps fyrir sig og hvers einstaklings innan hans.

**Þátttakendur**
Námskeiðið er ætlað unglingum á aldrinum 14-17 ára. Hópum er kynja- og aldursskip. Hámarksfjöldi er 14 í hóp eða tveir 8 manna hópar. Miðað er við að hafa ekki meira en tvo árganga saman í hóp.

**Lengd**
Námskeiðið er tvær helgar 16 klukkustundir samtals, 4 klst. hvern dag en ein helgi mun líða á milli námskeiðshelganna.
Einnig eru aðrir möguleikar í boði varðandi tímasetningu námskeiðsins.

**Ráðgjafar**
Elísabet Lorange, kennari og listmeðferðarfræðingur. Elísabet hefur mikla reynslu að vinna með börnum og unglingum í einstaklings- og hópvinnu í skólum, leikskólum, meðferðarheimilum og á námskeiðum.
Smári Jósepsson, tónlistarmaður. Smári hefur mikla reynslu að vinna með börnum og unglingum í ýmis konar hópvinnu á leikskóla, meðferðarheimili og á námskeiðum.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Jórunni í Foreldrahúsi í síma 5116161.




# Verndarengill æskunnar

Verndarengill æskunnar er framleiddur í Þýskalandi. Í fjáröflunarskyni hefur Vímulaus æska nú látið framleiða englana sem er táknrænn hlutur fyrir eðli þess starfs sem unnið er í Foreldrahúsi. Engillinn er tilvalin gjafavara fyrir fjölskyldu, vini og fyrirtæki til að sína samhug og samstöðu með málefnum unga fólksins og minnir okkur á gildi forvarnastarfsins. Um þessar mundir er Vímulaus æska að byrja sölu á englinum til styrktar forvarna-og hjálparstarfi samtakanna og er ætluniner að engillinn verði til sölu fyrstu vikurnar í janúar.
Á myndinni er Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður og stjórnarmaður í stjórn Vímulausrar æsku að taka við fyrsta englinum úr hendi nýkjörins formanns samtakanna, Ólafar Ástu Farsetveit.
Englana er hægt að kaupa á skrifstofu samtakanna í Vonarstræti 4b í Reykjavík.

# Þökkum stuðning við forvarnastarf Vímulausrar æsku

*Óskum landsmönnum árs og friðar á komandi ári - þökkum stuðninginn á árinu sem er að líða*

**Reykjavík**
Aðalblikk ehf, Vagnhöfða 19
Arctic rafting, Andrésbrunni 13
Arentsstál ehf, Eirhöfða 17
Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164
Arkiteo ehf, Hvassaleiti 39
Árbæjarkirkja, v/ Rofabæ
Backman & Björgvinsson lögmannsstofa, Lágmúla 7
Betri bílar hf, bílaverkstæði, Skeifunni 5c
Bifreiðabyggingar sf, Tangarhöfða 5
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
Borgarholtsskóli, Mosavegi
Bormenn Íslands ehf, Esjuberg 2b
Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf, Ármúla 1
Breiðholtskirkja, Þangbakka 5
Brim hf, Tryggvagötu 11
Bygg Ben ehf, Fífilbrekku v/ Vesturlandsveg
Börkur Árnason, Kleppsvegi 18
Congress Reykjavík - Ráðstefnuþjónusta ehf, Engjateigi 5
Danica sjávarafurðir ehf, Laugavegi 44
Dómkirkjan í Reykjavík
Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
Einar Farestveit og Co hf, Borgartúni 28
Fagmálun -Litaval sf, Njálsgötu 2
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Borgartúni 18
Fasteignamat ríkisins, Borgartúni 21
Fasteignamiðlunin Múli ehf, Síðumúla 11
Fasteignasalan Garður ehf, Skipholti 5
Fasteignasalan Klettur ehf, Skeifunni 11
Ferðafélag Íslands, Mörkinni 6
Feró ehf, Steinaseli 6
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
Fjölhönnun hf, verkfræðistofa, Stórhöfða 27
Flísalagnir Afrims ehf, Torfufelli 30
Framsóknarflokkurinn, Hverfisgötu 33
Frjálsíþróttasamband Íslands, Engjavegi 6
G.G - lagnir ehf, Dugguvogi 1b
G Hannesson ehf, Borgartúni 23
Gallery Sautján
Gastec ehf, Bíldshöfða 14
GG flutningar ehf, Dugguvogi 2
Gissur og Pálmi ehf, byggingaverktaki, Álfabakka 14a
Gjögur hf, Kringlunni 7
Glitnir, Þarabakka 3
Glitnir banki ehf, Stórhöfða 17
Glitnir banki ehf, útibú 525, Háaleitisbraut 58
GP arkitektar ehf, Austurstræti 6
Grandakaffi, veitingasala, Grandagarði 101
Grásteinn ehf, Grímshaga 3
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hringbraut 50
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
Gunnar Rósarsonar tannlæknir - Tanngo ehf, Vegmúla 2
GuSt ehf, Laugavegi 70
Háteigsskóli, v/ Háteigsveg
HBH Veitingar ehf - Skólabrú, Skólabrú 1
Heilsugæsla Höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16
HeklaSoft ehf, Reykjahlíð 8
HGK ehf, Laugavegi 13
Híbýli og skip ehf, Hverfisgötu 105
HJ bílar ehf, Berjarima 35
Hjálpræðisherinn á Íslandi, Garðastræti 38
HM Bókhald ehf, Kringlunni 7
Hús verslunarinnar sf, Kringlunni 7
Húsafriðunarnefnd ríkisins, Suðurgötu 39
Húsakaup ehf, Suðurlandsbraut 52
Húsaklæðning ehf, Ingólfsstræti 3
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur, Sólvallagötu 12
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 9
Internet á Íslandi hf, ISNIC, Dunhaga 5
Intrum á Íslandi ehf, Laugavegi 97
Ímynd ehf, Eyjarslóð 9
Íslensk getspá sf, Engjavegi 6
Íslenska lögregluforlagið ehf, Snorrabraut 27
Íspólar ehf, Tunguhálsi 19
Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6
Jarðvélar sf, Síðumúla 28
Kapalþjónustan, Safamýri 85
Kaþólska kirkjan á Íslandi, Hávallagötu 14-16
Kemis ehf, Breiðhöfða 15
Knattspyrnusamband Íslands, Laugardal
KPMG Endurskoðun hf, Borgartúni 27
Kynning og markaður - KOM ehf, Borgartúni 20
Landar ehf, Grandagarði 81
Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24
List og saga ehf, Engjaseli 41
Lúmex ehf, Skipholti 37
Lögreglustjórinn í Reykjavík, Hverfisgötu 115
M.G.B. endurskoðun ehf, Bíldshöfða 14
Menntamálaráðuneytið, Sölvhólsgötu 4
Menntaskólinn í Reykjavík, Lækjargötu 7
Menntaskólinn við Hamrahlíð, Hamrahlíð 10
Menntaskólinn við Sund, Gnoðarvogi 49
Mentis hf, Sigtúni 42
Nói-Síríus hf, Hesthálsi 2-4
Olíudreifing ehf, Gelgjutanga
Ostabúðin, Skólavörðustíg 8
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
Pizza King ehf   sími: 551 7474, Hafnarstræti 18
Prentmet ehf, Lynghálsi 1
Rafmiðlun ehf, Dugguvogi 2
Rafsvið sf, Haukshólum 9
Rafteikning hf, Suðurlandsbraut 4
Rarik hf, Rauðarárstíg 10
Ráðningarþjónustan ehf, Krókhálsi 5A
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars ehf, Bíldshöfða 14
Rimaskóli, Rósarima 11
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
S.B.S. innréttingar, trésmiðja, Hyrjarhöfða 3
Saga Film hf, Laugavegi 176
Seljakirkja, Hagaseli 40
Setberg, bókaútgáfa, Freyjugötu 14
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu, Grettisgötu 89
SÍBS, Síðumúla 6
Sjómannadagsráð, Laugarási Hrafnistu
Sjóvélar ehf, Skútuvogi 6
Sjúkraþjálfun Önnu Katrínar ehf, Hraunteigi 14
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
Steindór Jónsson ehf, Kirkjuteig 23
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Sökkull ehf, Funahöfða 9
T.G.M. ráðgjöf, Ármúla 38
Tandur hf, Hesthálsi 12
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar, Síðumúla 25
Tannlæknastofa Egil Kolbeinssonar, Grensásvegi 44
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur, Laugavegi 163
Tannlæknastofa Guðrúnar Ólafsdóttur, Snorrabraut 29
Tannsmiðafélag Íslands, Borgartúni 35
Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2
VA arkitektar ehf, Skólavörðustíg 12
VBS fjárfestingabanki hf, Suðurlandsbraut 18
Vegamót, Vegamótastíg 4
Verðbréfaskráning Íslands hf, Laugavegi 182
Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar ehf, Síðumúla 1
Verslanir Nóatúns
Verslunartækni ehf, Draghálsi 4
Vélaver hf, Lágmúla 7
Vélaverk ehf, Bolholti 8
Vélvík ehf, Höfðabakka 1
Vífilfell hf, Stuðlahálsi 1
Víkurós ehf, Bæjarflöt 6
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Völuskrín ehf, Laugavegi 116
Yogastöðin Heilsubót, Síðumúla 15
Yrki arkitektar ehf, Hverfisgata 76
Þ Þorgrímsson og Co ehf, Ármúla 29
Þ.G. verktakar ehf, Fossaleyni 16
Þúsund þjalir ehf, umboðsskrifstofa listamanna
Ögurvík hf, Týsgötu 1
Ökuskólinn í Mjódd ehf, Þarabakka 3
Öryggismiðstöð Íslands hf, Borgartúni 31
Öryrkjabandalag Íslands, Hátúni 10

**Seltjarnarnes**
Borgarplast hf, Sefgörðum 3
Grótta byggingaverktakar ehf, Lindarbraut 11
Prentsmiðjan Nes ehf, Hrólfsskálavör 14

**Kópavogur**
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf
Bílaþvottastöðin Löður ehf, Bæjarlind 2
Borgarvirki ehf, Hjallabrekku 22
Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6a
Byggðaþjónustan ehf, Auðbrekku 22
DK Hugbúnaður ehf, Hlíðasmára 17
Elnet-tækni ehf, Dalvegi 16b
Fasteignastöðin, Hús og híbýli, Hlíðasmára 17
Fjölvirki ehf, Digranesvegi 32
Græn hús ehf, Nýbýlavegi 22
Gæðaflutningar ehf, Hvannhólma 12
Hagblikk ehf, Smiðjuvegi 4c
Ingimundur Einarsson ehf málari, Trönuhjalla 1
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Jón og Salvar ehf, Smiðjuvegi 44
Kópavogsbær, Fannborg 2
Kópavogsskóli, Digranesvegi
Krossinn,kristilegt félag, Hlíðasmára 5-7
Marás ehf, Akralind 2
Mjöll - Frigg hf, Vesturvör 30c
Móbílar ehf, Grundarhvarfi 18
OMX Technology á Íslandi ehf, Hlíðasmára 12
Rafvirkni ehf, Fjallalind 137
Sérverk ehf, Askalind 5
Smáralind ehf, Hagasmára 1
Snælandsskóli, Víðigrund
Stálbær ehf, Smiðjuvegi 9a
Stáliðjan, Smiðjuvegi 5
Svansprent ehf, Auðbrekku 12
Sýslumaðurinn í Kópavogi, Dalvegi 18
Söluturninn Smári, Dalsvegi 16c
Tónlistarskóli Kópavogs, Hamraborg 6
Vatnsvirkjar ehf,  almenn pípulögn og þjónusta
Vegurinn, Smiðjuvegi 5
www.mannval.is

**Garðabær**
Ásgeir Einarsson ehf, Garðaflöt 37
Garðabær, Garðatorgi 7
Garðasókn, Kirkjuhvoli
H.Filipsson sf, Miðhrauni 22
Haraldur Böðvarsson og co ehf, Birkihæð 1
Húsgögn ehf smíðastofa og viðgerðir, Gilsbúð 3
Kjarnavörur hf, Miðhrauni 16
Loftorka Reykjavík hf, verktaki, Miðhrauni 10
MD vélar ehf, Stórási 4
Rafboði Garðabæ ehf, Skeiðarási 3
Vineyard kristið samfélag, Blikanesi 24

**Hafnarfjörður**
Alfesca, Fornubúðum 5
Arena Heildverslun sf, Þrastarási 7
Byggingafélagið Kambur ehf, Hólshrauni 2
Byggingafélagið Sandfell ehf, Reykjavíkurvegi 66
Dalakofinn sf, Fjarðargötu 13-15
Dverghamrar ehf, Lækjarbergi 46
Flensborgarskólinn, Brekkugötu 19
Guðmundur Rúnar Ólafsson, tannlæknir
IV ehf iðnaðarvörur og vélar, Hvaleyrarbraut 18
Kerfi ehf, Flatahrauni 5b
Sigyn ehf, Kaplahrauni 20
Síld og Fiskur ehf, Dalshrauni 9b
Síló ehf, steypusala, Teigabyggð 3
Snittvélin ehf, Klausturhvammi 18
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Tannlæknastofa Ágústs J Gunnarssonar sf

**Bessastaðahreppur**
Café Blue, Smáratún 4

**Reykjanesbær**
DMM Lausnir ehf, Iðavöllum 9b
Efnalaug Suðurnesja - BK-hreinsun ehf, Iðavöllum 11b
Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36
Húsanes ehf, byggingarverktakar, Hafnargötu 20
Hylling ehf, Reykjavík, Tjarnargötu 28
Iðnsveinafélag Suðurnesja, Tjarnargötu 7
Íslenska félagið ehf, Iðavellir 7a
Keflavíkurkirkja, Kirkjuvegi 25
Nesraf ehf, Grófin 18a
Plastgerð Suðurnesja ehf, Framnesvegi 21
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Sjúkraþjálfunarstöðin Átak ehf, Aðalgötu 10
Skipting ehf, Grófinni 19
Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12-14
Sýslumaðurinn í Keflavík, Vatnsnesvegi 33
Toyotasalurinn, Njarðarbraut 19
Tréborg sf, Efstaleiti 28
Varmamót  ehf, Framnesvegi 19
Verkfræðistofa Suðurnesja hf, Víkurbraut 13
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14
Viðar Jónsson ehf, Heiðarhorni 16
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum

**Keflavíkurflugvöllur**
Suðurflug ehf, Keflavíkurflugvelli

**Grindavík**
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

**Sandgerði**
Hvalsnessókn
Sandgerðisbær, Miðnestorgi 3
Sólplast ehf, Standgötu 21

**Garður**
Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3

**Mosfellsbær**
Byggingarfélagið Baula ehf, Arkarholti 19
Garðyrkjustöðin Gróandi, Grásteinum
Gylfi Guðjónsson, ökukennari, sími 6960042
Kjósahreppur  www.kjos.is
Lárus E.  Eiríksson ehf, Byggðarholti 1a

**Akranes**
Bókhaldsþjónustan sf, Stillholti 23
Fasteignasalan Hákot, Kirkjubraut 28
Gísli og Kristján sf, Jörundarholti 23
Grunnskólinn, Espigrund 1
GT Tækni ehf, Grundartanga
Runólfur Hallfreðsson ehf, Krókatúni 9
Smurstöð Akraness sf, Smiðjuvöllum 2
Steðji ehf vélsmiðja, Vogabraut 28
Straumnes ehf, rafverktakar, Krókatúni 22-24
Sýslumaðurinn á Akranesi, Stillholti 16-18
Unglinganefnd KÍA

**Borgarnes**
Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi, Borgarbraut 65
Eyja- og Miklaholtshreppur, Hofstaðir
Golfklúbbur Borgarness, Hamri
Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri
Loftorka Borgarnesi ehf, Engjaási 2-8
Skorradalshreppur, Grund
Sæmundur Sigmundsson ehf, Kveldúlfsgötu 17
Tannlæknastofa Hilmis ehf, Berugötu 12
Viðskiptaháskólinn á, Bifröst

**Stykkishólmur**
Rauði kross Íslands Stykkishólmsdeild, Sundabakka 1
Stykkishólmskirkja
Þ.B.Borg - steypustöð ehf, Silfurgötu 36

**Ólafsvík**
Kvenfélag Ólafsvíkur
Hellissandur
Skógræktar og landverndarfélag undir Jökli
Þorgeir Árnason ehf, Háarifi 27

**Búðardalur**
Dalabyggð, Miðbraut 11

**Ísafjörður**
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
Hamraborg ehf, Hafnarstræti 7
Kjölur ehf, Urðarvegi 37
Krossnes ehf, Króki 2
Lögsýn ehf, Aðalstræti 24
Orkubú Vestfjarða hf, Stakkanesi 1
Stál og Hnífur ehf, Pósthólf 250

**Bolungarvík**
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf, Dísarlandi 14
Vélvirkinn sf, Hafnargötu 8

**Patreksfjörður**
Nanna ehf, v/Höfnina

**Þingeyri**
Brautin sf, Ketilseyri

**Staður**
Bæjarhreppur, Bæ II

**Hvammstangi**
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, Spítalastíg 1

**Blönduós**
Búnaðarfélag Engihlíðarhrepps, Hvammi
Holtsmúli vélainnflutningur, Auðkúlu 1

**Skagaströnd**
Trésmiðja Helga Gunnarssonar ehf, Mánabraut 2

**Sauðárkrókur**
Bókhaldsþjónusta KOM ehf, Víðihlíð 10
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, Sauðárhæðum
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Lögreglustjórinn á Sauðárkróki, Suðurgötu 1
Steypustöð Skagafjarðar, Skarðseyri 2
Sveitarfélagið Skagafjörður, Faxatorgi 1
Verslun Haraldar Júlíussonar, Aðalgötu 22

**Fljót**
Kvenfélagið Framtíðin, Ökrum

**Siglufjörður**
Bás ehf, Aðalgötu 34
Egilssíld ehf, Gránugötu 27
Jóhannes Egilsson, Gránugata 27

**Akureyri**
Akureyrarkirkja, Eyrarlandsvegi
ÁK smíði ehf, Hjallatröð 7
Bláa kannan, Hafnarstræti 96
Dregg ehf, Oddeyrartanga
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi
Gk endurskoðun ehf, Strandgötu 13
Gróðrarstöðin Réttarhóll, Svalbarðseyri
Íþróttamiðstöð Glerárskóla
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Knattspyrnufélag Akureyrar, KA-heimilið Dalsbraut
Norðurmjólk, Súluvegi 1
Rafröst ehf, Gránufélagsgötu 49b
Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar, Mýrarvegi
Vélsmiðjan Ásverk ehf, Grímseyjargötu
Völvusteinn hf, Borgarsíðu 22

**Grenivík**
Jói ehf, Melgötu 8

**Hrísey**
Eyjabúðin, Norðurvegi 9

**Húsavík**
Húsavíkurbær, Ketilsbraut 9
Höfðavélar ehf, Höfða 1
Skóbúð Húsavíkur, Garðarsbraut 13

**Laugar**
Framhaldsskólinn á Laugum, Laugum Reykjadal
Norðurpóll ehf, Laugabrekku Reykjadal

**Kópasker**
Borgartangi ehf, Boðagerði 13

**Þórshöfn**
Langanesbyggð, Fjarðarvegi 3
Þórshafnarprestakall

**Egilsstaðir**
Bílamálun Egilsstöðum ehf, Fagradalsbraut 21-23
Egilsstaðakirkja, Laugavöllum 19
Fellaskóli, Fljótsdalshéraði
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Hraðbúð ESSO www.khb.is, Kaupvangi 6
Menntaskólinn á Egilsstöðum, Tjarnarbraut 25
Miðás hf  (Brúnás innréttingar), Miðási 9
Rannsóknarstöð Skógrækt ríkisins Mógilsá
Snarvirki ehf, rafvélaverkstæði, Kaupvangur 23b

**Reyðarfjörður**
Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar, Brekkugötu 9

**Fáskrúðsfjörður**
Fáskrúðsfjarðarkirkja

**Höfn í Hornafirði**
Auðunn SF-48  ehf
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellsýslu, Nýheimum
Hornabrauð ehf, Dalbraut 10
Króm og hvítt ehf, Álaleiru 7
Skeggey ehf / Ósland, Miðósi 17

**Selfoss**
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf, Hrísmýri 3
Björgunarfélag Árborgar, Austurvegi 54
Búnaðarfélag Grafningshrepps, Villingavatni
Guðmundur Tyrfingsson ehf, Fossnesi C
Hitaveita Frambæja, Skarði
Jeppasmiðjan ehf, Ljónsstöðum
Pípulagnir Helga ehf, Baugstjörn 17
Plastiðjan ehf, Gagnheiði 17
Pylsuvagninn Selfossi, Besti bitinn í bænum
Set ehf, plaströraverksmiðja, Eyravegi 41
Tölvutak ehf, Eyravegi 27
Verkfræðistofa Guðjóns, Austurvegi 44
Verslunin Borg, Grímsnesi

**Hveragerði**
Eldhestar ehf, Völlum
Sport-Tæki ehf, Austurmörk 4

**Þorlákshöfn**
Fölvir ehf, Óseyrarbraut
Þorláks- og Hjallakirkja, Reykjabraut 11

**Stokkseyri**
Kvenfélag Stokkseyrar

**Laugarvatn**
Menntaskólinn að Laugarvatni

**Hella**
Fannberg ehf, Þrúðvangi 18
Verkalýðsfélag Suðurlands, Suðurlandsvegi 3

**Hvolsvöllur**
Héraðsbókasafn Rangæinga, Vallarbraut 16
Holtsprestakall, Holti

**Vík**
Mýrdalshreppur, Austurvegi 17

**Vestmannaeyjar**
Ós ehf, Illugagötu 44

# *Dansað kringum gullálfinn*

**UMRÆÐAN**
Samfélagsmál

Í útvarpinu á dögunum var rætt við kaupmann á landsbyggðinni um veðrið. Tilefni viðtalsins var að veðrið var hagstætt fyrir verslun. Í íþróttafréttum er West Ham orðið áhugavert vegna þess að íslenskir kaupsýslumenn hafa keypt félagið. Útrás íslenskra banka og annarra stórfyrirtækja hefur orðið til þess að nýjar þjóðhetjur hafa orðið til hér heima, mennirnir sem kaupa upp fyrirtæki í útlöndum. Ísland samtímans er orðið gegnsýrt hugmyndafræði um mælanlega skilvirkni og árangur og þá er um leið gerð krafa um einfaldan og auðskilinn tölulegan mælikvarða. Í þessu virðumst við elta ítrustu útgáfur vestrænnar markaðshyggju, þannig að lítið jafnvægi er í gildismati og viðhorfum. Hin samfélagslega athygli og áhersla er á samanburð og samkeppni frekar en félagslega ábyrgð og uppeldi. Gildin sem eru í forgrunni eru peningar, tíska og útlit. Ekkert virðist marktækt lengur nema hægt sé að festa við það prósentu- eða krónutölu. Eiður Smári Guðjohnsen er ekki fremstur íslenskra knattspyrnumanna vegna þrotlausra æfinga, hæfileika og skilnings á leiknum, heldur vegna þess að hann er dýrastur og spilar í deild þar sem miklir peningar eru í húfi. Stórfyrirtæki og milljónamæringar eru merkilegir og áhugaverðir vegna þess að þeir eiga svo mikla peninga. Fréttastofur telja sig ekki geta sleppt því að segja okkur hvernig þróunin er í Kauphöllinni í öllum almennum fréttatímum jafnvel þótt ekkert sé þar að gerast, en þróun grunnskólans eða leikskólans er þá og því aðeins fréttaefni að mannekla eða verkföll séu í þann veginn að trufla daglega rútínu foreldra.

Jafnvel bráðsnjöll og uppbyggileg hugmynd eins og Íþróttaálfurinn í Latabæ, sem stuðla á að hreyfingu og hollum lífsháttum er nú gengin í björg markaðsvæðingar. Íþróttaálfurinn er orðinn mikilvirkur aðgöngumiði banka og stórfyrirtækja að nýjum markaðshópi – litlum börnum. Börnum sem sitja límd og hreyfingarlítil fyrir framan skjáinn. Hefði verið fráleitt að hugsa sér Álfinn sem talsmann jákvæðrar uppbyggingar aðstöðu fyrir íþróttir og hreyfingu?

Ástæða er til að velta fyrir sér hvort þetta séu í raun þau gildi og það lífsviðhorf sem við viljum ala börn okkar upp við. Firring markaðsvæðingarinnar, sem gerir alla hluti að varningi með einhvers konar verðmiða, er gengin lengra en margur heldur. Fegurð og útlit er nú markaðsett með svipuðum





**HERMUNDUR SIGMUNDSSON** **BIRGIR GUÐMUNDSSON**

hætti og gert var áður en vakning varð í kvenréttindamálum á seinni hluta síðustu aldar. Veruleikaþættir og tónlistarmyndbönd yfirkeyra neikvæðar staðalímyndir telpna og drengja þannig að útlitsleg samanburðarfræði er orðin allsráðandi. Hugmyndir um að útlitið skipti ekki öllu virðast álíka úreltar og trúbadúrinn Gylfi Ægisson, sem samdi á sínum tíma Minningu um mann, þar sem „fegurðin að innan þykir best“.

Efnahagsleg velgengni er vissulega þakkarverð, en ástæða er til að minnast Mídasar konungs. Hann áttaði sig ekki fyrr en of seint á dekkri hliðum þeirrar efnahagslegu velgengni sem fólst í þakkargjöf Díonysosar. Væri það ekki skelfileg tilhugsun ef snerting okkar breytti börnum okkar í skynlausar gullstyttur líkt og þegar Mídas snerti dóttur sína?

En spyrja má: Á hvað á þá að leggja áherslu og hvaða gildi eiga að vera í brennidepli? Engin ástæða er til að fylgja fordæmi Mídasar konungs og gerast algerlega fráhverf veraldlegum gæðum. Hins vegar er þetta spurning um jafnvægi og að við köstum ekki grundvallargildum um virðingu og tillitssemi fyrir róða. Við þurfum að bera virðingu fyrir okkur sjálfum og hvert fyrir öðru, en ekki síst að reyna að miðla þeirri virðingu og þeirri tillitssemi til barna okkar. Foreldrar og heimili eru í lykilhlutverki við að efla þroska barnsins og því er ekki hægt að framselja þá ábyrgð alfarið til skólans eða uppeldisstofnana að rækta þau gildi sem efla félagsþroska. Það er mikilvægt að byrja þetta ræktunarstarf strax í leikskóla og halda því áfram upp grunnskólann – í samstarfi heimila og skóla – með uppbyggingu jákvæðs umhverfis að leiðarljósi. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir framtíðarvelferð og velsæld landsmanna, að byggja upp jákvætt hugarfar virðingar, vináttu og tillitssemi hjá æskunni. Skammsýnn dans í kringum gullkálfa og/ eða gullálfa mun hins vegar engu skila nema vandræðum.

*Hermundur Sigmundsson er prófessor í sálfræði við Háskólann á Akureyri og Birgir Guðmundsson er lektor í fjölmiðlafræði við sama skóla.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Hænufet í lífeyrismálum aldraðra

**Björgvin Guðmundsson skrifar um átak ríkisstjórnarinnar í lífeyrismálum**

Ríkisstjórnin hefur gumað mikið af því undanfarið að hún hafi verið að gera stórátak í lífeyrismálum aldraðra. En hver er sannleikurinn í því máli? Hann er sá að ríkisstjórnin hefur stigið hænufet í lífeyrismálum aldraðra. Lífeyrir aldraðra einstaklinga (einhleypinga) frá Tryggingastofnun er nú 123 þúsund krónur á mánuði fyrir skatta. Miðað er við þá sem ekki eru í lífeyrissjóði og verða að treysta eingöngu á almannatryggingar.

Ríkisstjórnin ætlar að hækka þessa fjárhæð um 3 þúsund krónur um áramót eða í 126 þúsund krónur. Þetta kalla ég hænufet. Það breytir litlu eða engu hvort lífeyrisþeginn fær 123 þúsund eða 126 þúsund. Það er jafnmikil hungurlús eftir sem áður og engin leið að lifa mannsæmandi lífi af þessari fjárhæð. Lífeyrisþeginn verður að greiða skatta af þessari fjárhæð og verða þá aðeins um 107 þúsund krónur eftir þegar þeir hafa verið greiddir. Fyrr í sumar samdi ASÍ við atvinnurekendur um leiðréttingu á launum launþega vegna verðbólgunnar og inni í því samkomulagi var að aldraðir fengju svipaða leiðréttingu, en rausnarskapur ríkisstjórnarinnar var slíkur að aðeins 400 lífeyrisþegar fengu fulla leiðréttingu.

**Mega vinna fyrir 25 þúsundum á mánuði!**

Ekki tekur betra við þegar athugað er hvað lífeyrisþegar mega vinna mikið án þess að bætur þeirra verði skertar. Það eru 25 þúsund krónur á mánuði. Þetta er hlægilega lág upphæð. Ríkisstjórnin ætlaði upphaflega ekki að láta það taka gildi fyrr en á árunum 2009 og 2010 að lífeyrisþegar mættu vinna fyrir einhverju lítilræði án þess að bætur þeirra væru skertar. En nú hefur hún flýtt gildistökunni til næstu áramóta vegna þrýstings frá samtökum aldraðra. Telur ríkisstjórnin sig hafa unnið stórvirki með því að flýta gildistöku á þessu lítilræði til næstu áramóta! En þetta er aðeins hænufet, sem ríkisstjórnin er að stíga.





# Gleð






## Veislulæri Hagkaupa

unnið í samstarfi við landslið matreiðslumeistara

kryddað með fersku rósmarín, steinselju, timian, söxuðum hvítlauk, lime, chili pipar, salti og olíu.



## Lambalæri

**að hætti Jóa Fel**

úrbeinað og fyllt með piparosti, gráðosti, hvítlauk, villisveppum, rósmarin, basil, oregano, olíu, salti og pipar




Mest seldi ísinn í Hagkaupum!




Slimline Tonic



Gildir á meðan birgðir endast.

# ilegt Nýtt Ár

25%
afsláttur



**Ferskar nautalundir**
*beint úr kjötborði*




***Freyðandi drykkur***
*skemmtilegur valkostur fyrir krakkana um hátíðirnar*




*Kettle Chips - stökkari og bragðbetri*

*Þessar verða að komast í áramótapartíið!*

**Ferskur kalkúnn**






*Ný og spennandi kalkúnafylling*



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**HERRA ÓLAFUR SKÚLASON BISKUP ER 77 ÁRA Í DAG**



*Það var alltaf mikið af kökum hjá mömmu og hún gætti þess vandlega að afmælisdagurinn týndist ekki og gerði daginn sérstakan. Síðan hefur konan mín séð vel um mig á þessum degi.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 29. DESEMBER 1170

## *Tómas Becket ráðinn af dögum*



Á þessum degi árið 1170 var Tómas Becket erkibiskup myrtur í dómkirkjunni í Kantaraborg. Fjórir riddarar réðu biskupinn af dögum, líklega að skipun Hinriks II Englandskonungs.

Áður bar Hinrik mikið traust til Beckets og skipaði hann erkibiskup af Kantaraborg árið 1162 í þeirri trú að hann myndi stemma stigu við vaxandi völdum kirkjunnar. Becket reyndist aftur á móti dyggur málsvari þess að kirkjan hefði úrslitavald í eigin málum og féll í ónáð hjá konungi. Árið 1164 flúði hann til Frakklands af ótta við hefnd Hinriks. Þeir náðu síðar sáttum og Becket sneri til Kantaraborgar árið 1170. Það kastaðist hins vegar í kekki milli þeirra þegar Hinrik bjó til annað konungsembætti og lét erkibiskupinn af Jórvík krýna son sinn sem konung, þrátt fyrir andmæli páfa. Í gremju sinni gaf konungurinn út opinbera yfirlýsingu þar sem hann barmaði sér yfir að enginn úr hirð sinni sýndi honum tilhlýðilega hollustu og tæki klerkinn í karphúsið fyrir sig. Fjórir riddarar tóku yfirlýsinguna alvarlega, hugsanlega alvarlegar en efni stóðu til, og myrtu Becket á hrottalegan hátt.

Fréttirnar af morðinu á Becket skóku hinn kristna heim og árið 1173 var hann tekinn í tölu dýrlinga. Ári síðar var Hinrik II neyddur til að gera yfirbót við grafhýsi Beckets og lét hann af frekari tilraunum til að binda endi á aðskilnað ríkis og kirkju. Árið 1220 voru bein Beckets færð yfir í kapellu hinnar heilögu þrenningar í dómkirkjunni í Kantaraborg sem varð í kjölfarið vinsæll áfangastaður pílagríma.

### MERKISATBURÐIR

- **1891** Thomas Edison fær einkaleyfi fyrir útvarpi.
- **1969** Sigurður Nordal hlýtur heiðursverðlaun úr sjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright þegar þau eru veitt í fyrsta sinn.
- **1975** Sprengja springur á LaGuardia-flugvelli í New York. Ellefu manns farast.
- **1995** Ríkisstjórn Íslands ákveður að ekki sé lengur hægt að óska nafnleyndar þegar sótt er um opinber-ar stöður.
- **1997** Í Hong Kong er byrjað að slátra kjúklingum til að koma í veg fyrir útbreiðslu lífshættulegrar inflúensu.

---



**Auðunn Gestsson**
frá Kálfhóli, Skeiðum,

lést á Kumbaravogi, Stokkseyri, þriðjudaginn 26. desember. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 6. janúar kl. 11.00.

Valgerður Auðunsdóttir — Guðjón Vigfússon
Gestur Ólafur Auðunsson — Anastasia Auðunsson
Guðrún Auðunsdóttir — Jón Sigurpáll Salvarsson
Ingileif Auðunsdóttir — Sigmundur Stefánsson
Guðleif Selma Egilsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

---



*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi okkar og vinur*

**Kristján Kristjánsson**
frá Miðkoti, Dalvík,

verður jarðsunginn frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 30. desember kl. 13.30. Jarðsett verður að Upsum.

María Kristjánsdóttir Jón Benediktsson
Björg Jónsdóttir Ísleifur Kristinsson
Kristján Ingi Jónsson
Benedikt Hrólfur Jónsson
Hafsteinn Pálsson og Filipía Jónsdóttir.

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hrefna Pétursdóttir**
Kópavogbraut 1B, áður til heimilis að Lyngbrekku 4, Kópavogi,

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut aðfaranótt aðfangadags 24. desember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 4. janúar kl. 13.

Þráinn Þorleifsson
Pétur Berg Þráinsson — Ingibjörg Skúladóttir
Guðlaug Þráinsdóttir
Rúnar Þráinsson
Þórir Þráinsson
Þráinn Pétursson — Sigríður Ásdís Erlingsdóttir
Aron Þór, Hrefna Berg, Ragnar Ingi, Helga Bríet,
Ylfa Karitas og aðir aðstandendur.

---



*Bróðir okkar,*

**Gísli Ágústsson**
frá Brúnastöðum, Dælengi 20, Selfossi,

lést þann 23. desember. Jarðsungið verður frá Selfosskirkju föstudaginn 29. desember kl. 11 f.h.

Systkini hins látna.

---



**JÓHANN ELÍ GUÐJÓNSSON** Segir merkilega lítið vitað um psoriasis miðað við hversu útbreiddur sjúkdómurinn er. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

**JÓHANN ELÍ GUÐJÓNSSON:** HLÝTUR VIRT VERÐLAUN Í BANDARÍKJUNUM

# Rannsakar psoriasis ytra

Jóhann Elí Guðjónsson er einn tveggja viðtakenda árlegra verðlauna bandarísku húðsjúkdómafræðisamtakanna, American Academy of Dermatology. Verðlaunin, sem á frummálinu kallast Young Investigator Award, eru mjög virt og hafa verið veitt í áraraðir. „Ég veit ekki um neinn útlending sem hefur hlotið þessi verðlaun, að minnsta kosti ekki undanfarin ár,“ sagði Jóhann, sem er fyrstur Íslendinga til að hljóta viðurkenninguna. „Háskóladeildir innan Bandaríkjanna og Kanada tilnefna einstaklinga sem eru í húðlækninganámi eða hafa lokið námi á síðustu tveimur árum. Tilnefningarnar fara fyrir dómnefnd þessara samtaka, sem velur tvo einstaklinga. Þar er litið til rannsóknavinnu og hversu efnilegir þeir þykja vera í sambandi við áframhaldandi starf,“ útskýrði hann, en verðlaunin verða veitt á ráðstefnu samtakanna í febrúar.

Jóhann stundar nú nám í húðlækningum við University of Michigan í Bandaríkjunum, en hann lauk doktorsnámi við Háskóla Íslands árið 2003. „Hér rannsakaði ég ónæmisfræði og erfðafræði psoriasis undir handleiðslu Helga Valdimarssonar prófessors, í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu. Úti hef ég haldið rannsóknum á psoriasis áfram í erfðafræði, ónæmisfræði og sameindalíffræði,“ sagði Jóhann.

Jóhann segir psoriasis vera spennandi og flókinn sjúkdóm. „Við vitum að þetta er arfgengur sjúkdómur, en hann er líka sjálfsofnæmissjúkdómur þar sem ónæmiskerfið ræðst gegn eigin líkama. Við erum að reyna að finna út hvernig þetta spilar saman,“ sagði hann. Jóhann segir merkilega lítið vitað um sjúkdóminn, miðað við hversu margir þjáist af honum. „Á Íslandi eru um 2-3 prósent þjóðarinnar með þennan sjúkdóm á einhverju stigi. Það sama á við um Bandaríkin og Evrópu. Þó að það hafi orðið töluverðar framfarir síðustu áratugi er ennþá mikið eftir svo hægt sé að sjá hvernig sjúkdómurinn fer af stað og hvernig má stoppa hann,“ sagði Jóhann.

Námi Jóhanns lýkur árið 2008, en hann stefnir á að dvelja áfram í Bandaríkjunum. „Mér var boðin staða sem aðstoðarprófessor við deildina. Þó ég vildi gjarnan koma heim, þar sem ég á tvo unga syni hér heima, get ég ekki hugsað mér að vinna á Landspítalanum. Starfsfólkið þar er frábært og framúrskarandi á sínu sviði, en vinnuumhverfið finnst mér algjörlega óásættanlegt,“ sagði Jóhann, sem hefur setið í læknaráði og verið formaður og varaformaður Félags ungra lækna.

sunna@frettabladid.is

---



*Innilegar þakkir til ættingja, vina og allra þeirra sem sýndu okkur ómetanlega hlýju og samúð í gegnum veikindi, andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Önnu Sigurðardóttur Strange**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á líknardeild Landspítalans í Kópavogi svo og starfsfólki deildar 11 E á Landspítalanum við Hringbraut fyrir alúð og góða umönnun.

Egill Ólafur Strange
Greta Strange — George Hunter Young
Sæunn Strange — Brian Docherty
Victor Strange — Anna Berglind Arnardóttir
Egill Strange — Sveinbjörg Bergsdóttir
Ómar Strange
María Strange
ömmubörn og langömmubörn.

---

### AFMÆLI



**Hervar Gunnarsson,** fyrrverandi verkalýðsforingi á Akranesi, er 56 ára.



**Edda Rós Karlsdóttir** hagfræðingur er 41 árs.

---

## Gullbrúðkaup



Í dag 29. desember 2006 eiga hjónin
**Jensína Guðmundsdóttir**
og **Hjörtur Hjartarson**
50 ára brúðkaupsafmæli.
Ættingjar og vinir óska þeim
til hamingju með daginn.

3
Þrefaldur pottur

# KAA BÚMM

## NÚ ER POTTURINN ÞREFALDUR OG STEFNIR Í 15 MILLJÓNIR

ENNEMM / SÍA / NM25275

Lottó

lotto.is

Um leið og við óskum landsmönnum árs og friðar sendum við öllum vinningshöfum ársins okkar bestu hamingjuóskir.
Jafnframt þökkum við fjölmörgum viðskiptavinum Lottósins veittan stuðning á árinu sem er að líða.




## STUÐ MILLI STRÍÐA Óskastundin áramót

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** HLAKKAR TIL AÐ TAKAST Á VIÐ NÝJA HLUTI Á NÝJU ÁRI



Árið 2006 er alveg að verða búið og nánast ekkert eftir nema að kaupa nokkra flugelda og halda upp á að árið 2007 sé að ganga í garð.

Áramót hafa alltaf verið sveipuð ákveðinni dulúð og einhvern veginn finnst manni þá allt geta gerst. Enda er það oft þannig að væntingar fólks eru frekar miklar um áramót.

Um áramótin eiga partí að vera svo skemmtileg að annað eins hefur ekki gerst, útlitið á að vera óaðfinnanlegt, allt á að ganga upp og ef einhver er skotinn í einhverjum öðrum er hann yfirleitt viss um að hann nái í viðkomandi um áramótin.

Því miður er það oft þannig að þegar væntingarnar eru miklar verða vonbrigðin ennþá meiri. Af hverju ætti líka allt sem ekki hefur ennþá gengið upp að vera að gera sig þetta eina kvöld frekar en önnur eins og fyrir einhverja töfra?

Staðreyndin er sú að góðir hlutir gerast hægt og yfirleitt þarf maður sjálfur að koma jákvæðum breytingum af stað. Ekki þýðir að treysta á að eitthvað utanaðkomandi eins og að það skuli vera áramót breyti öllu.

Þess vegna má ekki gleyma því að það frábærasta við áramótin eru ekki partíin, flugeldarnir eða áramótaskaupin. Það frábærasta við áramótin er það að þau boða komu nýs árs og nýju ári fylgja ný tækifæri.

Í upphafi nýs árs fá allir tækifæri til þess að lofa bót og betrun og gera sitt besta til þess að standa sig betur en á síðasta ári. Sumir setja sér háleit markmið sem þeir gefast fljótt upp á en aðrir önnur raunhæfari sem breyta lífi þeirra varanlega til hins betra. Mikilvægast er að markmiðin snúi að einhverju sem skiptir mann raunverulega máli og þrátt fyrir að maður nái þeim kannski ekki fullkomlega geta þau alltaf haft einhver jákvæð áhrif.

Gleðilegt nýtt ár, takk fyrir það gamla og gangi ykkur vel með áramótaheitin.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**ARI ELDJÁRN** Segir efnistökin hernaðarleyndarmál.

# Dulir um efnistök Skaupsins

„Ég var bara í einu atriði, svona grínatriði," segir Pétur Jóhann Sigfússon leikari, en mikil leynd hvílir yfir efnistökum og innihaldi Áramótaskaups Ríkissjónvarpsins. „Þetta er ekkert leggjast-í-gólfið fyndið atriði, en ég hef ekki séð neinn önnur svo að ég veit ekkert. Ég bara mætti þarna klukkan tíu um morguninn og við Ilmur Kristjánsdóttir lékum hjón."

Pétur segir atriðið ekki hafa fjallað um einstakan atburð í þjóðlífi ársins. „Þetta er vísun í eitthvað sem áhorfendur skaupsins kannast við að einhverju leyti," segir Pétur og hlær. „Ég gef ekki mikið upp en samt hefur örugglega enginn annar tjáð sig jafn mikið um Skaupið og ég."

„Við megum bara ekkert segja, það er í samningnum að þetta er hernaðarleyndarmál," segir Ari Eldjárn, einn handritshöfunda. „Ég er nú ekki búinn að sjá endanlega útkomu, en það var lögð áhersla á það við okkur frá byrjun að þetta væri algjört leyndarmál."



**PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON** Leikur í einu atriði Skaupsins.

Ari vildi heldur ekkert tjá sig um hvort skaupið yrði fyndið í ár eður ei.

- sgj

# Harry Potter feigur



**HARRY POTTER** Fæstir telja að Harry lifi af sína næstu bók.

Líkurnar á að skáldsagnapersónan Harry Potter lifi af í nýjustu bókinni eru hverfandi að mati veðmangara. Talið er nær öruggt að Potter láti lífið í Dauðaköllunum og er illmennið Voldemort talinn líklegasti morðinginn. Margir hafa einnig veðjað á að Harry verði sjálfum sér að bana í því skyni að tortíma Voldemort.

Höfundur bókanna um Potter, J.K. Rowling, hefur gefið það sterklega í skyn að aðalpersónan láti lífið í þessari síðustu bók seríunnar. Snape, Draco Malfoy og Ron Weasley eru einnig nefndir sem líklegir banamenn Harrys.

Veðmangarar hafa áður boðið upp á veðmál af þessu tagi, en ráðgátan um hver skaut JR Ewing í sjónvarpsþáttunum vinsælu, Dallas, varð tilefni þess að miklum upphæðum var eytt í veðmál á áttunda áratugnum.

# Fimm stjörnu útgáfutónleikar

Í kvöld mun hiphop-hljómsveitin Forgotten Lores halda upp á útgáfu annarrar plötu sinnar, Frá heimsenda, með útgáfutónleikum í Þjóðleikhúskjallaranum. Gleðskapurinn byrjar kl. 22.00 og munu Earmax og DJ Magic sjá um að koma mannskapnum í stuð, áður en kónarnir í Forgotten Lores stíga á svið. Glöggir minnast þess jafnvel að undanfarin tvö ár hafa FL-liðar efnt til jóla- og nýárstónleika í Þjóðleikhúskjallaranum, við góðar undirtektir þeirra sem mætt hafa. Plata Forgotten Lores, Frá heimsenda, hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda en platan fékk fimm stjörnur hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins sem og Morgunblaðsins. Síðasta plata sveitarinnar, Týndi hlekkurinn, kom út árið 2003 en síðan þá hefur sveitin getið sér góðs orðs fyrir líflega framkomu á tónleikum. Miða er hægt að nálgast á www.midi.is, í verslunum Skífunnar á kr. 900 og einnig verða miðar seldir við innganginn á þúsund krónur stykkið.

- hal



**FORGOTTEN LORES** Fagna vel heppnaði plötu í kvöld í Þjóðleikhúskjallaranum.




Afgreiðslutímar vínbúða yfir hátíðarnar

| Reykjavík og nágrenni | |
|---|---|
| Lau. 30. des | 11:00 - 20:00 |
| Sun. 31. des | LOKAÐ |

Opnunartími vínbúða helst óbreyttur nema ofangreinda daga.



VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma vínbúða er að finna á **vinbud.is**




## Kalkúnn




## Lambahryggur - léttreyktur




**2.838** kr/kg.
Borgarnes lambafile m/fitu




**2.128** kr/kg.
Goði grísalundir Vacum




**1.949** kr/kg.
Borgarnes nautahelgarsteik

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 29. desember til 31. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




**95** kr/pk

Casa Fiesta snakk







**59** kr/stk.

Pepsi 2 ltr.




Camembert ostur

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

**Kl. 16.30.**
*Gjörningaklúbburinn Einhleypingur mun flytja verk sitt „sí sí“ á Lækjartorgi í dag. Ár er síðan Einhleypingur sýndi gjörning sinn hér á landi en meðlimir hópsins hafa starfað á víð og dreif um allan heim síðastliðið ár.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Úthlutað úr sjóði Karls


KARL SIGHVATSSON

Úthlutun úr Minningarsjóði Karls J. Sighvatssonar tónlistarmanns var á miðvikudag og féll styrkur sjóðsins í ár til ungs organista eins og í þau fjórtán skipti sem styrkurinn hefur verið veittur. Að þessu sinni var það Sigrún Magna Þórsteinsdóttir sem hlaut styrkinn.

Minningarsjóðurinn var stofnaður árið 1991 skömmu eftir að Karl fórst í hörmulegu slysi á Hellisheiði. Er stofn sjóðsins aflafé af tónsmíðum Karls, auk þess sem félagar hans úr tónlistarbransanum hafa í tvígang efnt til tónleikahalds sjóðnum til styrktar.

Sigrún Magna er stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri og stundaði nám við Tónlistarskólann á Akureyri og síðar hjá Herði Áskelssyni í Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Hún starfaði sem organisti í Breiðholtskirkju og Bessastaðakirkju og stundar nám við Konunglega tónlistarskólann í Kaupmannahöfn.

Það var bróðir Karls, Sigurjón Sighvatsson, sem afhenti styrkinn og gat þess í ræðu sinni að Minningarsjóðurinn yrði efldur á næstu misserum og að styrkveitingar hans muni í framtíðinni ná til fleiri sviða, en sjóðurinn hefur til þessa einskorðað sig við styrkveitingar til einstaklinga, framlög til kaupa og viðgerða á kirkjuorgelum auk þess að kosta útgáfu á kennsluefni í organleik.

Formaður úthlutunarnefndar sjóðsins er Haukur Guðlaugsson, organisti og fyrrum söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar.

# Menn eru svona og svona

**Í kvöld verður fyrsti flutningur á Landnámssetrinu í Borgarnesi á dagskrá – söngatriði með spjalli eða eintali með innskotum og tónlist – þar sem KK og Einar Kárason rifja upp feril þess fyrrnefnda. Þar byggja þeir á samstarfi sínu fyrir nokkrum misserum þegar Einar skráði sögu KK, Þangað sem vindurinn blæs.**

Landnámssetrið varð til í Borgarnesi að frumkvæði Kjartans Ragnarssonar, leikstjóra og leikritaskálds, og Sigríðar Margrétar Guðmundsdóttur, leikstjóra og fréttakonu. Þar hafa þegar verið settar upp nokkrar sýningar, en tilgangurinn með setrinu er að segja sögu landnáms hér á landi með sýningahaldi og lifandi sagnahefð íslenskra fornbókmennta. Saga KK er með vissum hætti ný Íslendingasaga: Einar segist hafa dregið fjölskyldusögu hans og þeirra systkina aðallega upp úr bróður hans og hún sé miklu lengri í bókinni en hún verður þennan klukkutíma sem Einar stendur fyrir í Setrinu. Um annan klukkutíma til sér KK, en þar bætir í sögu Einars að nú heyra menn tóndæmi, lög og stef úr þroskasögu KK. Sagan hefst þegar foreldra KK taka sig upp og flytja til Ameríku 1956 og henni lýkur tveimur áratugum síðar þegar KK snýr heim. Þeir sem kunnugir eru hinni makalausu skráningu Einars á þessari örlagasögu þurfa ekki að lesa meir, hinir sem ekki þekkja söguna geta kynnt sér hana af verki þeirra félaga, Þangað sem vindurinn blæs, eða skundað í Borgarnes og heyrt stuttu gerðina í flutningi þeirra félaga.

Landnámssetrið er í tveimur samtengdum gömlum húsum í Borgarnesi, Pakkhúsinu sem er frá aldamótunum 1900 sem var geymsla fyrir verslun Jóns á Akri, og Búðarkletti sem var verslunarhús Jóns. Þar eru veitingasalir. Í tengslum við veitingareksturinn og sýningarsali um landnám Skallagríms er aðstaða til minni leiksýninga: þar sýndi Benedikt Erlingsson Egils sögu sína fyrir fullu húsi fram eftir hausti og er væntanlegur aftur að vori, en þangað til munu sagnamenn af guðs náð, KK og Einar Kárason, verma beð og hjörtu með list sinni.

- pbb


EINAR KÁRASON


KK KRISTJÁN KRISTJÁNSSON, SÖNGVARI OG TÓNLISTARMAÐUR.

Nýársfagnaður með

POPS og Eiríki Haukssyni



Pantaðu miða núna!

Húsið opnar kl. 19 fyrir matargesti, matur borinn fram kl. 20.

Fyrir gesti á dansleik opnar húsið kl. 24.

Verð: Matur og skemmtun, 12.900 kr.
Verð á dansleik 3.800 kr.

PIPAR • SÍA • 60934

Í Súlnasal Hótel Sögu nýárskvöld

Ein þekktasta hljómsveit '68 kynslóðarinnar ásamt Eiríki Haukssyni leikur alla helstu „sixties“ smellina á nýársfagnaði í Súlnasal Hótel Sögu á nýárskvöld. Einnig koma fram Óperuídívurnar og Bítl.

Pantanir og upplýsingar í síma 525 9950 og á hotelsaga@hotelsaga.is

Radisson SAS SAGA HOTEL, REYKJAVIK



MEÐ Á NÓTUNUM

Árni Heimir Ingólfsson

# iTunes og klassíkin

Undanfarið hafa borist af því fréttir að sala á tónlist gegnum iTunes sé langt undir væntingum og að flestir hlustendur kjósi enn geisladiska fram yfir niðurhal af netinu. Þetta eru athyglisverð tíðindi og verður fróðlegt að sjá hvernig málin þróast næstu misserin. Það hefur nefnilega komið í ljós að iTunes-markaðurinn er um margt einstakur. Nýlegar kannanir sýna t.d. að ungt fólk notar netið í ríkum mæli til að sækja sér klassíska tónlist. Í geisladiskaverslunum er klassísk tónlist ekki nema 3-4 prósent af heildarsölu, en hlutfallið er 12 prósent á iTunes. Þá sýna kannanir að þeir sem kaupa klassíska tónlist gegnum iTunes eru flestir tiltölulega ungir og vita ekki mikið um tónskáld og flytjendur. Þeir eru hins vegar forvitnir og nota tækifærið til að kynna sér, fyrir lágt verð, tónlist sem þeir myndu ekki kaupa á geisladiski að svo komnu máli.



JANINE JANSEN

Eftir súrrealísk uppgangsár frá því að geisladiskurinn kom til sögunnar hafa klassísku útgáfufyrirtækin barist í bökkum um nokkurt skeið. Markaðurinn var orðinn mettaður, sögðu menn; engan langar í fleiri geisladiska með sömu gömlu verkunum. En eftir að iTunes kom á markaðinn hafa ótrúlegustu hlutir gerst. Í fyrra gaf útgáfufyrirtækið Decca út Árstíðir Vivaldis með hollenska fiðluleikaranum Janine Jansen og dreifði upptökunum einnig á iTunes. Og viti menn: Árstíðirnar fóru í 19. sæti bandaríska iTunes-listans og yfir 80 prósent af heildarsölunni hafa farið fram gegnum niðurhal. Í breskum blöðum hlaut Jansen viðurnefnið „Queen of the Download“ eða Drottning niðurhalsins, og nú bendir allt til þess að þessi 27 ára gamli fiðlari verði næsta stórstjarna klassíska tónlistarheimsins.

**Með tónleika í vasanum**

Það eru ekki bara stúdíóupptökur sem hafa slegið í gegn á netinu. Hljómsveitin Fílharmónía var ein fyrsta sinfóníuhljómsveitin til að bjóða upp á svonefnt „podcast“ þar sem tónleikar sveitarinnar voru aðgengilegir til niðurhals á netinu. Á innan við ári höfðu tónleikarnir verið sóttir 600.000 sinnum, og forsvarsmaður hljómsveitarinnar fullyrti að netið myndi í framtíðinni gegna grundvallarhlutverki þegar kæmi að því að ala upp framtíðarhlustendur klassískrar tónlistar.

Það leið heldur ekki á löngu þar til útgáfurisinn Deutsche Grammophon sá sér leik á borði og stofnaði DG Concerts með samningi við tvær fremstu hljómsveitir Bandaríkjanna: Fílharmóníuhljómsveitirnar í New York og Los Angeles. Á hverju ári eru hljóðritaðir fernir tónleikar með hvorri hljómsveit og þeim dreift á iTunes. Viðtökurnar hafa farið fram úr björtustu vonum enda er úr frábæru efni að velja, m.a. bandarískri nútímatónlist undir stjórn hins þróttmikla finnska stjórnanda Esa-Pekka Salonen, og síðustu sinfóníum Mozarts undir stjórn Lorin Maazel (www.deutschegrammophon.com). Decca hóf nýverið samskonar röð með fjórum fremstu hljómsveitum Evrópu. Fyrstu „podcast“-tónleikarnir þar á bæ voru helgaðir Robert Schumann í tilefni þess að 150 ár voru frá andláti hans, og einleikarinn var argentínska píanógyðjan Martha Argerich (www.decca.com).

**Sinfóníuhljómsveit Íslands á iTunes?**

Það virðist semsagt ástæða til bjartsýni. Ungt fólk hefur aldrei átt jafngreiðan aðgang að klassískri tónlist og nú. Stóra spurningin er samt hvort það tekst að nýta tækifærið til að vekja áhuga ungu kynslóðarinnar á því að sækja klassíska tónleika. Sumir vilja meina að það gildi einu hvort maður hlustar á tónlist í geislaspilara eða í tónleikasal, og mun ég fjalla nánar um það mál allt í næsta pistli. Það hlýtur samt að vera hverjum manni ljóst að það lifir engin hljómsveit, einleikari eða listahátíð á geisladiskaupptökum, útvarpsútsendingum eða niðurhali. Tónleikahald er spurning um lífsafkomu fjölmargra hljómsveita og einleikara um allan heim.



MARTHA ARGERICH

Með það fyrir augum að nota iTunes-æðið til að hvetja ungt fólk til að sækja tónleika er Carnegie Hall farið að senda út á netinu dagskrá þar sem skærustu stjörnur klassískrar tónlistar leika í hinu sögufræga tónleikahúsi, en tjá sig einnig um listsköpun sína, verkin sem flutt eru og margt fleira (www.carnegiehall.org). Með iTunes hefur skapast einstakt tækifæri til að brjóta niður múra og kynna klassíska tónlist fyrir gríðarlegum fjölda fólks. Hvernig væri að Ríkisútvarpið sýndi frumkvæði á tæknisviðinu og færi að „podcasta“ tónleikum Sinfóníunnar? Varla getur það verið svo flókið mál að semja um réttindi ef þess þarf með. Myndu ekki allir hlutaðeigandi græða á því ef hundruð eða þúsundir íslenskra unglinga – svo ekki sé nú talað um alla hina iPod notendurna um allan heim – færu að ganga um með Melabandið í vasanum?







SIXTIES
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

**Stúdentaleikhús kynnir „ þú ert enginn Johnny Depp ”**
Til að verða við óskum þeirra sem ekki komust að munu verða aukasýningar á verkinu Fim 4. jan kl. 20 / Fös 5. jan kl. 20 / Lau 6. jan kl. 20 / Sun 7. jan kl. 20

**POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)** Verkið er aðeins sýnt í viku.
Frumsýning Sun 14. jan kl. 20 / Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

AUSTURBÆR
**Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is**

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR
**Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja Sinfóníu nr. 4 & Kindertotenlieder eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason**
**6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík**
**7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni**
**Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1**
**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake´s Progress e. Stravinsky - Nánari upplýsingar á www.opera.is**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus** - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 **FÁAR SÝNINGAR**
**TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX ! - 25 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í sal**
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl. 19.15 (ekki á frumsýningu)
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
SpKef
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ


**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 **nokkur sæti laus**, lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 **kl. 20:00** uppselt, lau. 30/12 **kl. 14:00** uppselt og **kl. 17:00** uppselt, lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**, lau. 13/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**.

**BAKKYNJUR** eftir Evrípídes
4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 18/1.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1 **nokkur sæti laus**, fös. 12/1 **kl. 16:30 nokkur sæti laus**, lau. 13/1 **örfá sæti laus**, lau. 20/1. **Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00** uppselt, **kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 kl. **11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00** uppselt.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

**ÓFAGRA VERÖLD**
Í kvöld kl. 20 Frumsýning UPPS.
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Sun 21/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort

**DAGUR VONAR**
Mið 10/1 kl. 20 Fors. Miðaverð 1.000
Fim 11/1 Afmælissýning UPPS.
Fös 12/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20
Fös 26/1 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 30/12 kl. 20
Fös 5/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20

**AMADEUS**
Sun 7/1 kl. 20
Sun 14/1 kl. 20
Lau 20/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

**FOOTLOOSE**
Lau 6/1 kl. 20
Fim 11/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Lau 30/12 kl. 14 UPPS.
Sun 7/1 kl. 14
Sun 14/1 kl. 14

**MEIN KAMPF**
Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Sun 14/1 kl.20 AUKAS.
Lau 20/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 27/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Í kvöld kl. 20
Lau 6/1 kl.20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ




**LEIKLIST** Ilmur Kristjánsdóttir í hlutverki Lísu í heiminum handan „raunveruleikans“. SIGFÚS MÁR PÉTURSSON/LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

# Lítil sál týnd í tveim heimum

**Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir í kvöld leikinn *Ófagra veröld* eftir skoska leikskáldið Antony Neilson en hann hefur á undanförnum misserum átt nokkrum vinsældum að fagna meðal leikhúsfólks. Heiti leiksins er raunar tvöfalt í roðinu: á frummálinu er heitið *Wonderful World of Dissocia* – þýðandinn Þórarinn Eldjárn kallaði það *Lísu í Sundralandi*. *Ófagra veröld* er sótt í orð Míröndu í Ofviðrinu eftir Shakespeare: „Brave new World – sem Helgi Hálfdanarson þýddi: Ó, fagra veröld.**

Hér á landi hafa einungis tvö af verkum Neilsons litið dagsins ljós þar til í kvöld: Listaleikhús hinna ungu setti á svið *Penetrator* í Hampiðjunni og seinna leit dagsins ljós *Sensorinn*, bæði smáverk miðað við þá heima sem *Ófagra veröld* geymir. Það var frumsýnt 2004 í september í Tron-leikhúsinu í Edinborg og fór þaðan í Konunglegu leikhúsin í Edinborg og Plymouth. Neilson leikstýrði frumgerð verksins, smíðaði það raunar á æfingatímanum.

**Fleiri verk**
Eftir áramótin verður frumgerð verksins tekin upp á ný í Skotlandi – Neilson eyðir því þessum dögum í að sviðsetja verkið, rétt eins og Benedikt Erlingsson hefur gert á Stóra sviði Borgarleikhússins. Þar í húsi hefjast innan skamms æfingar á fjórða verki Neilsons sem hér kemur á svið *Líki í óskilum* sem Steinunn Knútsdóttir setur upp á Nýja sviðinu.

Eins og margir breskir höfundar af yngri kynslóðinni hóf Nelson störf á jaðrinum. Hann er löngum talinn í hópi Blast-kynslóðarinnar með Söru Kane og Mark Ravenhill. Raunar stýrði Neilson fyrsta flutningi á *Shopping and fucking* einu og hálfu ári áður en það fór á svið.

**Fóstraður af Edinborg**
Sjálfur leit hann fyrsta verk sitt á sviði í Traverse-leikhúsinu í Skotlandi sem hét *Welfare my lovely* en Traverse hefur fóstrað mörg ung bresk leikskáld. Annað sviðsverk hans, *Normal*, var frumsýnt á Edinborgarhátíðinni en síðan flutt á Finborough Arms. *Penetrator* leit dagsins ljós 1993 á Edinborgarhátíðinni. Líkt og er oft með verk smærri hópa fóru verkin fyrst á svið í Edinborg í tengslum við hátíðina þar en voru svo flutt um set í smærri jaðarleikhús. *Penetrator* endaði á Royal Court og þar með var Neilson kominn í innsta hring breskra leikhúsa.

**Kvikmyndin heillar**
Sjálfur segist hann helst vilja semja fyrir svarta kassa: leikhús hins fágaða borgaraskapar eru ekki hans: þó vill hann fyrir alla muni ná til áhorfenda sem gerist ekki nema í stærri og virtari húsum. *Heredity* var leikið á Royal Court og *White Trash* á National Theatre Studio. Hann segist forðast leikhús og leiksýningar á verkum annarra. Draumamiðill hans er kvikmyndin: Hann hefur skrifað fyrir sjónvarp, átti handrit að ætlaðri mynd fyrir bíó sem byggði á Cracker og annað handrit að hugsanlegri kvikmynd eftir Prime Suspect, en hvorugt varð að veruleika. Hann samdi handrit og leikstýrði myndinni *Dept Collector* 1999.

Síðustu fjögur árin hefur Neilson jöfnum höndum leikstýrt og samið verk: *Edward Gant's Amazing Feats of Loneliness* og *Stitching* urðu bæði til með þeim hætti, nánast samin um leið og þau voru æfð. Á einu og sama árinu komu þau ásamt *The Lying Kind* fyrir almenningssjónir. Hann vinnur nú að handritum fyrir kvikmyndir og sjónvarp.

**Sundraður heimur**
Sundraland var skáldinu umhugsunarefni um langan tíma áður en það varð til í æfingum haustið 2004: fimmtungur þess var til þegar þær hófust. Verkið fjallar um tvo aðskilda heima geðsýki og heilbrigðis. Það er tilraunakennt í formi og því nokkur raun leikstjóra: Benedikt Erlingsson segir vandann við sviðsetningu á Stóra sviðinu vera þann að þar þurfi að ákveða flesta hluti í undirbúningsvinnu. Þar njóti leikstjórar ekki sama frelsis og smærri svið veiti.

**Eigin reynsla**
Neilson gengst fúslega við að verkið byggi á eigin reynslu: geðsýki þekkist í hans fjölskyldu eins og margra annarra. Andlega kvilla eigi menn ekki að forðast heldur kynna sér með samtali við þá sjúku. Hann viðurkennir að verkið hafi orðið til á skeiði í hans eigin lífi þegar hann var fokkaður, takandi spítt í of miklu magni og í sambúð við einstakling sem gekk ekki heill til skógar. Hann hafi verið læstur í hringekju. Verkið beri saman heima brjálseminnar með sinni fullvissu, angist og stórum tilfinningum og hinn heiminn þar sem allt sé með skikk og skipan: „Fólk hættir að taka lyfin vegna þess að heimur geðveikinnar er lifandi og fagurt land, fullt af fögnuði, en byggir á lögum sem eru kripplandi og hræðileg.“

**Glæstur hópur**
Í sviðsetningu kvöldsins er Benedikt enn í samstarfi við Gretar Reynisson en saman unnu þeir Draumleik með miklum ágætum á sama sviði. Leikhópurinn telur átta: Ilmi Kristjánsdóttur, Berg Þór Ingólfsson, Björn Inga Hilmarsson, Charlotte Böving, Guðmund Ólafsson, Margréti Helgu Jóhannsdóttur, Þór Tulinius og Þórhall Sigurðsson – Ladda. Auk þeirra Gretars koma eftirtaldir að sýningunni: hljóð annast Ólafur Örn Thoroddsen, lýsingu Halldór Örn Óskarsson, leikgervi gerir Sigríður Rósa Bjarnadóttir, búninga Helga I. Stefánsdóttir og tónlist Pétur Þór Benediktsson.

- pbb

# Myndlistin fer á vefinn

Breski safnarinn og auðkýfingurinn Charles Saatchi rekur vef fyrir unga myndlistarmenn í tengslum við safn sitt í London: www.saatchi-gallery.co.uk/stuart. Þangað koma nú þrjár milljónir innlita á degi hverjum. Á vef safnsins er slóð fyrir listamenn, Your Gallery, og eru ríflega 25 þúsund listamenn með verk sín skráð þar og til sölu.

Að auki hefur verið opnuð ofangreind slóð sérstaklega fyrir ungt listafólk – Stuart. Sex þúsund skráðra þátttakenda á vefjum safnsins eru búsettir í Bretlandi og annað eins í Bandaríkjunum. Restin dreifist víða um heim.

Charles Saatchi, auglýsingakóngurinn breski, er reyndar kunnur af því að gera fátt nema hann sjái sér fjárhagslegan ávinning í því. Vefurinn hefur gerbylt aðstöðu myndlistarmanna um allan heim til að selja list sína, en þar eiga einkum hlut sérbúnir vefir fyrir safnara. Vefur Saatchi er að því leyti óvenjulegur að þangað hlaða listamenn verkum sínum og selja beint. Fullyrt er að vefinn sæki reglulega um sex milljónir manna og hann verði brátt að gríðarlegu afli í myndlistarheiminum og bylti aðstöðu miðlara. Þar geta safnstjórar og sýningarstjórar tekið púlsinn dag hvern. Þetta þýðir að milliliður gallerí-eigenda rýrist.

Hugmyndin varð til þegar safnarinn varð að loka sýningarsal sínum í County Hall í London í fyrra en hann opnar nýjan í Chelsea á sumri komanda. Vefsíðan hrundi í þriðju viku desember undan þunga sex milljóna heimsókna að því talið er á einum degi. Þá komu fimm hundruð nýir sýningaraðilar inn daglega. Spjallsvæði eru í tengslum við síðuna þar sem listamenn og listunnendur geta rætt málin – verð og gildi verkanna.

Gríðarleg hækkun hefur orðið á verkum myndlistarmanna á hinum stóru mörkuðum og litið er á kaup á myndlist sem framtíðarfjárfestingu. - pbb



**LJÓSAVERK EFTIR HEKLU DÖGG** sem hún sýnir nú í Kling og Bang á Laugaveginum. Ætli hún fari brátt að sýna á vefnum?

# Víða sýningarlok

Í dag og á morgun er víða komið að sýningarlokum í mörgum sýningarsala landsins. Það er því enn tækifæri til að sjá ýmislegt af því sem kom upp á fyrstu vikum vetrarins og nú þegar dauður tími er í lífi margra er fínt að líta til þess sem er að gerast í myndlistinni.

**Sýningu Rúnu lýkur**
Stór lokadagur er á morgun í Hafnarborg í Hafnarfirðinum: 1. desember opnaði Rúna, Sigrún Guðjónsdóttir, sýningu í Sverrissal og Apóteki. Á sýningunni eru steinleirsmyndir og verk unnin á pappír með akrýl, olíukrít, pastellitum og bleki. Rúna hefur unnið mikið með japanskan pappír, sem er efnismikill og gljúpur, og því allt annað efni að vinna á en steinleirinn sem hún hefur haldið tryggð við. Rúna var kjörin fyrsti bæjarlistamaður Hafnarfjarðar 2005.

**Spessi tekur niður**
Í aðalsal Hafnarborgar er að ljúka Locations: Ljósmyndarinn Spessi kannar umhverfið. Verkin á sýningunni eru úr bókinni Locations sem kom út fyrir jólin. Sýningin í Hafnarborg ber sömu yfirskrift. Þarna er fyrst og fremst um að ræða myndir af stöðum sem bera ummerki mannfólksins, staði þar sem fólk hefur komið sér fyrir, hvort sem er í bæ, sveit eða uppi á fjöllum.

Viðfangsefni Spessa koma úr öllum áttum en þó er óhætt að segja að hann hafi þroskað með sér sjónarhorn eða nálgun sem gerir myndir hans öðruvísi en verk flestra annarra. Spessi nálgast myndefni sitt af varúð og leitast umfram allt við að halda hlutleysi gagnvart því, forðast að stýra upplifun áhorfandans eða blekkja hann. Myndir Spessa eru fyrst og fremst afskaplega blátt áfram og hreinskilnislegar, lausar við alla upphafningu eða ýkjur. Þær eru eins fjarri stíl æsifréttaljósmyndanna og hægt er að komast. Fyrir vikið fær áhorfandinn



**ÓMAR STEFÁNSSON Í VINNUSTOFU SINNI.**

sjálfur að takast á við myndefnið, líkt og á eintali, hvort sem um er að ræða mynd af manneskju, manngerðu umhverfi eða náttúru.

**Í kaffistofunni**
Í kaffistofu Hafnarborgar sýnir Guðný Magnúsdóttir SNJÓ – rennd og glerjuð steinleirsform, Jean Antonine Posocco sýnir myndlýsingar sínar um Grýlu og jólasveina hennar sem hann kallar: „Vertö þægör eða ég rassskelle þeg“ og Yngvi Guðmundsson sýnir „Vinkonur Snæfríðar“ – Fótfrá og fim fljóð. Opið er í Hafnarborg kl. 11–17 í dag og á morgun.

**Kvosin og Fenin**
Í Borgarbókasafni í Grófinni hefur staðið uppi sýning á verkum Önnu Hallin, teikningum og myndbandi, í Artótekinu. Lýkur henni nú um mánaðamótin og er hún opin á opnunartímum safnsins.

Sigurdís Harpa Arnarsdóttir hefur verið með sýningu í Galleríi Úlfi á Baldursgötu frá 9. desember sem lýkur nú á laugardag.

Skammt þar frá á Skólavörðustígnum er sýning Ómars Stefánssonar í Ófeigi Listhúsi. Ómar sýnir þar málverk.

Í Faxafeni á Café Mílanó lýkur sýningu Ingvars Þorvaldssonar. Hann sýnir þar tíu olíuverk.




## Lúðrar í Firðinum

Jólatónleikar Lúðrasveitar Hafnarfjarðar eru í kvöld í Hafnarfjarðarkirkju og hefjast kl. 20. Málmblásarakór og kvintett úr sveitinni leika verk eftir Brückner, Gabrieli og Händel í bland við jólasálma.

Stjórnandi lúðrasveitarinnar er Þorleikur Jóhannesson.




SONIC YOUTH


CIARA

## Í SPILARANUM

Kahoots – Fourteen Ghosts
Sonic Youth – The Destroyed Room
Voxtrot – Mothers, Sisters, Daughters & Wives
Chris Garneau – Music for Tourists
Ciara – The Evolution

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Settu vitlaust lag á iTunes

Kanadíska hljómsveitin The Arcade Fire hlóð vitlausu lagi inn á iTunes á annan í jólum. Áætlað hafði verið að lagið Intervention yrði sett í sölu á síðunni 28. desember og átti ágóðinn að renna til góðgerðamála. Í staðinn gátu aðdáendur sveitarinnar nælt sér í lagið Black Wave/ Bad Vibrations. Bæði lögin verða á annarri breiðskífu Arcade Fire sem gefin verður út í lok mars eða byrjun apríl.

Win Butler, aðalsprauta Arcade Fire, skrifar um þetta á heimasíðu sinni og segir að ekki sé um alvarleg mistök að ræða. Hann segir enn fremur að lög af breiðskífunni, sem kallast Neon Bible, hafi þegar lekið út á Netið og muni halda áfram að leka. Þau muni þó ekki heita réttum nöfnum þar. „Það er ekki hægt að koma í veg fyrir að lögin leki út einhvern tímann. Þess vegna settum við sjálf um hundrað lög á Myspace undir mismunandi nöfnum, völdum þau sem voru vinsælust og gerðum plötuna Neon Bible!“


**THE ARCADE FIRE** Hjónin Win Butler og Régine Chassagne eru aðalsprauturnar í hljómsveitinni vinsælu.



## > Plata vikunnar

Jóhann Helgason – Söknuður

★★★★

„Söknuður hefur að geyma nýjar upptökur af nokkrum af þekktustu lögum Jóhanns Helgasonar. Ágæt plata sem sýnir að Jóhann er ekki bara öndvegis lagasmiður. Hann er líka frábær söngvari.“ TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

## *Er netið besti vinur tónlistarinnar?*

Plötuútgefendur voru lengi á þeirri skoðun að netið væri versti óvinur tónlistarinnar. Miklum fjármunum hefur verið mokað í baráttu fyrir því að stöðva niðurhal á tónlist í gegnum svokölluð skráarskiptikerfi (p2p). Sú barátta hefur engu skilað. Það er hins vegar alltaf að koma betur og betur í ljós hvað netið er frábær vettvangur fyrir kynninguá tónlist. Það hefur opnað ótal nýja möguleika bæði fyrir tónlistarmenn og tónlistaráhugamenn.



**www.myspace.com**
**www.youtube.com**
**www.pitchforkmedia.com**
**www.drownedinsound.com**
**www.egillhardar.com/music**
**www.fluxblog.org**
**hype.non-standard.net**
**www.gorillavsbear.blogspot.com**
**www.bedazzled.com**
**www.hyped2death.com**
**www.wolfgangsvault.com**

Í dag gegnir netið mikilvægu hlutverki fyrir þá sem fylgjast með tónlist. Tónlist er mjög áberandi á MySpace (150 milljón skráðir notendur) og Youtube (7 milljón vídeó í boði) og netmiðlar eins og Pitchforkmedia og Drowned in Sound hafa mikil áhrif á heimsvísu. Tónlistarbloggsíðum hefur fjölgað mikið. Þar er mikið um ötula einyrkja eins og til dæmis Egil Harðar, en líka stórar síður eins og Fluxblog og The Hype Machine þar sem maður getur fundið allt það sem hugurinn girnist – nýtt dót, tónleikaupptökur og fágætt efni. Og tónlistarbloggarar eru fljótir að taka við sér ef eitthvað markvert gerist. Nú keppast til dæmis allir við að setja inn lög með James Brown í minningu meistarans... Það er óhætt að mæla með síðunni gorillavsbear.blogspot.com sem er sambland af öflugri tónlistarbloggsíðu og netmiðli með glás af flottum tenglum og bedazzled.com sem hefur að geyma safn af sjaldgæfum tónlistarmyndböndum.

Netið er ómissandi fyrir þá sem vilja uppgötva nýja tónlist, en það er líka öflugur bandamaður þeirra sem vilja grúska í fortíðinni. Ég nefni tvö dæmi: hyped2death.com sem sérhæfir sig í pönki frá árunum 1977–1984 og wolfgangsvault.com sem býður upp á nokkur hundruð tónleika í fullri lengd með listamönnum eins og David Bowie, The Clash, The Who, Blondie, Neil Young og 10cc svo örfáir séu nefndir. Þú getur hlustað á alla þessa tónleika án þess að borga krónu og að auki skoðað lagalistann og lesið ýmsa fróðleiksmola. Ekki galið ...

BBC
WORLD
SERVICE

# Árið 2007 lofar góðu

**Árið er liðið í aldanna skaut eins og gömul klisja segir. Nýtt tónlistarár fer því brátt að hefjast og þess vegna fór Steinþór Helgi Arnsteinsson á stúfana og athugaði komandi útgáfur.**

Árið 2006 var því miður ár meðalmennskunnar, tónlistarlega séð. Einum of mikið af fínum plötum en sárvantaði allar frábærar plötur. Komandi tónlistarár lítur hins vegar mun betur út á pappírunum. Mikið af stórum útgáfum og heill haugur af sveitum stefna á útgáfu sem spennandi verður að fylgjast með. Strax í janúar er von á nokkrum áhugaverðum plötum, til dæmis með Clap Your Hands Say Yeah, Deerhoof, The Shins, Noruh Jones og nýjustu sveit Damons Albarn, The Good, the Bad and the Queen. Einnig er ekki langt í að ný breiðskífa frá Modest Mouse, We Were Dead Before The Ship Even Sank, líti dagsins ljós en hún átti upphaflega að koma út í byrjun desember.


**RADIOHEAD** Thom Yorke og félagar í bresku sveitinni senda frá sér langþráða breiðskífu á næsta ári. 2007 virðist ætla að verða einstaklega spennandi ár í poppheiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

### Risar slá frá sér

Stóru nöfnin í bransanum huga að útgáfu á árinu eins og áður. Bæði Metallica, Velvet Revolver og Green Day hafa sagt í nýlegum viðtölum að sveitirnar væru á leið í upptökuverið og ekki minni nöfn en Avril Lavigne, REM, Black Eyed Peas, 50 Cent, Queens of the Stone Age og Maroon 5 eru víst öll með plötu uppi í erminni. Plötu frá Radiohead hefur verið beðið í einum of langan tíma en hún er loksins væntanleg.

Gamlar stjörnur ætla líka að rísa úr dvala árið 2007. The Stooges ætla að gefa út The Weirdness í lok mars, Guns N’ Roses koma vonandi loksins plötunni Chinese Democracy út í sama mánuði, Roxy Music stefna á endurkomu, einnig Smashing Pumpkins sem og Portishead og The B-52’s og eru það stórtíðindi. Svo má líka minnast á plötu Yoko Ono, Yes, I’m a Witch, sem kemur út í febrúar og hinn stórskrýtni Michael Jackson hefur lengi hótað nýrri plötu.


**AVRIL SNÝR AFTUR** Kanadíska popprokkstelpan Avril Lavigne gefur út aðra plötu sína árið 2007. Hún sló í gegn fyrir nokkrum árum með lögum á borð við Sk8ter Boi.

### Árslistinn tilbúinn?

Meginstraumurinn er langt frá því sá eini sem ætlar sér stóra hluti á árinu. Fjölmargar hljómsveitir sem hafa nær einokað árslista tónlistarrýna undanfarin ár ætla sér að gera slíkt hið sama með nýjustu skífum sínum. Má þar til dæmis nefna ekki minni spámenn en Wolf Parade, Arcade Fire, The Go! Team, Interpol, Architecture in Helsinki, Wilco, Blonde Redhead, Kings of Leon, The Bravery, Spoon, Animal Collective, Shellac og Black Rebel Motorcycle Club. Listi sem gæti litið vel út í árs-uppgjörinu.

Ekki má heldur gleyma Bretunum en þar ætla Bloc Party, Kaiser Chiefs, Travis og Art Brut að halda uppi heiðri bresks rokks. Nú reyndar nýlega bárust einnig þær fregnir að Coldplay ætlaði að hætta við fyrirhugað frí og ný plata gæti dottið í hús í lok árs.

### Ísland í stuði

Mun erfiðara er hins vegar að spá fyrir um íslenska útgáfu þar sem langflestar plöturnar koma út rétt fyrir jól og eru því í vinnslu á bilinu ágúst til október. Nokkur lykilnöfn hafa heyrst nefnd í þessu samhengi: Mugison, Jakobínarína, Mínus, Apparat Organ Quartet, Ghostigtal og Reykjavík! en frumburður þeirra þótti sá besti á árinu að mati ráðgjafa Fréttablaðsins. Barði Jóhannsson hefur einnig lofað tveimur plötum á árinu. Síðan verður forvitnilegt að fylgjast með hvort eitthvað verður úr íslensku elektróbylgjunni sem var svo áberandi á síðustu Airwaves. Plötur sveita á borð við Sprengjuhöllina og Amiina gætu líka slegið í gegn og miðað við frammistöðu sína á plötu Skúla Sverrissonar, Seríu, gæti frumburður Ólafar Arnalds verið meira en lítið áhugaverður. Önnur stúlka sem gefur góð fyrirheit er Hrund Ósk Árnadóttir sem stelur senunni á jólaplötu Mannakorna sem kom út fyrir þessi jól.

Ofangreind umfjöllun er að sjálfsögðu ekki tæmandi upptalning og auðvitað má heldur ekki gleyma öllum nýliðunum sem gætu slegið í gegn. Áhugasömum er þó bent á heimasíðurnar metacritic.com og insound.com en þar má finna lista yfir væntanlegar plötuútgáfur.

# Sjáðu Skaupið í SONY gæðum



KDL32U2000

BRAVIA 32" LCD sjónvarp

Upplausn: 1366x768 HD ready

Borðstandur með snúningi fylgir

HDMI tengi fyrir stafræna mynd

32"

**119.999**

9.999,- á mánuði í

12 mánuði vaxtalaust

Verðlækkun

**20.000**

---

## Tæki ársins 2006



40"

**449.950**

37.495 á mánuði í

12 mánuði vaxtalaust

46"

**599.950**

49.995 á mánuði í

12 mánuði vaxtalaust

KDL40W2000/KDL32W2000

BRAVIA LCD sjónvarp

BRAVIA Engine með Live Color Creation

1920x1080

Full HD 1080

3D Comb Filter

SRS Trururround XT hljómtækni

Borðstandur með snúningi fylgir

Svartími: 8ms

Skerpa 8000:1

"Einfaldlega besta LCD sjónvarpið sem fáanlegt er" *-WHAT HIFI*

---





ESPRIT 1

BRAVIA 32" LCD sjónvarp

Rafdrifn framhlið lokar tækinu
þegar það ekki er í notkun

Innbyggður DVD spilari
og FM útvarp með 20 stöðva minni

200W S-Force Pro hljóðkerfi sem
veitir 5.1 heimabíóhljóm án fleiri
hátalara eða snúra

Innbyggður bassahátalari með
dempun sem ekki leiðir titring út í
gólfið

32"

**399.950**

33.329 á mánuði í

12 mánuði vaxtalaust

Það allra flottasta

## Sony Center Kringlunni

**www.sonycenter.is sími: 588 7669**

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is



**JOSH HARNETT** Leikarinn Josh Harnett er víst orðinn góður vinur fyrirsætunnar Gisele Bündchen.

## Kyssti Gisele

Leikarinn Josh Hartnett sást kyssa brasilísku ofurfyrirsætuna Gisele Bündchen á veitingastað í New York fyrir skömmu.

Um það bil viku áður hafði sést til hans kyssa leikkonuna Scarlett Johansson en þau hafa verið saman og sundur að undanförnu. Áttu þau í erfiðleikum í sambandinu vegna þessu hversu litlum tíma þau eyddu saman er Harnett var við tökur á myndinni 30 Days of Night á Nýja-Sjálandi. Þá sást til hans láta vel að mótleikkonu sinni í myndinni, Amber Sainsbury.

# Ástarsorg, hjónabönd og

**Stjörnurnar úti í heimi héldu slúðurblöðunum vel við efnið á árinu sem er að líða enda þrífast þær á umtali, hvort sem það er gott eða slæmt. Fréttablaðið rifjaði upp 10 eftirminnilegustu fréttamálin.**

### 10. Kryddpíu-styrjöld

Í lok árs fór að hitna í kolunum hjá Eddie Murphy og fyrrum kryddpíunni Mel B. Parið átti von á barni og hugðist ganga í það heilaga. Murphy varpaði öllum að óvörum þó stórri sprengju í hollenskum spjallþætti þegar hann tilkynnti að þau væru hætt saman og síðar krafðist hann DNA-prófs vegna barnsins sem Mel gekk með undir belti. Málið mun að öllum líkindum fara fyrir dómstóla í Bandaríkjunum á næsta ári.





### 9. Sundur, saman og sundur

Eitt merkilegasta par síðari ára er án nokkurs vafa Sienna Miller og Jude Law. Þau byrjuðu saman eftir að hafa leikið í kvikmyndinni Alfie og skildi Law þá við eiginkonu sína Sadie Frost. Nokkru síðar viðurkenndi Law að hafa haldið framhjá Miller með barnfóstru barna sinna og flutti Miller út. Leikkonan hafði hins vegar ekki verið barnanna best enda hafði hún sofið hjá besta vini Law, James Bond leikaranum Daniel Craig. Parið tók því aftur saman enda staðan jöfn hvað framhjáhald varðar. Þau ákváðu síðan fyrr á þessu ári að segja þetta gott eftir að hafa verið sundur og saman í meira heilt ár.





### 8. Fjórar giftingar, einn skilnaður

Brjóstabomban Pamela Anderson og eilífðarrokkarinn Kid Rock gengu í það heilaga fjórum sinnum á jafnmörgum stöðum. Eftir aðeins fjóra mánuði ákvað Pamela að segja þetta gott og sótti um skilnað frá Rock. Anderson bar fyrir sig að hún hefði verið í svo góðu skapi þetta sumarið en það varði greinilega ekki að eilífu.

### 7. Barn ársins

Shilou Nouvel Pitt Jolie hlýtur þennan titil enda lögðu ljósmyndarar líf sitt í hættu við að ná myndir af því. Shilou er dóttir leikaranna Brad Pitt og Angelinu Jolie sem eru daglegur fjölmiðlamatur og forsíðuefni. Hjónin ákváðu að eignast stúlkuna í Namibíu og fór landið á hvolf sökum ágangs fjölmiðla.



### 6. Ættleiðingarklúður

Madonna hélt til Malawi þar sem poppdrottningin ættleiddi strákinn David. Málið rataði á forsíður blaðanna þegar söngkonan var sökuð um að hafa brotið lög og reglur um ættleiðingar en óveðrinu slotaði fljótlega þegar hæstiréttur Malawi úrskurðaði ættleiðinguna löglega.



### 5. Endurkoma fyrirsætu

Kate Moss hafði verið ljósmynduð að taka kókaín í upptökuveri og var útskúfað úr tískuheiminum. Sjö mánuðum síðar var Moss komin aftur á stjá, öflugri en nokkru sinni áður og hafði endurheimt stöðu sína sem eftirsóttasta fyrirsæta heims.









# drykkjuskapur

**4. Stútur undir stýri**



Mel Gibson komst í heimsfréttirnar þegar hann var handtekinn í Malibu, grunaður um ölvunarakstur. Þegar lögreglumaður bað leikarann um að stíga út úr bifreið ákvað Gibson að láta gyðinga heyra það óþvegið og vakti málið mikla athygli enda gyðingar valdamikill hópur í Bandaríkjunum. Var talað um að ferill Gibson í kvikmyndaborginni væri í mikilli hættu en hann baðst afsökunar á þessu öllu saman og fór í meðferð.

**3. Úr skólastúlku í hvítt hjólhýsahyski**



Britney Spears var fyrirferðarmikil á síðum götublaðanna þetta árið. Fjölmiðlar spáðu því að hjónaband hennar og Kevin Federline myndi vart halda út árið og höfðu rétt fyrir sér. Í nóvember sendi söngkonan manni sínum textaboð um að þau væru skilin. Spears þótti síðan hegða sér full frjálslega á skemmtistöðunum ásamt sinni nýju vinkonu, Paris Hilton en baðst afsökunar á framferði sínu eftir að hún var mynduð nærbuxnalaus á leið sinni á dansstað.



**2. Brúðkaup sem beðið var eftir**

Tom Cruise og Katie Holmes gengu í það heilaga þann 17. nóvember í smábænum Bracciano á Ítalíu. Ekki vantaði neitt upp á glæsileikann og fjöldi fyrirmenna úr kvikmyndaheiminum létu sig ekki vanta en parið hafði í apríl fagnað fæðingu dóttur sinnar Suri.



**1. Ljótur leikur**

Þegar Paul McCartney og Heather Mills tilkynntu um skilnað sinn í maí kenndu þau fjölmiðlum um sambandsslitin. Þegar leið á árið kom í ljós að ekki var allt sem sýndist. Skilnaðarskjölunum var lekið í fjölmiðla og Mills sakaði rómantíska bítilinn um heimilisofbeldi og drykkjuskap. Paul sneri vörn í sókn og sagði fyrirsætuna vera kolbrjálaða.




SHOE STUDIO
ÚTSALAN ER HAFIN
Allt að 70% afsláttur
Bertie NINE WEST PIED A TERRE
Kringlunni | sími: 517 3190 | www.shoestudiogroup.com




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| KÖLD SLÓÐ | kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 1.30, 3.40 og 5.50 |
| ERAGON | kl. 1, 3.20, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 10 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 1 og 3.20 |
| CASINO ROYALE | kl. 8 og 10.50 B.I. 14 ÁRA |
| HNOTUBRJÓTSPRINSINN ÍSL. TAL | kl. 1.30 |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 1.30, 3.40 og 5.50 |
| BORAT | kl. 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| KÖLD SLÓÐ | kl. 3.40, 5.50, 8.20 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| ERAGON | kl. 3, 6, 8.20 og 10.40 B.I. 10 ÁRA |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 3 og 6 |
| TENACIOUS D | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 12 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 10.20 B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN W.ENGLISH SUBTITLES | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 3 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| KÖLD SLÓÐ | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| TENACIOUS D | kl. 8 og 10 |
| ERAGON | kl. 3.50 B.I. 10 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu

midi.is

BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Háskólarokk fyrir lengra komna

Sveitin með eitt lengsta nafn rokksögunnar, ... And You Will Know Us By the Trail of Dead (hér eftir eingöngu kölluð Trail of Dead), hefur undanfarin ár sent frá nokkrar af ferskustu plötum sem bandarískt rokk hefur boðið upp á. Sérstaklega var platan Source Tags & Codes ánægjuleg og hlaut hún einróma lof. Sömu sögu er ekki að segja um síðustu breiðskífu kappanna, Worlds Apart, sem leit dagsins ljós árið 2005. Sú plata var nokkuð stórt stökk frá Source Tags & Codes (fram eða aftur, um það er deilt. Ég kýs að kalla þetta hliðarstökk): hávaðinn minni, lagasmíðarnar flóknari og öll umgjörð í fimmta veldi. Svolítið brogað hliðarstökk. Seldist illa og fékk falleinkunn víðast hvar sem að mínu mati var ósanngjarnt.

Á nýjustu plötu sinni halda Trail of Dead-liðar áfram að feta sömu braut og á Worlds Apart. Hljómurinn er íburðarmikill en ekki ofskreyttur. Takturinn er yfirleitt gríðarlega vel sleginn og dynjandi gítarriffin ná oft fljúgandi hæðum. Oft reyndar skil ég ekki hvers vegna Trail of Dead er ekki frægari en hún er. Tónar sveitarinnar eru mun frambærilegri en þekktra háskólarokkssveita en hún rúmast samt vel innan allra poppmarkaðsskilgreininga. Textar einkennast til dæmis af tilvistarkreppu og einhvers konar sjálfhverfu, afar egósentrískir. Inn á milli má síðan heyra fallegar kassagítarsballöður




**TÓNLIST**

**So Diveded**

... And You Will Know Us By the Trail of Dead

★★★

Ekki beint vonbrigði en Trail of Dead eiga enn mikið inni.

sem ættu að fá hvaða bandaríska tattóveraðan háskólagaur sem er til þess sýna á sér mjúku hliðarnar.

Trail of Dead vantar samt sem áður ískyggilega mikið almennilegan slagara. Ekki að það sé slæmt að pæla í heildinni, þvert á móti, en þá er alltaf gaman og í raun nauðsynlegt þegar ákveðin lög standa upp úr á breiðskífum. Sú er ekki raunin á So Divided sem er þó prýðisgripur.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# Gæðin tryggð á Grænu ljósi

**Ísleifur B. Þórhallsson hefur ákveðið að setja aukinn kraft í dreifingarfyrirtæki sitt Græna ljósið, sem sérhæfir sig í óháðum kvikmyndum. Á nýju ári stefnir hann á að sýna eina til tvær slíkar myndir í hverjum mánuði.**



**ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON** Ætlar að sýna eina til tvær óháðar myndir í hverjum mánuði.

Ísleifur hefur rekið Græna ljósið, sem sérhæfir sig í óháðum myndum hvaðanæva úr heiminum, í nokkur ár en hyggst nú setja meiri kraft í starfsemina og bjóða upp á reglulegar sýningar allan ársins hring. „Það er kannski of snemmt að kalla þetta klúbb en markmiðið er vissulega að búa til vettvang, eins konar samfélag kvikmyndaáhugamanna, og fá fólk sem er hætt að fara í bíó aftur í kvikmyndahúsin,“ segir Ísleifur.

Hann segir að á heildina litið sé úrvalið í kvikmyndahúsum hér á landi gott. „Hinu gagnstæða er oft haldið fram en ég er ósammála því, í ár og í fyrra voru til dæmis margar óháðar myndir sýndar hér á landi. Málið er að þessar myndir eru sýndar í törnum á kvikmyndahátíðum og þar fram eftir götunum, en það er bara aðferð sem er notuð til að koma þessum myndum út. Inn á milli koma hins vegar tímabil þar sem úrvalið er einsleitara og því vil ég breyta með því að sjá til þess að það sé ein eða tvær óháðar myndir í bíó í hverjum mánuði.“

Ísleifur mun ekki aðeins leitast við að flytja inn gæðamyndir heldur vill hann að bíóferðin sem slík verði hin ánægjulegasta í alla staði og hefur því samið hinar þrjár gullnu reglur Græna ljóssins. „Í fyrsta lagi verður ekkert hlé á sýningum Græna ljóssins. Þá verða færri auglýsingar þannig að myndin byrjar fyrr og eftir að sýning hefst verður ekki hægt að kaupa miða inn þannig að þeir sem eru í salnum verða fyrir sem minnstri truflun.“ Hann segir að vissulega verði fyrirtækið af tekjum vegna þessa en ætlar ekki að bæta það upp með hærra miðaverði. „Við viljum höfða til áhorfenda sem leggja mikið upp úr gæðum og viljum að þeir geti treyst því að þær myndir sem sýndar eru á vegum Græna ljóssins höfði til þeirra og séu þess virði að sjá.“

Hinn 5. janúar verður hin rómaða Little Miss Sunshine sýnd á vegum Græna ljóssins, sem markar hið nýja upphaf fyrirtækisins. Höfuðstaður Græna ljóssins verður í Regnboganum en myndirnar verða einnig sýndar í öðrum kvikmyndahúsum þegar svo ber undir. Af öðrum myndum sem Ísleifur hefur tryggt sér réttinn á má nefna Inland Empire eftir David Lynch, Notes on a Scandal með Judi Dench og Cate Blanchett í aðalhlutverkum og hina kínversku Bölvun hins gullna blóms eftir leikstjórann Yimou Zhang.

**bergsteinn@frettabladid.is**






# Stútur við stýrið

Leikstjórinn Gus Van Sant sem þekktastur er fyrir kvikmyndina Good Will Hunting var tekinn af lögreglunni rétt fyrir jól. Gus var drukkinn undir stýri og hafði hvorki kveikt á framljósum bílsins né heldur virti hann stöðvunarskyldu. „Augu hans voru rauð og þrútin, hann var þvoglumæltur og lyktaði alveg hræðilega,“ sagði talsmaður lögreglunnar í Oregon, þar sem Van Sant var handtekinn. Í kjölfar handtökunnar var leikstjórinn sendur í blóðprufu sem sýndi að hann hefði keyrt ölvaður. Búið er að ákæra Van Sant og þarf hann að mæta fyrir rétt 17. janúar. Gus Van Sant er ekki eini leikstjórinn í Hollywood sem hefur verið tekinn ölvaður undir stýri upp á



**GUS VAN SANT** Keyri fullur og klikkaður

síðkastið, en þeir Oliver Stone og Mel Gibson hafa einnig gerst brotlegir.

SAMBÍÓIN










Háskólabíó






theHoliday
Sýnd í SAMbíóunum Kringlunni




Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KÖLD SLÓÐ | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | NATIVITY STORY | kl. 5:50 | B.i.7 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.16 | SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 4:30 - 7:30 - 9 - 10:30 | B.i. 16 | BOSS OF IT ALL | kl. 8 | B.i.7 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 2:30 - 4:45 | Leyfð | SKOLAÐ Í BU... Ísl tal | kl. 2:30 | Leyfð |
| DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i. 12 | | | |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 2 - 5 - 8 - 10:50 | B.i.16 | THE DEPARTED | kl. 8 | B.i. 16 |
| FLAGS OF OUR FATHERS VIP | kl. 8 - 10:50 | | DOA | kl. 6 | B.i.12 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.16 | SAW 3 | kl. 10:50 | B.i.16 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl.1 - 3:20 - 5:40 | Leyfð | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 1:20 - 3:30 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR VIP | kl. 1 - 3:20 - 5:40 | | SANTA CLAUSE 3 | kl. 1:20 - 3:30 | Leyfð |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 2 | Leyfð |
| DÉJÁ VU | kl. 8 - 10:50 | B.i.12 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 8:10 - 10:30 | [illegible] | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 1:20 - 3:40 - 5:30 - 6 | [illegible] | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 3:20 - 5:30 | [illegible] | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 1:30 - 3:40 | [illegible] | DIGITAL |
| DÉJÁ VU | kl. 8 - 10:30 | [illegible] | DIGITAL |
| THE HOLIDAY | kl. 8 - 10:40 | [illegible] | |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3 - 5:30 | Leyfð |
| ERAGON | kl. 3 - 5:30 - 8 | B.i. 12 |
| DÉJÁVU | kl. 10:10 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| DÉJÁ VU | kl. 8 - 10:30 | |

Gleðileg bíójól

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is




**DANÍEL DELUXE** Spilar 30 bestu hiphoplög ársins í kvöld.

# Hiphop-árið gert upp

Í útvarpsþættinum Blautt malbik í kvöld verða valin bestu hiphoplög ársins. Rappárið hefur verið ansi vænt og eiga margir réttlátt tilkall til efstu sætanna. Það er plötusnúðurinn Daníel Deluxe sem mun sjá um að spila lögin af sinni alkunnu snilld. Einnig munu koma fram í þættinum þeir íslensku rapparar sem látið hafa hvað mest í sér heyra á árinu og verður eitthvað rabbað við þá. Þátturinn er á dagskrá X-ins 977, frá 22 til miðnættis en líklegt er að þátturinn standi eitthvað lengur fram á nótt, enda 30 bestu rapplög ársins á boðstólum.

# Eldur í trommum

Eldur kom upp í trommusetti rokksveitarinnar Guns N'Roses á tónleikum í Los Angeles í síðustu viku. Eldurinn kviknaði í laginu November Rain.



**AXL ROSE** Eldur kviknaði í trommusetti Guns N'Roses í Los Angeles.

Talið er að neisti hafi komist í settið en auðveldlega tókst að slökkva eldinn og engum varð meint af. „Ég hef aldrei lent í því áður að það kvikni í trommunum," sagði söngvarinn Axl Rose við áhorfendur. „Það var gaman af þessu. Kannski gerum við eins og með trommarann í Spinal Tap, sprengjum hann í loft upp."

Næsta plata Guns N'Roses, Chinese Democracy, er væntanleg næsta vor.

# Fjórfaldur Sveinn í kvöld

**Tónleikarnir Hreinn Jóla-Sveinn fara fram í Stúdentakjallaranum í kvöld. Þar verður bassaleikarinn Sveinn Helgi Halldórsson í nokkru aðalhlutverki því hann leikur með öllum fjórum hljómsveitunum sem fram koma.**



**ÆLA** Sveinn Helgi Halldórsson bassaleikari kemur fram með fjórum hljómsveitum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Sveinn er bassaleikari ekki óþekktari sveita en Ælu, Jan Mayen, Rými og Tokyo Megaplex. Hann verður því nokkuð fastur á sviðinu allt kvöldið. „Ætli við þurfum ekki að taka einhverjar pásur til að stilla upp, en annars verð ég eiginlega samfleytt á sviðinu," sagði hann. Hugmyndin er ekki runnin undan rifjum Sveins, heldur félaga hans. „Þeir voru að mana mig út í þetta og ég hugsaði bara af hverju ekki? Þetta er bara gaman," sagði hann. Tónleikarnir áttu upphaflega að bera heitið Hreinn Sveinn, en fyrst þá bar upp á jólahátíðina var nafninu breytt í skyndi og stefnir Sveinn á að skarta jólasveinabúningi á sviðinu. Hann átti reyndar enn þá eftir að útvega búninginn þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær en kvaðst vona að það hefðist.



**JAN MAYEN** Fulltrúar Reykjavíkur á keflvísku rokksveitaballi í Stúdentakjallaranum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta verður svona eins og Bubbatónleikarnir, þarna eru hljómsveitir sem hafa verið hættar eða í pásu," sagði Sveinn, en Æla og Jan Mayen hafa þó verið virkar undanfarin ár eins og flestir vita. „Hjálmar voru líka að hætta svo Tokyo ætti að geta haldið áfram," sagði Sveinn. Hann sagði tónleikana vera hálfgert sveitaball. „Það eru flestir úr Keflavík, en svo er Jan Mayen þarna líka, þeir eru algjör borgarbörn," sagði hann sposkur, og mælti með tónleikunum fyrir þá Reykvíkinga sem vilja prófa keflvískt rokksveitaball. Tónleikarnir hefjast klukkan tíu í kvöld og kostar fimm hundruð krónur inn. - sun

# Selur pelsa úr hundafeldi

Rapparinn P. Diddy hefur á síðastliðnum árum verið atkvæðamikill í tískubransanum. Hann á sitt eigið fatamerki sem heitir Sean John og nýtur það mikilla vinsælda í Bandaríkjunum. Merkið framleiðir flott föt og leggur mikið upp úr glamúr fyrir bæði karlmenn og konur. Fyrir stuttu setti Diddy á markað pelsa fyrir bæði kynin í því skyni að loðfeldurinn væri ekki ekta, heldur svo vönduð eftirlíkin að varla sæist neinn munur. Dýraverndunarsamtök í Bandaríkjunum tóku sig til og létu athuga feldinn í pelsunum eftir að vangaveltur kviknuðu um uppruna hans. Kom þá í ljós að feldurinn var af sérstakri tegund hunda, ættuðum frá Kína. P. Diddy hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir að setja þessa vöru á markað og eru dýraverndunarsamtök æf. Ýmsir söluaðilar til dæmis, Macy's hafa hætt að selja pelsana og nú hefur Diddy beðist formlega afsökunar. Hann segist ekki hafa haft hugmynd um að pelsarnir væru gerðir úr alvöru feldi, hvað þá feldi af hundum. Hann biður dýraverndunarsamtök afsökunar og að það hafi aldrei verið ætlun hans að standa í svona viðskiptum. „Ég hef fyrirskipað að allri framleiðslu á vörum sem innihalda þessa feldi verði hætt samstundis," segir P. Diddy í fréttayfirlýsingu um málið, en hann á eflaust von á leiðinlegum eftirmálum í kjölfar hundapelsanna.



**P. DIDDY** Seldi „óvart" pelsa sem gerðir voru úr hundafeldi.



**KOKKUR OG GRÍNARI** Jamie Oliver gaf ömmu sinni Viagra í jólagjöf.

# Gaf ömmu sinni viagra

Sjónvarpskokkurinn frægi Jamie Oliver er líka mikill brandarakarl að eigin sögn og nýtir jólagjafirnar til að ganga fram af fólki. Á síðustu jólum gaf hann ömmu sinni Viagra, eða því sem næst. Hann keypti viagra í apóteki en skipti bláu pillunum út fyrir Smarties. Að sögn Olivers varð amma hans svo frekar vonsvikin þegar hún áttaði sig á því að þar var um að ræða sælgæti. Oliver hefur jafnframt gefið pabba sínum, sem er sköllóttur, krem til að örva hárvöxt og læðir yfirleitt dónabröndurum með í pakkann til tengdamóður sinnar, sem að hans sögn er nokkur tepra.

# Kæru vísað á bug

Kæru bandarísks hermanns gegn heimildarmyndaleikstjóranum Michael Moore hefur verið vísað á bug af bandarískum dómstólum.



**MICHAEL MOORE** Leikstjórinn hefur unnið mál sitt gegn bandarískum hermanni.

Maðurinn, sem missti báðar hendur í Írak, segir að Moore hafi notað án leyfis viðtal sem hann gaf sjónvarpsstöðinni NBC, í heimildarmynd sína vinsælu Fahrenheit 9/11.

Sagði maðurinn að Moore hafi ranglega látið líta út fyrir að hann væri andvígur stefnu Bush Bandaríkjaforseta í Íraksmálinu.

### > Curbishley fær 2,8 milljarða

West Ham hefur hug á því að styrkja leikmannahóp sinn fyrir komandi átök í ensku úrvalsdeildinni en eins og stendur er liðið í fallbaráttu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Eggert Magnússon, stjórnarformaður liðsins, útvega Alan Curbishley, stjóra liðsins, 20 milljónir punda, 2,8 milljarða króna, til leikmannakaupa á nýju ári. Meðal þeirra sem Curbishley er talinn hafa áhuga á er Daninn Claus Jensen hjá Fulham en Shaun-Wright Phillips hefur einnig verið orðaður við félagið.



**sport**

sport@frettabladid.is

ÓKEYPIS SKEMMTUN Í AUSTURBERGI Í KVÖLD: HANDBOLTALIÐ ÍR MÆTIR GÖMLUM ÍR-INGUM

# *Erlendur mun vera með báðum liðum*

Í kvöld verður í Austurbergi háður leikur þar sem ÍR mætir liði skipuðu gömlum kempum úr ÍR sem annaðhvort eru atvinnumenn erlendis í handbolta eða hættir að spila. Annar eins leikur var háður milli jóla og nýárs í fyrra og stefnir í að þetta verði að árlegum viðburði.

„Þetta er að verða að hefð. Þetta tókst afar vel í fyrra og var vel mætt þó svo að þetta hafi verið skipulagt með stuttum fyrirvara," sagði Kristinn Björgúlfsson, fyrrum leikmaður ÍR og núverandi leikmaður Runar í Noregi.

„Tilgangurinn er einfaldlega að bjóða upp á skemmtilegan leik. Þarna fá gömlu jálkarnir að vera með og þetta er gott tækifæri fyrir okkur sem búum erlendis að hittast aftur."

Í fyrra voru þeir Viggó Sigurðsson og Bergsveinn Bergsveinsson, þáverandi landsliðsþjálfarar í handbolta, fengnir til að sinna dómgæslunni. Í ár verða það útvarpsmennirnir Valtýr Björn Valtýsson og Böðvar Bergsson sem taka það hlutverk að sér en þeir munu reyndar njóta fulltingis þriðja dómara.

Tveir þekktustu leikmenn ÍR undanfarin ár og sá sem hefur náð hvað lengst eru Ragnar Óskarsson, leikmaður Ivry í Frakklandi, og Einar Hólmgeirsson sem leikur með Grosswallstadt í Þýskalandi. Þeir eru þó báðir uppteknir með sínum liðum og geta af þeim sökum ekki verið með í kvöld. En hópur „hins" ÍR-liðsins er engu að síður stór.

„Meðal annarra munu spila í liðinu auk mín Sturla Ásgeirsson, Ingimundur Ingimundarson (á mynd), Hannes Jón Jónsson, Fannar Þorbjörnsson, Bjarni Fritzson og Gísli Guðmundsson," sagði Kristinn. „Af gömlu hetjunum má nefna Júlíus Jónasson, Ólaf Gylfason, Frosta Guðlaugsson, Jóhann Ásgeirsson, Hrafn Margeirsson og fleiri."

Aðkomuliðið vann leikinn í fyrra og er það því undir núverandi ÍR-ingum að hefna ófaranna. Þjálfari liðsins, Erlendur Ísfeld, mun þó svíkja lit og spila með aðkomumönnunum í einhverjar mínútur.

Leikurinn hefst kl. 19 í íþróttahúsinu í Austurbergi og er aðgangur ókeypis.





**GARÐAR JÓHANNSSON** Hér í leik gegn ÍBV í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tveir Valsarar til Noregs:

## Garðar semur við Fredrikstad

**FÓTBOLTI Garðar Jóhannsson mun halda til Noregs 3. janúar næstkomandi og væntanlega skrifa undir samning við úrvalsdeildarliðið Fredrikstad. Þetta staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið í gær.**

**Upphaflega fór hann til liðsins í ágúst en þá hljóp snurða á þráðinn er í ljós kom að félagaskiptin voru ólögleg. En nú hefur það allt verið leyst.**

**„Ég er fyrst og fremst feginn að þessu öllu sé lokið. Þetta hefur verið langur og erfiður tími," sagði Garðar.**

**Félagi hans í Valsliðinu, Birkir Már Sævarsson, mun að öllum líkindum verða samferða Garðari til Fredrikstad og æfa með liðinu í vikutíma eða svo.** - esá

Körfuknattleikslið Keflavíkur:

## Nýr kani á leið til Keflavíkur

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar eiga von á nýjum Bandaríkjamanni til liðs við sig á nýju ári, en í fyrradag sendu þeir Tim Ellis til síns heima. Nýi leikmaðurinn heitir Ismael Mohammad, 23 ára gamall og lék áður með Georgia Techháskólanum í Bandaríkjunum.

„Hann er ágætur framherji. Ég hef séð leiki með honum og mér líst ágætlega á hann. Það er bara vonandi að hann henti liðinu. Ég hef trú á því, hann er svona liðsspilari," sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur. - dsd

Leikmannamál í körfunni:

## Vassell til ÍR

**KÖRFUBOLTI Keith Vassell hefur gengið til liðs við ÍR sem leikur í Iceland Express-deild karla. Þetta staðfesti Jón Arnar Ingvarsson, þjálfari liðsins, við Fréttablaðið í gær. Hann verður löglegur með liðinu 18. janúar næstkomandi en er þessa stundina staddur erlendis í jólafríi.**

**Vassell tók við þjálfun Fjölnis í haust en hætti skömmu eftir að Bárður Eyþórsson hætti með ÍR. Bárður fór að þjálfa Fjölni í hans stað og nú er Vassell kominn til ÍR.**

**Þá mun Haukum berast liðstyrkur á nýju ári en Kevin Smith hefur verið látinn fara frá félaginu. Í hans stað kemur Wayne Arnold og þá mun Predrag Novakovic frá Serbíu einnig fara til Hauka.** - esá

# Guðjón hlaut yfirburðakosningu

**Guðjón Valur Sigurðsson, handknattleiksmaður með Gummersbach í Þýskalandi, var í gær kjörinn íþróttamaður ársins af Samtökum íþróttafréttamanna. Eiður Smári Guðjohnsen varð annar í kjörinu.**

**ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS** Í gærkvöldi var kjöri íþróttamanns ársins lýst á Grand Hotel og varð handknattleiksmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson fyrir valinu í ár. Hann hlaut 405 stig af 460 mögulegum og var 72 stigum á undan næsta manni, Eiði Smára Guðjohnsen knattspyrnumanni. Eiður var kjörinn íþróttamaður ársins síðustu tvö ár.

Sá sem var handhafi sæmdarheitisins síðustu tvö ár á undan Eiði, Ólafur Stefánsson handknattleiksmaður, lenti í þriðja sæti kjörsins.

Guðjón Valur var að vonum ánægður með tilnefninguna. „Ég er að alveg rosalega ánægður og gríðarlega stoltur að hafa fengið þessa viðurkenningu. Það er alltaf gaman þegar verk manns eru viðurkennd og eftir manni er tekið. Þetta breytir engu sérstöku hjá mér, ekki æfingunum eða handboltanum úti, en það er fyrst og fremst forréttindi að fá að tilheyra svona glæsilegum tíu manna hópi og hvað þá að fá að vinna þetta," sagði Guðjón Valur og sagði að þetta að hafi komið sér í opna skjöldu.

„Ég verð að segja alveg eins og að viðurkenna að þetta kom mér gríðarlega á óvart. Það eru frábærir íþróttamenn í þessum hóp. Ég þarf auðvitað ekki að nefna alla en t.d. Eiður, Ólafur, Auðunn og Ásthildur, þetta eru einfaldlega frábærir íþróttamenn."

Guðjón Valur var ekki viss hvort hægt væri að toppa þetta ár. „Það yrði erfitt en við skulum vona það. Þessi titill er ekkert sem hægt er að stefna að, þetta er einfaldlega gríðarlegur heiður. Árið er að vísu ekki búið, ég flýg út á morgun til að spila síðasta leikinn á laugardaginn og það er bara vonandi að maður nái að enda þetta ár með sigri."

Árið hefur verið viðburðaríkt hjá Guðjóni en hann var ekki vafa á því hvaða atburður hafi staðið uppúr. „Sigrarnir gegn Svíum voru alveg einstök upplifun. Ég hef aldrei upplifað það með landsliðinu áður að það hafi verið troðfull Laugardalshöll og svona rosalega stemmning. Þetta er það sem við óskum okkur alltaf og þetta var held ég toppurinn á árinu hjá mér."

Hverju þakkar Guðjón Valur þann árangur sem hann hefur náði í handboltanum? "Ég kem frá mjög góðu og heilbrigðu heimili þar sem mér voru tamdar lífsreglurnar snemma. Ég hef líka verið mjög heppinn með félög. Ég byrjaði hjá Gróttu og var með mjög færa þjálfara sem lögðu mikla vinnu í mig og nenntu að hlusta á bullið í manni. Ég hef líka verið að spila með liðum þar sem er mjög skemmtilegur mórall og einnig spilað með mjög góðum leikmönnum sem bæta mann sjálfan. Það held ég að skipti miklu máli því í hópíþróttum þá nær maður engum árangri svona einn og yfirgefinn," sagði Guðjón Valur.

Heimsmeistarakeppnin í handbolta hefst í næsta mánuði og Guðjón Valur sagði að óneitanlega væru leikmenn farnir að huga að þeirri keppni.

"Maður er farinn að huga aðeins að því en það fyrsta hjá mér að klára núna síðasta leikinn á laugardaginn og komast heill frá honum. En mér líkar aldrei við að giska á sæti. Við þurfum einfaldlega að setja stefnina á að vinna þann leik sem við erum að spila og sjá hvar við endum."

Guðjón Valur fékk að gjöf 500 þúsund krónur við verðlauna afhendinguna í gær og hann sagðist ætla að gefa þá peninga til Styrktarsjóð Umhyggju, sem er sjóður þar sem foreldrar langveikra barna geta leitað sér aðstoðar. Frábært framtak hjá frábærum íþróttamanni.

Guðjón Valur tók við nýrri styttu sem fylgir sæmdarheitinu en sú gamla var afhent í síðasta skipti í fyrra og hefur nú verið falin Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu. Það eru Samtök íþróttafréttamanna sem standa að kjörinu og nýttu allir 23 meðlimir samtakanna kjörrétt sinn að þessu sinni. SÍ fagnaði 50 ára afmæli á árinu sem er að líða. - esá, dsd

**ÚRSLIT KJÖRSINS**

| | |
|---|---|
| **1. GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON** | **405 STIG** |
| 2. EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN | 333 |
| **3. ÓLAFUR STEFÁNSSON** | **188** |
| 4. BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON | 156 |
| **5. MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR** | **135** |
| 6. ÖRN ARNARSON | 90 |
| **7. ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR** | **81** |
| 8. AUÐUNN JÓNSSON | 72 |
| **9. SIF PÁLSDÓTTIR** | **70** |
| 10. RAGNA INGÓLFSDÓTTIR | 44 |
| **11. HELENA SVERRISDÓTTIR** | **27** |
| 12. DAGNÝ LINDA KRISTJÁNSDÓTTIR | 24 |
| **13. ÍVAR INGIMARSSON** | **10** |
| 14. ARNAR SIGURÐSSON | 10 |
| **15. JÓN ARNÓR STEFÁNSSON** | **8** |
| 16. LOGI GEIRSSON | 7 |
| **17. VIGNIR HLÖÐVERSSON** | **6** |
| 18. GUÐMUNDUR STEPHENSEN | 4 |
| **19. BRENTON BIRMINGHAM** | **4** |
| 20. ÞÓRARINN EYMUNDSSON | 3 |
| **21. ÓLÖF MARÍA JÓNSDÓTTIR** | **1** |
| 22. LOGI GUNNARSSON | 1 |



**ÞUNG BYRÐI** Guðjón Valur Sigurðsson, íþróttamaður ársins, fór létt með að lyfta nýju styttunni sem vegur á þriðja tug kílóa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kári Árnason, landsliðsmaður í knattspyrnu, stendur í samningaviðræðum:

# Kári á leið til AGF í Danmörku?

**FÓTBOLTI** Samkvæmt dönskum fjölmiðlum er líklegt að Kári Árnason gangi til liðs við danska úrvalsdeildarliðið AGF í Árósum þegar félagaskiptaglugginn opnar í janúar. Sjálfur staðfesti hann við Fréttablaðið í gær að hann ætti í samningaviðræðum við ákveðið félag en vildi ekki segja hvaða.

Hann æfði með enska úrvalsdeildarliðinu Charlton fyrir nokkrum dögum en býst ekki við að neitt komi úr því.

„Ég hef ekkert heyrt í þeim. Charlton er því væntanlega ekki inni í myndinni eins og er," sagði Kári. „Eins og er á ég í viðræðum við eitt ákveðið lið en önnur lið eru svo sem enn í myndinni."

Fyrr í haust skoðaði Árni aðstæður norska úrvalsdeildarliðsins Álasunds en hefur þegar hafnað því að ganga til liðs við það.

Extra Bladet í Danmörku greindi frá því á dögunum að AaB hafi gert Kára tilboð sem hafi verið hafnað. Þess í stað sé talið líklegt að hann gangi til liðs við AGF.

Guðlaugur Tómasson, umboðsmaður Kára, sagði í samtali við blaðið að hann teldi sjálfur mikla möguleika á því að hann kæmi til með að spila í Danmörku.

„Hann er hrifinn af danska leikstílnum og ef hann heldur áfram að spila á Norðurlöndunum verður það í Danmörku," er haft eftir Guðlaugi.

Samkvæmt Extra Bladet er tilboð á borðinu frá AGF sem hljóðar upp á tíu milljónir króna í árslaun. Kári mun vera að skoða það tilboð.

Hann er þó enn samningsbundinn sænska úrvalsdeildarliðinu Djurgården og verður það til ársins 2008. Hann segir margar ástæður fyrir því að hann vilji fara frá liðinu, bæði persónulegar og hvað varðar fótboltann sjálfan. Sigurður Jónsson tók nýverið við þjálfun liðsins en hann þjálfaði Kára áður hjá Víkingi.

„Auðvitað togar það í mig að spila aftur fyrir Sigga en ég var búinn að ákveða að fara áður en hann var ráðinn."

Það er einnig talið skipta máli í með ákvörðun Kára að kærasta hans mun vera í námi í Árósum. - esá



**KÁRI ÁRNASON** Hér í leik með Djurgården í sænsku úrvalsdeildinni. MYND/GUÐMUNDUR SVANSSON



TREND INTERNET SECURITY 2007
• Örugg vírusvörn
• Öflug vírusleitarvél
• Betri vörn gegn spyware
• Stýring á heimaneti
• Stöðvar upplýsingaþjófnað
• Varnar þráðlausum innbrotum
• Leyfi fyrir 3 tölvur
1.990
ÓTRÚLEGT OPNUNARTILBOÐ
MICROSOFT OFFICE 2003
• Word 2003, Excel 2003
• Outlook 2003, PowerPoint 2003
• Nemenda og kennaraleyfi
• Má setja upp á 3 heimilisvélar
1.990
AÐEINS MEÐ NÝRRI TÖLVU
ENGIR VEXTIR
TAKMARKAÐ MAGN
FARTÖLVU LÆKKUN
TAKMARKAÐ MAGN
ACER 5051
• AMD Turion64 MK36, 2,0GHz
• 512MB DDR2 533MHz minni
• 60GB ATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti skrifari
• 14,1" WXGA 1280x800 skjár
• 128MB ATI X1100 skjákort
• Windows XP Home
• Aðeins 2.4Kg
59.900
EV10 5.990 Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði
TAKMARKAÐ MAGN
ACER 3692
• Intel Celeron M420, 1,6GHz
• 512MB DDR2 533MHz minni
• 80GB ATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti skrifari
• 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
• 128MB Intel GMA950 skjákort
• Windows XP Home
• 0.3MP innbyggð vefmyndavél
74.900
EV10 7.490 Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði
TAKMARKAÐ MAGN
ACER 5672
• Intel Core Duo T2300, 1,66GHz
• 1GB DDR2 533MHz minni
• 120GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD skrifari með Slot rauf
• 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
• 128MB ATI X1600 DDR3 skjákort
• Windows XP MCE - Vista ready
• 1.3MP innbyggð vefmyndavél
119.900
EV12 9.992 Á MÁN | Vaxtalaust í 12 mánuði
TAKMARKAÐ MAGN
GATEWAY 465X
• Intel Core Duo T2400, 1,83GHz
• 1GB DDR2 533MHz minni
• 80GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti skrifari
• 15,4" WXGA 1280x800 skjár
• 128MB ATI X1400 DDR3 skjákort
• Windows XP PRO
• Innbyggður minniskortalesari
99.900
EV10 9.990 Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði
TAKMARKAÐ MAGN
GATEWAY 685E
• Intel Core Duo T2500, 2,0GHz
• 1GB DDR2 533MHz minni
• 80GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti skrifari
• 17" WSXGA UltraBrite skjár
• 256MB GeForce Go 7800 skjákort
• Windows XP PRO
• Innbyggður minniskortalesari
149.900
EV10 14.990 Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði
TÖLVUTEK
OPNUNARTÍMAR
29-30.desember
10:00 - 19:00
31.desember
9:00 - 13:00
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
Birt með fyrirvara um breytingar og villur
EV - Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

## > Sandra Bullock

Fæddist 26. júlí 1964 í Virginíuríki í Bandaríkjunum og náði fyrst heimsfrægð eftir að hún lék í myndinni Speed á móti Keanu Reeves. Móðir hennar var þýsk óperusöngkona og ferðaðist Sandra oft með móður sinni um Þýskaland, þar sem hún bjó stærstan hluta uppvaxtarára sinna. Hún lærði ballett og söng sem barn og lék oft lítil hlutverk á sviði ásamt móður sinni. Í kvöld birtist hún okkur í myndinni Two Weeks Notice ásamt Hugh Grant, sem sýnd er á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** DÓRI DNA SEGIR ÁRIÐ VERA ÓNÝTT EF SKAUPIÐ BREGST

## *Ofbeldið kemur ef skaupið klikkar*

Það er alveg djöfull erfitt að gera áramótaskaup. Greinilega því að ég hef séð alveg ömurleg skaup í gegnum tíðina. Það hljómar ekkert svo strembið að gera gott skaup. Bara tína til alla helstu atburði ársins og gera grín að þeim. En pressan og eftirvænting áhorfenda er svo mikil að það verður erfitt. Auðvitað verður skaupið líka að vera gott. Skaupið er rúsínan í pylsuenda ársins. Það er eins og mötuneyti á stórum vinnustöðum. Ef maturinn er vondur þá fara allir í vont skap og skila slöppu verki það sem eftir er dags. Eins með áramótaskaupið. Ef það er lélegt þá fara allir í súrt skap og sigla á því inn í nýja árið. Það eru eflaust einhver tengsl á milli til dæmis slysa eða ofbeldis í miðbænum á nýársnótt og lélegs áramótaskaups. Ég hef fulla trú á Reyni Lyngdal og hans gengi til þess að skila inn góðu skaupi í ár. Því ef ekki þá sting ég einhvern í andlitið. Eða eitthvað. Synd samt að Kompás-þátturinn umdeildi hafi ekki litið dagsins ljós fyrr. Því burtséð frá allri pólitík eða rétthugsun um þáttinn, þá var hann alveg drepfyndinn. Ég meina ironmaster, typpi, sænska, „fólk heldur að þetta tengist sadó masó", algjör snilld, kómedí-veisla. Ef skaupið verður slappt horfi ég á Kompás.



## EKKI MISSA AF



▶ **20.30** Hitch STÖÐ 2



▶ **22.00** Trespass STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **18.25** Disney's Little Einstein's SJÓNVARPIÐ



▶ **18.20** Spænski Boltinn Sýn



▶ **23.30** Masters of Horror SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**14.15 Heimsbikarmótið í alpagreinum** Bein útsending frá fyrri umferð í svigi kvenna í Semmering í Austurríki.

**15.55 Íþróttamaður ársins 2006** Endursýndur þáttur frá fimmtudagskvöldi, þar sem lýst var kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á íþróttamanni ársins.

**16.20 Heimsbikarinn - upphitun** Fjallað um keppnistímabilið fram undan í alpagreinum skíðaíþrótta. e.

**16.45 Alpasyrpa (3:16)** Samantekt af heimsbikarmótum í alpagreinum í frönsku og svissnesku Ölpunum. e.

**17.15 Heimsbikarmótið í alpagreinum** Bein útsending frá seinni umferð í svigi kvenna í Semmering í Austurríki.

**18.15 Táknmálsfréttir**

▶**18.25 Snillingarnir (16:28)** (Disney's Little Einsteins)

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Einu sinni á jólum** (Once upon a Christmas) Kanadísk fjölskyldumynd frá 2000. Jólasveinninn er í óstuði en dóttir hans reynir að bjarga jólunum. Leikstjóri er Tibor Takács og meðal leikenda eru John Dye, Kathy Ireland, Mary Donnelly-Haskell og Liz Torres.

**21.45 Skólasöngleikurinn** (High School Musical) Ný bandarísk sjónvarpsmynd um unglingsstúlku sem neyðist til að syngja í karaókekeppni með fyrirliða körfuboltaliðs skólans. Leikstjóri er Kenny Ortega og meðal leikenda eru Zac Efron og Vanessa Anne Hudgens.

**23.20 Barnaby ræður gátuna: Saga tveggja þorpa**

**1.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Pétur og kötturinn Brandur 2**

**8.00 Owning Mahowny**

**10.00 Envy** (Öfund)

**12.00 Two Weeks Notice**

**14.00 Pétur og kötturinn Brandur 2**

**16.00 Owning Mahowny**

**18.00 Envy** (Öfund)

**20.00 Two Weeks Notice**

▶**22.00 Trespass** Bönnuð börnum.

**23.55 Lord of the Rings: The Two Towers** Bönnuð börnum.

**2.50 Innocents** Bönnuð börnum.

**4.20 Trespass** Stranglega bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið** Fjölbreyttur fréttatengdur dægurmálaþáttur þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi hverju sinni. Umsjónarmenn eru Heimir Karlsson og Sigríður Arnardóttir, betur þekkt sem Sirrý.

**9.00 Bold and the Beautiful**

**9.20 Í fínu formi 2005**

**9.35 Osbournes Christmas Special (e)**

**10.20 Ísland í bítið (e)**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.40 Neighbours**

**13.05 Valentína** Nýir framhaldsþættir. Suðuramerísk sápuópera af bestu gerð sem nýtur geysilegra vinsælda um heim allan. Aðalpersónan er Valentina, ung og ómótstæðileg kona. Hún er yndislega ljúf og góð og með kímnigáfuna í lagi. Þættirnir eru frumsýndir á mánudags-, þriðjudags- og miðvikudagsmorgnum.

**13.50 Valentína**

**14.35 Helgar aríur** (Andrea Bocelli - Sacred Arias)

**15.30 Punk´d (1:16)**

**15.50 Hestaklúbburinn**

**16.13 Nýja vonda nornin** Leyfð öllum aldurshópum.

**16.38 Kringlukast** (BeyBlade)

**17.03 Simpsons**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Íþróttir og veður**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**20.05 Freddie (13:22)**

▶**20.30 Hitch** Vinsæl gamanmynd með Will Smith.

**22.25 Cracker: Nine Eleven** (Cracker: 11. september)

**0.20 The Italian Job** Bönnuð börnum.

**2.10 The Fan** (Aðdáandinn)

Stranglega bönnuð börnum.

**4.05 Osbournes Christmas Special (e)** (Jól hjá Osbourne-fjölskyldunni) Sérstakur jólaþáttur með Osbourne-fjölskyldunni. Þeim kemur vart á óvart sem fylgst hafa með lífi þessarar skrautlegu rokkfjölskyldu að jólahaldið er ansi frábrugðið því sem við flest eigum að venjast. Í þessum þætti komumst við að því hvernig það er.

**4.50 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.

**6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

**18.00 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Leyfð öllum aldurshópum.

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**20.00 Wildfire (e)**

**20.45 The Hills (e)**

**21.15 Live 8 Anniversary Special** Sérstakur þáttur þar sem Live 8 tónleikarnir eru rifjaðir upp. Meira en 1.000 tónlistarmenn tóku þátt í tónleikunum sem voru sendir út beint á 2.000 útvarpsstöðvum og 182 sjónvarpsstöðvum þ.á.m. á Sirkus. Þetta eru einhverjir viðamestu tónleikar sem haldnir hafa verið og voru þeir skipulagðir af Sir Bob Geldof sem sá einnig um skipulagningu Live Aid 20 árum áður.

**22.15 The Beach**

**0.15 Sirkus Rvk (e)** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co. fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur. Áhersla er lögð á nýja staði, spennandi uppá-komur, opnanir og frumsýningar; það nýjasta í tískunni, tónlist, kvikmyndum og almennt í afþreyingarlífinu. Það er Ásgeir sem er umsjónarmaður þáttarins en núna hefur hann fengið til liðs við sig þrjár konur: Eva Dögg markaðskona – sér m.a. um tískutengt efni í þættinum en hún er menntuð í tískufræðum og starfar við markaðsmál hjá Smáralind.

**0.45 Pepper Dennis (e)**

**1.30 X-Files (e)**

**2.15 The Player (e)**

**3.00 American Dad (7:10)**

**3.25 Supernatural (15:22) (e)** Bönnuð börnum.

**4.10 Supernatural (16:22) (e)**

**4.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**8.00 Rachael Ray (e)**

**13.50 Will & Grace (e)**

**14.20 Will & Grace (e)**

**14.50 The King of Queens (e)** Bandarísk gamansería.

**15.20 Queer Eye for the Straight Guy (e)**

**16.20 Beverly Hills 90210** Bandarísk unglingasería.

**17.05 Rachael Ray** Glænýir spjallþættir.

**18.00 Will & Grace (e)** Bandarísk gamansería.

**18.30 Will & Grace (e)**

**19.00 Everybody Loves Raymond (e)** Bandarísk gaman-sería.

**19.30 Toppskífan**

**20.10 The Bachelor VIII - upprifjun**

**21.10 The Bachelor VIII**

**22.10 Kojak**

**23.00 Everybody Loves Raymond**

▶**23.30 Masters of Horror** Þekktustu hrollvekjuleikstjórar samtímans leikstýra stuttum hrollvekjum sem fá hárin til að rísa. Hrollvekja kvöldsins kallast Haeckel's Tale og er byggð á smásögu eftir Clive Barker. Aðalsöguhetjan er ungur maður sem fær inni hjá eldri manni og ungri eiginkonu hans en kemst fljótt að því að þau búa yfir hryllilegu leyndarmáli. Leikstjóri myndarinnar er John McNaughton sem hefur m.a. gert myndirnar Henry: Portrait of a Serial Killer (1986) og Wild Things (1998). STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.

**0.20 Still Standing (e)** Bandarísk gamansería.

**0.50 C.S.I: Miami - Lokaþáttur (e)** Bandarísk sakamálasería.

**1.50 Close to Home (e)** Lögfræðidrama af bestu gerð.

**2.40 Beverly Hills 90210 (e)**

**3.25 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Liðið mitt (e)**

**14.00 Aston Villa - Bolton**

**16.00 Everton - Chelsea**

**18.00 Upphitun**

**18.30 Liðið mitt (e)**

**19.30 West Ham - Man. Utd.**

**21.30 Upphitun (e)**

**22.00 Arsenal - Portsmouth (frá 16. des)**




## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 22.25
### „CRACKER: A NEW TERROR“



Glæpasálfræðingurinn Fitz, sem Robbie Coltrane leikur, er mættur á ný til leiks eftir tíu ára dvöl í Ástralíu. Hann flækist fljótlega inn í rannsókn á breskum hermanni sem kann að hafa orðið fyrir miklum andlegum skakkaföllum í þjónustu sinni á Norður-Írlandi. Cracker er einn allra vinsælasta og viðurkenndasta breska sakamálaþáttaröð sem framleidd hefur verið en hér er á ferð nýjasta myndin í röðinni, sem frumsýnd var fyrr á árinu í Bretlandi og fékk afbragðs móttökur, bæði hjá áhorfendum og gagnrýnendum. Aðalhlutverk: Robbie Coltrane, Barbara Flynn, Lisa Eichhorn. 2006.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ „Pro bull riding“ Á SÝN KL. 23.05

Í nautareið þurfa menn að halda sér á baki nauts í átta sekúndur, sem gengur misvel, eins og gefur að skilja. Að átta sekúndum liðnum reyna þeir að fara af baki með misgóðum árangri. Ótrúleg íþrótt, sem náð hefur miklum vinsældum í Bandaríkjunum. Sérstaklega er gaman að fylgjast með atvinnumönnunum sem náð hafa mikilli færni í að halda sér á baki við vægast sagt erfiðar aðstæður.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Sagan af perlunni
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Áramótaþáttur Víðsjár og Hlaupanótunnar
**17.00** Fréttir
**17.03** Áramótaþáttur heldur áfram
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Uppeldi til frelsis í neyslusamfélagi
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** „Kveikið mér jól í Jesú nafni“
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**17.50 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi. Magnaður þáttur þar sem allar íþróttagreinar eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í fjölmörg ár við miklar vinsældir.

▶ **18.20 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.

**19.05 Coca Cola mörkin** Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í deildinni eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.

**19.35 Coca Cola deildin** (Birmingham - Luton) Útsending frá leik Crystal Palace og Leeds United í ensku 1. deildinni.

**21.35 World Poker Tour 4** (World Poker Tour Ladies Night 3) Póker nýtur ört vaxandi vinsælda um heim allan og er Ísland þar engin undantekning. Bestu pókerspilarar heims eru atvinnumenn í greininni og setjast að borðum á World Poker Tour.

**23.05 Pro bull riding** (Nampa, ID - Nampa Invitational) Nautareið er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þar keppast menn við að halda sér á baki nauts eins lengi og þeir geta að hætti kúreka. Þarna eru atvinnumenn á ferð sem náð hafa mikilli færni í að halda sér á baki við vægast sagt erfiðar aðstæður.

**0.00** Íþróttamaður ársins 2006

**0.40 Ameríski fótboltinn** (NFL Gameday 06/07)

**1.00 NBA deildin** (Detroit - Indiana)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Urt **12.20** Himlen over Danmark **12.50** Lægens bord **13.20** Danskernes Krønike - Vores børn **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** F for Får **16.05** Svampebob Firkant **16.30** AMIGO **17.00** Hunni*show **17.15** Peddersen og Findus **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** aHA! **20.00** TV Avisen **20.30** The Last Castle **22.35** Copycat

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Østfold **14.00** Siste nytt **14.05** Anne fra Bjørkely **14.55** Nifse saker **15.00** Siste nytt **15.03** VG-lista Topp 20 **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VG-lista Topp 20 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kalle og Molo **17.20** Gjengen på taket **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** På tråden med Synnøve **19.55** Nytt på nytt **20.25** Først & sist **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Sopranos **23.10** Justin Timberlake i Memphis **23.55** Alfred Hitchcock presenterer

## SVT 1

**11.05** På spåret **13.00** Planeten **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Landgång **16.30** Söderlund & Bie **17.00** Höjdarna **17.30** Tillbaka till Vintergatan **18.00** Fredagsröj **18.30** Rapport **19.00** Doobidoo **20.00** Charlies änglar **21.35** Mäklarna **22.05** Rapport **22.15** Kulturnyheterna **22.25** Den som viskar **23.55** A Perfect World




## HRÓSIÐ ...



*... fær rapparinn Poetrix, Sævar Daníel Kolandavelu, sem fékk Bubba Morthens til að syngja í einu lagi á væntanlegri plötu sinni og heillaði kónginn upp úr skónum með hæfileikum sínum.*

# Gerir aðra heimildarmynd um kraftajötunn

„Já, við erum að klára öll samningsatriði núna, en við stefnum á að fara út til hans í mars,“ segir kraftajötunninn, kerfisfræðingurinn og heimildarmyndagerðarmaðurinn Hjalti Úrsus Árnason. Hjalti hefur nú ákveðið að ráðast í annað kvikmyndaverkefni og gera heimildarmynd um bandaríska kraftakarlinn Bill Kazmaier. Bill þessi var lengi helsti keppinautur Jóns Páls og er talinn frumkvöðull á sviði aflrauna. „Hann var fyrstur allra til þess að lyfta 1100 kílóum árið 1980, langt á undan sínum samtímamönnum. Svo var hann líka fyrstur til þess að taka 300 kg í bekkpressu án þess að vera í bekkpressubol,“ segir Hjalti um Bill sem hefur margt afrekað. Þar á meðal hefur hann spilað amerískan ruðning með liðinu Greenbay Packers og stundað fjölbragðaglímu. „Skemmtilegasta metið hans er heimsmet hans í gúbbífiskaáti, en hann át um 500 stykki en sá sem lenti í öðru sæti át um 30,“ segir Hjalti og hlær. Heimildarmynd Hjalta, Ekkert mál, um Jón Pál Sigmarsson er fyrsta heimildarmyndin sem hann gerir en hún vann Edduverðlaunin fyrr í vetur. „Þetta eru sömu tengiliðirnir sem við notumst við og við búum því vel eftir að hafa gert myndina um Jón.“

Ekkert mál hefur nú selst í yfir fimm þúsund eintökum á DVD. Hjalti ítrekar að myndin sé enn bara í startholunum og því ekkert ákveðið um frumsýningardag eða slíkt. Myndin er þó fyrst og fremst ætluð á alþjóðamarkað og verður því á ensku. „Auðvitað verður svo gerð útgáfa á íslensku, en Íslendingar hafa bæði áhuga og ástríðu fyrir svona löguðu.“ -hal



**HJALTI ÚRSUS** Fer til Alabama í mars að gera heimildarmynd um helsta keppinaut Jóns Páls.



**KAZMAIER OG JÓN PÁLL SIGMARSSON** Frumkvöðull á sviði kraftlyftinga og át eitt sinn 500 gúbbífiska.



**LÁRÉTT** 2 ákefð 6 hætta 8 stefna 9 veitt eftirför 11 guð 12 ferðalag 14 góð lykt 16 verslun 17 sæ 18 utan 20 frá 21 vangi.

**LÓÐRÉTT** 1 þrár 3 hljóta 4 pressa 5 óhreinka 7 ásækni 10 að 13 skilaboð 15 skott 16 tjara 19 ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 ofsa, 6 vá, 8 átt, 9 elt, 11 ra, 12 reisa, 14 ilmur, 16 bt, 17 sjó, 18 inn, 20 af, 21 kinn.

**LÓÐRÉTT:** 1 þver, 3 fá, 4 strauja, 5 ata, 7 áleitni, 10 til, 13 sms, 15 rófa, 16 bik, 19 nn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Guðlaugur Þór Þórðarson.
2. Gerald Ford.
3. Köld slóð.

Upplýsingar, viðburðir, afþreying og fréttir

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

EINAR ÓLAFSSON: ER EKKI VILLTUR Á GAMLÁRSKVÖLDI

# Skýtur upp flugeldum af barnslegri einlægni

„Ætli ég sé ekki enn þá barn innra með mér, hef bara ekki náð þroska á þessu sviði,“ segir Einar Ólafsson, sprengjukóngur og flugeldasali. Einar er einn þeirra fjölmörgu fullfrísku karlmanna sem breytast í smástráka með flugelda þegar síðasti dagur ársins rennur upp. „Ég hef haft gaman af þessu frá unga aldri og sá áhugi hefur ekkert dvínað,“ bætir hann við.

Flugeldasalar opnuðu í gær og má reikna með mikilli aðsókn Íslendinga í flugelda þetta árið enda er sprengjuæðið sem rennur á þjóðina fyrir löngu orðið heimsþekkt fyrirbæri. Samkvæmt síðustu tölum er talið að Íslendingar sprengi í kringum 550 þúsund flugelda en þegar hafa verið flutt inn 990 tonn af hvers kyns sprengiefni.

Einar tekur virkan þátt í þessari hefð, rekur flugeldasölu á Suðurlandsbrautinni auk þess sem hann er með póstþjónustu í Kópavogi. Einar ætti einnig að vera landsmönnum að góðu kunnur fyrir framkomu sína á yngri árum en hann söng lagið Ég vil ganga minn veg sem sló eftirminnilega í gegn fyrir nokkrum áratugum. Einar var staddur í flugeldaverslun sinni á Suðurlandsbraut þegar Fréttablaðið náði tali af honum og ekki var annað að heyra á flugeldasalanum en að hann væri spenntur fyrir gamlárskvöldinu.

„Ég hef verið að dunda mér við það að læra að setja saman flugeldasýningar og hef undanfarin ár stjórnað svokallaði Stjörnumessusýningu sem er haldin fyrstu helgina í desember,“ segir Einar sem jafnframt hefur gaman af að sprengja flugelda fyrir sjálfan sig. „Það fer þó allt eftir því hversu þreyttur ég er eftir allan erilinn,“ útskýrir hann og segist ekki hafa hugmynd um hvað það kostar sem hann sprengir upp. „Ég hef enga tölu á því enda hef ég bara óskaplega gaman af þessu.“

Einar er hvergi nærri hættur að syngja þótt ekki hafi mikið fyrir honum farið á opinberum vettvangi. Hann er ásamt bróður sínum meðlimur í hljómsveitinni Gigg sem spilar reglulega í lofgjörðinni hjá Krossinum í Kópavogi. „Þar sprengjum við sannkallaða tónlistarflugelda,“ segir Einar Ólafsson. freyrgigja@frettabladid.is



**EINAR ÓLAFSSON** Hefur haft gaman af flugeldum frá barnsaldri og sér ekki fram á að sá áhugi eigi eftir að dvína á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**990 TONN** Talið er að Íslendingar sprengi 550 þúsund flugelda en þegar hafa verið flutt inn 990 tonn af hvers kyns sprengiefni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Stefán Karl Stefánsson hlýtur að hafa átt gleðileg jól á heimili sínu í Los Angeles. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá talar íslenski leikarinn fyrir kolbrjálaðan víking í stórmyndinni Night at the Museum og hræðir meðal annars líftóruna úr Ben Stiller. Myndin fór vel ofan í Bandaríkjamenn með jólasteikinni því hún var tekjuhæsta kvikmyndin yfir hátíðarnar. Stefán ætti þó ekki að fagna alveg strax ef marka má Völvu ársins 2007 sem birtist í Vikunni nýverið því hún hvetur leikarann til að rasa ekki um ráð fram.



Meðan nú er uppi typpið á bloggurum sem aldrei fyrr hefur **Páll Ásgeir Ásgeirsson,** kynningarfulltrúi Þjóðleikhússins, tilkynnt að hann sé hættur að blogga í bili. Páll Ásgeir er gamalreyndur bloggari en hætti eftir að hann byrjaði á RÚV árið 2004. Tók svo aftur upp þráðinn eftir að störfum lauk þar. Hann greinir frá því í lokafærslu að á RÚV hafi verið skipulega lagst gegn því að starfsfólk bloggaði nema með takmörkunum. Sem er enn ein vísbending þess að Kastljóssfólk sé á sérstökum kjörum hjá **Páli Magnússyni** því eins og margir vita er helsta nýstirnið í bloggheimum **Sigmar Guðmundsson**.



-fgg/jbg

**ÁRAMÓTA-HUMAR**

VERÐ FRÁ **1290**KR/KG

**Túnfisksteikur**

**Hörpudiskur - Tígrisrækjur**

OPIÐ LAUGARDAG 11-14

HAFIÐ FISKIPRINSINN

Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi •
s: 554 7200 • www.hafid.is

FISKBÚÐIN Vík

Fiskbúðin Vík ehf. • Hringbraut 92 • 230 Keflavík

# Tengdó neyddi Loga í rakstur

Meira hefur verið rifist undanfarin misseri um skegg Loga Bergmanns Eiðssonar sjónvarpsmanns en keisarans skegg. Nú hefur Logi tekið sig til og rakað af sér skeggið, einmitt þegar sjónvarpsáhorfendur voru farnir að venjast því.

„Ég held nú að áhorfendum sé nokkuð sama um skeggið,“ segir fréttamaðurinn góðkunni. „Ég rakaði mig á jóladag og það var bara eitt og annað sem olli því. Meðal annars bein tilmæli frá tengdó og fleirum.“

Logi lét sér upphaflega vaxa skegg í sumar þegar hann var í fæðingarorlofi, við mikla undrun landsmanna. „Allt á sinn tíma, þannig að ég held að þetta sé nú bara fínt. Svavar Örn hárgreiðslumaður var orðinn þreyttur á þessu og sagði að þetta væri eins og fréttastöð í Mið-Austurlöndum. Hann sagði að raksturinn væri besta jólagjöfin,“ segir Logi.

Fréttamaðurinn skegglausi er þó greinilega tvísaga í þessu máli, enda hefur hann ítrekað lýst því yfir við fjölmiðla að hann væri ánægður með skeggið.

„Ég hef mér nú ekkert til málsbóta annað en að ég nennti ekki að halda þessu við,“ segir Logi. „Þetta var bara tilraun, byrjaði óvart og endaði eiginlega bara óvart líka.“

Logi telur að raksturinn marki endalok skeggsins fræga. „Það er ekki eins og þetta hafi verið stórkostlegur atburður. Ég efast um að ég láti það vaxa aftur. Allir sem skipta mig máli eru nú bara sáttir við þetta,“ segir Logi. - sgj



**LOGI BERGMANN** Hér er samsett mynd af Loga með og án skeggs. Dæmi hver fyrir sig hvort er flottara.




FRUMSÝND Í DAG UM LAND ALLT!

ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON • ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR • HELGI BJÖRNSSON • ANÍTA BRIEM • HJALTI RÖGNVALDSSON • LILJA GUÐRÚN ÞORVALDSDÓTTIR
TÓMAS LEMARQUIS • HILMIR SNÆR GUÐNASON • HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR • MARGRÉT HELGA JÓHANNSDÓTTIR • STEFÁN JÓNSSON • LARS BRYGMANN
LEIKMYNDAHÖNNUN ÁRNI PÁLL JÓHANNSSON • BÚNINGAR REBEKKA A INGIMUNDARDÓTTIR • TÓNLIST VEIGAR MARGEIRSSON • HLJÓÐ GUNNAR ÁRNASON
KLIPPING SVERRIR KRISTJÁNSSON • MEÐFRAMLEIÐENDUR BJÖRN B BJÖRNSSON, KRISTJÁN M GRÉTARSSON, PAUL ERIK LINDEBORG & MOGENS GLAD
KVIKMYNDATAKA VÍÐIR SIGURÐSSON • SAGA BJÖRN B BJÖRNSSON • HANDRIT KRISTINN ÞÓRÐARSON • LEIKSTJÓRI BJÖRN B BJÖRNSSON
FRAMLEIÐENDUR KRISTINN ÞÓRÐARSON & MAGNÚS VIÐAR SIGURÐSSON
MYNDIN ER STYRKT AF KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS, & NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐNUM & MEDIA SJÓÐNUM

© 2006 REYKJAVIK FILMS & SAGAFILM

REYKJAVIK FILMS · sena · KAUPÞING · FRÉTTABLAÐIÐ · MEDIA · Landsvirkjun · DOLBY DIGITAL

20% afsláttur fyrir alla viðskiptavini Kaupþings ef greitt er með korti frá Kaupþingi

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




**BAKÞANKAR**

**ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR**

## *Uppgjör*

Nú er að renna upp sá tími ársins þegar að minnugasta stétt þjóðarinnar, og jafnframt sú langræknasta, segir okkur frá því sem var markverðast á árinu sem er að líða, hver var stjarna ársins og hver var skussinn og hvað muni einkenna árið sem er í vændum.

**TÍMAMÓTUNUM** fylgja uppgjör sem allir fréttafíklar kunna að meta. Ég ber óttablandna virðingu fyrir álitsgjöfum sem geta hikstalaust rifjað upp smáskandala sem gerðust í febrúar og haldið til haga löngu gleymdum bömmerum. Sennilega stafar þessi aðdáun af því að ég man lítið sem ekkert og er ánægð ef ég finn bílinn minn á morgnana.

**EINHVERRA** hluta vegna er mikilvægt að láta segja sér af því hvers ber að minnast þegar nýtt upphaf er í vændum.

**ÁRAMÓTIN** eru sérstök í huga margra en sjálft gamlárskvöld er þó með leiðinlegri kvöldum. Minningar af gamlárskvöldi tengjast því helst að hafa staðið kenndur í snjóskafli að bíða eftir leigubíl. Það virðist nefnilega vera álitin skylda ungs fólks að inna það hlutverk af hendi þessa nótt. Annað skylduprógramm samfara uppgjörinu er auðvitað Áramótaskaup allra landsmanna. Það er sennilega ekkert grín að búa til sjónvarpsefni sem á að fanga huga fimm ára barna og líka afa þeirra og ömmu. Enda verður niðurstaðan sú að ákveðnir aðilar í hverri fjölskyldu fá það hlutverk að útskýra brandarana fyrir öðrum sem ekki þekkja þá sem fjallað er um eða skilja ekki brandarana. Og greining á gríni er auðvitað einhver öruggasta leiðin til að eyðileggja það.

**STEMNINGIN** sem fylgir áramótunum felst ekki síst í þessari upprifjun á árinu og hefðunum í kringum uppgjörið. Þjóðin situr um land allt og borðar sama matinn og hún borðaði á sama tíma í fyrra, horfir öll á fréttaannál og síðan Skaupið – og pirrast jafnvel yfir bjánunum sem eru þá þegar byrjaðir að skjóta upp flugeldum. Og kemst svo öll að þeirri niðurstöðu að skaupið hafi verið mun betra í fyrra.

**EINU** sinni á ári fer fram tiltekt hjá þjóðinni þegar árið er gert upp. Öll viljum við líta til baka og greina hvað var gott og hvað var slæmt á árinu sem er að kveðja. Og þá er gott að hafa stétt hinna stálminnugu sér til halds og trausts.


Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ


